


HALLDÓR
skoðun 28

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur




**Hvað er undir trénu?**
*Stuttu fyrir jól getur verið gaman að láta sig dreyma um hvað verður í jólapökkunum þetta árið.*
**föstudagur 6**




# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Föstudagur
17. desember 2010
296. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Innsýn í íslenskt þjóðlíf**
*Ljósmyndasafn Reykjavíkur opnar nýjan og betri safnvef.*
**tímamót 38**

**Gott að koma heim**
*Jón Þór Birgisson er sáttur eftir langt og strangt tónleikaferðalag um heiminn.*
**fólk 50**



**Til í að mæta Man. Utd**
*Dregið verður í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í dag. Sölvi Geir og félagar eru í pottinum.*
**sport 66**

**veðrið í dag**




**STORMUR!** Norðan hvassviðri eða stormur á landinu í dag. Snjókoma eða él, einkum N- og A-lands og NV-til í kvöld. Frost 1-8 stig.
**VEÐUR 4**

# Mjög eindregið vantraust

**Ríkisstjórnin er veikari eftir að þrír þingmenn VG höfnuðu fjárlögum ríkisstjórnarinnar. Þingflokksformaður Samfylkingarinnar telur þá ekki lengur til stjórnarliða. „Jákvæð hvatning,“ segir Ögmundur Jónasson.**

**STJÓRNMÁL** Hjáseta þingmanna Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í atkvæðagreiðslu um fjárlög er í raun yfirlýsing um að þeir styðji ekki lengur ríkisstjórnina. Þetta er mat Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði við HÍ.

Þrír þingmenn VG, Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir, sátu hjá í atkvæðagreiðslunni.

Gunnar Helgi kveðst ekki þekkja dæmi þess úr íslenskri stjórnmálasögu að stjórnarþingmenn styðji ekki fjárlagafrumvarp ríkisstjórnar. „Þetta er einsdæmi og þætti hvar sem er í nágrannalöndum okkar mjög djörf aðgerð. Ef framkvæmdarvaldið kemur til þingsins með fjárhagsáætlun sína og þingmaður hafnar þeirri fjárhagsáætlun, verður það að teljast mjög eindregið vantraust á forystu framkvæmdarvaldsins. Þannig að þetta jafngildir í raun yfirlýsingu viðkomandi þingmanna um að þeir séu hættir stuðningi við ríkisstjórnina,“ segir Gunnar Helgi.

> Þetta jafngildir í raun yfirlýsingu viðkomandi þingmanna um að þeir séu hættir stuðningi við ríkisstjórnina.
>
> **GUNNAR HELGI KRISTINSSON**
> PRÓFESSOR

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, gagnrýndi samflokksmenn sína harðlega og sagði ákvörðun þeirra áfall fyrir sig sem flokksformann og fjármálaráðherra. Þeir þyrftu nú að gera upp við sig hvort þeir styðji ríkisstjórnina.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, telur þremenningana nú til stjórnarandstöðunnar. „Ég met stöðu ríkisstjórnarinnar svo að hún hafi stuðning 32 þingmanna af 63 á Alþingi og þar af leiðandi eins manns meirihluta,“ sagði Þórunn í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég held að menn eigi ekkert að túlka þetta á annan veg en það er meint, sem jákvæð hvatning inn í stjórnmálin. Þannig hygg ég að þetta sé meint og þannig vil ég skilja þetta,“ sagði Ögmundur Jónasson í samtali við blaðið í gærkvöldi. Rangt sé að blása þessa stöðu upp sem meiri háttar vandamál. „Ég hvet til þess að í stað þess að túlka þetta inn í persónupólitík þá reyni menn að hefja sig upp úr því fari og horfa á þetta í samhengi málefnalegrar umræðu. Þá held ég að öllum liði miklu betur.“

Árni Þór Sigurðsson og Björn Valur Gíslason eru báðir harðorðir í garð samflokksmanna sinna þriggja. Björn Valur segir þá hafa sýnt samstarfsfólki sínu lítilsvirðingu.

Fréttablaðið náði ekki tali af þremenningunum í gær. Í gærkvöldi ritaði Lilja Mósesdóttir eftirfarandi á Facebook: „Spurning hverjum er sætt í þingflokknum – þeim sem fylgja eftir vilja félaganna og ályktunum flokksins eða þeim sem afvegaleiðast innan múra valdsins.“ - bþs, sh / sjá síðu 6



**SPEKINGAR SPJALLA** Jón Kalman Stefánsson, Hallgrímur Helgason og Einar Kárason voru á meðal rithöfunda sem mættu á jólagleði Rithöfundasambandsins í gær. Einar er sá eini þeirra þriggja sem blandar sér í jólabókaslaginn í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigríður Beinteinsdóttir:

## Á von á tvíburum á nýju ári

**FÓLK Ein ástsælasta söngkona landsins, Sigríður Beinteinsdóttir, og unnusta hennar, Birna María Björnsdóttir, eiga von á tvíburum í maí á næsta ári. Birna María gengur með börnin. Sigríður, sem verður 49 ára næsta sumar, segir þær svífa um á bleiku skýi.**



SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR

**„Ég hef alltaf elskað börn og á mörg frændsystkini, ég hlakka bara ótrúlega mikið til þótt ég viti að þetta verði mikil vinna, enda tvö stykki,“ segir Sigríður í samtali við Fréttablaðið en tvíburarnir verða hennar fyrstu börn. Hún bætir við að hún gæti ekki óskað sér neins frekar. „Þetta er bara alveg æðislegt.“** - fgg / sjá síðu 70






Þingmenn Samfylkingar og Vinstri grænna sammála um breytingar fyrir gagnaver:

# „Upphafið að farsælum iðnaði“

**EFNAHAGSMÁL** Þingmenn stjórnarflokkanna náðu á tíunda tímanum í gærkvöldi saman um að leggja til breytingar á lögum til að gagnaver á Íslandi verði samkeppnishæf við gagnaver í ríkjum Evrópusambandsins.

„Ef menn eru búnir að ná þessari lendingu held ég að þetta geti verið upphafið að farsælum iðnaði á Íslandi,“ segir Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri gagnaversins Thor Data Center.

Hann segir viðskiptavini gagnaversins hafa beðið lengi eftir niðurstöðu um skattamálin, og því sé það mikið fagnaðarefni ef það mál sé loksins að hljóta farsælan endi. Þó þurfi auðvitað að bíða eftir endanlegri niðurstöðu Alþingis.

> Ef menn eru búnir að ná þessari lendingu held ég að þetta geti verið upphafið að farsælum iðnaði á Íslandi.
>
> **JÓN VIGGÓ GUNNARSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI THOR DATA CENTER.

Forsvarsmenn gagnavera höfðu barist fyrir þrenns konar breytingum á frumvarpi fjármálaráðherra um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur verið hart deilt um þessar tillögur milli þingmanna stjórnarflokkanna.

Á fundi efnahags- og skattanefndar í gærkvöldi var samþykkt að leggja til að ekki skuli innheimta virðisaukaskatt af búnaði sem viðskiptavinir gagnavera flytja til landsins.

Seint í gærkvöldi náðu þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna að lokum saman um að leggja til að ekki verði innheimtur virðisaukaskattur af þjónustu gagnavera við viðskiptavini erlendis, segir Magnús Orri Schram, fulltrúi Samfylkingarinnar í efnahags- og skattanefnd.

Stefnt er að því að fjalla um frumvarp fjármálaráðherra á Alþingi í dag.

Verði þær breytingar sem lagðar verða til samþykktar mun það hafa mjög jákvæð áhrif á samkeppnisumhverfi gagnavera hér á landi, segir Jón hjá Thor Data Center. - bj / sjá síðu 8




## SPURNING DAGSINS



*Baldur, verður maður ekki að vera hátt skrifaður til að gefa út bók um flugvélar?*

„Jú stundum, í það minnsta á réttum stöðum."

Baldur Sveinsson gefur um þessar mundir út sína þriðju árbók um flugvélar, en hann hefur elst við þær og myndað í fjóra áratugi.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur úrskurðað að fóstureyðingabann brjóti í bága við réttindi kvenna:

# Írar sæta harðri gagnrýni vegna fóstureyðinga

**ÍRLAND, AP** Stjórnarskrárbann við fóstureyðingum á Írlandi brýtur í bága við réttindi þungaðra kvenna. Mannréttindadómstóll Evrópu komst að þessari niðurstöðu í gær og gagnrýnir írsk stjórnvöld harðlega.

Bann við fóstureyðingum er í stjórnarskrá Írlands. Samkvæmt gömlum lögum frá árinu 1861 er hægt að lögsækja bæði lækni og sjúkling fyrir morð ef fóstureyðing reynist ekki hafa verið lífsnauðsynleg. Þó úrskurðaði Hæstiréttur Írlands árið 1992 að konur í lífshættu ættu að fá að fara í fóstureyðingu á Írlandi í stað þess að þurfa að ferðast til Englands eða lengra.

Lagadeilan hefur staðið yfir í átján ár og fjölmargar konur hafa þurft að ferðast milli landa vegna fóstureyðinga. Dómarar Mannréttindadómstólsins sögðu rangt af Írum að viðhalda lagalegri óvissu.



**MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU** Úrskurðaði í máli þriggja írskra kvenna sem vildu fóstureyðingu heimafyrir.

Málið sem nú var dæmt í hefur verið í vinnslu í fimm ár. Þrjár konur, sem þurftu að fara úr landinu til að fara í fóstureyðingar, kærðu írsk stjórnvöld. Ein kvennanna átti fjögur börn fyrir og öll voru þau í fóstri annars staðar. Önnur vildi ekki verða einstæð móðir, og sú þriðja var frá Litháen en var stödd í Írlandi vegna sjaldgæfs krabbameins. Ekki þótti sýnt fram á nægjanlega hættu á heilsu fyrstu kvennanna tveggja. Sú þriðja var hins vegar í lífshættu og voru írsk stjórnvöld dæmd til að borga henni fimmtán þúsund evrur í skaðabætur. **- þeb**

Krónan veikist á einni viku:

## Ekki lægri síðan í september

**VIÐSKIPTI** Gengi krónunnar hefur veikst um tæp 1,7 prósent síðustu vikuna. Vísitala krónunnar stóð við lok dags í gær í 208,3 stigum og hefur hún ekki verið veikari frá byrjun september.



Greining Íslandsbanka telur að rekja megi veikinguna til útflæðis á vaxtagreiðslum til erlendra aðila. Þeir áttu 93 prósent í ríkisskuldabréfaflokki sem var á gjalddaga á föstudag fyrir viku.

Deildin telur vaxtagreiðsluna hafa numið tæpum tíu milljörðum króna en hnýtir við að ólíklegt sé að erlendir aðilar fari með féð úr landi þótt þeir hafi heimild til þess. **- jab**

Saksóknari fær gögn að utan:

## Eru mikilvæg í Kaupþingsmáli

**SAKAMÁL Undirréttur í Lúxemborg hefur úrskurðað að sérstakur saksóknari fái öll gögn sem embættið aflaði í húsleit í Banque Havilland í febrúar. Bankinn var áður í eigu Kaupþings. Hann var seldur í fyrrasumar. Núverandi eigendur bankans og forsvarsmenn nítján félaga hafa kært úrskurðinn. Fram kom á Vísi.is í gær að búist sé við að endanleg niðurstaða fáist í málið í febrúar á næsta ári.**



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

**Húsleitin fyrr á árinu var umfangsmikil og hald lagt á þúsundir skjala. Talið er að skjölin geti skipt sköpum fyrir rannsókn sérstaks saksóknara á Kaupþingi.** **- jab**

# Fær ekki byssuleyfi eftir berserksgang

**Maður sem gekk berserksgang á skrifstofu umboðsmanns skuldara fyrir tveim mánuðum fékk ekki endurnýjað skotvopnaleyfi. Hann segist upplifa sig sem glæpamann en sé þó saklaus. Lögreglustjóri staðfestir að málið sé til skoðunar.**

**FÓLK** „Mér finnst að það sé verið að brjóta á mér. Ég hef ekkert til saka unnið og hef aldrei gerst sekur um ofbeldisbrot. Ég er saklaus," segir Bergur Hallgrímsson, en honum var neitað um endurnýjun á skotvopnaleyfi í síðustu viku á þeim grundvelli að mál tengt honum væri í rannsókn hjá lögreglu.

Bergur reiddist mikið á skrifstofu umboðsmanns skuldara í október síðastliðnum, eins og fram kom í fjölmiðlum. Hann braut þar rúðu og skilrúm og kastaði tölvu í gólfið. Starfsfólki skrifstofunnar var boðið upp á áfallahjálp eftir atvikið og var vinnustaðnum lokað það sem eftir var dags. Bergur segir þó að sátt hafi náðst í því máli, hann hafi beðist afsökunar og engin kæra lögð fram. Ekki hefur verið fram á að hann borgi skemmdirnar sem hann olli.

„Það eru tveir mánuðir síðan þetta gerðist. Þegar ég sótti um endurnýjun var synjað á þessum grundvelli hélt ég fyrst að um mistök væri að ræða," segir Bergur. „Það virtist ekki nægja að ég kæmi með læknisvottorð og hreint sakarvottorð, heldur fór lögreglan að kafa ofan í málaskrána sína, sem er alveg með ólíkindum. Þar eru atvik og skráningar sem eru beinlínis bara rangar."

Á málaskrá Bergs hjá lögreglunni eru skráð atvik sem ná allt að tíu ár aftur í tímann, þar á meðal eitt sem átti sér stað þegar hann vann sem dyravörður á Kofa Tómasar frænda, þar sem alþingismaðurinn Jón Gunnarsson kærði hann fyrir líkamsárás.

„Ég þurfti að vísa félaga hans út vegna mikillar ölvunar og Jón reiddist ógurlega þannig að ég vísaði honum einnig út. Ég hafði ekkert heyrt af þessari kæru fyrr en lögreglan sagði mér frá henni í síðustu viku," segir Bergur.

Að minnsta kosti þrjú önnur mál, misalvarleg, eru skráð á málaskrá lögreglunnar vegna Bergs, en ekkert þeirra eru kærur. „Ég er farinn að upplifa mig sem flóttamann og glæpamann í þessu samfélagi," segir hann. „Það eru grundvallarmannréttindi að það sé komið fram við mann af virðingu þegar ég er saklaus af glæpum."

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, segir mál Bergs enn til skoðunar.

„Ég get staðfest það að við erum að fara yfir umsókn hans um endurnýjun skotvopnaleyfis og málið er til meðferðar hjá lögreglu," segir Stefán.

sunna@frettabladid.is



### Skotvopnalögin

**13. grein:**
„Skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis eru: b. að hafa ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga, laga um ávana- og fíkniefni, laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum [...]"
**34. grein:**
„Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað hvenær sem er ef ekki teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, leyfishafi hefur ekki farið eftir settum fyrirmælum eða ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki sem leyfið tekur til."
nr. 16/1998

> Ég er farinn að upplifa mig sem flóttamann og glæpamann í þessu samfélagi.
>
> **BERGUR HALLGRÍMSSON**

Par dæmt í sex ára fangelsi:

## Reyndu að smygla kókaíni

**DÓMSMÁL Einar Örn Arason, 19 ára, og Sólveig Svanhildur Jónsdóttir, sem er tvítug, voru í héraðsdómi í Madríd á Spáni í gær dæmd í sex ára fangelsi fyrir smygl á fimmtán kílóum af kókaíni.**

**Parið var handtekið á Barajas-flugvellinum í Madríd fyrir ári á leið sinni frá Perú og fundust fíkniefnin falin í ferðatöskum þeirra. Fréttablaðið greindi þá frá líkum á því að parið hafi verið burðardýr og hafi átt að flytja fíkniefnin hingað til lands.** **- jab**




**BEINA BRAUTIN** Skrifað var undir samkomulag um úrlausn skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja á miðvikudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VÍ hjálpar til úr skuldavanda:

## Opna vefsíðuna Beinu brautina

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptaráð Íslands hefur opnað upplýsingavefinn Beinu brautina með ýmsum upplýsingum um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.

Síðan var opnuð í beinu framhaldi af víðtæku samkomulagi stjórnvalda og hagsmunasamtaka sem hraða á úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Skrifað var undir samkomulagið á miðvikudag og horft til þess að það sé forsenda nýrrar fjárfestingar og hagvaxtar. **- jab**




Ný verðlagskönnun ASÍ sýnir Bónus oftast með lægsta verðið í jólabókaflóðinu:

# Mikill munur á verði bóka

**NEYTENDUR** Allt að 160 prósenta verðmunur er á nýjum jólabókum í verslunum. Þetta kemur fram í nýrri könnun ASÍ. Kannað var verð á 43 bókatitlum í 12 verslunum víðsvegar um landið síðastliðinn þriðjudag. Algengast var að 25 til 50 prósenta verðmunur væri á milli verslana.

Mál og menning á Laugavegi og Penninn Eymundsson í Kringlunni voru oftast með hæsta verðið eða í 12 tilvikum, en Bóksala stúdenta var næstoftast með hæsta verðið eða í 10 tilvikum.

Verð á bókum var oftast lægst í Bónus, 17 titlar, en einungis var einnar krónu verðmunur á Bónus og Krónunni á 9 af 10 bókatitlum sem til voru í báðum verslunum.

Allir titlarnir sem skoðaðir voru í könnuninni voru fáanlegir í Mál og menningu, Pennanum-Eymundsson og Griffli. 42 af 43 titlum fengust í Hagkaupum. Fæstir titlar voru fáanlegir í Krónunni á Reyðarfirði og Office 1 á Egilsstöðum.

Mestur verðmunur reyndist vera á barnabókinni Skúli skelfir fer í frí sem var ódýrust í Nettó á 1.031 krónu en dýrust hjá Hagkaupum á 2.680 krónur, sem gerir 160 prósenta verðmun. Minnsti verðmunur var á Furðuströndum eftir Arnald Indriðason, ódýrust í Nettó á 3.471 krónur en dýrust á 3.983 krónur í Bóksölu stúdenta. **- sv**

### Bóksölur með jólabækur



| | Penninn Eymundsson, Kringlunni | Bóksala stúdenta, Sæmundargötu | Griffill, Skeifunni 11d | Nettó, Mjódd | Bónus, Ísafirði | Iða, Lækjargötu 2a |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Furðustrandir** | 3.890 | 3.983 | 3.699 | 3.471 | 3.571 | 3.698 |
| **Dýrin í Saigon** | 2.490 | 2.241 | 2.150 | e | e | 1.995 |
| **Handritið að kvikmynd...** | 4.990 | 3.983 | 3.783 | 3.528 | 3.510 | 3.980 |
| **Svar við bréfi Helgu** | 5.280 | 3.960 | 3.590 | e | e | 4.890 |
| **Mörg eru ljónsins eyru** | 4.990 | 3.983 | 3.829 | 3.699 | e | 4.995 |
| **Mér er skemmt** | 4.890 | 5.121 | 3.930 | 3.471 | 3.463 | 3.990 |
| **Önnur líf** | 4.999 | 5.112 | 3.979 | 3.976 | 3.935 | e |

ódýrast dýrast e - ekki til í verslun *Heimild: ASÍ*


30%
afsláttur
af öllum jólaseríum
og öllu jólaskrauti*
Jólaseríurnar, jólapappírinn,
jólakortin, jólastytturnar,
jólakúlurnar, jólagrenið,
jólaskreytingarnar,
jólaservíetturnar,
jólakertin, gervijólatrén,
...og allt hitt jólaskrautið
*Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*
*Afslátturinn gildir af öllu jólaskrauti en sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.
blómaval
Jólatré
frábært verð
HÚSASMIÐJAN
JÓLATRÉ
VERÐ FRÁ
1990
JÓLASTJARNA
899
10 STK
JÓLA-
TÚLIPANAR
1499
Lifandi
jólatré!
Normannsþinur
Rauðgreni
Veljum íslenskt
Stafafura
Veljum íslenskt

## GENGIÐ 16.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,10 | 116,66 |
| Sterlingspund | 181,12 | 182,00 |
| Evra | 153,63 | 154,49 |
| Dönsk króna | 20,617 | 20,737 |
| Norsk króna | 19,444 | 19,558 |
| Sænsk króna | 16,951 | 17,051 |
| Japanskt jen | 1,3814 | 1,3894 |
| SDR | 178,07 | 179,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,1869

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**AFGANISTAN** Bandaríkjastjórn kynnti í gær skýrslu þar sem kemur fram að bandamönnum hafi orðið vel ágengt í baráttunni við talíbana.

Stríðið í Afganistan:

## Staða al Kaída aldrei veikari

**WASHINGTON** Aukinn kraftur í stríðsrekstri Bandaríkjamanna í Afganistan hefur skilað sér í því að styrkur al Kaída er minni nú en nokkru sinni síðan stríðið hófst í árslok 2001.

Þetta er meðal helstu niðurstaðna matsskýrslu Bandaríkjastjórnar sem kynnt var í gær.

Þar kemur einnig fram að bandamönnum hafi orðið vel ágengt í baráttunni gegn talibönum, en sá ávinningur gæti horfið snöggleiga.

Vonast er til þess að afganskar öryggissveitir nái 300.000 manns áður en Bandaríkjamenn hefja brottflutning herliðs árið 2014. **- þj**

### LEIÐRÉTTINGAR

Formaður stjórnar Viðskiptaráðs er Tómas Már Sigurðsson en ekki Úlfar Steindórsson eins og sagði í frétt blaðsins í gær af aðgerðum gegn skuldavanda fyrirtækja. Úlfar er stjórnarmaður í Viðskiptaráði og skrifaði sem slíkur fyrir hönd stjórnarinnar undir samkomulag sem sagt var frá í fréttinni.

Í frétt um Eurovision var Sigurjón Brink sagður semja lagið sitt með Ragnari Hermannssyni. Sigurjón á lagið og flytur en Þórunn Erna Clausen semur textann.

Stefnu- og áfrýjunarfjárhæðir hækkaðar upp í 250 til 300 þúsund krónur:

# 165 milljónir í ný dómsmálagjöld

**ALÞINGI** Stefnur fyrir héraðsdómstólum og áfrýjanir til Hæstaréttar í málum er varða fjárhagslega hagsmuni verða dýrari en nú er, verði frumvarp fjármálaráðherra þar um að lögum.

Gerir það ráð fyrir tveimur nýjum gjaldaþrepum dómsmálagjalda í samræmi við stefnu- eða áfrýjunarfjárhæð.

Samkvæmt mati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins munu dómsmálagjöld hækka úr samtals fimmtán milljónum á ári í 180 milljónir. Þessar auknu tekjur eiga að mæta kostnaði við fjölgun dómara við Hæstarétt og héraðsdómstólana.

Eins og nú háttar kostar stefna fyrir héraðsdómi þar sem stefnufjárhæð er yfir 30 milljónum króna 90 þúsund krónur. Frumvarpið gerir ráð fyrir að stefna geti kostað allt að 250 þúsund krónur.

**Gjöldin hækka um allt 178 prósent**

| Stefnufjárhæð | Nú | Samkv. frumv. |
|---|---|---|
| 30 millj. - 90 millj. | 90 þús. | 90 þús. |
| 90 millj. - 150 millj. | 90 þús. | 150 þús. |
| 150 millj. og meira | 90 þús. | 250 þús. |
| **Áfrýjunarfjárhæð** | | |
| 30 millj. - 90 millj. | 130 þús. | 130 þús. |
| 90 millj. - 150 millj. | 130 þús. | 200 þús. |
| 150 millj. og meira | 130 þús. | 300 þús. |

Að sama skapi kostar áfrýjun til Hæstaréttar þar sem 30 milljónir eða meira eru í húfi 130 þúsund krónur. Samkvæmt frumvarpinu getur sú fjárhæð farið upp í allt að 300 þúsund krónur. **- bþs**

Átök á Fílabeinsströndinni:

## Ofbeldisalda eftir kosningar

**FÍLABEINSSTRÖNDIN** Talið er að 20 manns hafi látist í erjum sem hófust milli stríðandi fylkinga á Fílabeinsströndinni í gær.

Þar takast á liðsmenn Laurent Gbagos, sem var forseti landsins síðustu tíu ár, og Alassane Ouattara sem sigraði nýverið í forsetakosningum þar í landi.

Gbago viðurkennir ekki ósigur þrátt fyrir að alþjóðasamfélagið styðji Ouattara, en margir óttast að átökin muni stigmagnast á næstunni með skelfilegum afleiðingum. **- þj**

# Náðu samkomulagi um leit og björgun

**Norðurskautsráðið hefur náð samkomulagi um leitar- og björgunarsvæði ríkja á norðurslóðum. Formaður samninganefndar segir um að ræða tímamót í samskiptum ríkjanna átta. Ísland gæti þurft aðstoð við að ráða við ábyrgð sína.**

**UTANRÍKISMÁL** Leitar- og björgunarsvæði Íslands á norðurslóðum hefur verið staðfest með samstarfssamningi aðildarríkja Norðurskautsráðsins. Í samningnum eru afmörkuð leitar- og björgunarsvæði sem hvert ríkjanna átta ber ábyrgð á, en auk þess er kveðið á um skuldbindingar þeirra og samstarf við leitar- og björgunaraðgerðir.



TÓMAS H. HEIÐAR

Samningurinn verður undirritaður á ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í Nuuk á Grænlandi í maí næstkomandi, en hann þykir marka tímamót að ýmsu leyti.

Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins og formaður samninganefndar Íslands á fundinum, sagði í samtali við Fréttablaðið að viðræður hefðu gengið framar vonum þrátt fyrir að þetta væri í fyrsta skipti sem aðildarríkin átta gera með sér alþjóðasamning.

„Með þessu erum við að styrkja Norðurskautsráðið og skapa mikilvægt fordæmi fyrir samningsgerð á öðrum sviðum tengdum norðurslóðum og þegar er farið að ræða um önnur efni sem eru þar í deiglunni.“

Tómas segir að breytingar á veðurfari í norðurhöfum hafi í raun kallað á samning sem þennan.

„Breytingarnar kalla á aukna umferð í lofti og á hafi sem fylgir aukin slysahætta og þá við erfiðar aðstæður. Ríkin eru með samningnum að mæta aukinni þörf á leit og björgun.“

**Leitar- og björgunarsvæði Íslands**



**Norðurskautsráð**

- Aðildarríki Norðurskautsráðs eru Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja og Grænlands, Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð.
- Unnið var að samningnum í eitt ár, en í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að gerð samningsins falli vel að stefnu íslenskra stjórnvalda í norðurslóðamálum. Þau hafi lagt mikla áherslu á að efla Norðurskautsráðið sem meginsamstarfsvettvang fyrir málefni norðurslóða.

Hið víðfeðma svæði sem Ísland mun bera ábyrgð á samkvæmt samningnum hlýtur að kalla upp spurningar varðandi viðbragðsgetu Landhelgisgæslu Íslands og annarra viðbragðsaðila. Gæslan hefur yfir að ráða tveimur þyrlum, tveimur flugvélum og þremur varðskipum sem hafa vaktað lögsögu Íslands.

Tómas segir að vissulega sé svæði Íslands umsvifamikið, en samningurinn kveði einmitt á um nánara samstarf ríkjanna að þessu leyti.

„Kjarni samningsins er aukið samstarf ríkjanna sem mun auðvelda Íslendingum mjög að ráða við ábyrgðina á leit og björgun á sínu svæði, því við getum leitað aðstoðar nágrannaríkja eftir því hvar slys á sér stað.“

**thorgils@frettabladid.is**

Dæmdur í Hæstarétti:

## Sextán ár fyrir að myrða mann

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest sextán ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjaness yfir Ellert Sævarssyni fyrir morð.**

**Ellert var ákærður fyrir að hafa veist að manni fyrir utan heimahús í Reykjanesbæ aðfaranótt laugardagsins 8. maí 2010 og veitt honum mörg högg þar sem hann lá á gangstétt og kastað þungum kantsteini í hnakka hans með þeim afleiðingum að hann lést skömmu eftir atlöguna. Þótti dóminum sannað að andlát mannsins hefði verið bein afleiðing þeirra höfuðhögga sem Ellert játaði að hafa veitt honum.** **- jss**

Starfsemi Gildis ekki skoðuð:

## Kærir málið til ríkissaksóknara

**VIÐSKIPTI** Jóhann Páll Símonarson og fimm aðrir sjóðsfélagar í lífeyrissjóðnum Gildi hafa kært þá ákvörðun sett saksóknara efnahagsbrota til ríkissaksóknara að hætta við rannsókn á háttsemi stjórnar og starfsmanna lífeyrissjóðsins í aðdraganda bankahrunsins.

Lífeyrissjóðurinn tapaði sextíu milljörðum króna árið 2008 og var tryggingafræðileg staða hans neikvæð um 11,6 prósent.

Jóhann Páll óskaði eftir því við saksóknara sem í september að starfsemi lífeyrissjóðsins yrði rannsökuð. „Ég var ekki að ásaka neinn heldur aðeins biðja um rannsókn,“ segir hann. **- jab**

### ATVINNUMÁL

**Margir vilja vinna á Ströndum**

Tíu manns sóttu um nýja stöðu félagsmálastjóra á Ströndum og Reykhólahreppi og sex sóttu nýja stöðu tómstundafulltrúa Strandabyggðar.




## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**ÓVEÐUR VÍÐA**

Norðan hvassviðri eða stormur ásamt talsverðri ofankomu sums staðar norðan til á landinu í dag og því lítið sem ekkert ferðaveður. Fer að draga úr vindi austan til undir kvöld en hins vegar verður veður verst á vesturhelmingi landsins í kvöld.



Á MORGUN 15-18 m/s V-til, annars yfirleitt hægari.

SUNNUDAGUR Víða 8-15 m/s, hvassara SA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 0° |
| Berlín | -4° |
| Billund | -2° |
| Frankfurt | -3° |
| Friedrichshafen | -3° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 22° |
| London | -2° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 3° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -4° |
| París | -2° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is


JÓLAFÖT
Á KÁTA KRAKKA
20%
AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM
SPARIFATNAÐI
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**Alþingi:** Óeining í stjórnarliðinu við afgreiðslu fjárlaga

# Þverpólitísk sátt um sumar tillögur

Atkvæðagreiðslan um fjárlagafrumvarpið og breytingartillögur við það tók næstum tvær klukkustundir. Alls voru greidd atkvæði 32 sinnum.

Ellefu breytingartillögur stjórnarandstöðunnar voru felldar en um sumar einstakar tillögur var rík sátt milli þingmanna í öllum flokkum. Nokkur dæmi voru um að gjörvöll stjórnarandstaðan greiddi atkvæði með breytingartillögu meirihluta fjárlaganefndar en Ásmundur Einar Daðason, Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir sátu hjá.

Þau þrjú ásamt Birgittu Jónsdóttur Hreyfingunni sátu til dæmis hjá við atkvæðagreiðslu um tillögu um fjárveitingar til bólusetningar tólf ára stúlkna gegn HPV-sýkingum og leghálskrabbameini.

Við lokaatkvæðagreiðsluna um frumvarpið að teknu tilliti til samþykktra breytingartillagna sat öll stjórnarandstaðan, auk þremenninganna úr VG, hjá en 32 stjórnarliðar sögðu já.


**32 JÁ** Þingmenn voru niðursokknir í atkvæðagreiðslunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í ljósi þess sagði Sigurður Kári Kristjánsson Sjálfstæðisflokki líf ríkisstjórnarinnar á bláþræði. Hún ætti að hugsa sinn gang og segja af sér.









Fjárlagahallinn jókst um rúman milljarð í meðferð þingsins á fjárlagafrumvarpinu:

# Stefna stjórnvalda leiðir til landsigs

Ríkissjóður verður rekinn með 37,3 milljarða króna halla á næsta ári, samkvæmt fjárlögunum sem samþykkt voru í gær. Í meðförum þingsins frá því að fjárlagafrumvarpið var lagt fram 1. október hefur gatið stækkað um rúman milljarð. Bæði útgjalda- og tekjuliðir tóku nokkrum breytingum í meðförum þingsins.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kvaðst við atkvæðagreiðsluna eiga sér þá von að fjárlögin mörkuðu nýtt upphaf og boðuðu að næsta ár yrði farsælt. Tekist hefði að útfæra fjárveitingar til velferðarmála, einkum heilbrigðismála, án þess að meginmarkmiðum efnahagsáætlunarinnar væri varpað fyrir róða.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, var á öndverðum meiði. Stefna ríkisstjórnarinnar og aðgerðaleysi hennar gerði það að verkum að margrætt landris yrði fyrirferðarminna en ella og á endanum landsig.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði vinnubrögðin við fjárlagagerðina óásættanleg og lögin um margt vafasamt. Í þau vantaði ýmis útgjöld og tekjur væru áætlaðar með blekkingum eða brögðum. Þannig væri 26 milljarða skuldbindingum vegna Icesave sleppt og vegaframkvæmdir upp á sex milljarða ætti að fjármagna með óuppfundnum nýjum sköttum.

# Lítur svo á að fækkað hafi í stjórnarliðinu

**Þrír þingmenn VG sátu hjá við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Þeir krefjast nýrra vinnubragða í ríkisstjórn. Flokksbræður þeirra eru sárir. Þingflokksformaður Samfylkingarinnar telur þremenningana ekki lengur til stjórnarliða.**

„Ég met stöðu ríkisstjórnarinnar svo að hún hafi stuðning 32 þingmanna af 63 á Alþingi og þar af leiðandi eins manns meirihluta.“ Þetta sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, í samtali við Fréttablaðið eftir atkvæðagreiðslu um fjárlög í gær.


**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

Þrír þingmenn VG; Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósesdóttir, sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Í yfirlýsingu til þingflokks VG frá í gærmorgun útskýra þremenningarnir afstöðu sína. Í henni segir að þótt nokkuð hafi áunnist í því að afstýra stórslysi í upphaflegum niðurskurðaráformum í heilbrigðisþjónustu og almannatryggingakerfinu sé fjárlagafrumvarpið enn boðberi kreppudýpkandi efnahagsáætlunar sem vegi of harkalega að þeim grunnstoðum sem ríkisstjórnin hafi lofað að standa vörð um. Enn fremur segja þeir ríkisstjórnina og forystumenn hennar þurfa að taka vinnubrögð sín til gagngerrar endurskoðunar. „Vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við gerð fjárlagafrumvarpsins, sem og ýmsum öðrum stórum og afdrifaríkum málum, hafa einkennst af foræðishyggju og foringjaræði frekar en lýðræðislegri ákvarðanatöku.“

Árni Þór Sigurðsson, starfandi þingflokksformaður VG, segir þau orð ómakleg. „Þau þurfa að skýra þetta út. Fjárlagafrumvarpið hefur oft verið rætt í þingflokki VG og allar meginlínur voru kynntar áður en frumvarpið var lagt fram. Þetta er ómaklegt vegna þess að að baki þessarar niðurstöðu stendur stærstur hluti þingflokksins.“ Um stöðu ríkisstjórnarinnar segir Árni Þór að hún hafi enn meirihluta á þingi.


**VIÐ ATKVÆÐAGREIÐSLUNA** Ásmundur Einar Daðason, Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir sátu, ásamt stjórnarandstöðunni, hjá þegar greidd voru atkvæði um fjárlög. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> ” Þau sýna okkur samstarfsfólkinu og þeirri vinnu sem við höfum lagt í þetta verk mikla lítilsvirðingu
>
> **BJÖRN VALUR GÍSLASON** ÞINGMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Björn Valur Gíslason, þingmaður VG og varaformaður fjárlaganefndar, segir þremenningana ráða örlögum ríkisstjórnarinnar. „Þau verða að svara hvað þau ætla að gera. Við vitum ekki hver afstaða þeirra til framhaldsins er.“

Hann varð fyrir vonbrigðum með afstöðu þeirra í atkvæðagreiðslunni. „Ég varð fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Við höfum unnið að þessu fjárlagafrumvarpi í tvo og hálfan mánuð. Ekkert okkar er í sjálfu sér ánægt með að þurfa að gera það sem við erum að gera en aðstæðurnar eru bara svona og við reynum að gera þetta með okkar hætti og öðru vísi en aðrir flokkar hefðu gert við sömu aðstæður. Þau sýna okkur samstarfsfólkinu og þeirri vinnu sem við höfum lagt í þetta verk mikla lítilsvirðingu.“

bjorn@frettabladid.is

Formaður Sjálfstæðisflokksins um Icesave-málið:

# Stjórnin niðurlægð

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um nýjan Icesave-samning í gær. Sagðist hann meðal annars telja að það væri góð gjöf ef samstaða tækist um að klára málið á þann hátt sem væri áhættuminnstur og hagstæðastur fyrir Ísland.


**BJARNI BENEDIKTSSON**


**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði málð á sinn hátt niðurlægjandi fyrir stjórnarflokkana. Eflaust væri gott fyrir þá að saga málsins yrði ekki rifjuð upp og aðeins rætt um efnisatriði frumvarpsins sem lægi fyrir þinginu. Það væri hins vegar útilokað.

Sagði hann jafnframt að Sjálfstæðisflokkurinn myndi leggja kalt mat á málið.

# Þingfrestun líklega á morgun

**Stefnt er að því að þingið starfi í dag og á morgun en fari svo í jólaleyfi.**

**Samkvæmt starfsáætlun átti síðasti starfsdagur á haustþingi að vera í dag. Þingmenn sem rætt var við í gær reiknuðu ekki með að dagurinn dygði til að ljúka þeim málum sem þarf að ljúka fyrir áramót.**

**Í áætlun er gert ráð fyrir að þing komi aftur saman 17. janúar.**

**Fyrir ári var síðasti þingfundur fyrir jól á Þorláksmessu og fundað var í þrjá daga milli hátíða. Þingið kom svo saman áttunda dag nýs árs.**

Samkomulag vegna *skuldavanda fyrirtækja*

# Fjárhagsleg *endurskipulagning* lítilla og meðal-stórra *fyrirtækja*

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁎ arionbanki.is

***Skuldaaðlögun*** á við þegar heildarskuldir fyrirtækis eru umfram virði þess. Skuldir eru færðar niður til jafns við virði fyrirtækisins eða virði eigna ef það er hærra. Skuld umfram greiðslugetu fyrirtækis færist yfir á biðlán* til þriggja ára. Skuldir umfram virði fyrirtækis eða eigna eru afskrifaðar.

***Skuldaaðlögun*** er lausn fyrir viðskiptavini bankans sem hafa greiðslugetu og greiðsluvilja. Með því að gæta sameiginlegra hagsmuna beggja aðila vill **Arion banki** byggja upp langtímasamband við viðskiptavini sína.

*Biðlán er óverðtryggt lán með 2% vöxtum; engar afborganir á lánstímanum sem er breytilegur en í flestum tilfellum 3 ár.

***Skuldaaðlögun í framkvæmd***




***Fjöldi fyrirtækja sem hafa farið í úrlausnarferli bankans***




## Skilyrði fyrir skuldaaðlögun:

- Fyrirtækið er lífvænlegt, en skuldsetning er of há
- Skuldir fyrirtækis eru að hámarki 1 milljarður
- Rekstrarupplýsingar liggja fyrir
- Traust ríkir á milli núverandi eigenda og bankans

Umboðsmaður viðskiptavina fylgist með því að mál séu afgreidd í samræmi við sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og að jafnræði ríki milli viðskiptavina við meðhöndlun mála.

Arion banki hvetur fyrirtæki í skuldavanda til að hafa samband við fyrirtækjaráðgjafa í næsta útibúi bankans til að leita lausna.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 52031 12/10

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvaða stjórnarliðar sátu hjá í atkvæðagreiðslu um fjárlögin?*

**2** *Hvaða landafræga söngkona ber nú tvíbura undir belti?*

**3** *Hvað heitir kylfusveinn Tigers Woods?*

**SVÖR**

*1. Lilja Mósesdóttir, Atli Gíslason og Ásmundur Einar Daðason. 2. Sigríður Beinteinsdóttir. 3. Steve Williams.*

Aldrei kom til greina að semja við kröfuhafa um aðkomu að lausn Icesave:

# Hlustuðu á óraunhæfar hugmyndir

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðuneytið vísar á bug vangaveltum um að komið hafi til greina að semja um lausn Icesave með því að kröfuhafar Landsbankans tækju við þrotabúi hans og greiddu Hollendingum og Bretum Icesave-skuldina.

Morgunblaðið sagði frá því í gær að komið hefði til greina að leysa Icesave-málið með fyrrgreindum hætti.

„Við blasir að óvarðir kröfuhafar Landsbankans voru aldrei í neinni samningsaðstöðu,“ segir Rósa Björk Brynjólfsdóttir, aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra.



RÓSA BJÖRK BRYNJÓLFSDÓTTIR

Hún áréttar að ekkert hafi komið fram sem styðji fullyrðingar um að breskum eða hollenskum stjórnvöldum hafi hugnast hugmyndir kröfuhafanna.

„Í raun er þarna um að ræða hugmyndir alþjóðlegra fjármálastofnana sem sjá fram á að fá lítið sem ekkert í kröfur sínar. Þær hafa sumar verið með hótanir um málaferli á grundvelli þess að neyðarlögin, sem hér voru sett til að vernda almenna innstæðueigendur og gerðu kröfur þeirra að forgangskröfum, hafi verið ólögleg.”

Hún segir slíkar hótanir léttvægari eftir ályktun ESA í vikunni um að lögin hafi verið á góðum grunni reist.

Hún segir hins vegar rétt að stjórnvöld hafi fundað með fulltrúum ákveðinna hópa kröfuhafa í þrotabú bankans og að hlustað hafi verið á hugmyndir þeirra. **- óká**

Fyrirkomulag réttarkerfisins:

# Nefnd skoði millidómstig

**STJÓRNSÝSLA Vinnuhópi á vegum dómsmála- og mannréttindaráðherra hefur verið falið að skoða hvort setja skuli á fót millidómstig sem taki bæði til sakamála og einkamála. Skal hann meta kosti og galla og meta hvernig slíku dómstigi væri best fyrir komið.**

**Í vinnuhópnum sitja Sigurður Tómas Magnússon prófessor, sem er formaður, Ása Ólafsdóttir, lektor við HÍ, Símon Sigvaldason, héraðsdómari og Benedikt Bogason, héraðsdómari og ritari réttarfarsnefndar.** **- bþs**



**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Danir hyggjast fækka fátækum þar í landi.

Danir í átak gegn fátækt:

# Fátækum fækki um 22 þúsund

**DANMÖRK** Dönsk stjórnvöld hafa sett sér það takmark að fækka fátækum þar í landi um 22.000 á næsta áratug.

Benedikte Kiær félagsmálaráðherra tilkynnti þetta í gær, en þetta er framlag Danmerkur í átaki Evrópusambandsins til að fækka fátækum innan sinna landamæra um 20 milljónir.

Þrátt fyrir að hafa sett sér þetta takmark er hins vegar hvorki búið að meta fjölda fátækra í Danmörku, né með hvaða hætti fátækt er metin.

Séð út frá efnahag einum saman er hlutfall fátækra lægst í Danmörku af öllum þjóðum ESB. **- þj**

# Gagnaverin samkeppnishæf

**Samfylkingin og Vinstri græn hafa náð saman um breytingar á skattlagningu á viðskiptavini gagnavera. Forsvarsmenn gagnavera telja breytingarnar forsendur þess að gagnaver geti keppt við ver í ríkjum ESB.**

**EFNAHAGSMÁL** Þingmenn Samfylkingarinnar og Vinstri grænna hafa náð samkomulagi um að leggja til veigamiklar breytingar á frumvarpi fjármálaráðherra um virðisaukaskatt. Breytingarnar eru forsenda þess að gagnaver hér á landi verði samkeppnishæf við gagnaver í ríkjum Evrópusambandsins.

„Þetta er mjög gott fyrir okkur, og gerir okkur kleift að halda áfram á þeirri braut sem við erum á,“ segir Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri gagnaversins Thor Data Center.

„Ef Alþingi samþykkir þessar breytingar er það niðurstaða sem okkar kúnnar hafa beðið eftir lengi,“ segir Jón.

Gagnaverin lögðu til þrenns konar breytingar á frumvarpi fjármálaráðherra um breytingu á lögum um virðisaukaskatt. Fjallað var um málið í efnahags- og skattanefnd í gær.

Á fundi nefndarinnar var samþykkt að leggja til þá breytingu á frumvarpinu að erlendir viðskiptavinir gagnavera þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt af tækjabúnaði til að nota í gagnaverum, segir Magnús Orri Schram, fulltrúi Samfylkingarinnar í efnahags- og skattanefnd.

Sú breyting ein og sér hefði ekki dugað til að gera gagnaver hér á landi samkeppnishæf, segir Jón hjá Thor Data Center.



**UPPBYGGING** Uppbygging gagnavers í Hafnarfirði getur haldið áfram ef Alþingi samþykkir breytingatillögur þingmannanna, segir framkvæmdastjóri Thor Data Center.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimildir Fréttablaðsins herma að þingmenn Vinstri grænna í efnahags- og skattanefnd hafi verið andvígir því að leggja til frekari breytingar á frumvarpinu. Þingmenn annarra flokka vildu hins vegar ganga lengra.

Á tíunda tímanum í gærkvöldi náðist að lokum samkomulag milli þingmanna Samfylkingarinnar og Vinstri grænna. Fulltrúar flokkanna í efnahags- og skattanefnd hafa ákveðið að flytja tillögu þegar Alþingi fjallar um málið, sem verður líklega í dag. Þeir munu leggja til að erlendir viðskiptavinir gagnaveranna þurfi ekki að greiða virðisaukaskatt af þjónustu veranna.

Verði það niðurstaða Alþingis er það í samræmi við lög ESB og myndi hafa mjög jákvæð áhrif á samkeppnisumhverfi gagnavera á Íslandi segir Jón. Samtök íslenskra gagnaverafyrirtækja töldu einnig nauðsynlegt að falla frá kröfu um að erlend fyrirtæki sem nýta sér þjónustu gagnavera hafi starfsstöð á Íslandi. Um það náðist ekki samstaða í efnahags- og skattanefnd.

Jón segir það miður og eflaust muni það stöðva einhverja viðskiptavini. Ekki sé útilokað að Alþingi geri frekari breytingar á frumvarpinu. **brjann@frettabladid.is**

## Vilja breytingar

Samtök gagnavera vildu að þrenns konar breytingar yrðu gerðar á frumvarpi fjármálaráðherra um virðisaukaskatt. Þingmenn ætla nú að gera tillögur um að tvær af þremur verði að veruleika.

- [x] Ekki verði innheimtur virðisaukaskattur af þjónustu við erlenda viðskiptavini.
- [x] Ekki verði lagður virðisaukaskattur á búnað sem viðskiptavinir flytja til landsins til að nota í gagnaverunum.
- [ ] Fallið verði frá kröfu um að viðskiptavinir gagnaveranna komi upp starfsstöð á Íslandi.






Vara við að banna umferð skipa með kjarnorku:

# Bann gæti skapað hættu í höfunum

**ALÞINGI** Utanríkisráðuneytið gerir ýmsar athugasemdir við frumvarp fimmtán þingmanna um friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum og bann við umferð kjarnorkuknúinna farartækja.

Árni Þór Sigurðsson VG er fyrsti flutningsmaður.

Í umsögn ráðuneytisins segir að markmið frumvarpsins sé í megindráttum í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda en stangist á við skuldbindingar þeirra gagnvart þjóðarétti. Gangi það meðal annars gegn EES-samningnum og aðildinni að NATO.

Verði frumvarpið að lögum mætti ekki heimila skipi sem flytur kjarnakleyf efni eða kjarnorkuúrgang í tengslum við friðsamlega nýtingu kjarnorku og óskar að leita vars, að koma inn fyrir tólf mílna mörkin og draga þar með úr líkum á að skip farist og mengunarslys hljótist af.

Landhelgisgæslan er sömu skoðunar. Í umsögn hennar segir að hættulegt væri ef skip með geislavirkan úrgang fengi ekki að koma inn fyrir tólf mílurnar í neyð. „Það getur, svo dæmi sé nefnt, verið meiri hætta fólgin í því að vera með skip með geislavirkan úrgang rétt utan við tólf sjómílna mörkin þar sem hætta er á að gámar fari í sjóinn vegna slæms veðurs og sjólags heldur en að hleypa því inn fyrir tólf mílur til að komast í var,“ segir í umsögn Gæslunnar. Ísland sé alþjóðlega skuldbundið til að veita afdrep og skjól og tryggja öryggi mannslífa. **- bþs**



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

> Það getur, svo dæmi sé nefnt, verið meiri hætta fólgin í því að vera með skip með geislavirkan úrgang rétt utan við tólf sjómílna mörkin...
>
> UMSÖGN LANDHELGISGÆSLUNNAR

markhonnun.is

# nettó
*gleðjumst saman um jólin*



30% afsláttur

KEA HAMBORGARHRYGGUR

**1.539** kr/kg
áður 2.198 kr/kg

**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

## *Bráðum koma jólin*



LAMBAHRYGGUR
LÉTTREYKTUR
30% afsláttur
**1.679** kr/kg
áður 2.399 kr/kg
KEA



HAMBORGARHRYGGUR
31% afsláttur
**898** kr/kg
áður 1.298 kr/kg
KJÖTSEL



HAMBORGARHRYGGUR
ÚRBEINAÐUR
30% afsláttur
**1.259** kr/kg
áður 1.798 kr/kg
KJÖTSEL



KALKÚNN
1.FL.
27% afsláttur
**1.098** kr/kg
áður 1.498 kr/kg



HUMAR
2 KG ASKJA
31% afsláttur
**3.995** kr/pk.
áður 5.798 kr/pk.



KLEMENTÍNUR
Í LAUSU
**179** kr/kg
frábært verð



HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ
30% afsláttur
**2.099** kr/kg
áður 2.998 kr/kg
KJÖTSEL



LAMBALÆRI
FERSK
**1.198** kr/kg
áður 1.498 kr/kg



KONFEKT ÍSTERTA, 12 MANNA
KJÖRÍS
**1.678** kr/stk.
áður 1.998 kr/stk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **16. - 19.** desember
eða meðan birgðir endast



**SÁRIN ÞVEGIN** Eftir að hafa hýtt sjálfan sig til blóðs í tilefni af Ashura-hátíð múslima lætur þessi maður í Ahmedabad á Indlandi félaga sinn hreinsa sárin. NORDICPHOTOS/AFP

Hæstiréttur staðfestir fangelsisdóm yfir manni sem sat inni vegna skattsvikamáls:

# Settu upp stóra kannabisverksmiðju

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær þrjá menn í fjögurra, fimm og sex mánaða fangelsi fyrir kannabisræktun og tilraun til stórfellds brots á lögum um fíkniefni. Hann staðfesti þar með dóm héraðsdóms.

Mennirnir þrír höfðu sett upp ræktunarstöð á bænum Karlsstöðum í Djúpavogshreppi þar sem hægt hefði verið að vatnsrækta allt að 600 kannabisplöntur. Þar fundust sextán plöntur.



**VATNSRÆKTUN** Svona rör eru notuð í vatnsræktun eins og mennirnir undirbjuggu.

Einn þremenninganna tók jörðina á leigu og hafði forgöngu um og fjármagnaði umfangsmiklar framkvæmdir við hina stóru kannabisverksmiðju. Hann kom síðar við sögu í umfangsmiklu svikamáli, þar sem um ræðir svik á virðisaukaskatti upp á 270 milljónir króna og sat um skeið í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu, sem stendur enn yfir.

Í skýrslutöku vegna kannabismálsins sagðist hann í fyrstu hafa ætlað að rækta tómata, en breytti því síðan í kannabisplöntur. Síðar kvaðst hann hafa verið hættur við kannabisræktunina vegna samviskubits. Loks sagðist hann fyrir dómi hafa ætlað að fara í ferðaþjónustu á jörðinni.

Mennirnir höfðu sett upp tvær öflugar dísilrafstöðvar á bænum til að leyna mikilli orkunotkun. - jss

Síbrotamaður var dæmdur:

# Refsing þyngd

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur tvöfaldað dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir síbrotamanni. Héraðsdómur hafði dæmt hann í eins árs fangelsi en Hæstiréttur bætti öðru ári við þann dóm.**

**Maðurinn sem um ræðir, Emil Freyr Júlíusson, er með óslitinn sakaferil frá árinu 2007.**

**Hann er rúmlega tvítugur að aldri og var nú dæmdur fyrir þjófnað, hylmingu, fjársvik og fleira. Þar má nefna innbrot inn í tvö íbúðarhús og þjófnað muna að verðmæti á fimmtu milljón króna.** - jss

Umboðsmaður skuldara:

# Opnar útibú í Reykjanesbæ

**EFNAHAGSMÁL** Umboðsmaður skuldara hefur starfsemi í nýju útibúi í Reykjanesbæ í dag.

Umboðsmaður verður með aðsetur í húsnæði sýslumannsins í Keflavík, að Vatnsnesvegi 33.

Í tilkynningu frá embættinu segir að „fordæmalausar aðstæður“ í landshlutanum hafi kallað á útibú syðra og hafa tveir starfsmenn verið ráðnir, en báðir koma þeir frá Suðurnesjum.

Þetta er eina útibú umboðsmanns skuldara sem stendur, en höfuðstöðvar embættisins voru nýverið fluttar í nýtt húsnæði að Kringlunni 1. - þj

Lagði eld að tveimur bílum:

# Brennuvargur fékk tvö ár

**DÓMSMÁL Hæstiréttur Íslands hefur dæmt Jón Óskar Auðunsson í tveggja ára fangelsi fyrir að kveikja í kyrrstæðri bifreið á bifreiðastæði í Reykjavík.**

**Afleiðingar íkveikjunnar urðu þær að tveir bílar brunnu og sá þriðji stórskemmdist. Þá komu sprungur í rúður á tveimur hæðum í húsi sem bílarnir voru hjá.**

**Með þessu olli maðurinn eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu.**

**Í dómi Hæstaréttar segir að Jóni Óskari hafi hlotið að vera ljóst að íkveikjan myndi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna.** - jss

# Segir ráðherra sýna hnefann

**Framkvæmdastjóri Sólheima skilur ekki að stofnunin verði ekki fyrir utan sviga við flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Framkvæmdastjóri Árborgar segir sveitarfélagið vel valda verkefninu.**

**FÉLAGSMÁL** Óljóst er hvernig rekstur Sólheima í Grímsnesi verður frá áramótum. Fulltrúaráð stofnunarinnar veitti framkvæmdastjórn hennar heimild til að segja upp öllum samningum. Sú heimild hefur ekki verið nýtt.

„Ég er að berjast fyrir því að alþingismenn taki tillit til Sólheima,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri sjálfseignarstofnunarinnar, sem vill ekki þurfa að sæta því að málefni hennar verði um áramótin felld undir sérstakt þjónusturáð þrettán sveitarfélaga á Suðurlandi og að hún þurfi að semja við sveitarfélagið Árborg um þjónustusamning. Frumvarp þess efnis bíður afgreiðslu á Alþingi. „Við viljum fá að semja beint við jöfnunarsjóð og að Sólheimar verði teknir út fyrir sviga þangað til 2014 þegar þessu tilraunatímabili lýkur,“ segir Guðmundur, sem treystir ekki á málsmeðferð sveitarfélaganna.

„Sporin hræða,“ segir Guðmundur. „Þessi sama félagsþjónusta og á að hafa allt um Sólheima að segja er með sex stjórnsýsluúrskurði og dóm frá héraðsdómi á bakinu vegna þess að hún braut á fötluðu fólki sem hérna býr. Það væri ekki ábyrgt af okkar hálfu að láta þá aðila sem hafa endurtekið brotið á okkar fólki árum saman vera afgerandi um það hvernig staðurinn á að reka sig.“

Guðmundur kveðst ekki skilja hvers vegna ekki sé tekið tillit til Sólheima. „Ég geng fram fyrir ráðherra félagsmála æ ofan í æ og bið hann um að veita okkur og því fatlaða fólki sem hér er öryggi og tryggingu. Hann segir bara að það verði ekkert hvikað. Hann setur bara hnefann æ ofan í æ í borðið,“ segir hann.





**SÓLHEIMAR Í GRÍMSNESI** Fulltrúaráð Sólheima telur óeðlilegt að Árborg sinni samningum við Sólheima vegna annarra verkefna sveitarfélagsins fyrir fatlaða. Framkvæmdastjóri Árborgar segir Sólheima eina þjónustuaðila fatlaðra í sveitarfélaginu sem neitað hafi að setjast að samningaborðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSON**



**ÁSTA STEFÁNSDÓTTIR**

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, segir sveitarfélagið þegar hafa unnið undirbúning að samningum við þrjá aðra þjónustaðila fatlaðra á starfssvæðinu. Fulltrúar Sólheima einir neiti að koma að borðinu.

„Í sjálfu sér er mér ekki alveg ljóst hvert vandamálið er. Sveitarfélögin hafa unnið gríðarlega undirbúningsvinnu fyrir það að taka við þessum málaflokki,“ segir Ásta, sem kveðst hafna því að sveitarfélögin ráði ekki við verkefnið enda sé ríkið að treysta því að sveitarfélögin geti tekið við málaflokknum á landsvísu.

Fulltrúaráð Sólheima telur óeðlilegt að Árborg sinni samningum við Sólheima vegna annarra verkefna sveitarfélagsins fyrir fatlaða. „Það eru engar hugmyndir, hvorki hjá sveitarfélaginu Árborg né þessu sameiginlega þjónustusvæði, um það að bregða fæti fyrir Sólheima eða á einhvern hátt að skerða þeirra möguleika,“ segir Ásta. Nú sé beðið eftir því hvort framkvæmdastjórn Sólheima nýti heimildina um uppsagnir samninga.

„Sveitarfélögin þurfa þá að koma inn í það, að semja við einhvern annan eða taka reksturinn yfir. Ég er alveg klár á því að íbúum á Sólheimum verður tryggð þjónusta áfram, sama hvort framkvæmdastjórnin nýtir þessa heimild eða ekki,“ segir bæjarstjóri Árborgar.

gar@frettabladid.is

**Undirbúningsnefnd stjórnlagaþings óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtaldar stöður:**

Þjóð til þings
Stjórnlagaþing 2011

- Aðallögfræðing
- Nefndarritara
- Ræðu- og skjalalesara
- Ræðuritara
- Skrifstofustjóra
- Starfsmann í veitingaþjónustu
- Tæknifulltrúa
- Þingverði
- Þjónustufulltrúa í móttöku

**Umsókn skal berast eigi síðar en mánudaginn 3.1. 2011.**
Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarferli má finna á vefsíðu Starfatorgs: starfatorg.is.

Íslendingar eiga 873 milljarða í erlendum sjávarútvegi:

# Eignarhald erlendis ekki gefið upp

**SJÁVARÚTVEGUR** Eignir Íslendinga í erlendum sjávarútvegsfyrirtækjum námu rúmum 873 milljörðum króna í lok síðasta árs, samkvæmt svari Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Marðar Árnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar.

Tölurnar eru fengnar frá Seðlabanka Íslands. Samkvæmt svarinu er Seðlabanki Íslands bundinn þagnarskyldu og getur því ekki gefið upplýsingar um hvaða fyrirtæki þetta eru, hvar þau starfa eða hver hlutdeild Íslendinga í fyrirtækjunum er, né heldur hvenær Íslendingarnir eignuðust fyrst hlut í þessum fyrirtækjum eða hvert virði heildarhlutar þeirra er.

Mörður hafði í október leitað til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins með sömu fyrirspurn. Skriflegt svar ráðherrans Jóns Bjarnasonar var að ráðuneytið hefði engar upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar og bæri ekki samkvæmt lögum að afla þeirra.



**MÖRÐUR ÁRNASON** Í annarri tilraun fékk þingmaðurinn svör um eignarhald Íslendinga í erlendum sjávarútvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þess vegna væri ekki hægt að svara fyrirspurninni.

Mörður gerir þagnarskyldu Seðlabankans að umtalsefni á bloggi sínu í gær og spyr hvort það geti verið að eigendur fjárins séu þeir sömu sem eigi íslensku sjávarútvegsfyrirtækin, en skuldsetning þeirra hefur verið mikið til umræðu. Þær skuldir eru metnar 500-600 milljarðar króna og þær megi þá greiða upp fyrir erlendar eignir, sé um sama fólkið að ræða. - shá

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

**Ellingsen**

– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

**Opnunartímar í desember:**

| | |
|---|---|
| Föstudagur 17. des. | 10 – 20 |
| Laugardagur 18. des | 10 – 22 |
| Sunnudagur 19. des. | 12 – 22 |
| Mánudagur 20. des. | 10 – 22 |
| Þriðjudagur 21. des | 10 – 22 |
| Miðvikudagur 22. des. | 10 – 22 |
| Fimmtudagur 23. des. | 10 – 22 |
| Aðfangadagur 24. des. | 10 – 12 |

# JÓLAGJÖF
## ÚTIVISTARFÓLKSINS
## FÆST Í ELLINGSEN



COLUMBIA flíspeysa.
Hentar allt árið.
**Verð frá 9.790 kr.**

COLUMBIA Softshell flíspeysa. Vindheld með Omni-Shield ytra lagi.
**Verð frá 17.990 kr.**

DIDRIKSONS úlpa. Vatns- og vindheld fóðruð úlpa sem andar vel.
**Verð frá 26.990 kr.**

Bakpokar. Léttir, sterkir og einstaklega vandaðir.
**Verð frá 9.990 kr.**

COLUMBIA jakki. Vatns- og vindheldur með Omni-Tech ytra lagi.
**Verð frá 24.990 kr.**

Barnahúfur í mörgum stærðum, gerðum og litum.
**Verð frá 2.190 kr.**

Barnavettlingar í mörgum litum og gerðum.
**Verð frá 890 kr.**

DIDRIKSONS úlpa. Frábær í snjóinn.
**Verð frá 9.900 kr.**

COLUMBIA barnaúlpa. Vatns- og vindheld með Omni-Shield ytra lagi og Omni-Heat einangrun.
**Verð frá 16.990 kr.**

Columbia göngubuxur. Einstaklega léttar og endingargóðar, fljótar að þorna og með UPF 30 sólarvörn.
**Verð frá 17.990 kr.**

COLUMBIA snjóbretta-buxur. Omni-Tech vatns-vörn, úr öndunarefni með límdum saumum.
**Verð frá 14.990 kr.**

Kuldastígvél. Vatnsheld og þola mikið álag.
**Verð frá 6.490 kr.**

SNOW COMMANDER loðfóðruð stígvél. Vatnsheld og þola allt að 32. gráðu frost.
**Verð frá 11.290 kr.**

COLUMBIA gönguskór úr vatnsheldu leðri. Sérstyrktur hæll og einstaklega gott grip.
**Verð frá 27.990 kr.**

**JÓLA-TILBOÐ!**



COLUMBIA
BUGABOOT
Dömuskór
**JÓLATILBOÐ**
**19.990 kr.**



COLUMBIA
BUGABOOT
Herraskór
**JÓLATILBOÐ**
**19.990 kr.**



COLUMBIA
SHASTA
Dömuskór
**JÓLATILBOÐ**
**19.990 kr.**



COLUMBIA
SHASTA
Herraskór
**JÓLATILBOÐ**
**22.990 kr.**



COLUMBIA
DASKA
Dömu- og herraskór
**JÓLATILBOÐ**
**29.990 kr.**

PIPAR\TBWA · SÍA



KRAFAN SKÝR Mótmæli gegn stríðsrekstri Bandaríkjamanna í Írak og Afganistan fóru fram í gær fyrir framan Hvíta húsið í Washington. NORDICPHOTO/AFP

Ólafi Þór urðu á mistök:

## Leiðréttir sig

**ALÞINGI** Ólafur Þór Gunnarsson, varaþingmaður VG, kvaddi sér hljóðs á Alþingi í vikunni til þess að leiðrétta mismæli sem honum urðu á í ræðustól Alþingis í síðustu viku. Þar sagði hann að stöður í menntun heimilislækna hér á Íslandi væru ekki að fullu mannaðar.



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

„Það er rangt, stöður menntaðra heimilislækna á Íslandi eru ekki að fullu mannaðar.“ Ólafur Þór sagði fulla ástæðu til að halda þessu mismæli sínu til haga þar sem mikil umræða færi nú fram um skort á heimilislæknum hér á landi og fyrrgreind ummæli hans urðu meðal annars tilefni frétta hér í Fréttablaðinu nýverið. - pg

# Gera yrði breytingar á málinu hér heima

**Reikna má með því að mál slitastjórnar Glitnis gegn sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs yrði lagt upp öðruvísi á Íslandi en í New York. Þetta segir formaður slitastjórnarinnar. Engin flugeldasýning fyrir íslenskum dómstólum, segir prófessor.**

**DÓMSMÁL** Töluverðar breytingar þyrfti að gera á málatilbúnaði slitastjórnar Glitnis gegn svokallaðri sjömenningaklíku Jóns Ásgeirs Jóhannessonar ef ákveðið yrði að höfða málið á Íslandi. Þetta segir Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnarinnar, en tekur jafnframt fram að hún telji að það mundi ekki útheimta ýkja mikla vinnu.

Dómarinn Charles E. Ramos vísaði málinu frá dómi í New York á þriðjudag og sagði það eiga heima á Íslandi, þar sem stefndu væru allir Íslendingar og Glitnir íslenskt fyrirtæki. Í málinu var Jóni Ásgeiri, Hannesi Smárasyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding, Jóni Sigurðssyni og Þorsteini M. Jónssyni stefnt til að endurgreiða tvo milljarða dala, jafnvirði um 230 milljarða króna, sem sjömenningarnir voru sakaðir um að hafa sogið út úr bankanum í flóknu samsæri.

Slitastjórnin hefur lýst því yfir að haldið verði áfram með málið. Ekki liggur fyrir hvar það verður gert. Enn á eftir að ákveða hvort frávísuninni verður áfrýjað og hefur Steinunn aðspurð ekki viljað útiloka að málið geti verið höfðað annars staðar en á Íslandi ákveði slitastjórnin að una frávísuninni, til dæmis í London.



GLITNIR Sjömenningarnir eru sakaðir um að hafa haft hundruð milljarða króna út úr Glitni með óheiðarlegum aðferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefnan í New York er berorð og mun harðorðari en þær sem tíðkast hér. Þar er jafnframt notast við hugtök sem ekki eru þekkt í íslenskum rétti. Sumir stefndu eru sagðir hafa verið skuggastjórnendur Glitnis og ítrekað er vísað til þess að Ingibjörg Pálmadóttir sé hliðarsjálf eiginmanns síns.

„Það má alveg reikna með því að málið yrði lagt upp öðruvísi á Íslandi,“ segir Steinunn. Hún vill ekki segja til um að hvaða leyti málið yrði frábrugðið hér heima. „En atburðarásin sem er lýst í stefnunni er auðvitað eins og hún er,“ segir hún.

Hún segir að þótt málið tæki breytingum yrði vinnan við það ekki sérlega flókin.

Guðmundur Sigurðsson, lagaprófessor við Háskólann í Reykjavík, segir ljóst að stefnan hér heima þurfi að byggja á íslenskum rétti. Það ætti þó ekki að vera neitt stórmál. „Auðvitað yrðu menn að færa málið í búning sem harmónerar við íslenskan skaðabótarétt,“ segir hann. Hann þekki stefnuna ytra þó ekki í þaula og geti því ekki sagt til um nákvæmlega hvaða breytingar þyrfti að gera.

Hann segir að vel kunni að vera að yfirbragð stefnunnar úti helgist af því að málinu hafi verið ætlað að fara fyrir kviðdóm. Líklegt sé að það yrði tónað niður hér heima. „Ég held að það yrði engin flugeldasýning hérna fyrir íslenskum dómstólum.“ stigur@frettabladid.is



KÓPAVOGSLAUG Keppt hefur verið í sundi í lauginni á Þorláksmessu í 20 ár.

Garpasund á Þorláksmessu:

## Fimmtíu keppa á tíu brautum

**ÚTIVIST** Allt stefnir í að slegið verði þátttökumet í sundi hjá Görpum í Sunddeild Breiðabliks á Þorláksmessu. Að þessu sinni verður stóra útilaugin undirlögð af um 50 keppendum sem allir keppa í einu, um fimm á hverri braut.

Garpar eru sundmenn eldri en 25 ára og hefur Þorláksmessusundið verið þreytt í tvo áratugi.

Einnig mætir til leiks góður hópur þríþrautarmanna, en 1.500 metrar eru einmitt vegalengdin sem synt er í ólympískri þríþraut.

Keppni hefst klukkan 8.20 á Þorláksmessu og fer fram í Kópavogslaug.

VIÐSKIPTI

### Gengur til liðs við SKÝRR

Gunnar Ingimundarson mun um næstu áramót láta af störfum sem framkvæmdastjóri upplýsingatæknifyrirtækisins HugarAx. Gunnar mun ganga til liðs við Skýrr og stýra þar markaðs- og vörumóttökusviði. Við starfi Gunnars tekur Jón Helgi Einarsson, einn af stjórnendum þar. Þetta var kynnt á starfsmannafundi hjá HugAx í gærmorgun.


Við komum jólapakkanum til skila




Fyrirtækjaþjónusta Pósthússins býður upp á hagstæða heimsendingu á jólapökkum til þinna viðskiptavina, hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða á Akureyri

- Sérhæfð heimsendingarþjónusta til fyrirtækja og einstaklinga
- Dreifum hvort sem er að degi eða kvöldi.
- Hátt þjónustustig sniðið að þínum þörfum.
- Dreifum einnig frá Akureyri til höfuðborgarsvæðis.

Allar nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar Pósthússins í síma 585 8300 eða 585 8330

**Pósthúsið ehf**
Suðurhraun 1, 210 Garðabær
s: 585 8300, www.posthusid.is

Póst húsið

Innbrotsþjófur ákærður:

## Stal góssi fyrir tvær milljónir

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að brjótast inn í þrjú íbúðarhús og stela þar munum að verðmæti um tvær milljónir króna. Hann er nú í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni. Maðurinn sóttist einkum eftir flatskjám, tölvubúnaði og myndavélum auk skartgripa.

Á einum staðnum stal hann að auki 980 evrum, 250 Bandaríkjadölum og 260 sterlingspundum. Á öðrum stað greip hann svo með sér kuldagalla frá 66°Norður, auk annars þýfis. - jss

Borgarráð samþykkti áskorun til utanríkisráðuneytis og flugmálayfirvalda um flugumferð:

# Vilja allar herflugvélar burt af vellinum

**SAMGÖNGUR** Borgarráð hefur skorað á utanríkisráðuneyti og flugmálayfirvöld að beita sér fyrir því að umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll verði stöðvuð. Áskorun þessi var samþykkt einróma á fundi ráðsins í gær.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að samkvæmt tölum Isavia, sem annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla og lendingarstaða á Íslandi, hafi 37 skilgreindar herflugvélar lent á Reykjavíkurflugvelli á árinu, en í fyrra voru þær 28 talsins. Þar á meðal eru til dæmis ferjuflug, þyrluflug og eftirlitsflug.

Í tilkynningunni segir að flugmálayfirvöld hafi ekki heimildir til að afla upplýsinga um farm herflugvéla í styttri stoppum, þar á meðal hvort vélarnar beri hættuleg vopn, sprengiefni eða kjarnavopn.

Þá er vísað til friðarhefðar Íslendinga og framlags Reykjavíkurborgar í baráttunni fyrir friði, meðal annars með uppsetningu friðarsúlu Yoko Ono og nýlegrar aðildar að samtökunum Mayors for Peace. Þá segir í tilkynningunni: „Friðsöm og ábyrg borgaryfirvöld geta ekki unað við óbreytt ástand á Reykjavíkurflugvelli.“ - þj



**HERINN BURT** Borgarráð hefur skorað á flugmálayfirvöld og utanríkisráðuneyti að stöðva umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MARIJÚANA** Mennirnir voru að selja marijúana.

Fjórir ungir menn ákærðir:

## Tveir fíkniefnasalar fyrir dóm

**DÓMSMÁL Tveir ungir menn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra, meðal annars fyrir fíkniefnasölu.**

**Alls eru fjórir ungir menn ákærðir í málinu. Einn þeirra ók um götur Akureyrar undir áhrifum fíkniefna þar til lögreglan stöðvaði akstur hans. Hinir þrír voru í bílnum með honum, einn með lítilræði af marijúana en hinir tveir með mun meira magn af efninu, bæði í bílnum og heima hjá sér.**

**Öðrum hinna síðastnefndu er gefið að sök að hafa nokkrum vikum áður keypt um 150 grömm af marijúana og selt hluta efnisins. Hinn aðstoðaði við söluna.** - jss



**LÖGREGLAN** Lögreglukonan var við skyldustörf við skemmtistaðinn 800 Bar.

Í átta mánaða fangelsi:

## Kastaði glasi í höfuð lögreglu

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri hefur verið dæmd í átta mánaða fangelsi, þar af sex á skilorði, fyrir að kasta bjórglasi í höfuðið á lögreglukonu. Þá var hún dæmd til að greiða lögreglukonunni 100 þúsund krónur í miskabætur.

Atvikið átti sér stað við veitingastaðinn 800 Bar í Árborg. Lögregla var þar við skyldustörf vegna æsts manns sem dyraverðir voru með þar í tökum. Hann var settur í lögreglubifreið.

Þegar lögreglukonan hugðist fara inn á staðinn að ræða við dyraverði var konan þar fyrir og kastaði glasinu í hana. - jss

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Endurskinsmerkin nauðsyn

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu beinir þeim vinsamlegu tilmælum til hlaupara að þeir noti endurskinsmerki enda er þessi hópur oft á ferð í myrkri á eða við umferðargötur. Þá vill lögregla benda á mikilvægi þess að ljósabúnaður hjóla sé í lagi en á því er nokkur misbrestur.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Átt þú erlendar eignir?

**Tækifæri í fjárfestingum erlendis**
Þrátt fyrir gjaldeyrishöft á Íslandi geta þeir sem eiga erlendar eignir endurfjárfest erlendis eða fært til eignir. Eignastýring Íslandsbanka veitir ráðgjöf um erlend eignasöfn og hefur milligöngu um kaup á verðbréfum og í sjóðum hjá samstarfsaðilum sínum víða um heim. Eignastýring Íslandsbanka getur þar að auki tekið við vörslu erlendra verðbréfa og sjóða, bæði frá innlendum og erlendum aðilum og aðstoðað við tilfærslu eigna.

**Sterkir samstarfsaðilar**
Eignastýring Íslandsbanka er í góðu samstarfi við öfluga samstarfsaðila beggja vegna hafsins. Þar ber helst að nefna bandaríska fyrirtækið Vanguard og DnBNOR í Noregi.

**Aðstoð við flutning eigna heim**
Eignastýring Íslandsbanka getur tekið við erlendum verðbréfum í vörslu. Við getum aðstoðað viðskiptavini við flutning eignanna á milli vörsluaðila hérlendis og erlendis. Varsla hjá Eignastýringu Íslandsbanka getur veitt viðskiptavinum betri yfirsýn og verið ódýrari.

**Aðstoð við flutning íslenskra króna heim**
Þeir sem eiga íslenskar krónur hjá erlendum aðilum geta flutt þær til Íslands, geti þeir sýnt fram á að þeir hafi átt krónurnar fyrir setningu gjaldeyrishafta. Eignastýring Íslandsbanka getur aðstoðað í því ferli, að flytja krónurnar heim og koma þeim í viðeigandi fjárfestingu.

**Fáðu ráðgjöf**
Ef þú átt erlendar eignir og vilt kanna þá kosti sem þér bjóðast, skaltu hafa samband í síma 440 4900. Við förum yfir stöðuna í sameiningu og finnum réttu leiðirnar fyrir þig.

Helstu samstarfsaðilar

DnB NOR Asset Management

Vanguard



Eignastýring Íslandsbanka
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4900

Íslandsbanki

# JÓLAVILLIBRÁÐ Í ÚRVALI

*Uppskriftir eftir kokkalandsliðið á www.hagkaup.is*




Antilópa


Hreindýr


Kengúra


Strútur


Sebrahestur


Skosk rjúpa


Aligæs


Berberi önd


Krónhjörtur

## SPENNANDI FORRÉTTIR




Grafið lamb,
Taðreykt innralæri,
Sveitapaté

## ALVÖRU SÓSUR
### LAGAÐAR FRÁ GRUNNI

Veislusósur sem eru lagaðar úr hágæða hráefni og tilbúnar beint í pottinn.




Rjómasveppasósa Rauðvínssósa Piparsósa Púrtvínssósa

HAGKAUPS SÓSUR **389** kr/stk

NÝBAKAÐ



TILBOÐ
JÓLABRAUÐ **199** kr/stk

NÝTT



TILBOÐ
EPLA KANILHRINGUR **799** kr/stk

SMÁKÖKUR MEÐ EXTRA SÚKKULAÐI
SMÁKÖKUR MEÐ HÖFRUM OG RÚSÍNUM
SMÁKÖKUR MEÐ HUNANGI OG MÚSLÍ
SMÁKÖKUR MEÐ HVÍTU SÚKKULAÐI



**599** kr/pk




COKE 2 LÍTRA 4 Í PAKKA **889** kr/pk




BAHLSEN KÖKUR **20%** afsláttur v/kassa

NÝTT




*ekta ítöls jólakak*

**OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 19. desember á meðan birgðir endast.

# HAMBORGARHRYGGUR HAGKAUPS

## Besti hryggurinn að mati landsliðs matreiðslumeistara




HAMBORGAR HRYGGUR
**1.698** kr/kg

HAGKAUP
Gljái
fyrir hamborgarhrygg

*tilbúinn gljái á hamborgarhrygginn*

HAGKAUP
Uppstúfur
tilbúinn í pottinn

*tilbúinn uppstúfur á hangikjötið*

*frábært verð!*
Á SKAGFIRSKU HANGIKJÖTI




ÍSLANDSLAMB HANGIKJÖT
**2.478** kr/kg
Merkt verð 3.098.-

*frábært verð!*
Á FRÖNSKUM ANDABRINGUM

TILBOÐ 10% afsláttur við kassa



FRANSKAR ANDABRINGUR
**3.148** kr/kg
Merkt verð 3.498.-




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

HAMBORGARAR 2 STK. + BRAUÐ
**599** kr/pk
Merkt verð 798.-




TILBOÐ 25% afsláttur við kassa

LASAGNE FROSIÐ
**749** kr/kg
Merkt verð 998.-




NAUTAHAKK
**998** kr/kg




16" PIZZA 2 TEGUNDIR
**898** kr/stk
Verð áður 998.-




KLEMENTÍNUR 2,3 KG
**665** kr/pk




TILBOÐ
HAMLET SEA SHELLS 250 G
**599** kr/pk



HAMLET JÓLASTAFIR
**299** kr/pk



TILBOÐ
JÓLAKAFFI
**649** kr/pk

*Ný uppskera af vínberjum frá Suður Afríku*



*ísblandan vinsæla*




TILBOÐ
DEBIC ÍSBLANDA
**899** kr/stk




TILBOÐ
NÓA KONFEKT 1 KG
**2.489** kr/pk

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**SPEGLAST Í POLLI** Tvær mörgæsir á vappi í dýragarði í Leipzig í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Stofnandi Wikileaks var látinn laus úr fangelsi í London í gær gegn 200 þúsund punda tryggingu:

# Assange sett ströng skilyrði um ferðir

**BRETLAND** Mikil fagnaðarlæti brutust út meðal stuðningsmanna Julians Assange, stofnanda Wikileaks, þegar dómari í London kvað upp þann úrskurð að honum skyldi sleppt gegn tryggingu.

„Ég er ekki sammála því að Assange telji sig hafa ástæðu til að mæta ekki,“ sagði Duncan Ousley, dómari áfrýjunarréttar. „Hann hefur greinilega einhvern vilja til þess að hreinsa nafn sitt.“

Ousley staðfesti þar með úrskurð undirréttar frá því á þriðjudag.

Greiða þurfti tryggingafé að upphæð 200 þúsund pund, en sú fjárhæð samsvarar rúmlega 36 milljónum króna. Auk þess þarf Assange að bera á sér staðsetningarbúnað, gefa sig daglega fram við lögreglu og má ekki fara út að kvöld- eða næturlagi.

Hann þarf að búa á sveitasetri í austanverðu Englandi, sem er í eigu Vaughans Smith, eins stuðningsmanna Wikileaks.

Assange hefur verið í fangelsi síðan 7. desember vegna framsalskröfu frá Svíþjóð, þar sem hann er sakaður um kynferðisbrot gegn tveimur konum. Búast má við því að nokkrar vikur líði áður en breska dómskerfið tekur ákvörðun um það hvort hann verði framseldur til Svíþjóðar. - gb



**JULIAN ASSANGE** Mættur í dómsal í London. NORDICPHOTOS/AFP

Börðust við skógarelda:

## Fengu ekki að koma í veisluna

**JERÚSALEM, AP** Veisla til heiðurs palestínskum slökkviliðsmönnum snerist upp í pólitískt klúður í gær þegar ísraelskir hermenn neituðu heiðursgestunum um aðgang.

Fyrr í mánuðinum höfðu 43 manns farist í mestu skógareldum í sögu Ísraels. Um 20 Palestínumenn hjálpuðu við slökkvistörfin og var haft eftir þeim að þeir vildu sýna að þjóðirnar gætu unnið saman.

Ellefu af slökkviliðsmönnunum hugðust mæta í veisluna en sneru frá þegar þrír þeirra voru stöðvaðir. Talsmaður þeirra sagði það alvanalegt að Palestínumönnum væri bannaður aðgangur að ástæðulausu. Engin yfirlýsing fékkst frá ísraelska hernum. - mt

Dauðarefsing í Úganda:

## Samkynhneigðir ofsóttir í Afríku

**ÚGANDA Samkynhneigðir í fjölda Afríkuríkja þurfa að sæta ofsóknum vegna kynhneigðar sinnar. Stjórnvöld í Úganda hafa fest dauðarefsingar í lög yfir þeim sem stunda kynlíf með aðila af sama kyni. Samkvæmt nýrri samantekt Washington Post er ástandið engu betra í löndum á borð við Simbabve, Senegal og Kamerún.**

**Í síðastnefnda landinu hafa samkynhneigðir þurft að þola ofbeldisárásir af hendi lögreglumanna auk þess sem þeir hafa verið gagnrýndir í fjölmiðlum.** - sm

# Liður í hagræðingu

**Utanríkisráðherra segir hagræðingarátak í fjárútlátum til varnarmála hafa sparað 500 milljónir. Samkvæmt fjárlögum renna hins vegar aðeins um það bil 100 milljónum minna til málaflokksins eftir lokun Varnarmálastofnunar.**

**ALÞINGI** Framlögum á fjárlögum sem ætluð eru til varnarmála hefur nú verið deilt milli utanríkisráðuneytisins og undirstofnana þeirra ráðuneyta sem munu sameinast í nýju innanríkisráðuneyti.

Í fjárlögum ársins 2011, sem samþykkt voru á Alþingi í gær, renna 862,7 milljónir króna til varnarmála, um 100 milljónum krónum minna en í ár.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra sagði við atkvæðagreiðslu á Alþingi í gær að þær breytingar sem þar voru gerðar þegar framlög voru færð frá Varnarmálastofnun til annarra stofnana væru í rökréttu framhaldi af samþykkt Alþingis í júní. Þá samþykkti Alþingi að leggja niður Varnarmálastofnun.

„Hér er verið að ljúka þeim breytingum, og þetta er liður í því sparnaðar- og hagræðingarátaki sem þegar hefur fært skattborgunum 500 milljónir án þess að með nokkru móti sé framkvæmd alþjóðlegra skuldbindinga Íslands veikt,“ sagði Össur.

Varnarmálastofnun tók til starfa 1. júní 2008. Hún fékk 533,8 milljónir af fjárlögum þess árs. Árið 2009 fékk hún 1.227 milljónir á fjárlögum. Á þessum árum var stofnunin rekin fyrir mun minna fé, samtals um 400 milljónum undir fjárheimildum.

Ríkisstjórnin ákvað að leggja stofnunina niður í desember í fyrra og var það lögfest í júní síðastliðnum. Árið 2010 fékk Varnarmálastofnun 963 milljónir króna á fjárlögum og fær 862,7 á næsta ári. Nánast allur sá sparnaður og hagræði sem utanríkisráðherra vísaði til náðist áður en ákveðið var að leggja stofnunina niður.

brjann@frettabladid.is

### Vinnubrögðin óboðleg og óvönduð

Stjórnarandstæðingar gagnrýndu vinnubrögð stjórnvalda við niðurlagningu Varnarmálastofnunar og skiptingu verkefna hennar við atkvæðagreiðslu um fjárlögin á Alþingi í gær.

„Það eru ekki nema nokkur misseri síðan ráðherrar Samfylkingarinnar töldu það algerlega óviðunandi að blanda saman varnartengdum verkefnum og borgaralegri starfsemi,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Þess vegna var komið á sérstakri stofnun, Varnarmálastofnun, að tillögu ráðherra Samfylkingarinnar, sem nú berjast fyrir því að sú sama stofnun verði lögð niður og varnartengdum verkefnum og borgaralegum verði hrært saman í eina og sömu skálina,“ sagði hann.

„Þessi stjórnsýsla er algerlega óboðleg,“ sagði Bjarni. Ótækt væri að veita fjárheimildir þegar breytingar á þessum málaflokki væru enn óútfærðar.

„Þessi breytingartillaga endurspeglar svo sannarlega hin mjög svo óvönduðu vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við niðurlagningu Varnarmálastofnunar, og meðferð öryggis- og varnarmála Íslendinga á þessu ári,“ sagði Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokks.

Hún lýsti eftir því samráði við Alþingi sem utanríkisráðherra hefði lofað síðastliðið haust. Þar hefði átt að móta skýra öryggis- og varnarstefnu fyrir Ísland. Ekkert hefði sést til þeirrar vinnu.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

BJARNI BENEDIKTSSON

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR



**ÞORSKUR Á ÞURRU LANDI** Þorskafli jókst um 900 tonn frá 2009.

Afli í nóvember:

## Botnfiskafli sá sami á milli ára

**SJÁVARÚTVEGUR Afli íslenskra skipa í nóvember nam alls 83.811 tonnum samanborið við 85.698 tonn í sama mánuði í fyrra.**

**Botnfiskafli stóð nánast í stað frá nóvember 2009, var um 37.500 tonn. Hlutur þorskafla þar af nam rúmum 17 þúsund tonnum og jókst um rúm 900 tonn frá fyrra ári. Afli uppsjávartegunda var rúmlega 44 þúsund tonn, nær eingöngu síld.** - shá

Danskt sorpblað í bobba:

## Rótaði í rusli ráðherrans

**DANMÖRK** Danski þjóðarflokkurinn hefur hvatt þingmenn á þjóðarþinginu þar í landi til að senda heimilissorp sitt á skrifstofur Ekstrablaðsins.

Ástæðan er meint grúsk útsendara blaðsins í sorptunnum Karen Elleman umhverfisráðherra sem afhjúpaði í kjölfarið meinta misbresti í sorpflokkun ráðherrans. Uppátækið hefur mætt hörðum viðbrögðum og hefur Elleman kært blaðið til lögreglu. Þjóðarflokkurinn segir að rusl frá 179 þingmönnum verði örugglega vel þegið á ritstjórnarfundum Ekstrablaðsins. - þj

Kailash

ANDLEGT FERÐALAG

Kailash er ný verslun á Strandgötu 11 í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í andlegum vörum frá Tíbet og Nepal. Verslunin selur meðal annars Buddhastyttur, talnabönd, skartgripi, reykelsi, poncho, og margt fleira.

Verið velkomin og að sjálfsögðu er alltaf heitt á tekatlinum.

Full búð af nýjum vörum!

Verslunin verður opin alla daga til jóla frá kl. 11-22



Strandgata 11, Hafnarfjörður • Sími 512 3777 • www.kailash.is

Lítið hefur borið á smitandi hósta hjá hrossum undanfarið:

# Heimasóttkví hrossa er aflétt

**HESTAMENNSKA** Matvælastofnun hefur ákveðið að aflétta hinni formlegu heimasóttkví útflutningshrossa frá áramótum, þar sem lítið hefur borið á sjúkdómnum að undanförnu. Þetta er gert með þeim fyrirvara að sjúkdómurinn blossi ekki upp á ný.

Útflutningur hrossa hefur gengið vel í haust og hafa ríflega 1.000 hross farið utan nú í byrjun desember, samkvæmt upplýsingum frá MAST.

Eins og kunnugt er gera lönd í Evrópusambandinu þær kröfur að hross sem þau taka við séu án sjúkdómseinkenna og það sama eigi við um öll hross sem þau hafi umgengist undangengna þrjátíu daga svo og sextíu daga við flutning til Bandaríkjanna. Vegna smitandi hósta var nauðsynlegt að setja tímabundið reglur um heimasóttkví útflutningshrossa til að uppfylla framangreind skilyrði. Það fyrirkomulag hefur reynst afar vel og engar fregnir hafa borist um að veikin hafi komið upp í útfluttum hrossum. Aðeins örfá hross hafa ekki staðist heilbrigðisskoðanir og hefur útflutningi á þeim verið frestað.

Það verður áfram á ábyrgð seljenda að útflutningshross hafi ekki verið í samneyti við hross með einkenni smitandi hósta í að minnsta kosti einn mánuð fyrir útflutning. - jss



**DÝRALÆKNISSKOÐUN** Hross gangast undir ítarlega heilbrigðisskoðun dýralæknis áður en þau fá útflutningsleyfi.




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík

H E I L S U R Ú M

Sími 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

Sögunefnd telur langt í að Sögu Kópavogs 1980-2010 ljúki:

# Frábrugðið vilja ritnefndar

**KÓPAVOGUR** Sögunefnd Kópavogs segir ljóst að ekki náist það setta markmið að ljúka á þessu ári við ritun sögu Kópavogs frá 1980 til 2010.

Þetta kemur fram í greinargerð sem lögð var fram í bæjarráði vegna fyrirspurnar Gunnars I. Birgissonar bæjarfulltrúa. Nefndarmenn segja meðal annars heilsubrest söguritarans hafa valdið töfum. Hann hafi í haust skilað heildstæðu handriti verksins eins og hann sjái það fyrir sér. „Nefndarmönnum er þó ekki launung á að verkið í heild sinni er talsvert frábrugðið því sem við hefðum kosið hvað úrvinnslu og framsetningu efnisins víkur við, og teljum því að enn sé langur vegur í að verkið teljist tilbúið til útgáfu.“ **- gar**



**KÓPAVOGUR** Rita á sögu bæjarins frá 1980 til 2010.

Ný heimasíða opnuð fyrir jól:

# Hugmyndir að öllum gjöfum

**NEYTENDUR** Ný heimasíða, www.gjafahugmyndir.is, hefur verið opnuð til að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kynna vörur sínar og þjónustu sem gjafir.

Fyrirtæki geta skráð vörur og sett inn ákveðin leitarskilyrði á hverja vöru fyrir sig, ásamt mynd. Neytendur geta leitað eftir ýmsum skilyrðum, svo sem skírnargjöf, brúðkaupsgjöf, jólagjöf og fleira. Heimasíðan er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og er það Íslenska ljósmyndaþjónustan ehf. sem rekur vefinn. **- sv**

# Nýjum bílum fjölgar mest hér og á Írlandi

**Framkvæmdastjóri Öskju telur botni í bílasölu hafa verið náð fyrir allnokkru. Tölur bílaframleiðenda sýna að óvíða í Evrópu hefur sala nýrra bíla aukist jafnmikið milli ára og hér. Írar eru í fyrsta sæti, Íslendingar öðru og Danir í þriðja.**

**VIÐSKIPTI** Hlutfallsaukning nýrra bíla hér á landi á þessu ári er með því mesta sem gerist meðal landa á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og hátt yfir meðaltali sem hljóðar upp á 5,1 prósents samdrátt milli ára. Þetta má lesa út úr nýjustu tölum ACEA, samtaka evrópskra bílaframleiðenda.

Nýskráðum bílum hefur mest fjölgað á Írlandi, eða um 54 prósent fyrstu ellefu mánuði þessa árs. Hér á landi nemur fjölgunin 50 prósentum. Danir eru svo í þriðja sæti með tæplega 40 prósenta aukningu.

Sé einungis horft til nýskráningar bíla í nóvember er sveiflan milli ára þó enn meira sláandi. Þá er um þreföldun að ræða bæði á Írlandi og Íslandi. Nýskráning bíla á Írlandi í nóvember í ár var 194,6 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra. Hér nam aukning í nóvembermánuði árin 2009 og 2010 192 prósentum, fór úr 63 bílum í 184.

„Við hjá Öskju teljum að bílasala á Íslandi hafi náð botninum fyrir allnokkru. Undanfarnar vikur og mánuði hefur verið talsverð aukning hjá okkur, bæði í fjölda tilboða til viðskiptavina, heimsóknum í sýningarsali og ekki síst í sölutölum,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju. Hann telur þó einsýnt að næsta ár verði langt undir því sem nauðsynlegt sé til að halda heilbrigðri endurnýjun í bílaflota landsmanna.

„En ég er sannfærður um að árið verður mun betra en 2010.“

Þá staðreynd að söluaukning nýrra bíla er einna mest hér í samanburði við aðra markaði Evrópu rekur Jón Trausti til þess að samdrátturinn hafi orðið svo miklu meiri hér en annars staðar.

Þegar horft er til Evrópusambandslandanna allra kemur í ljós að nýskráningum fækkar fyrstu ellefu mánuði ársins um 5,7 prósent og um 5,1 prósent ef horft er til allra landa EES.

Í tilkynningu ACEA kemur fram að allir helstu markaðir Evrópu hafi dregist saman. Þannig hafi samdráttur í skráningu nýrra bíla í nóvember numið 6,2 prósentum í Þýskalandi, 10,8 prósentum í Frakklandi, 11,5 prósentum í Bretlandi, 21,1 prósenti á Ítalíu og 25,5 prósentum á Spáni.

Sé hins vegar horft til sölu frá janúar til nóvemberloka eykst sala á Spáni um 5,9 prósent, en samdráttur er mestur á Ítalíu, 8,2 prósent og í Þýskalandi, 25,2 prósent.

**olikr@frettabladid.is**



**BÍLABREIÐA** Í nóvember í fyrra voru nýskráðir 63 bílar hér á landi. Í nóvember síðastliðnum var nýskráning nærri þrisvar sinnum meiri, eða 184 bílar. Aukningin nemur 192 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Þau lönd EES þar sem bílasala hefur mest sveiflast***

| Land | Jan-nóv ´10 | Jan-nóv ´09 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Írland | 87.988 | 57.151 | 54,0% |
| Ísland | 2.881 | 1.921 | 50,0% |
| Danmörk | 137.505 | 100.649 | 36,6% |
| Portúgal | 195.321 | 143.627 | 36,0% |
| Svíþjóð | 259.914 | 194.040 | 33,9% |
| ........ | | | |
| Rúmenía | 82.069 | 104.703 | -21,6% |
| Þýskaland | 2.685.889 | 3.591.611 | -25,2% |
| Ungverjaland | 40.770 | 55.880 | -27,0% |
| Búlgaría | 14.228 | 21.129 | -32,7% |
| Grikkland | 137.808 | 210.861 | -34,6% |

**Fjöldi nýrra bíla sem seldir hafa verið fyrstu ellefu mánuði 2009 og 2010 og hlutfallsbreyting milli ára. Heimild: Samtök evrópskra bílaframleiðenda, ACEA.*

Hönnunarhraði beygjunnar á Hringbraut er 50 en leyfður hámarkshraði er 60:

# Borg og hverfisráð ósátt við vegriðið

**SAMGÖNGUR** Beygjan á Hringbraut þar sem Vegagerðin reisti vegrið nýlega hefur hönnunarhraða að hámarki 50 kílómetra á klukkustund. Þar er þó leyfður hámarkshraði 60.

Tveir hópar nemenda við Háskóla Íslands unnu að rannsókninni í samgönguverkfræði og var leiðbeinandi þeirra Guðmundur Freyr Úlfarsson, prófessor í samgönguverkfræði. Vegriðið sem um ræðir var reist til þess að draga úr slysahættu og var það gert í óþökk borgaryfirvalda og hverfisráðs Hlíða, sem vilja draga úr hámarkshraða á svæðinu.

Í skýrslu verkefnisins segir: „Umhugsunarvert er að við hönnun og mannvirkjagerð hafi ekki verið tekið meira tillit til stöðvunarsjónvegalengdar og krappa beygjunnar. Þessar takmarkanir á stöðvunarsjónvegalengd ökumanna koma einkum til vegna plássleysis, íbúðarhús eru mjög nálægt veginum auk þess að mikill hæðarmunur er í landslagi þar sem vegurinn hefur verið grafinn niður.“

Umhverfis- og samgönguráð leggur til lækkun hámarkshraða á kaflanum, með hertu eftirliti og hraðamyndavélum. Hringbraut er skilgreind sem þjóðvegur, eða stofnbraut, og þar með undir umsjá ríkisins og Vegagerðarinnar. **- sv**



**HRINGBRAUT** Borgin vill lækka hámarkshraða á Hringbraut úr 60 niður í 50 kílómetra á klukkustund. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


OLYMPUS
MJU TOUGH 3000
· 12 milljón pixlar · 3,6 x aðdraáttur
· Linsa 28-102mm · Skjár LCD (Hyper Crystal III)
· 19 handhægar tökustillingar
· Högghelд 1,5m · Vatnsheld 3m dýpi · Frostþolin 10°
· Face Detection · Videoupptaka með hljóði
· Hristivörn · Macro stilling
· Notar SD og SDHC minniskort
· 1GB innra minni
· Lithium hleðslurafhlaða
Verð: 29.900 kr.

OLYMPUS
FE 4050
· 12 milljón pixlar
· 4x(wide) aðdraáttur
· Linsa 27-108mm
· Skjár LCD 6,9cm (2,7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslu rafhlaðahlaða í vél
Verð: 18.900 kr.

CASIO
EX-Z350
· 12.1 milljón punkta upplausn
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· 23 myndstillingar – Auto bestshot
· Videoupptaka með hljóði
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
Verð: ~~27.900~~ kr.
TILBOÐ: 22.900 kr.

CASIO
EX-H5
· 12,1 milljón punkta upplausn
· 10x aðdráttarlinsa (27-240mm)
· Super Clear 2,7" TFT LCD skjár
· 14 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
· Lithium rafhlaða endist allt að 1000 myndir
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgi
Verð: 35.900 kr.

SAMSUNG
EC-ES70
· 12.2 milljón pixlar
· 3x Optical Zoom
· DIS · Face detection
2GB KORT FYLGIR
Verð: 19.900,-

SAMSUNG
ST-61
· 12 milljón pixlar
· 4 x Optical Zoom
Verð: 19.900,-

SAMSUNG
HMX-H200
· Full HD Video vél
· 1920 x 1008 upptaka
· 20x Optical Zoom og 200 x Digital Zoom
· 64 mm HD Schneider linsa
Verð: 69.900 kr.

SAMSUNG
ST5500
· 14.2 milljón pixlar
· 7x optical aðrättur
· WiFi, Bluetooth, AllShare
· Þráðlaus tenging
· OLED snertiskjár
Verð: 39.900 kr.

SAMSUNG SETRIÐ SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

Orkuveita Húsavíkur hækkar:

# Verð hækkar um 3,0 prósent

**IÐNAÐUR** **Um áramót tekur gildi breytt verðskrá Orkuveitu Húsavíkur. Hækkun nemur þremur prósentum á öllum liðum gjaldskrárinnar, utan innheimtugjalds sem hækkar um þrjátíu prósent. Á vef Orkuveitu Húsavíkur eru hækkanirnar sagðar stafa af almennum verðlagshækkunum.**

**„Þeir viðskiptavinir sem nota boðgreiðslur eða eru í beingreiðslu borga ekki innheimtugjald og fá ekki senda innheimtuseðla, en geta nálgast þá rafrænt í heimabanka,“ segir á vefnum.** - óká

Bústólpi fær vottun til lífrænnar framleiðslu á kjarnfóðri:

# Fóður til lífrænnar ræktunar

**LANDBÚNAÐUR** Vottunarstofan Tún hefur staðfest að fyrirtækið Bústólpi ehf. uppfylli kröfur um lífrænar aðferðir við framleiðslu á kjarnfóðri. Bústólpi er fyrsta sérhæfða kjarnfóðurfyrirtækið hér á landi sem hlýtur vottun til lífrænnar framleiðslu á kjarnfóðri.

Með vottun Túns er staðfest að Bústólpi ehf. noti viðurkennd hráefni við framleiðslu á hinu vottaða kjarnfóðri, að lífræn hráefni séu á öllum stigum vinnslu aðgreind öðrum efnum og afurðum, að aðferðir við úrvinnslu og blöndun samræmist reglum um lífræna framleiðslu og að gæðastjórnun, skráningar og merkingar uppfylli settar kröfur.

„Þessi vottun hefur mikla þýðingu fyrir Bústólpa þar sem hún gerir fyrirtækinu kleift að þjónusta einnig þá vaxandi sprotagrein sem lífrænn landbúnaður er,“ segir Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Hér á landi stunda nú að jafnaði á milli sextíu og sjötíu aðilar vottaða lífræna ræktun, vinnslu lífrænna hráefna og söfnun náttúruafurða. Þessir aðilar framleiða nokkur hundruð tegundir vottaðra afurða fyrir markað hérlendis og til útflutnings. - shá



**Í SVEITINNI** Bústólpi framleiðir fóður fyrir nautgripi, sauðfé, svín, hross og alifugla.



**HERJÓLFUR VIÐ LANDEYJAHÖFN** Hefðu allar áætlanir staðist gætu ferðir til Landeyjahafnar hafa orðið tvöfalt fleiri en farnar voru til Þorlákshafnar.

Oft siglt til Þorlákshafnar:

# Herjólfur fer færri ferðir

**SAMGÖNGUR** Fjórðungur ferða Herjólfs hefur verið farinn til Þorlákshafnar á því tímabili sem Landeyjahöfn hefur verið opin. Hefði áætlun haldist um Landeyjahöfn hefði ferjan náð mun fleiri ferðum en siglingaleiðin til Þorlákshafnar er mun lengri en til Landeyjahafnar. Þær ferðir sem voru farnar til Þorlákshafnar voru 108 frá júlí og út nóvember.

Hefði Landeyjahöfn haldist opin og ferjan verið á áætlun hefði verið hægt að fjölga ferðunum um 216 á móti þessum 108 ferðum til Þorlákshafnar. - sv

Seinheppinn þjófur:

# Braust inn og fótbrotnaði

**LÖGREGLUMÁL** **Hann var heldur seinheppinn, karlmaður um þrítugt, sem reyndi að brjótast inn í fyrirtæki í austurborginni í fyrrinótt.**

**Hann hafði brotið rúðu í útidyrahurð og var á leið inn í húsið þegar til hans sást. Kauði tók þá til fótanna en komst ekki langt því hann datt og lá óvígur eftir. Hann var enn sárþjáður þegar lögreglan kom á vettvang en talið var að hann hefði fótbrotnað. Manninum, sem hefur áður komið við sögu hjá lögreglu, var því ekki ekið í fangageymslu heldur strax komið undir læknishendur.** - jss

Fjölmiðlafrumvarp gagnrýnt:

# Segja tjáningarfrelsi vera skert

**STJÓRNMÁL** Frumvarp til nýrra fjölmiðlalaga í óbreyttri mynd takmarkar stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi og er í andstöðu við skuldbindingar Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Þetta kemur fram í annarri umsögn Félags atvinnurekenda (FA) og Samtaka íslenskra auglýsingastofa (SÍA) um fjölmiðlafrumvarpið.

„Félögin leggjast því alfarið gegn frumvarpinu í núverandi mynd,“ segir á vef FA. - óká


Líf og fjör í miðborginni!

Verslanir í miðborginni verða opnar til kl. 22:00 alla daga til jóla!

DAGSKRÁIN Í MIÐBORGINNI

FÖSTUDAGUR 17. DES.

Kl. 14:00 Stúlknakór Reykjavíkur leggur í söngför frá Ingólfstorgi að Hlemmi og frá Hallgrímskirkju að Grófinni.
Kl. 15:00 Stúlknakór Kópavogs leggur í söngför frá Hlemmi að Ingólfstorgi og að Hallgrímskirkju upp Skólavörðustíg.
Kl. 16:00 Ástvaldur Traustason harmónikkuleikari leggur í tónleikaferð niður Skólavörðustíg - alltaf brattur.
Kl. 13:00 - 15:00 Þorvaldur Jónsson harmonikkuleikari leikur við Gömlu höfnina.
Kl.. 14:00 - 17:00 Ástvaldur Traustason harmonikkuleikari leikur við Geysi á Skólavörðustíg.

LAUGARDAGUR 18. DES.

Jólapakkarall!

Kl. 15:00 Jólapakkarallið hefst á Hlemmi. Mjólkurbílar frá MS aka niður Laugaveg að Ingólfstorgi með syngjandi jólasveina innanborðs og safna pökkum frá vegfarendum sem renna til þeirra sem minnst eiga í vændum.

Kl. 16:00 Jólapakkarallið leggur upp frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg og að Lækjartorgi. Allir eru hvattir til að mæta og kasta pökkum um borð !
Pakkarnir verða síðan afhentir í Jólabænum kl. 17:30.

Kl. 14:00 Söngsveitin Kársnessfreyjur leggja upp frá Ingólfstorgi og koma víða við.
Kl. 14:30 Blásarakvintett Reykjavíkur leggur upp frá efsta hluta Skólavörðustígs.
Kl. 15:00 Birgir Karl Óskarsson tenórsöngvari syngur við Gömlu höfnina.
Kl. 16:00 Kvennakór Reykjavíkur syngur víðsvegar um borgina.
Kl. 17:00 Jólalest Coca Cola ekur frá Hallgrímskirkju niður Skólavörðustíg og Bankastræti að Lækjargötu.

SUNNUDAGUR 19. DES.

*Dagskrá frá kl.14:00 víðs vegar um miðborgina. Sjá dagblöð morgundagsins. þ.m.t. kl. 16:00 Stórsveit Reykjavíkur undir stjórn Samúels Samúelssonar með stórsöngvaranum Helga Björnssyni í Ráðhúsinu.*



DAGSKRÁIN Í JÓLABÆNUM

FÖSTUDAGUR17. DES.

Kl. 14:30 Jólasveinninn Askasleikir bregður á leik.
Kl. 15:00 Stúlknakór Reykjavíkur.
Kl. 15:30 Stúlknakór Kópavogs.
Kl. 16:00 Bjarni Töframaður fremur galdra.
Kl. 17:00 Harmonikkuleikarinn Ástvaldur Traustason.
Kl. 21:00 Jólasveinninn Faldafeykir syngur og leikur.

LAUGARDAGUR 18. DES.

Kl. 14:00 Solla stirða teygir úr sér.
Kl. 14:30 Jólasveinninn Hurðaskellir skellir sér í gírinn.
Kl. 15:00 Blásarakvartett Reykjavíkur djassar upp jólastemninguna.
Kl. 15:30 Söngsveitin Kársnessfreyjur.
Kl. 16:00 Nælonstúlkurnar Charlies.
Kl. 16:00 Jólasveinninn Giljagaur heldur söngskemmtun.
Kl. 17:00 Kvennakór Reykjavíkur undir stjórn Margrétar Pálmadóttur.
Kl. 17:30 Afhending afraksturs Jólapakkarallsins.
Kl. 18:00 Jólahljómsveit Jólabæjarins. Hljómsveitin Gæðablóð leikur sín ljúfustu lög.

Splunkunýtt gjafakort!



*Hið nýja Gjafakort Miðborgarinnar okkar er nú fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgarinnar.* **Sjá nánar á midborgin.is**

*Mætum, njótum, verslum og nærumst í miðborginni, þar sem andi jólanna svífur yfir húsþökunum*

BORGUN

MIÐBORGIN OKKAR

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NORÐANFISKUR *Íslenskur lax*
## REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG




## KJÖRFUGL FERSKUR KJÚKLINGUR



1798 KR. kg
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

629 KR. kg
HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR




1189 KR.kg
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAHAKK




**BASSETTS**
LAKKRÍSKONFEKT
400g
359 KR.400g

**BÓNUS**
**KONFEKT 700g**
998 KR.700g

**NÓA**
**KONFEKT 650g**
1498 KR.650g




398 KR. 2 ltr.
*BRAGÐAREFUR* **398** 2.ltr.

298 KR. 2 ltr.
*SÚKKULAÐI & VANILLA*




598 KR.pk
FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR M.BRAUÐI




**PROSCIUTTO**
Ítölsk hráskinka:
*Opera d´Italia*
100g **498 kr.**




ÍSLANDSGRÍS *RIFJASTEIK MEÐ PURU*
**698** kr.kg.




175 KR. 2ltr

## Danskar grísalundir
**1398 kr.kg.**



## Þýskar kalkúnabringur
**1998 kr.kg.**






*9 LTR. COKE*
*2 LTR. JÓLABLANDA*
**11** lítrar **998** kr.



398 KR. kg
AMERÍSK **RAUÐ FERSK VÍNBER**

JÓLASVEINN! SKÓSOKKAR!




299 KR. parið
HELLO KITTY & SPIDERMAN SOKKAR

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS






# Rafræna Bónus gjafakortið

# VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS

Þú kaupir inneign á **Bónus-Gjafakortið** að eigin vali. Gjafakortið er áfyllingarkort og er aðeins til sölu og afgreiðslu á skrifstofu Bónus.

**Skrifstofa Bónus Skútuvogi 13** er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**Skrifstofan er opin laugardag frá 10:00 til 16:00.**

# VINSÆLASTA JÓLAKJÖTIÐ

## ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ*




FJALLA ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
**1598** KR/KG.

FJALLA ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
**1998** KR/KG.

K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
**1598** KR/KG.

NORLENSKA HANGIKJÖTIÐ
ENGINN AFSLÁTTUR *BARA LÁGT VERÐ !*




BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI
**998 KR.KG.**



HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
**1298 KR.KG.**



HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
**1598 KR.KG.**



ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
**598 KR.KG.**



ÍSLANDSGRÍS HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI
**995** KR/KG.




BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR
**898** KR/KG.




*KEA* LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
**1398** KR/KG.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

Óvíst hvað tekur við hjá Íslenskum aðalverktökum þegar tónlistarhúsið Harpa klárast í maí:

# Bjóða í verk í Noregi vegna verkefnaskorts á Íslandi

**IÐNAÐUR** Óvissa er með verkefni á vegum Íslenskra aðalverktaka (ÍAV) annað en reytingur smáverkefna þegar framkvæmdum við tónlistarhúsið Hörpu í Reykjavík lýkur í maí á næsta ári. Þungt hljóð mun vera í mörgum starfsmönnum. Um 450 manns á vegum ÍAV og undirverktaka hafa unnið við bygginguna tónlistarhússins upp á síðkastið.

Stjórnendur ÍAV héldu starfsmannafund fyrir starfsfólk í Hörpu í síðustu viku. Gunnar Sverrisson, framkvæmdastjóri ÍAV, segir það gert reglulega.

„Við erum í sama basli og allir aðrir. Helsta vandamálið er hvað framboð af verkum er lítið. Það er áhyggjuefni því tónlistarhúsið er langstærsta verkefnið okkar,“ segir Gunnar Sverrisson, framkvæmdastjóri ÍAV. Hann segir marga verktaka bíða þess hvað stjórnvöld verði dugleg að setja í gang fyrir utan vegaframkvæmdir og jarðgöng á Norðurlandi.

Stjórnendur ÍAV skrifuðu undir samning um byggingu metanólverksmiðju Carbon Recycling International á Svartsengi í síðustu viku. Gunnar segir það tiltölulega lítið verk, sem dugi fram á næsta sumar og krefst í kringum 30 til 40 starfsmanna.

„Við höfum verið að bjóða í verk í Noregi og höldum því áfram,“ segir hann. **- jab**



**HORFTI TIL HÖRPU** Framkvæmdastjóri Íslenskra aðalverktaka segir vandamál hvað fá verk séu í boði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FUGLAR ÞRÍR** Þessar þrjár endur voru í hópi þúsunda farfugla sem þessa dagana hafast við skammt frá Srinagar á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP



**VERÐLAUNIN AFHENT** Stefán Haraldsson tekur við verðlaununum sem farfuglaheimilin hljóta frá Katrínu Júlíusdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umhverfisverðlaunin 2010:

## Farfuglaheimili í Reykjavík fá viðurkenningu

**FERÐAMÁL** Farfuglaheimilin í Reykjavík fengu í gær Umhverfisverðlun Ferðamálastofu fyrir árið 2010.

Farfuglaheimilin eru einu umhverfisvottuðu gististaðirnir á höfuðborgarsvæðinu og einu gististaðir landsins með Svansvottunina, umhverfismerki Norðurlandanna. Verðlaunin voru veitt í 16. sinn og afhenti Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra þau við hátíðlega athöfn á Grand Hóteli. Við sama tækifæri var einnig kynnt nýtt gæða- og umhverfismerki ferðaþjónustunnar sem hlotið hefur nafnið VAKI. **- sv**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ítrekaður vímuakstur

Rúmlega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir ítrekaðan fíkniefnaakstur. Fyrst var hann gripinn á Miklubraut, ölvaður, dópaður og ökuréttindalaus undir stýri. Í síðara skiptið var hann tekinn á Hverfisgötu í sama ásigkomulagi.

## NEPAL

### 22 fórust í flugslysi

Twin Otter-flugvél hrapaði til jarðar í Nepal í fyrradag með þeim afleiðingum að 22 týndu lífi. Brak vélarinnar fannst í gær um 150 kílómetra austur af Katmandu. Enginn komst lífs af.

## MEXÍKÓ

### Ciudad Juares hættuleg

Borgin Ciudad Juares í Mexíkó er gjarnan kölluð hættulegasta borg heims. Það sem af er árinu hafa verið framin þar yfir 3.000 morð. Yfirgnæfandi meirihluti morðanna tengist baráttu eiturlyfjabaróna. Meðal hinna myrtu eru 140 lögregluþjónar.

## SIMBABVE

### Fer í mál við dagblað

Eiginkona einvaldsins Roberts Mugabe í Simbabve hefur höfðað mál á hendur dagblaðinu Standard þar í landi. Blaðið sagði frá diplómatapósti á WikiLeaks þar sem því var haldið fram að frú Mugabe hafi auðgast ógurlega á demantsnámum landsins en þær eru taldar með þeim auðugustu í heimi. Eiginkonan krefst 15 milljóna dollara í skaðabætur.

# Forysta flokka hlynntari ESB en hún lætur uppi

**Skjöl Wikileaks úr bandaríska sendiráðinu í Reykjavík sýna að það vinnur vinnu sína vel, að mati stjórnmálafræðings. Forystufólk sumra flokka er samkvæmt þeim Evrópusinnaðra en það viðurkennir. Ísland fylgir stefnu ESB.**

**FRÉTTAVIÐTAL**

Á hvað í íslensku Evrópu-umræðunni varpa skjöl Wikileaks helst ljósi?

„Það er athyglisvert hversu vel bandaríska sendiráðið fylgist með íslensku Evrópu-umræðunni og er vel inni í henni og íslenskum stjórnmálum almennt. Ég efast um að nokkuð sendiráð í Reykjavík vinni vinnuna sína jafn vel,“ segir Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði og varaþingmaður Samfylkingar. Baldur hefur sérhæft sig í utanríkistengslum Íslands og sér í lagi tengslum við Evrópu. Hann var beðinn að meta hvort og þá hverju þau skjöl Wikileaks sem greint var frá í blaðinu á laugardag bæta við það sem áður var vitað um þessi mál.

„Mér finnst áhugavert hvað skjölin segja um afstöðu þáverandi varaformanns og núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins til aðildar að Evrópusambandinu. Það vita allir um afstöðu Þorgerðar Katrínar. En það sem þau segja um Bjarna Benediktsson formann gengur þvert á það sem hann talar um Evrópumálin núna. Ég held raunar að sendiráðið fari mjög nærri lagi um hans raunverulegu afstöðu,“ segir Baldur. Í skjölum Wikileaks er Bjarni á einum stað sagður mikill stuðningsmaður aðildar Íslands að ESB.

„Það er um leið mjög athyglisvert sem sagt er um vilja innan VG og vilja innan þess flokks að taka upp evrópusinnaðri stefnu. Þarna koma sjónarmið Katrínar Jakobsdóttur, varaformanns VG, fram. Þannig að þetta segir okkur kannski það að forystusveit þessara flokka, VG og Sjálfstæðisflokks, sé evrópusinnaðri en menn vilja vera láta,“ segir Baldur og vísar til þess að Katrín er sögð á einum stað telja að VG breyti um stefnu og gerist Evrópusinnaðri. Hún hafi skilning á því.

Þá segist Baldur sammála því mati sendiráðsins að Framsóknarflokkurinn hafi náð að auka fylgi sitt í aðdraganda síðustu kosninga með jákvæðri stefnu gagnvart Evrópusambandsaðild.

„Þetta á sérstaklega við á höfuðborgarsvæðinu og er athyglisvert í ljósi þess hvernig Framsóknarflokkurinn hefur nálgast Evrópumálin eftir kosningar. Fyrir kosningar töluðu framsóknarmenn fyrir því að sækja um aðild að ESB og sjá hvað kæmi út úr samningi og bera undir þjóðina. Þegar kom hins vegar að atkvæðagreiðslu á þingi um aðildarumsókn greiddi 2/3 þingmanna flokksins atkvæði gegn því að sækja um aðild og einungis þriðjungur með. Síðan hafa nokkrir þingmenn flokksins verið einna ákafastir í því að draga umsóknina til baka, sem gengur þvert á formlega stefnu flokksins eins og hún var mörkuð fyrir kosningar. Ég held að það hafi kannski gleymst að framsóknarmenn töluðu mjög hlýlega til ESB í aðdraganda kosninga,“ segir prófessorinn.

Baldur telur vangaveltur sendiráðsins verðugar, um hugsanlegan klofning innan flokkanna sem eru tvístígandi um Evrópusamvinnuna: „Og hvernig það geta komið fram nýir flokkar ef það verður látið sverfa til stáls innan þessara flokka um Evrópumálin.“

„Mér finnst líka athyglisvert að það kemur fram í samtölum sendiráðsmanna við íslenska embættismenn hve íslensk stjórnvöld taka afstöðu til alþjóðamála á grundvelli stefnu ríkja Evrópusambandsins. Það kemur skýrt fram í nokkrum dæmum að Íslendingar eru ekkert að eltast við Bandaríkin, heldur eru þeir að fylgja Evrópuríkjunum eftir og ESB,“ segir hann.

Baldur vísar hér til þess að greint var frá dæmum á laugardag þar sem íslenskir embættismenn segja beinlínis að Ísland fylgi yfirleitt fordæmi ESB, þegar alþjóðlegar yfirlýsingar eru gefnar út.

Prófessorinn segir að síðast en ekki síst virðist sendiráðsmönnunum Bandaríkjamanna finnast það vera mjög eðlilegt skref að Ísland tengist Evrópu nánari böndum bæði efnahagslega og pólitískt.

„Þeir hafa í raun ekkert við það að athuga nema síður sé. Þetta er í takt við stefnu Bandaríkjamanna gagnvart öðrum ríkjum Evrópu, í sögulegu samhengi, en bandarísk stjórnvöld hafa alltaf verið mjög fylgjandi þátttöku ríkja í Evrópusamrunanum,“ segir Baldur og vísar þar meðal annars til þeirra orða Carol van Voorst sendiherra að því ætti að koma því „á hreint að BNA telji ekki að sér vegið með íslensku ákalli um nánari öryggistengsl við Evrópu. Raunar myndum við taka því vel ef deila mætti byrðunum“. Þetta sagði hún í mars 2006, í samhengi við brottför bandaríska hersins.

**klemens@frettabladid.is**



**SENDIRÁÐ BANDARÍKJANNA** Það fylgist grannt með íslensku Evrópu-umræðunni.



**UMFJÖLLUN BLAÐSINS Á LAUGARDAG**

> Það kemur skýrt fram í nokkrum dæmum að Íslendingar eru ekkert að eltast við Bandaríkin, heldur eru þeir að fylgja Evrópuríkjunum eftir og ESB

**BALDUR ÞÓRHALLSSON** PRÓFESSOR Í STJÓRNMÁLAFRÆÐI OG VARAÞINGMAÐUR SAMFYLKINGAR



**BALDUR ÞÓRHALLSSON** Segir áhugavert hversu mjög Íslendingar fylgja ESB að máli á alþjóðavettvangi en ekki Bandaríkjunum, miðað við skjöl bandaríska sendiráðsins. Hann bendir á að Bandaríkjamenn virðist hlynntari nánara samstarfi Íslands og ESB.




# Við sendum pakkann frítt!



**Við aðstoðum við valið, pökkum inn og sendum pakkann þér að kostnaðarlausu innanlands***



2.799,-

Verð: ~~3.499,-~~




2.099,-

Verð: ~~2.599,-~~




2.099,-

Verð: ~~2.599,-~~



2.399,-

Verð: ~~2.999,-~~




2.499,-

Verð: ~~2.899,-~~




2.799,-

Verð: ~~3.499,-~~




2.199,-

Verð: ~~2.799,-~~



2.099,-

Verð: ~~2.599,-~~




2.199,-

Verð: ~~2.799,-~~




4.999,-

Verð: ~~5.999,-~~




2.299,-

Verð: ~~2.699,-~~




2.099,-

Verð: ~~2.499,-~~

*Verð gilda til 22. desember 2010. *Tilboð gildir til og með 20. desember 2010.*

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson

*Bóksali frá 1872*

 Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta




# Ný og aukin vitund í ofbeldismálum

**Guðrún Jónsdóttir er yfirleitt kennd við vinnustaðinn sinn, Stígamót. Hún hlaut á dögunum jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs og ræddi meðal annars um viðurkenningar, vitundarvakningu í samfélaginu og fjölskylduna við *Þórunni Elísabetu Bogadóttur.***

Ein vinkona mín benti mér á að það væri nú ekki lítið að fá jafnréttisviðurkenningu ársins í landinu sem væri efst á listanum yfir jafnréttisríki í heiminum. Sjálfri datt mér í hug að ég væri kannski orðin of þæg og meðfærileg úr því að fólk kynni að meta það sem ég væri að gera, og kannski þyrfti ég að fara að brýna ljónynjuklærnar mínar meira," segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, spurð um merkingu jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs, sem hún hlaut á dögunum.

Starf hennar í jafnréttismálum og fyrir Stígamót og frumkvæði að því að sameina kvennahreyfinguna og halda utan um kvennafrídaginn urðu til þess að hún fékk viðurkenninguna. „Auðvitað þykir mér mjög vænt um að fá svona viðurkenningu. Það er notalegt, auðvitað, að fá staðfestingu á því að það sé eitthvert vit í því sem kona er að gera."

### Aldrei verið kona á framabraut

Guðrún hefur hlotið ýmsar viðurkenningar í gegnum tíðina, en segir eigin frama eða titla aldrei hafa verið drifkraftinn. „Ég hef aldrei verið kona á framabraut. Mér hefur bara fallið afskaplega vel að vinna í grasrótinni. Það er það sem hefur alltaf heillað mig, að vinna með venjulegum konum sem saman finna út hvað sé brýnast að gera og eru tilbúnar að gera það. Og þess vegna tók ég á móti þessari viðurkenningu fyrir hönd einstakra samstarfskvenna minna hérna á Stígamótum og fólksins okkar hér, því Stígamót eru auðvitað ekkert annað en lifandi samfélag þeirra sem koma hingað og þeirra sem vinna hér og leiðbeinendanna okkar.

Svo erum við aftur í stærra samfélagi kvennahreyfingarinnar sem hefur, alltaf þegar við höfum óskað eftir því, verið með okkur í liði. Við höfum aldrei tekist á um áherslur né forgangsröðun, sem er mjög merkilegt."

### Aukin vitund í ofbeldismálum

Guðrún segir grasrótina sprellifandi. „Ef kallað er eftir samstöðu kvenna þá eru þær klárar. Það var auðvitað algjör gjörningur að fimmtíu þúsund konur skyldu hittast í stórstormi 25. október. Það var algjörlega magnað og ég er viss um að það hefur margfalt meiri þýðingu en halda mætti." Það hafi eflt konur og vitneskju þeirra um að þær deili kröfunum um jöfn laun á við karla og ofbeldislaust samfélag. „Við sættum okkur ekki við neitt annað – þrátt fyrir að við heyrum annars staðar frá að við séum í jafnréttisparadís heimsins, sem ég veit að við erum á margan hátt." Þessi paradís felist kannski fyrst og síðast í samkennd og samstöðu íslenskra kvenna.

Aukin vitund sést á marga vegu. „Þetta sjáum við með því að fleiri og fleiri segja frá ofbeldi, fleiri og fleiri ofbeldismál eru kærð jafnvel þótt það sé vitað að það sé ekki auðvelt að sanna sök í þeim málum, bara til að nefna dæmi." Hún segir fjarri að Stígamót séu ein í baráttunni. „Stuðningurinn berst á ótal vegu úr ótal áttum og margir aðrir leggja sitt af mörkum.

Þetta snýst um að fólk krefst réttar síns og krefst vandaðrar meðferðar þessara mála, og það er merki um nýja vitund í þessum málum. Á sama hátt koma fram fleiri mál, mál sem eru fyrnd, og ofbeldi sem er framið í skjóli valds. Það er að verða algengara að fólk vogi sér að segja frá því, þó að til þess þurfi mikið hugrekki."

Guðrún segir þátttökuna á kvennafrídaginn ekki síst magnaða því umræða í fjölmiðlum hafi ekki verið mikil fyrir hann. „Það er ótrúlegt að Ríkissjónvarpið skyldi hafa frétt frá þessum degi sem frétt númer tvö. Það sýnir að það sem konurnar, helmingur þjóðarinnar, skilur svo vel hefur ekki skilað sér í vitund fjölmiðlafólks. Það ætti að vera mikið umhugsunarefni."

### Frábærir sigrar hafa náðst

Undanfarið hefur skapast umræða um vændi, ekki síst vegna máls Catalinu Ncogo, sem nú situr í fangelsi meðal annars vegna milligöngu um vændi.

„Það hafa náðst frábærir sigrar í baráttunni við klámiðnaðinn og þegar ég segi klámiðnaðinn þá á ég við vændi, mansal og klám. Og ég lít á það sem þrjár birtingarmyndir af því sama, sem er kvenfyrirlitning og auðmýking á konum. Það er alveg frábært að okkur skuli hafa tekist að ná þeim skilningi inn í lögin að það sé bannað að kaupa konur og það er ekki síður frábært að það hafi náðst inn í lög að það eigi að loka búðunum sem selja aðgang að konum.

> Mér þykir undurvænt um starfið vegna þess að ég veit hvað það er þarft og ég veit hvað það næst mikill árangur með fólkinu okkar hér í húsinu og hvað þjóðin er með okkur…
>
> GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Það er líka frábært að skoðanakönnun sýndi mikinn meirihluta bæði meðal karla og kvenna og fólks í öllum flokkum fyrir því að banna kaup á konum, þannig að skilningurinn hefur aukist gífurlega. En tvískinnungurinn er ennþá til staðar og eftirspurnin eftir vændi er óendanleg, þannig að verkinu er fjarri því að vera lokið. Þarna eru líka gífurlegir peningar í spilinu, og firring og réttlæting á þessu fyrirbæri sem byggist á því að viðhalda goðsögninni um hina hamingjusömu vændiskonu.

Alltaf þegar sigrar vinnast koma þessi öfl upp á yfirborðið og verða hávær líka. Við erum bara farnar að gera ráð fyrir því." Guðrún segist ekki hafa lesið nýútkomna bók um Catalinu. „Það sem ég veit um þessa konu er að hún var dæmd í langa fangelsisvist fyrir ofbeldi og glæpi, meðal annars gagnvart öðrum konum, og það má spyrja sig að því hvað sé áhugavert að tala við dæmda glæpamenn og gagnrýnislaust miðla þeirra skoðunum um samfélagið."

### Starfið er endalaust

Guðrún segir starfið vera endalaust. „En mér þykir undurvænt um það vegna þess að ég veit hvað það er þarft og ég veit hvað það næst mikill árangur með fólkinu okkar hér í húsinu og að þjóðin er með okkur í að horfast í augu við það hvað þarna er raunverulega á ferðinni. Eitt af því jákvæða sem hefur gerst upp á síðkastið er að það var ung kona, Inga Vildís Bjarnadóttir, að skila inn mastersritgerð þar sem hún var að gera úttekt á starfinu okkar. Hún mældi hjá fólkinu okkar sjálfsvirðingu, kvíða og þunglyndi þegar fólkið kom inn og svo eftir fimm skipti og það var marktækur munur á öllu þessu. Það er enn ein staðfestingin á því að það sé eitthvað vit í því sem við erum að gera, sem er ekki slæmt. Það er svo mikilvægt að hafa einhvers konar mælingu á því hvað hér er að gerast."

### Starfsemin endurreist

Eftir hrunið þurfti að fækka um tvö stöðugildi á Stígamótum og hætta starfsemi úti á landi vegna niðurskurðar. „En okkur hefur alltaf lagst eitthvað til. Vegna landssöfnunar Skottanna, aukafjárveitingar Alþingis og óvænts arfs getum við endurreist starfið úti á landi og stórbætt þjónustuna. Við stefnum að því að bjóða upp á sólarhringsþjónustu og athvarf fyrir konur á leið úr vændi. Það hefur verið æpandi þörf fyrir slíkt athvarf lengi. Skari vaskra kvenna úr Skottunum, samstarfsvettvangi 23 kvennasamtaka, ætlar að sýna kvennasamstöðu af bestu gerð með sjálfboðaliðastarfi svo þetta verði gerlegt." Hafin verður leit að stærra húsnæði strax á næsta ári, þar sem íbúð verður tengd starfseminni. „Við erum ákaflega ánægðar með þetta og við finnum líka mjög mikinn velvilja frá stjórnvöldum. Ekkert er svo slæmt að því fylgi ekki nokkuð gott. Mér finnst að eftir hrunið hafi góð og gömul gildi styrkst í samfélaginu og að fólkið okkar njóti góðs af því. Kvennahreyfingin er líka ekkert að væla mikið yfir peningaleysi. Við bara gerum það sem þarf og finnum leiðir. Mér finnst það líka gott og skynsamlegt."

### Eiginmaðurinn lím fjölskyldunnar

Guðrún er gift Tómasi Jónssyni, sérkennslufulltrúa Kópavogsbæjar. Þau eiga þrjár dætur, Sóleyju, Þóru og Kristínu. Þær hafa allar látið að sér kveða; Sóley er í borgarstjórn og Þóra og Kristín gáfu út bók fyrir jólin sem nýtur mikilla vinsælda.

„Þær hafa allar verið að beita sér á þessum vettvangi, hver á sinn hátt. Ég þarf auðvitað ekki að nefna að ég sé stolt af þeim og ánægð með þær, þó að þær séu allar óþekkar og erfiðar. Og ég er að gera mér svolítið grein fyrir þessu með eggið og hænuna. Ég vona nú að ég hafi kennt þeim ýmislegt í uppvextinum, og pabbi þeirra líka, því engin okkar væri mikið án hans. Hann heldur öllu þessu saman og styður okkur endalaust í því sem við gerum." En Guðrún segist hafa verið að átta sig á því að dæturnar hafi líka kennt henni ýmislegt. „Það sem þær hafa ráðist í hefði ég ekki gert sjálf á þeirra aldri og ég hef fundið hjá mér ákveðna þörf fyrir að stoppa þær af. Ég hef staðið mig að því að hugsa „hvernig dettur henni í hug að fara að vaða í borgarstjórn, eða skrifa bók eða stjórna sjónvarpsþætti, þær hafa aldrei gert þetta áður, og hvernig dettur þeim í hug að þær geti gert þetta?" En ég hef alltaf bitið í tunguna á mér og hvatt þær áfram og svo hefur bara sýnt sig að þær hafa valdið því ágætlega. Það er eitthvað í mér, einhvers konar hik eða bremsa, sem þær virðast sem betur fer ekki hafa. Það hefur kennt mér að fólk eigi að láta á það reyna hvort það geti ekki staðið undir því sem það langar að gera. Ég held að þær hafi verið miklu hugrakkari en ég á þeirra aldri, og ég er ánægð með það."

**SVAR VIÐ BRÉFI HELGU** EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON

# SJALDGÆF PERLA



„Svo skemmtileg saga að maður skríkir.“
– Egill Helgason, Kiljunni

★★★★★
„... sjaldgæf perla þar sem nútíð og fortíð, borg og sveit mætast og renna saman í óviðjafnanlegum texta.“
– Jón Yngvi, Fréttablaðið

★★★★★
„Þetta er í fáum orðum sagt alveg dásamleg bók.“
– Ingi F. Vilhjálmsson, DV

1. prentun - uppseld. 2. prentun - uppseld. 3. prentun - uppseld. **4. prentun væntanleg í dag!**




BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



**HÁTÍÐ Í HÁKARLABÆ** Starfsmaður dýragarðsins í Madríd hefur augun hjá sér við uppsetningu jólaskreytinga í hákarlalauginni, enda gæti hann litið út eins og fyrirtaks jólamatur fyrir íbúa laugarinnar.

# *Jólastemning í dýraríkinu*

Jólin eru ekki eingöngu hátíð mannfólksins, því dýr um allan heim eru óðum að komast í jólaskap eins og meðfylgjandi myndir bera glöggt vitni. NordicPhotos/AFP



**Æ SÉR GJÖF TIL GJALDA** Þessi hressi höfrungur kemur færandi hendi með bros á vör. Hann er ein af stjörnunum á jólasýningu í Tókýó.



**SPRÆKUR KISI** Þessi ljónsungi var í essinu sínu í jólaveislu fyrir munaðarlaus villidýr í Naíróbí. Ljónastofninn í Afríku er í mikilli útrýmingarhættu.



**ALLT Á HORNUM SÉR** Oft er reisn dýranna borin fyrir borð í dýragörðum heimsins. Sæljón þetta tekur þátt í jólasýningu í Tókýó.



**ÁRAMÓTAGALLINN** Ár hérans rennur brátt upp samkvæmt austrænu tímatali. Í tilefni tímamótanna voru þessar kanínur klæddar í kóreska þjóðbúninga í skemmtigarði einum í Seúl í Suður-Kóreu.



**ERTU AÐ HORFA HINGAÐ?** Rangeygða pokarottan Heidi hefur vakið verðskuldaða athygli dýragarðsgesta í Leipzig. Eins skemmtileg og hún er telja vísindamenn að hún ætti sér vart lífsvon úti í náttúrunni.

# ÞAÐ ERU NÚ EINU SINNI AÐ KOMA JÓL



JÓLATILBOÐ
159.900 kr.
tölva og prentari saman

## HP AIO 100 All-in-One

VAXTALAUST LÁN
149.900 kr.

Nett og hagstæð **HP Pavilion borðtölva** og 20" skjár AIO (sambyggð), **Örgjörvi:** AMD Athlon II X2 260, **Vinnsluminni:** 4 GB DDR3, **Harður diskur:** 1 TB SATA 7200 rpm, **Drif:** LightScribe DVD-RW geislaskrifari, **Tengi:** 6 USB 2.0 (2 á hlið), RJ-45, tengi fyir heyrnartól og microphone.

## HP Photosmart WiFi eAIO

19.900 kr.

**HP ePrint** Prentaðu hvað sem er, hvaðan sem er!
HP Photosmart eAIO fjölnotaprentari með WiFi tengingu.

**ePrint** tækni



## HP Compaq CQ62

Glæsileg 15,6" fartölva,
**Örgjörvi:** AMD Sempron V120,
**Vinnsluminni:** 3 GB DDR3, **Harður diskur:** 250 GB SATA 7200 rpm

VAXTALAUST LÁN
99.900 kr.



## HP Pavilion dv6

Glæsileg 15,6" fartölva,
**Örgjörvi:** AMD Athlon II Dual-Core P340,
**Vinnsluminni:** 4 GB DDR3, **Harður diskur:** 320 GB SATA 7200 rpm

VAXTALAUST LÁN
149.900 kr.



Hátalarar og höfuðtól — frá 4.900 kr.



Tölvumýs — frá 3.900 kr.



Fartölvutöskur — frá 4.900 kr.



Sjónvarps-flakkarar — frá 9.900 kr.

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18 / kl. 11 - 16 alla laugardaga í desember

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

* Skv. Gartner.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

VERT

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkomulagið um skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja er skref í rétta átt.

## Gefið upp á nýtt

Samkomulag ríkisins, fjármálafyrirtækja og samtaka í atvinnulífinu um aðgerðir til að greiða úr skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja, er stórt skref í átt til þess að koma á eðlilegu ástandi í atvinnulífinu á nýjan leik.

Litlu og meðalstóru fyrirtækin eru yfirgnæfandi meirihluti allra fyrirtækja í landinu og sjá um helmingi vinnandi fólks fyrir atvinnu. Mörg þeirra hafa átt í miklum erfiðleikum eftir hrun, ekki sízt vegna hruns krónunnar sem tvöfaldaði skuldir þeirra margra hverra. Á þeim rúmlega tveimur árum sem liðin eru frá bankahruninu hefur athygli fjármálastofnananna hins vegar beinzt miklu frekar að stóru fyrirtækjunum og þeim gríðarlegu vandamálum sem þar er við að etja vegna skuldsetningar. Minni fyrirtækin hafa setið eftir. Ókláruð skuldamál þýða að jafnvel þótt fyrirtækin séu í ágætum rekstri hafa þau lítið þorað að hreyfa sig; þau forðast fjárfestingar og hika við að fjölga fólki.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nú á að taka á skuldamálum þeirra fyrirtækja, sem á annað borð eru lífvænleg. Stefnan er að fyrirtækin skuldi ekki meira en sem nemi raunverulegu virði þeirra. Bankarnir munu gefa eftir skuldir umfram það og ríkisvaldið hyggst gefa eftir skatta og gjöld.

Með þessu eru bæði fjármálafyrirtækin og ríkið í raun að horfast í augu við raunveruleikann; það er fremur þeirra hagur til lengri tíma litið að fyrirtækin lifi, greiði af lægri lánum og borgi skatta og gjöld, en að þau fari á hausinn vegna óviðráðanlegra skulda og stærstur hluti krafnanna tapist.

Með þessu eru spilin stokkuð og gefið upp á nýtt. Einhver fyrirtæki munu ekki uppfylla þau skilyrði að teljast „lífvænleg" og munu fara í þrot. Það er óhjákvæmilegt. Þau, sem á annað borð hafa heilbrigðan rekstur, fá hins vegar tækifæri til að byrja upp á nýtt. Þetta ferli á að taka innan við sex mánuði og meðan á því stendur skiptir mestu máli að öll fyrirtæki fái sömu meðferð og séu metin á sömu forsendum í bönkunum.

Þetta þýðir að á nýju ári geta fyrirtækin á ný farið að gera áætlanir um að fjárfesta og bæta við sig starfsfólki. Það rýfur vonandi kyrrstöðuna, sem hér ríkir enn að mörgu leyti. Það mun sömuleiðis greiða fyrir erlendri fjármögnun og fjárfestingum ef tekst að ná samstöðu um að afgreiða nýjan Icesave-samning. Lækkun vaxta að undanförnu bætir líka aðstöðu minni fyrirtækja, þótt enn vanti töluvert upp á að vaxtastigið geti talizt þeim hagstætt.

Margar hindranir eru enn eftir í vegi íslenzkra fyrirtækja, sem ríkisstjórnin vill nú koma á „beinu brautina". Skattabreytingar hafa haft vond áhrif á rekstrarumhverfið, gjaldeyrishöftin þvælast fyrir og gjaldmiðillinn er eitt helzta vandamálið, ekki sízt fyrir minni fyrirtæki sem ekki munu hafa aðgang að erlendri fjármögnun. Í öllum þessum málum þurfa stjórnvöld að vinna, vilji þau gera íslenzk fyrirtæki samkeppnishæf við önnur. Síðast en ekki sízt þarf ríkisstjórnin að taka af allan vafa um að hún sé hlynnt öflugum einkarekstri, en á því virðist stundum leika vafi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Take away
Royal Asia
Laugardaga
3 rétta máltíð
Steiktar eggnúðlur, Nautakjöt í ostresósu
Kjúklingar í hnetusósu með grænmeti, 0,5l Pepsi kr.1200-
Einnig hægt að skipta út rétt fyrir Djúpsteiktar rækjur með súrsætrisósu
Tilboð alla virka daga
á milli kl. 11:30 til 14:30 & 17:00 til 20:00
3 rétta máltíð með 0,5l Pepsi kr.1100- / án gos kr.990-
Nýlagað kaffi alla morgna
Erum einnig með nýbökuð rúnstykki, langlokur, beyglur og sætabrauð ásamt smurbrauði.
Opnum kl.8:00 alla morgna
Ármúla 21
S:588 7020

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Össur gerir grikk

Össur Skarphéðinsson sæmdi góðvin sinn Ögmund Jónasson nýjum starfstitli á þingi í gær. Það gerist ekki á hverjum degi. Ögmundur er ekki lengur bara dómsmála-, mannréttinda-, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra heldur hefur titillinn varnarmálaráðherra nú bæst í púkkið. Líklega hefur Össur ekki meint mjög illt með nafnbótinni en Ögmundur hefur tæpast verið upp með sér. Kannski svipað mikið og Össur ef hann yrði kallaður kokkteilráðherra Íslands.



### Draumurinn

Össur hefur raunar áður kokkað upp ráðherratitla. Ekki er langt síðan hann lýsti því yfir að hann hefði áhuga á að verða olíumálaráðherra. Það hefur ekki ræst enn.

### Lömbin þagga

Vigdísi Hauksdóttur, þingkonu Framsóknarflokksins, var mikið niðri fyrir þegar hún ræddi um það á þingi í gær að framkvæmd stjórnlagaþingskosninganna hefði verið kærð. Einkennilegt væri að þessi tíðindi væru ekki fyrsta frétt í fjölmiðlum. Þetta er ómaklegt af Vigdísi. Morgunblaðið hefur jú gert málinu býsna góð skil. Það var meira að segja á forsíðunni í fyrradag. Svo undrast Vigdís „þá þöggun sem framkvæmdarvaldið hefur sýnt í þessu máli". Framkvæmdarvaldið hefur vissulega lítið sagt um málið, en þögn er ekki sama og þöggun. Kannski sér framkvæmdarvaldið bara ekki ástæðu til að segja neitt.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Erindi ríkisstjórnarinnar

Stjórnmál



Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Saga íslenskra vinstri flokka er saga sundrungar og áhrifaleysis. Með þeirri ríkisstjórn sem nú situr hafa vinstri menn sögulegt tækifæri: Verið er að framkvæma og undirbúa róttækar og tímabærar umbætur á ríkisrekstrinum með fækkun ráðuneyta og stofnana, reglum um faglegar ráðningar í opinber störf og dómaraembætti, skýr skil milli pólitískra aðstoðarmanna og embættismanna. Stíft er haldið utan um framkvæmd fjárlaga. Stefnumótun forsætisráðherra *Samhent stjórnsýsla*, kemur til móts við ábendingar rannsóknarnefndar Alþingis um skort á samhæfingu, vönduðum vinnubrögðum og styrkri pólitískri forystu í Stjórnarráðinu.

Þjóðinni er tryggð aðkoma að endurskoðun stjórnarskrárinnar með þjóðfundi og stjórnlagaþingi. Breytt skatta- og bótastefna dregur úr þeirri aukningu ójafnaðar sem hafði orðið. Umfang ójafnaðar hefur margvísleg áhrif á velferð borgaranna s.s. andlegt og líkamlegt heilsufar, möguleika til menntunar og afbrotatíðni.

Skörulega er staðið að rannsóknum á efnahags- og skattabrotum bóluhagkerfisins. Heimildarmenn mínir í skattkerfinu segjast loksins hafa nauðsynlegar heimildir til að rannsaka og fylgja eftir skattsvikum. Þessu verður að halda áfram, en fleira kemur til. Ég nefni það mikilvægasta: Að tryggja þjóðinni óskorað eignarhald á fiskistofnum og hlutdeild í arðinum með svonefndri tilboðsleið. Ríkisstjórnarflokkarnir eru einu flokkarnir sem það munu gera.

Verið er að láta reyna á kosti og galla þess að ganga í Evrópusambandið og VG fékk því hugsjónamáli sínu framgengt að varlegar yrði farið í nýtingu orkulinda þjóðarinnar. Hvort tveggja mikilvæg mál fyrir kjósendur flokkanna. Ég kysi auðvitað að ríkisstjórnin myndi breyta landbúnaðarkerfinu sem kostar okkur a.m.k. þrjátíu milljarða króna árlega, sé allt talið. Að ríkisstjórnin ynni betur með aðilum vinnumarkaðarins að uppbyggingu atvinnulífs. Að VG væri ekki andsnúið stóriðju. Að sumir þingmenn VG sýndu ríkisstjórninni meiri hollustu, hlypust ekki undan erfiðum ákvörðunum, eins og gerðist við afgreiðslu fjárlaga. En við lifum í ófullkomnum heimi! Í janúar mun flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar fara yfir árangur ríkisstjórnarinnar og áherslur fram undan. Það færi vel á að félagsmenn VG og Samfylkingar kæmu saman einnig, ræddu hvort flokkarnir hafi ekki erindi sem erfiði, hvort ekki sé töluvert á sig leggjandi fyrir þær samfélagsumbætur sem eru í sjónmáli. Mótuðu sameiginlega framtíðarsýn?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ríki gegn Wiki

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Ég dreg það ekki í efa að leynd geti verið af hinu góða. Sumar leyndir eru tryggðar með lögum, aðrar með samningum eða hefðum. Fá okkar þyldu það vel að öll okkar samskipti lækju út einn daginn. Sumt þolir dagsljósið illa. Það er því ekki að undra að Bandaríkin séu fúl yfir því að innanhússkjöl úr sendiráðum þeirra hafi lekið út á netið. Já, vel fúl.

Það má svosem skilja gremju yfirvalda vestanhafs en lengra á samúð okkar í þeirra garð ekki að ná. Þau eiga ekki að fá að komast upp með það að ráðast á upplýsingaveitur, vefsíður þeirra, stjórnendur og fjárstreymi. Það á heldur ekki að þykja boðlegt að menn gantist með það að þeir sem leki óþægilegum upplýsingum um ríkisstjórnir verði ráðnir af dögum, líkt og nokkrir af þekktari hálfvitum Bandaríkjanna hafa gert. Slíkt er ólíðandi.

Fyrsta grein stjórnarskrár Bandaríkjanna tryggir málfrelsi. Ég hef enn ekki fundið neitt í þeirri stjórnarskrá sem tryggir rétt stjórnvalda til að gera hluti leyndó. Það er ekki þar með sagt að ríkjum sé það óheimilt, en það að eitthvað henti ríkisvaldinu betur tromp-ar ekki almenn mannréttindi. Mannréttindi eru marklaus ef þeirra nýtur einungis við þegar þau eru ríkisstjórnum ekki til trafala.

Ýmislegt hefur verið reynt að gera til að leggja smáspörð á vogarskálar vonds málstaðar. Allt frá því að leggja áherslu á að skjölin eru klárlega illa fengin og niður í það að tala um persónuvernd þeirra starfsmanna sem þau sendu frá sér. Aftur, ekkert af þessu toppar málfrelsi og almenn mannréttindi.

Mannréttindi tryggja einstaklinga fyrir ofbeldi hins opinbera, ekki öfugt. Mannréttindi vega þyngra en réttur hins opinbera til að halda kúlinu.

Það er síðan auðvitað ekki nema grátbroslegt þegar sendiráð og leyniþjónustur kvarta undan því að einhver hafi hugsanlega náð í leynigögn frá þeim með ólöglegum hætti. Halló, ég hélt að leyniþjónustur og sendiráð gerðu nú varla annað en einmitt það.

„Hvað segirðu, Máni minn? Braust einhver inn og stal öllum stolnu geisladiskunum þínum?“

Það má ekki láta svona risamál snúast um smálögfræði. Við þurfum að spyrja okkur hvað sé siðferðislega rétt: Að leka óheppilegum upplýsingum um stjórnvöld, eða fangelsa menn fyrir það? Ekki hvað sé löglegt. Ég hygg að flestir pólitískir fangar afpláni dóma fyrir sakir sem eru bæði sannar og réttar. Liu Xiaobo er í fangelsi fyrir tilraunir til að kollvarpa gildandi samfélagsskipulagi í Kína. Er það ekki nákvæmlega það sem maðurinn er að reyna að gera? Spurningin hlýtur að vera hvort þau lög séu góð, en ekki hvort rétt sé eftir þeim farið.

Fram hafa komið hugmyndir um að kæra forsprakka Wikileaks fyrir landráð í Bandaríkjunum, líklegast án þess að menn gerðu sér grein fyrir að Julian Assange er Ástrali. En það að sakargiftir ráðist af þjóðerni sakbornings en ekki eðli glæpsins sýnir bara hve fáránleg og ógeðug hugmyndin um landráð er. Ég held raunar að ef við tækjum alla þá sem sakaðir hafa verið um landráð fyrr og síðar væri það glæsilegur hópur hugsuða, frelsishetja og mannréttindafrömuða. Kannski með einstaka alvöruskíthæl inni á milli.

Hér talar ekki sérstakur aðdáandi Wikileaks. Ekki verður séð að sendiráðslekinn hafi mikinn annan tilgang en að vera leki leka vegna.

Flest í því skeytaflóði sem birt var er smáskandalar eða hlutir á allra vitorði. Satt að segja koma Bandaríkin vel út samanborið við flesta aðra miðað við efni skeytanna. En ekkert af þessu skiptir nokkru máli.

Bandaríkin eru öflugt, frábært ríki og ég er feginn því að þau eru enn sem komið er voldugasta ríki þessa heims. Gildi Bandaríkjanna eru góð og göfug, sem verður ekki endilega sagt um grunngildi annarra stórvelda. Af þessum ástæðum hafa margir vanið sig á að taka upp hanskann fyrir Bandaríkin, líklegast oftar en ástæða er til. En málstaður Bandaríkjanna nú er ekki góður. Það er lítill manndómur fólginn í því að klappa með erlendri ríkisstjórn sem hyggst hundelta þá einstaklinga sem koma henni í bobba.

> Mannréttindi tryggja einstaklinga fyrir ofbeldi hins opinbera, ekki öfugt. Mannréttindi vega þyngra en réttur hins opinbera til að halda kúlinu.

## AF NETINU

### Hvernig væri að hætta látalátum

Ásmundur, Lilja, Atli, Styrmir Gunnarsson og aðrir áhrifalausir áhrifamenn í VG – hvernig væri að leggja fram vantraust á þessa ríkisstjórn sem þið styðjið ekki. Hætta þessum látalætum – þetta er móðgun við heilbrigða skynsemi. Það er alveg hreint magnað að Syrmir Gunnarsson skuli stýra atkvæðum fólks í NV-kjördæmi.

blog.eyjan.is/grimuratlason **Grímur Atlason**

### Heiðarlegast að segja skilið við ríkisstjórnina

Þeir þingmenn ríkisstjórnar sem treysta sér ekki til að styðja fjárlagafrumvarp eru um leið að lýsa því yfir að stefna ríkisstjórnarinnar sé í meginatriðum röng. Þeir geti því ekki stutt málið. Nú liggur fyrir að þrír þingmenn vinstri grænna ætla ekki að styðja fjárlagafrumvarpið, sem formaður flokksins Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ber mesta ábyrgð á.

Það er heiðarlegast gagnvart ríkisstjórninni en þó fyrst og fremst almenningi að Lilja Mósesdóttir, Atli Gíslason og Ásmundur Einar Daðason, segi skilið við ríkisstjórnina með öllu. Trúverðugleiki þessara þingmanna felst í því að ganga hreint til verks í þessum efnum. Um leið eiga þau einnig að lýsa því yfir að þau geti ekki stutt Steingrím J. Sigfússon sem fjármálaráðherra.

t24.is **Óli Björn Kárason**






AF NETINU

### Fáar stórar eða fleiri litlar?

Í Danmörku og Noregi eru til reglur hvað varðar stærð verslunarmiðstöðva. Til skamms tíma var, og er kannski enn, stærð matvöruverslanna takmörkuð. Það var gert til þess að dreifing þeirra verði meiri. Það kann að vera hagur kaupmannsins að byggja eina 3000 fermetra verslun meðan að það eykur þjónustustigið og minnkar bifreiðaumferð að opna sex 500 fermetra verslanir í tengslum við íbúðahverfin í stað einnar risavaxinnar.

blog.eyjan.is/arkitektur

Hilmar Þór Björnsson

### Sólheimar ekki einsdæmi

Ef allt væri með felldu væri ekki verið að fjalla um það örfáum dögum fyrir áramót að rekstur stofnunar eins og Sólheima verði tryggður.

Mjög lengi hefur verið vitað að um þessi áramót yrði breyting á starfsumhverfi svona stofnana og því einkennilegt að svona mál sé á þessu stigi núna.

En þetta er ekki einsdæmi í félagslega kerfinu heldur gerast svona hlutir og hafa gerst mjög oft.

Oftast gerist þetta þannig að ýmist stefnir í fyrirsjáanlega breytingu á rekstri eða að yfirvöld gefa í skyn að slík breyting sé yfirvofandi. Síðan líður og bíður og það myndast óvissuástand líkt og í kjaradeilu þar sem samningar eru að renna út og lítið sem ekkert er að gerast.

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson

# Úrelt sjónarmið í umræðu um landbúnað

Landbúnaður

Sindri Sigurgeirsson
formaður Landssamtaka sauðfjárbænda



Kristján E. Guðmundsson skrifar grein í blaðið þann 13. þ.m. sem hann nefnir „Offramleiðsla á lambakjöti“. Grein sína hefur Kristján á að rifja upp skemmtilega 50 ára gamla sögu frá uppvaxtarárum sínum á Snæfellsnesi. Því miður virðast sjónarmið hans byggð á upplýsingum sem eru álíka gamlar og löngu úreltar.

Í fyrsta lagi þá er stuðningur við sauðfjárbændur ekki beintengdur framleiðslu og hefur ekki verið það síðan farið var að ákvarða hann í búvörusamningum fyrir tæpum 20 árum. Í samningunum eru skilgreindar afmarkaðar fjárhæðir til ákveðinna verkefna. Það þýðir að ef framleiðslan eykst, þá dreifast fjármunirnir einfaldlega meira og stuðningurinn lækkar á hvert framleitt kíló. Kristján er sennilega með þarna í huga gamla niðurgreiðslukerfið þar sem tryggð var ákveðin niðurgreiðsla á hvert framleitt kíló án tillits til framleiðslumagns, en það er löngu aflagt. Þessa rangfærslu margítrekar Kristján í greininni.

Til að koma í veg fyrir frekari misskilning vil ég einnig taka fram að engin opinber verðstýring er heldur á kindakjöti.

Í öðru lagi þá er engin sérstök niðurgreiðsla á útflutning. Útflutningsbætur voru aflagðar 1992. Eins og áður sagði þá er stuðningurinn ekki bundinn framleiðslumagni og því myndi engu breyta þó að ekki væri flutt út eitt einasta kíló af lambakjöti. Sumstaðar eru enn greiddar verulegar útflutningsbætur á landbúnaðarvörur, eins og t.d. í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum og kannski hefur Kristján talið að þær væru hér enn við lýði.

Í þriðja lagi er fjarri sanni að kerfið hvetji til aukinnar framleiðslu og ég skil ekki hvernig Kristjáni tekst að fá það út. Framleiðslan árið 2000 var 9.735 tonn en 8.841 tonn árið 2009 sem er um 9% minna. Árin þar á milli var hún að meðaltali 8.700 tonn. Sé framleiðslan borin saman við sölu árin 2000-2010 þá er framleiðsla umfram sölu 2,7%. Meginhluta þess má skrifa á frostrýrnun en þeir sem til þekkja vita að kjöt sem þarf að geyma lengi í frysti léttist vegna uppgufunar. Alltaf þarf að frysta meginhluta framleiðslunnar vegna þess að slátrað er aðeins í rúma tvo mánuði á ári, en sala fer fram allt árið.

Í fjórða lagi endurtekur Kristján gömlu söguna um haugakjötið og lætur það hljóma eins og það hafi viðgengist að kjöt hafi verið urðað í stórum stíl eftir að hafa verið úðað með eiturefnum. Sannleikurinn er sá að í eitt skipti árið 1987 voru 170 tonn af tveggja ára gömlu 2. flokks kjöti (aðallega hrútakjöti) urðuð. Þetta var sem sagt gert einu sinni, en sumir muna það enn vegna þess að RÚV birti sjónvarpsfrétt um málið. Enn fremur ákallar Kristján náttúrverndarsinna eins og sauðfjárframleiðslan sé enn að ofnýta landið.

Um 90% framleiðslunnar eru innan gæðastýringar. Þar er m.a. kveðið á um að taka verði út allt land þátttakenda með tilliti til beitarþols. Bannað er að rýra landgæði og komi slíkt upp missir viðkomandi bóndi aðild að gæðastýringunni. Fyrir liggur jafnframt að hundruð bænda vinna gríðarlegt starf við landgræðsluverkefni og Samtök sauðfjárbænda undirrituðu fyrr á árinu samstarfssamning við Landgræðsluna um enn frekari verkefni.

> Útlit er fyrir að útflutningstekjur af sauðfjárafurðum verði tæpir 2,5 milljarðar á þessu ári. Við sauðfjárbændur erum stoltir af okkar framleiðslu og þeim gjaldeyristekjum sem greinin aflar íslenskri þjóð.

Á þeim áratug sem nú er að enda þá var það svo lengi framan af að lægra verð fékkst fyrir útflutt kjöt en það sem seldist innanlands. Þess gætti jafnframt í verðlagningu til bænda. Þess vegna var í gildi útflutningsskylda þar sem bændur skiptu á milli sín útflutningnum. Hún er nú aflögð og verð til bænda er það sama hvort sem kjötið er selt hérlendis eða erlendis.

Fall krónunnar árið 2008 gerði verð á erlendum mörkuðum hagstæðara og það er nú í sumum tilvikum betra en innanlandsverð. Síðustu misseri hefur eftirspurn jafnframt aukist og verð hækkað í erlendri mynt. Útlit er fyrir að útflutningstekjur af sauðfjárafurðum verði tæpir 2,5 milljarðar á þessu ári. Við sauðfjárbændur erum stoltir af okkar framleiðslu og þeim gjaldeyristekjum sem greinin aflar íslenskri þjóð. Við vonumst til að sem flestir geti glaðst með okkur yfir því.

Hvaða skoðun sem menn hafa á íslenskum landbúnaði og stuðningi við hann verður a.m.k. að byggja umræðuna á staðreyndum en ekki gömlum staðalímyndum.



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Lífsþor

## Ljóðasafn Árna Grétars Finnssonar




**Lífsþor er heildarsafn ljóða Árna Grétars Finnssonar, sem áður hafa birst í fjórum bókum. Árni Grétar var landsþekktur fyrir störf sín sem hæstaréttarlögmaður og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði.**

**Fyrri ljóðabækur Árna Grétars hafa verið ófáanlegar um hríð svo að börn hans réðust í útgáfu á þessu heildarsafni verka hans til minningar um föður sinn. Boðskapur margra ljóðanna á tvímælalaust erindi við þjóðina í dag – það lífsþor sem einkenndi ævigöngu Árna Grétars Finnssonar.**

### Lífsþor

Það þarf meiri kjark til að segja satt en ljúga,
sjálfstraust til að efast, er aðrir trúa,
djörfung til að mæla gegn múgsins boðun,
manndóm til að hafa eigin skoðun.

Það þarf viljastyrk til að lifa eigin ævi,
einurð til að forðast heimsins lævi,
visku til að kunna að velja og hafna,
velvild, ef að andinn á að dafna.

Þörf er á varúð víðar en margur skeytir.
Víxlspor eitt oft öllu lífi breytir.
Þá áhættu samt allir verða að taka
og enginn tekur mistök sín til baka.

Því þarf magnað þor til að vera sannur maður,
meta sinn vilja fremur en fjöldans daður,
fylgja í verki sannfæringu sinni,
sigurviss, þó freistingarnar ginni.

DREIFING

LJÓSMYND ÚTGÁFA

Sími 893 5664 | ljosmynd@lallikalli.is

EINNIG FRÁ LJÓSMYND ÚTGÁFU:






# Förum varlega í að fækka Múmínmömmunum

Leikskólar
Fanný Heimisdóttir
leikskólastjóri



Borgarstjórnarfundur – fjárhagsáætlun lögð fram: Bæði Múmínpabbi og Mía litla höfðu klætt sig upp á í tilefni dagsins. Hann var í flottu svörtu dressi með litfagurt bindi og í afar löngum skóm. Mía var í leðri og tafti. Múmínpabbi hafði undirbúið sig vel og var mjög áheyrilegur. Það eina sem skyggði á framgöngu hans var nýja klippingin en líklega á hún alls ekki að vera táknræn. Mía var reið og pirruð yfir því hve lítið er á hana hlustað þessa dagana, háir hælarnir boruðust ofan í parketið á meðan hún mælti fram mótbárur sínar.

Út um gluggann sáust hattífattar sem fóru hjá í hópum. Þeir voru í endurskinsvestum merktum bönkum og tryggingafélögum. Hattíföttum í borginni fjölgar nú ört og það þarf að finna þeim farveg, leikskólapláss, og þrátt fyrir að einkafyrirtæki sem hafa til þess bolmagn noti þá stundum sem auglýsingastólpa verður að draga saman og hagræða í rekstri leikskólanna. Þeim sem annt er um vegferð hattífatta líður núna eins og Morrinn hafi birst, hann gerir allt svo blátt og kalt og kvíðvænlegt. En vorið kemur alltaf aftur í Múmíndalnum, það er alveg ábyggilegt. Líklega má líka segja að leikskólastarfsfólk hafi hæfni til að skapa vor í kringum sig.

### Myndlíkingin

Það var Jón Gnarr sem var í hlutverki Múmínpabba og Hanna Birna var Mía litla. Ráðhús Reykjavíkur er óneitanlega flott og frá svölunum var þetta alls ekki ólíkt því að vera komin í leikhús. Fundarsköp eru einnig eins og ákveðin sviðsetning og síðan var greinilega einnig leyfilegt að ganga út og inn af sviðinu. Það gerði Gnarr ítrekað á meðan Hanna Birna talaði en ég veit ekki hvort það var gagngert til að sýna orðum hennar lítilsvirðingu. Hanna Birna talaði mikið um samstarf eins og hún gerir gjarnan í seinni tíð og Gnarr talaði um samráð.

Daginn sem þessi fundur var haldinn var sett jólatré utan við ráðhúsið og það var skemmtilegt að það var gert á meðan fundurinn stóð; takk alla vega fyrir það, jólatrésuppsetningarfólk. Ég veit ekki heldur hvort leikskólafólk í nágrenni ráðhússins vissi af því að setja átti upp jólatré þennan dag og kom til að skoða það eða hvort gönguferðirnar voru farnar til að minna borgarráðsmenn á börnin og leikskólastarfið. Í bókunum um Múmínálfana eru hattífattarnir ekki eins vingjarnlegir og börn geta verið en mér finnst að þeir geti staðið fyrir massann af fólki, alla hina, sem fjallað er um, en gera minna af því sjálfir að ráða fyrir sig alla vega á opinberum vettvangi.

### Hvernig tengist samsláttur leikskóla Múmínálfunum?

Ástæða þess að undanfarið hefur verið meira fjallað um leikskólann en oft er gert er hugsanlegar breytingar á stjórnun þeirra. Þó að ekkert sé vitað með vissu enn er fækkun stjórnenda fyrirhuguð og tilgangurinn sagður vera að ná fram fjárhagslegum og faglegum ávinningi.

> Ég hvet borgaryfirvöld til þess að byrja á því að tryggja öllum börnum leikskólakennara áður en ráðist verður í aðrar breytingar.

Borgarstjórinn okkar vitnar oft í bækurnar um Múmínálfana eftir Tove Jansson. Persónurnar í sögunum eru fjölskrúðugar og hafa mörg einkenni sem við getum fundið hjá okkur sjálfum eða fólkinu í kringum okkur. Við getum tengt hlutverk okkar hverju sinni ákveðnum einkennum sem Múmínálfar hafa.

Múmínmamma er alltaf til staðar og skilningsrík sínu fólki. Hún er með tösku á handleggnum inni jafnt sem úti. Upp úr töskunni dregur hún allt það sem vantar hverju sinni. Ég held að oft megi sjá hlutverk leikskólastjóra í Múmínmömmu. Mig langar að stinga því að þeim sem nú ráða ráðum sem varða hattífattana að sérstaklega þurfi að skoða innihald hverrar tösku vel áður en Múmínmömmum verður fækkað. Enn og aftur bendi ég á sérstöðu íslenskra leikskóla miðað við skóla í nágrannalöndum okkar, þangað sem gjarnan er horft til fyrirmynda. Hér er oft lítil menntun til grundvallar flóknu starfi leikskólanna. Hér hefur ekki verið ráðist í að tryggja öllum börnum menntaða kennara með kvótum eins og gert er t.d. í Svíþjóð.

Ég hvet borgaryfirvöld til þess að byrja á því að tryggja öllum börnum leikskólakennara áður en ráðist verður í aðrar breytingar. Nú hlýtur að vera lag til þess þegar minna er um vinnu og vænta má aukins stöðugleika á vinnumarkaði. Með góðum kveðjum til allra í dalnum.

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Æsingur og fullyrðingakarp

Er eitthvað svo „heilagt“ að ekki megi ræða um það en ekki rætt um ESB með æsingi og fullyrðingakarpi sem skilar engu og sérstaklega frá hendi þeirra sem eru á móti ESB?

Hvað er það sem menn óttast við að ná góðum viðskiptum við aðrar Evrópuþjóðir, hvað skelfir menn og hverja? Jú, útgerðarmenn (LÍÚ) og Bændasamtök Íslands (BÍ) eru á móti ESB. Einokun þeirra atvinnuvega er þekkt, fá fiskinn ókeypis, sitja beggja megin borðs við úthlutun styrkja til bænda og enginn má vita til hverra, virðast stjórna landbúnaðarráðuneytinu, sleppa við að greiða tekjuskatt að mestu leyti.

Þeir vilja ekki að auðlindir landsins verði eign þjóðarinnar, því þeir vilja eigna sér þær til eigin nota, fiskinn, vatnið, þjóðlendur, hitann í iðrum jarðar en neytendur, þjóðin, mega að þeirra áliti éta það sem úti frýs.

Sem sagt, þeir sem mest eru á móti ESB eru jafnframt á móti því að almenningur í landinu, þjóðin, eignist auðlindir landsins, þeir eru líklega logandi hræddir við að missa þessa einokunaraðstöðu sem þeir hafa hér ef við göngum í viðskiptabandalag ESB. Þess vegna draga þeir úr allri skynsamlegri umræðu um ESB eða í besta falli fara út í útúrsnúninga og ræða um tittlingaskít sem kemur kjarna málsins ekkert við.

**Pétur Sigurðsson járnsmiður**

## AF NETINU

### Ábyrgðarlausir í prófkjöri

Nærri helmingur Íslendinga er í stjórnmálaflokki. Það stafar af þáttöku í prófkjöri. Sums staðar greiðir fólk atkvæði í prófkjöri allra flokka, sem bjóða upp á slíkt. Þetta fólk skortir siðferðilegan grunn. Íslendingasagan lýsir sér í þessu. Hér býr ábyrgðarlaus þjóð, sem telur sér kleift að valsa milli flokka nánast vikulega. Sem leggur í stæði fatlaðra. Sem vinnur svart og þiggur atvinnuleysisbætur. Sem kýs Flokkinn, er bjó til IceSave. Brjálast samt í hvert sinn, er koma betri útgáfur af samningi. Sem býr í 400 fermetra húsnæði og stofnar hagsmunasamtök um bágindi sín. Ábyrgðarlausa þjóðin.

Jonas.is **Jónas Kristjánsson**

### Íþyngjandi fyrir Jón Ásgeir

Hádegisfréttir RÚV fluttu viðtal við Jón Ásgeir Jóhannesson fyrrum Baugsstjóra sem kvað lífsreynsluna að hafa verið dregin fyrir dóm í New York vera sér og sínum „íþyngjandi“. Viðtalið var, note bene, ekki tekið í biðröð Fjölskylduhjálparinnar heldur millilenti Jón Ásgeir hér á ferð sinni frá London í lúxusíbúðina sem hann á í New York í boði Landsbankans.

pallvil.blog.is **Páll Vilhjálmsson**

# Frekari umræða óskast um samskipti skóla og kirkju

Skóli og kirkja
Toshiki Toma
prestur innflytjenda



Meirihluti mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar hefur samþykkt umdeilda tillögu um samskipti menntastofnana Reykjavíkurborgar við kirkjuna án mikilla breytinga og hún virðist taka gildi um áramótin næstu. Mér finnst sorglegt að mannréttindaráðið skuli ekki hafa hlustað á þær fjölmörgu raddir sem gerðu athugasemd við fyrstu tillöguna.

Ég er þeirrar skoðunar að tillagan gangi of langt þrátt fyrir að ég skilji tilgang hennar. Ég óskaði eftir því að ráðið myndi draga tillöguna til baka og eiga frekara samtal við þá sem að málinu koma og hafa aðrar skoðanir en meirihluti ráðsins. Þá væri hægt að koma með betri tillögu, þar sem framtíðarsýnin væri skýrari. Ég skil ekki hvers vegna mannréttindaráðið vildi ekki reyna að ná samkomulagi á milli allra málsaðila til þess að skapa frið um málið.

En nú virðist mér það nokkuð fyrirsjáanlegt að þegar breytingar verða á meirihluta og minnihluta í borgarstjórn verði horfið frá þessari tillögu sem nú hefur verið samþykkt, þar sem ágreiningurinn er og verður enn til staðar. Ég held að skortur á stöðugleika í stefnumótum grunnskólans sé nemendum í óhag.

Umræðan um samskipti milli skóla og kirkju (og annarra trúfélaga eða félaga með ákveðna lífsskoðun) á ekki að vera eins og „glíma“ á milli trúaðra og þeirra sem ekki trúa. Ég er þjónandi prestur en samt er ég sammála þeirri grunnhugmynd sem birtist í tillögunni, sem er að draga línu milli

> Umræðan um samskipti milli skóla og kirkju (og annara trúfélaga eða félaga með ákveðna lífsskoðun) á ekki að vera eins og „glíma“ á milli trúaðra og þeirra sem ekki trúa.

skólastarfsemi og starfsemi trúfélaga. Samt er það ekki auðgert. Við getum sett mörk á trúarlega starfsemi en ekki á „trúarlífið“ sjálft. Það sama á við um fólkið sem tilheyrir ekki kristinni kirkju. Málið á skilið að vera vel rætt þeirra vegna.

Prestar og annað kirkjufólk gerði talsverðar athugasemdir við tillögu mannréttindaráðs. Þau voru búin að leggja fram nægilegan rökstuðning um að prestar ættu að aðgang hafa að skólum. En eftir því sem ég fæ best séð var aðeins örlítið tæpt á líðan þeirra barna sem ekki eru í kirkjunni. Þetta er að mínu mati annmarki á kirkjunni okkar. Ég var af að velta því fyrir mér af hverju þessi annmarki er?

Ég giska á að líklegast sé það vegna þess að flestir prestar kirkjunnar hér á landi viti ekki hvernig það er að vera minnihluti í trúarlegu umhverfi. Ég upplifði slíka stöðu í heimalandi mínu og því mig langar mig einfaldlega að segja þetta: Það er mjög óþægilegt að verða að vera þátttakandi í trúarlegum athöfnum ef maður trúir ekki. Það er leiðinlegt að verða að hlusta á trúarlegar áskoranir ef maður trúir ekki. Það skiptir engu máli hvort viðkomandi trúarbrögð teljast góð eða slæm. Slíkt gæti næstum fallist undir andlega kúgun. Mér virðist sem prestar hér á landi vanmeti þennan tilfinningalega þátt og hvaða áhrif hann gæti haft á líðan barna í minnihlutahópum. Ég vona að þetta lagist á næstunni en þessi atriði þurfum við að taka inn í umræðuna, sem og fleiri sem falla undir tillitssemi.

Mér finnst að umræðunni sé ekki lokið og við ættum að taka hana upp aftur og endurskoða tillöguna til þess að ná til stöðugleika skólalífs barna okkar.

Einföld gjöf. Einfalt líf!
Til allra jólasveina.
Gefum eitthvað sem gerir það auðveldara að eiga samskipti.
Eitthvað sem allir geta notað.
Doro PhoneEasy® 332gsm er á íslensku
og er með flýtihnapp til að senda SMS
Doro PhoneEasy® 410gsm
samlokusíminn er sérstaklega einfaldur í notkun.




DESIGN BY DORO OF SWEDEN
vodafone Síminn ELKO og söluaðilar um land allt
Gerum heiminn aðeins einfaldari.


DESEMBER TILBOÐ
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
HVERGI BETRA VERÐ
1TB LACIE FLAKKARI
Orkusparandi og nær hljóðlaus hágæða USB2 flakkari frá LaCie. Hvergi á betra verði!
12.900
1.5TB 16.900 • 2TB 21.900
HVERGI BETRA VERÐ
24"BENQ LCD SKJÁR
BENQ G2420HDB FULL HD 1080P er einn mest seldi skjár á Íslandi og á ótrúlegu tilboðsverði
34.900
HVERGI BETRA VERÐ Á 24"
USB GLINGUR
ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF STÓR-SKEMMTILEGU USB GLINGRI FRÁ SATZUMA
BLING MÚS OG PENNI
Glæsileg Diamente skreytt mús og penni í stíl, einnig mikið úrval af USB glingri frá Satzuma
3.490
GEFÐU GLINGUR Í ÁR
8BLS BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF GLÆSILEGUM TILBOÐUM
LANDSINS MESTA ÚRVAL
OPNUNARTÍMAR
ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

## AF NETINU

### Sömu eigendurnir?

Ég hef fengið svar við fyrirspurn til ráðherra um eignir Íslendinga í erlendum sjávarútvegi. Þær nema 873 milljörðum! – segir Seðlabankinn, en má ekki vegna þagnarskyldu gefa upp hverjir eiga þetta fé. Þess skal getið að skuldsetning í íslenskum sjávarútvegi er nú talið eitt af helsti vandamálum þjóðarinnar. Þær skuldir eru yfirleitt metnar 5–600 milljarðar króna. Þessar skuldir væri allar hægt að borga upp, og meira til, með eignunum erlendis. Og þá er það spurningin sem ekki fæst svarað: Eru íslenskir eigendur erlendra sjávarútvegsfyrirtækja nokkuð sömu Íslendingarnir og þeir sem eiga hin skuldsettu íslensku sjávarútvegsfyrirtæki?

blog.eyjan.is/mordur
**Mörður Árnason**

### Dómur sögunnar

Sagan mun líka dæma þá ákvörðun vel að ríkið skyldi ekki dæla inn þúsund milljörðum í bankana í október 2008. Þá stóð til að setja um 500 milljarða af erlendum eignum lífeyrissjóðana með. Auk þess var kvartað yfir því að lánalínur Seðlabankans væru ekki nýttar í sama tilgangi sem skyldi. Það má þakka Geir Haarde forsætisráðherra og bankastjórn Seðlabankans undir stjórn Davíðs Oddssonar að ekki fór verr.

ea.blog.is **Eyþór Arnalds**

### Metnaðarleysi KSÍ

Forystumenn Knattspyrnusambandsins verða að skammast sín og bregðast við þeirri niðurlægingu sem þeir hafa kallað yfir okkur Íslendinga:

„Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu heldur áfram að falla niður á FIFA-listanum en á þeim nýjasta sem birtur var í dag er Ísland í 112.-113 sæti af 207 þjóðum,“ segir í fréttum.

Fólk er hætt að koma á völlinn, áhuginn er enginn og þess vegna er álitamál hvort rétt sé að landsliðið sé Íslands. Best er að skilgreina það sem úrvalslið KSÍ. Metnaðarleysið er algjört.

Miðjan.is **Sigurjón M. Egilsson**

# Nýsköpunarmennt í skólum landsins

Nýsköpun
Svanborg R. Jónsdóttir
grunnskólakennari og doktorsnemi



Sigmundur Guðbjarnason benti í pistli sínum í Fréttablaðinu mánudaginn 13.des. síðastliðinn á mikilvægi þess að efla nýsköpun og færnina til að framkvæma hugmyndir sínar. Ég tek undir mat hans á mikilvægi „nýsköpunar og ræktunar frumkvöðla“ og læt í ljós þá ósk að sú hugsun verði útbreiddari og sýnilegri í verki.

Ég var grunnskólakennari í næstum 30 ár og kenndi síðustu 10 árin námsgrein sem þá var kölluð ´nýsköpun´ á stundaskránni. Þessi námsgrein eða viðfangsefni í skólastarfi sem hefur líka verið kölluð ´nýsköpunarmennt´ náði að virkja nánast alla nemendur sem ég kenndi, til að vera skapandi og virkir sem annars var mjög misjafnt eftir námsgreinum og nemendum. Opinber orðræða er mjög hliðholl nýsköpun og nú eftir að kreppan skall á hefur trúin á nýsköpun sem leið upp úr þeim öldudal færst enn í aukana og heyrist næstum sem töfraorð. Ég tek reyndar undir með þeim sem þannig tala þar sem ég veit að nýsköpun og skapandi hugsun og aðgerðir á flestum sviðum er vænleg til að leysa allskonar vandamál og þarfir og skapa lausnir og afurðir sem eru verðmætar og verða hluti af því skapandi ferli sem þarf til að flytja okkur í átt að ríkara samfélagi, bæði efnahagslega og samfélagslega.

### Nýsköpunar- og frumkvöðlamennt

Námsgreinin eða námssviðið sem hefur verið kölluð nýsköpunarmennt eða nýsköpunar- og frumkvöðlamennt kom fyrst inn í námskrá grunnskóla 1999 og hefur verið í námskrá framhaldsskóla um nokkurn tíma. Þetta viðfangsefni í menntun gengur út á að efla skapandi hugsun og færni með því að leita uppi og greina þarfir og þjálfast í að finna lausnir til að mæta þeim. Kennd eru vinnubrögð og ræktaður hugsunarháttur sem hefur verið kenndur við vinnubrögð og hugsunarhátt uppfinningamanna. Einnig er mikil áhersla lögð á að nemendur fái tækifæri í námi til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og að efla tengsl við nærsamfélag, atvinnulíf og ýmsa aðila í samfélaginu utan skólans. Með öðrum orðum má segja að þar sé verið að „rækta nýsköpun og frumkvöðla“.

Í nýsköpunarmennt eru nemendur að vinna með að bæta tilveruna á einhvern hátt, þjálfast í að lesa í umhverfi sitt, náttúrulegt og tæknilegt. Stundum þróa nemendur hugmyndir sínar yfir í afurðir sem verða söluvörur ýmist áþreifanlegar eða sem þjónusta. Þeir kynnast því hvernig hugmyndir verða að verðmætum ásamt því þjálfast í skipulagningu, stjórnun og samvinnu.

Þróun nýsköpunarmenntar í grunnskólum átti sér stað fyrir tilstilli nokkurra öflugra einstaklinga og voru þau Paul Jóhannsson tæknifræðingur og Guðrún Þórsdóttir þar fremst í flokki og var vagga hennar lengi vel í Foldaskóla í Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur stóð að því að koma Nýsköpunarkeppni grunnskólanna á laggirnar – en í nokkur ár hefur Menntamálaráðuneytið séð um keppnina í samstarfi við menntastofnanir og ýmsa aðila í atvinnulífinu. Sú keppni er mjög jákvæð starfsemi og hefur haldið uppi merki nýsköpunarstarfs í grunnskólum en gefur þó ekki rétta mynd af því starfi sem fer fram í grunnskólunum á því sviði, sem er því miður mjög lítið og ómarkvisst.

> Ég tel að það þurfi að rækta og viðhalda þessari tegund af skapandi færni markvisst í gegnum allt grunnnám og ekki síst á grunn- og framhaldsskólastigi.

Fáir grunnskólar á Íslandi bjóða formlega kennslu og þjálfun í nýsköpunarmennt og virðist ýmislegt spila þar saman sem erfitt er að festa hönd á. Þrátt fyrir að nýsköpunarmennt hafi komið inn í aðalnámskrá grunnskóla 1999 hefur hún lítið breiðst út sem formlegt viðfangsefni og sumir skólastjórnendur telja að hún hafi horfið að einhverju leyti í athyglinni sem tölvur og upplýsingatækni fengu og einnig virðist sú staðreynd að hún fékk ekki tímaúthlutun hafa haft eitthvað að segja sem og að engin sérstök kynning fór fram á þessum námsþætti/námsgrein. Á Íslandi er engin markviss menntun á þessu sviði í boði í kennaranámi eins og er. Ýmsir fleiri þættir spila þar inn í líka svo sem færni kennara og vilji til að taka þessa kennslu að sér, samstarf innan skóla og áhugi og virk þátttaka skólastjórnenda í að þróa námsgreinina.

Ég tel að það þurfi að rækta og viðhalda þessari tegund af skapandi færni markvisst í gegnum allt grunnnám og ekki síst á grunn- og framhaldsskólastigi (þar er líka lítið framboð). Þannig held ég að það væru fleiri frjóir, skapandi og framtaksfúsir nemendur á háskólastigi en að ætlast skyndilega til þess að háskólanemar séu skapandi og að fara þá að þjálfa upp færnina til að greina þarfir og vandamál og finna lausnir – enda hafa margir háskólakennarar kvartað yfir að nemendur sem þeir fá vilji helst vera viðtakendur en ekki virkir skapendur.

Ég er hjartanlega sammála því sem Sigmundur Guðbjarnason sagði í pistil sínum að: „Þátttaka barna í slíku starfi hefur áhrif á hugsunarhátt þeirra, eykur frumkvæði og útsjónarsemi þeirra og hvetur þau til að leita leiða til að leysa vandann hverju sinni.“ Það er þó lítið gert af því að nýta nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í grunnskólum og framhaldsskólum og þarf að fá meiri stuðning ef það er raunverulegur vilji fyrir að efla slíka menntun. Kynna þarf hvaða ávinning slíkt starf hefur í för með sér, sannfæra stjórnendur og kennara um það, þjálfa kennara, þróa matsaðferðir sem meta ferli og sköpun og síðast en ekki síst að sannfæra foreldra um að svona menntun sé gagnleg og sé áhrifaríkur grunnur að frekara námi og virkri þátttöku í þjóðfélaginu. Rannsókn mín á stöðu nýsköpunarmenntar í íslenskum grunnskólum hefur gefið vísbendingar um að skólafólk og almenningur þar með taldir foreldrar hafi óljósar hugmyndir um hvað nýsköpunarmennt felur í sér. Öflugt samstarf skóla og samfélags bætir bæði skólastarfið og samfélagið og er einn af þeim þáttum sem getur haft afgerandi áhrif á nýsköpunarmennt og hvort hún nær varanlegri fótfestu í skólastarfinu.

### Dæmi um nýsköpunarmennt

Allnokkrir skólar afgreiða þennan námsþátt með því að fá einn nýsköpunarkennara í heimsókn í eitt eða tvö skipti til að þjálfa nemendur í 40 mínútur í senn en það er fráleitt að ætlast til að nemendur tileinki sér vinnubrögð og hugsunarhátt á einni til tveimur kennslustundum á ári.

Nokkrir grunnskólar hafa þróað og bjóða nemendum sínum samfellt nám í nýsköpunarmennt. Foldaskóli í Reykjavík hefur í mörg ár boðið nemendum sínum nýsköpunarmennt og Þjórsárskóli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Ingunnarskóli í Reykjavík hafa verið að þróa þessa námsgrein og bjóða mörgum árgöngum. Einn skóla enn má nefna sem hefur byggt upp nýsköpunar- og frumkvöðlamennt með góðum stíganda og samfellu en það er Grunnskólinn austan Vatna (á Hofsósi, Hólum og Sólgörðum í Fljótum). Grunnskólinn austan Vatna býður yngri nemendum grunnþjálfun í vinnubrögðum nýsköpunarmenntar og eldri nemendur taka þátt í frumkvöðlaverkefnum svo sem Reyklaus, rekstur kaffihúss og Verðmætasköpun í héraði. Fleiri skóla mætti nefna sem eru að gera góða hluti á þessu sviði (þó þeir séu alltof fáir) og gaman væri ef nemendur, kennarar og stjórnendur segðu meira opinberlega frá sínu starfi í nýsköpunarmennt.

Heilu skólasamfélögin hafa sjaldan tekið sig til við að móta stefnu og starf á sviði nýsköpunarmenntar en þó má nefna að Fljótsdalshérað hefur nýlega haft frumkvæði að því að bjóða öllum skólum á öllum skólastigum á Héraði þjálfun í nýsköpunar- og frumkvöðlamennt og hafa þau unnið sameignlega stefnu og skólanámskrár um slíka menntun og sköpun nýsköpunarmenningar í héraðinu. Einnig er athyglisvert samstarf Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Iðnaðarráðuneytis sem nú er hafin við að þróa áfanga fyrir framhaldsskólastigið um nýsköpunarmennt.




# Sum fátæk börn betri en önnur

Fátækt
Kristín Elfa Guðnadóttir
útgáfustjóri KÍ



Það kemur fyrir að ég skammast mín meira fyrir íslenska fjölmiðla en útrásarvíkinga. Þeir níddust þó að minnsta kosti á fólki í tiltölulegum friði frá kastljósinu þannig að börn þurftu ekki að hlusta á foreldra sína úthrópaða hjá alþjóð fyrir það eitt að þekkja ekki muninn á kredit og debet.

Ég er sem sagt ekki glöð með frétt 15. desember um konu með þrjú börn á framfæri sínu og of háar tekjur að mati fréttamanns til að þiggja mataraðstoð, fréttin er til þess gerð að virka eins og slúðurpúðurtunna. Fjölmiðlar, ábyrgð takk. Í stað þess að nánast hlakka yfir þessu „skúbbi“, hvernig væri þá að hjálpa fólki? Vekja athygli á vanda þeirra sem eiga í erfiðleikum með að halda reiðu á heimilisbókhaldinu án ráðgjafar – og leggja sitt af mörkum til að sú aðstoð sé veitt í samfélaginu? Fjalla um SMS-lánin, sem hafa sett marga unglinga og fatlaða á hausinn? Segja frá ýmsum möguleikum fyrir fólk með athyglisbrest og aðrar raskanir til að skipuleggja og halda utan um fjármál sín? En nei – köstum endilega fyrsta steininum. Fréttina vann fjölmiðlakona sem ég hef trú á en þarna fór eitthvað úrskeiðis. Önnur fjölmiðlakona sem er í miklum metum hjá mér, að minnsta kosti fram að þessu, rekur svo naglann alveg inn þegar hún skrifar 16. desember í grein sinni „Kreppan og heimskan“ um sömu konu og sagt var frá í fréttinni: „Einstæð móðir þriggja barna sem hefur tæpar fjögur hundruð þúsund í ráðstöfunartekjur, ef lagðar eru saman örorkubótagreiðslur, meðlög og barnabætur segir við Vísi að hún þurfi að sækja mataraðstoð til Fjölskylduhjálparinnar af því hún sé búin með alla peningana. Finnst henni virkilega viðeigandi að rekja þessar búmannsraunir sínar undir nafni og mynd. Hvað með þá sem líða raunverulegan skort?“

> Stöldrum aðeins við náungakærleikann hérna.

Stöldrum aðeins við náungakærleikann hérna. Börn þessarar konu, sem vel að merkja er með athyglisbrest og tilheyrandi skipulagsörðugleika, fá ekki að borða um jólin, sé ekkert að gert. Er þá óviðeigandi að mamma þeirra nái í mat fyrir þau? Eiga þau ekki að borða af því að mamma þeirra fór illa með fé af fákunnáttu sinni? Er skortur þeirra ekki jafnraunverulegur og barna sem eiga skynsama fátæka foreldra?



SPARIÐ 20.000
TVÍBREIÐ SÆNG
90% DÚNN
TVÍBREIÐ SÆNG ÁÐUR: 49.900,-
29.900,-
FLORA DANICA
FLORA DANICA gæsadúnsæng
Glæsileg dúnsæng fyllt með 90% af hvítum gæsadúni. Þyngd: 1200 gr. Sængin er með áklæði úr 100% bómullarsatíni. Má þvo við 60°C. Sæng: 200 x 210/220 sm.
40% AFSLÁTTUR
DREAMZONE™
SPARIÐ 20.000
PLUS B20 boxdýna
Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. m² og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m². Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polýúretan svampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Fætur fylgja ekki með. Stærð: 90 x 200 sm.
ÁÐUR: 49.950,-
29.950,-
VERÐ ÁN FÓTA
JÓLAGJAFIR!
TILBOÐIN GILDA 17.12 - 19.12
CASINO sett
Inniheldur rúllettu og BLACKJACK.
33% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 4.495,-
2.995,-
STÆRÐ: 30 X 30 SM.
129,-
KRONBORG LUX handklæði
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté. Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar á frábæru verði!
Snjóþotur
Rassaþota 389,-
Ungbarnaþota 3.495,-
Þotudiskur 1.295,-
Þota með bremsum 1.995,-
VERÐ FRÁ:
389,-
Baðsloppar
Mikið úrval af baðsloppum.
BAÐSLOPPAR VERÐ FRÁ:
1.495,-
Skartgripaskrín
Falleg skartgripaskrín með glæsilegu skrauti. 3 mismunandi gerðir. Frábært verð!
1 STK.
299,-
Rammi
Flottur rammi fyrir 6 myndir. Tvær tegundir fáanlegar.
RAMMI FYRIR 6 MYNDIR
1.295,-
70% AFSLÁTTUR
Eyrnamúffa
Nokkrar gerðir fáanlegar. Frábært verð!
1 STK. ÁÐUR: 695,-
199,-
45% AFSLÁTTUR
SPARIÐ 3.000
SPARIÐ 7.955
TIANA sængurverasett
Röndótt, straufrítt krepsængurvera-sett. Efni: 100% bómullarkrep. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.
ÁÐUR: 1.695,-
1.356,-
20% AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
ÁÐUR: 8.995,-
5.995,-
SILVIA stóll
Litur: Brúnn. PU áklæði.
ÁÐUR: 16.950,-
8.995,-
FREDRIK stóll
Litur: Brúnn. PU áklæði.

AF NETINU

### Sérstaða og spor annarra



Er besta svarið ævinlega að benda á aðra sér til afsökunar – eða er stundum réttlætanlegt að þjóðin horfi í eigin barm? Sífellt berast kröfur frá Íslandi um að heiminum beri að skilja sérstöðu þeirra í hinum og þessum málum – en hvernig gengur Íslendingum að setja sig í spor annarra?

blog.eyjan.is/baldurmcqueen **Baldur McQueen**

### Hvað segir Guðbjartur?



Oddný G. Harðardóttir, Samfylkingu, formaður fjárlaganefndar, sagði í hádegisfréttum RÚV að seinkun á afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpinu ætti rætur að rekja til sameiningar ráðuneyta. Hún lét þá eins og engu skipti, þótt þingmenn vinstri-grænna vildu efnislegar breytingar án tillits til sameiningar ráðuneyta. Tillögur þeirra yrðu ekki teknar til umræðu í fjárlaganefnd. Sagði hún satt? RÚV hefur ekki skýrt frá því. Orð hennar bentu hins vegar til þess að Samfylkingin ætlaði ekki að stuðla að því að samkomulag tækist í þingflokki fjármálaráðherra.

Uppreisn þingmanna vinstri-grænna snýr einkum að málaflokkum sem falla undir ráðherra Samfylkingarinnar. Enginn hefur hins vegar haft fyrir því að spyrja Guðbjart Hannesson, velferðarráðherra, hvað honum finnist um að þingmenn vinstri-grænna séu að heimta hærri útgjöld á verkefnasviði hans.

bjorn.is **Björn Bjarnason**

# Höfum við efni á að eiga börn?

Leikskólinn

**Alda Agnes Sveinsdóttir**
leikskólakennari



Síðustu ár hafa auknar kröfur komið frá atvinnurekendum og foreldrum um að leikskólinn taki við börnunum þegar fæðingarorlofi lýkur. Atvinnurekendur þurfa vinnuafl og flestum foreldrum finnst leikskólavist æskilegri, ef hún stendur til boða, en dagmóðir og vegur þar mikið að mun ódýrara er að hafa barn á leikskóla.

Á þensluárunum nýliðnum kappkostuðu sveitarfélög í samkeppni sinni um íbúa að bjóða yngri og yngri börnum vistun á leikskólum. Ýmislegt fór af stað í rekstri leikskólanna sem vissulega kostaði fé eins og til dæmis að bjóða upp á ungbarnadeildir og ókeypis nokkra klukkutíma fyrir elstu börnin en það sem ekki var gert var að hækka laun starfsmanna leikskólanna. Á þensluárunum var mannekla og tíð starfsmannaskipti viðloðandi vandamál á mörgum leikskólum sem olli miklu álagi í leikskólasamfélaginu. Vissulega hefur orðið breyting á starfsmannamálum eftir hrun en það er staðreynd að starfsfólk leikskólanna sem er á lægstu launum er ekki að fá mikið meira í laun en lágmarks atvinnuleysisbætur gefa. Ekki eru nógu margir menntaðir leikskólakennarar sem fást til starfa í leikskólana og eru lág laun meðal þess sem talin er ástæða þess.

En hvað viljum við fyrir börnin? Er rétt að þarfir atvinnulífsins, samkeppni sveitarfélaga og atvinnuþátttaka foreldra og starfsþróun stýri því hvar og hvenær börn eru látin í umönnun annarra en foreldra? Eiga þættir eins og hvernig þroskast börnin best, hvað veitir þeim besta veganestið út í lífið og hvernig nám viljum við fyrir börnin okkar ekki að hafa meira vægi þegar umsjón með ungu barni er ákveðið?

Fæðingarorlof á Íslandi í dag er 6-9 mánuðir og margir hafa ekki aðra kosti en setja barnið í dagvistunar þegar því líkur. Margir lengja fæðingarorlofið og fá skertar fæðingarorlofsgreiðslur sem því nemur en flestir þurfa að setja börnin í umsjón annarra og fara út á vinnumarkaðinn löngu áður en barn er orðið 18 mánaða. Allavega hugmyndir eru í gangi um þarfir ungbarna og hvað sé þeim fyrir bestu. Ýmsar rannsóknir sýna fram á að ungum börnum er best borgið í umsjón foreldra sinna og að einstaklingsumönnun sé því mikilvægust fyrstu árin. Aftur á móti telja sumir foreldrar sem eiga barn á fyrsta ári að þegar barnið er orðið sex, sjö mánaða sé það orðið verulega þreytt á að vera heima hjá foreldrum sínum og nauðsynlegt fyrir það að komast á leikskóla og leika við önnur börn.

Dagvistunarúrræði kosta peninga en hvað, hvers vegna og hverjir eiga að borga? Fyrir leikskólavist borga foreldrar ákveðna upphæð en sú upphæð er langt frá raunverulegum kostnaði við dvöl barnsins. Ekki eru allir sem gera sér grein fyrir því að leikskólapláss er dýrara eftir því sem barnið er yngra. Á ungbarnadeildum þarf til dæmis að gera ráð fyrir meira gólfrými fyrir hvert barn þar sem gólfleikur er þeim mikilvægur, önnur svæði á leikskólum nýtast þeim minna en börnum sem eldri eru og útivera nýtist ekki alveg eins vel. Einnig eru smærri hópar nauðsynlegir á meðan börnin eru mjög ung bæði til að minnka áreiti á þau og smithættu og hver starfsmaður hefur færri börn á sinni könnu eftir því sem þau eru yngri þar sem þau þarfnast mun fjölþættari einstaklingssamskipta. Laun starfsmanna á leikskólum er aðalkostnaður við leikskólapláss og eftir því sem fagmenn, sem eru jafnan á hærri launum, eru fleiri því dýrara er leikskólaplássið. Laun leikskólakennara eru samt sem áður ekki há, sérlega ekki miðað við lengd menntunar þeirra. Laun stjórnenda á leikskólum eru hlutfallslega há miðað við aðrar stöður í leikskólum og eftir því sem stjórnendastöðum fækkar þá lækkar launakostnaður. Stjórnendur á leikskólum gegna lykilhlutverki í faglegu starfi leikskólanna og þeir mynda öryggisnet utan um nemendur, foreldra og starfsfólk. Námsgögn kosta einnig sitt og þarfnast endurnýjunar með reglulegu millibili og fylgja þarf nýjungum. Sem sagt því fleiri börn á hvern fermetra, því færri fagmenn, því færri stjórnendur og því fátæklegri kennslugögn þeim mun kostnaðarminna er hvert leikskólapláss.

> Hvað er ásættanlegt að við göngum langt í að gera leikskólapláss ódýrt?

Nú á tímum niðurskurðar og lítils fjármagns hjá sveitarfélögum er meðal annars verið að leita allra leiða til að lækka kostnað við rekstur leikskóla og færa meiri kostnað yfir á foreldra. Það er nú sem aldrei fyrr nauðsynlegt fyrir alla sem hyggja á barneignir að velta meðal annars eftirfarandi fyrir sér: Hvað viljum við fyrir börnin okkar? Hversu langt á fæðingarorlof að vera og hver á að borga fæðingarorlofið? Hvað tekur við þegar því lýkur? Hversu mikið erum við tilbúin að borga fyrir dagvistunarúrræði? Hver á að borga fyrir það? Hvað er ásættanlegt að við göngum langt í að gera leikskólapláss ódýrt?

# Nokkrar athugasemdir við ummæli kvöldgests Jónasar

Athugasemd

**Auður Styrkársdóttir**
**Áslaug Agnarsdóttir**
**Bryndís Ingvarsdóttir**
**Guðrún Eggertsdóttir**
**Jökull Sævarsson**
**Kristín Bragadóttir**
starfsmenn
Landsbókasafns Íslands
- Háskólabókasafns

Undirrituðum starfsmönnum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem hlustuðu á Kvöldgesti Jónasar Jónassonar föstudaginn 10. desember var verulega brugðið. Gestur Jónasar umrætt kvöld var Sigrún Klara Hannesdóttir sem var landsbókavörður árin 2002-2007. Ummæli Sigrúnar Klöru um starfsmenn safnsins voru hörð svo vægt sé til orða tekið. Hún talaði um hatrömm átök við undirmenn sína og sagði m.a.: „Þetta var mjög kvalafullt oft. Ég var of veikgeðja til þess að taka harkalegum árásum sem ég varð fyrir. Ég held að þeir hafi helst viljað koma mér fyrir kattarnef, það var svo hatrammt.“

Þetta eru mjög alvarlegar ásakanir í garð starfsmanna. Vissulega ríkti mikill órói í safninu þessi ár. Sigrún Klara nefndi þó ekki ástæðuna fyrir honum. Hún var ekki búin að vera ár í embættinu þegar hún boðaði nýtt skipurit sem var svo lagt fram án samráðs við millistjórnendur í safninu. Aldrei tókst að fá rökstuðning fyrir nauðsyn þess. Í kjölfarið misstu svo nokkrir starfsmenn vinnuna. Þar á meðal voru starfsmenn sem höfðu langa starfsreynslu og farsælan vinnuferil og voru komnir yfir sextugt, m.a. Ögmundur Helgason forstöðumaður handritadeildar, sem lést skömmu síðar. Skipulagsbreytingarnar kostuðu rúmlega 30 milljónir króna og var safnið rétt að vinna upp hallann sem myndaðist þegar bankarnir hrundu og kreppa skall á. Vissulega var starfsfólki mjög brugðið við þessar gjörðir, og ekki ríkti ánægja með þær, nema síður væri.

Sigrún Klara sagði ennfremur: „Það var talað um það á þingi að ég væri að eyðileggja allt þarna í safninu og menntamálaráðherra þurfti að verja mig. Sjálfsagt hefur þetta líka haft áhrif á það að mig langaði ekki að vera þarna áfram. Ég man eftir einu sinni þá hugsaði ég í alvöru að ég yrði að hætta, ég þyldi þetta ekki. Þá fékk ég svo hatrammar árásir að ég hélt ég myndi þurfa lögregluvernd.“ Sigrún Klara nefndi greinar í Morgunblaðinu sem hún sagði hafa verið skrifaðar af karlmanni og verið „hræðilegt níð“ um sig. Hún nefndi einnig nafnlausar árásir og stórt nafnlaust níðbréf sem hafi verið skrifað af konu.

> Segja má að allar konur sem vinna í safninu liggi nú undir grun um að hafa skrifað téð níðbréf.

Það er erfitt fyrir starfsmenn safnsins að sitja undir svo alvarlegum ásökunum. Segja má að allar konur sem vinna í safninu liggi nú undir grun um að hafa skrifað téð níðbréf. Karlmaðurinn sem skrifaði greinar í Morgunblaðið í febrúar og mars 2005 skrifaði undir nafni. Hann er prófessor við Háskóla Íslands og tíður gestur á safninu og ritaði greinarnar meðal annars til stuðnings ofannefndum starfsmanni sem hann þekkti. Hann skrifaði að sjálfsögðu á eigin ábyrgð. Við hörmum þessi ummæli Sigrúnar og vísum þeim algjörlega á bug.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU** Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

JÓLIN KOMA















vilborga@centrum.is

JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



**Karlakór Selfoss** heldur jólavöku í Selfosskirkju í kvöld klukkan 20. Sérstakur gestur verður söngkonan Helga Kolbeinsdóttir. Jólahugvekju kvöldsins flytur Kristinn Ólason, rektor Skálholtsskóla og prestur í Skálholti. Kakó og smákökur verða í boði. Miðaverð er 1.000 krónur.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447










**Félagarnir Guðjón Pálmarsson og Arnar Ingvarsson vita nákvæmlega hvernig á að gera góða súpu.**



Þeir Arnar og Guðjón reyna að borða léttan en kraftmikinn mat fyrir sýningar og er grænmetissúpan gott dæmi um það. MYND/TRYGGVI GUNNARSSON

# Matur er fyrsta meðalið

Þeir Guðjón Þorsteinn Pálmarsson og Arnar Ingvarsson hjá leikhús- og menningarmiðstöðinni Norðurpólnum eru báðir miklir matgæðingar og hafa gaman af að prófa sig áfram. „Matur er fyrsta meðalið og upphafið og endirinn á öllu,“ segir Guðjón, eða Denni, spekingslega. Hann segir leikara þurfa að huga sérstaklega vel að mataræðinu en því miður sé nokkur misbrestur á því. „Mér finnst best að borða kraftmikinn en léttan mat fyrir sýningar og fyrir frumsýningar hef ég það fyrir sið að fá mér sushi.“

Á nýlegri útlagasamkomu, sem er ætluð leikurum sem eru menntaðir erlendis, skelltu þeir félagar í dýrindis grænmetissúpu sem fór vel ofan í mannskapinn. „Arnar er höfundur frumgerðarinnar en fyrir einhverja slysni þá sulluðust goji-ber út í og kom það bara ansi vel út. Ekki spillir heldur fyrir hvað þau eru holl,“ segir Denni.

Norðurpóllinn fagnar eins árs afmæli í byrjun næsta mánaðar. „Við höfum á þessum skamma tíma frumsýnt tuttugu og fimm sýningar og tekið á móti hátt í fjórtán þúsund gestum svo hér er líf og fjör.“ Núna svífur jólaandinn yfir vötnum og standa jólasýningarnar Lápur, Skrápur og jólaskapið og Grýla sem hæst. „Þetta er fjórða árið sem við sýnum Láp og Skráp og við erum sérstaklega montin af því hvað fullorðna fólkið skemmtir sér vel með börnunum. Ég held að það skýrist helst af því að verkið er vel skrifað og auðvitað rammíslenskt. Það er það temmilega langt og fá krakkarnir tækifæri til að hitta persónurnar á eftir. Í Grýlu fer Tinna Þorvalds Önnudóttir á kostum, fer yfir jólahefðirnar fyrr og nú og gefur alls kyns matarsmakk.“ *vera@frettabladid.is*

## GOJI-BERJA GRÆNMETISSÚPA

Uppskriftin er fremur stór og ætti að duga fyrir haug af fólki.



- 4 laukar
- 1 poki íslenskar gulrætur
- 4 cm engiferrót
- 8 stk. sellerí
- eitt meðalstórt steinseljubúnt
- ein stór sæt kartafla
- 2 litlar rófur
- 15 lítrar vatn
- 150 g þurrkuð goji-ber
- ½ poki frosið spínat
- 1 kg frosið blandað grænmeti
- 1½ kg íslenskar kartöflur
- salt og pipar eftir smekk
- tabasco-sósa eftir smekk
- grænmetiskraftur eftir smekk

*Skerið grænmetið gróft og blandið því saman í stórum potti. Sjóðið í tvær klukkustundir og maukið létt með töfrasprota rétt fyrir framreiðslu. Passið hins vegar að ofnota hann ekki.*




**Mikið verður um dýrðir** í Jólaþorpinu í Hafnarfirði um helgina. Meðal annars leggur fjöldi skemmtikrafta leið sína þangað; Ari Eldjárn verður með uppistand, Ívar Helgason syngur lög, Björk Jakobsdóttir flytur jólakveðju kvenna og Gunni og Felix verða með útiball.












Í Biblíunni stendur að Guð hafi skapað heiminn á sex dögum og hvílt sig þann sjöunda. Gyðingar fylgja þeirri reglu og halda hvíldardaginn á laugardegi, en kristnir á sunnudegi. Sumir kristnir söfnuðir halda hann þó á laugardögum, svo sem sjöunda dags aðventistar.

www.visindavefur.is



Gripið í spil. Lukás Zajak situr efst til hægri.

# Lúdó spilað í Leikjavík

**Leikjavík er vettvangur í Reykjavík þar sem fólk getur mætt og gripið í spil. Filipa Andrade og Lukás Zajak byrjuðu á að bjóða fólki heim til sín að spila þegar þau vantaði fleiri leikmenn í Lúdó.**

„Við höfum alltaf haft gaman af að spila og oft vantaði okkur fleiri til að geta spilað stærri borðspil,“ útskýrir Filipa Andrade en hún fór af stað með verkefnið Leikjavík nú í haust ásamt Lukási Zajak. Leikjavík er vettvangur þar sem fólk hittist og grípur í spil.

Filipa er frá Portúgal og Lúkás frá Slóvakíu. Þau komu hingað til lands sem sjálfboðaliðar á vegum Evrópusambandsins og ílengdust. „Okkur datt þetta í hug þar sem við þekktum ekki mjög marga í Reykjavík. Við höfðum samband við fólk í gegnum vefsamfélagið „couch surfing“ og buðum heim til okkar að spila en stór hópur notar þennan ferðamáta til að kynnast heimafólki í hverri borg. Undirtektirnar voru góðar, betri en við bjuggumst við og fjöldi fólks mætti,“ útskýrir Filipa. Þessu fyrirkomulagi héldu þau heima í stofu hjá sér í eitt ár áður en þau sóttu um styrk hjá Reykjavíkurborg og gátu leigt stærra húsnæði.

„Við sóttum íslenskukennslu hjá Multíkúltí á Barónsstíg 3 og sáum að húsnæðið var ekki í notkun á kvöldin. Við opnuðum Leikjavík 12. nóvember og það kvöld mættu 75 manns. Núna er spilað hér öll kvöld, nema mánudagskvöld og á hverju kvöldi koma nýir gestir. Hér hittist alls konar fólk af ýmsu þjóðerni, börn og fullorðnir, og spila en það kostar ekkert inn,“ útskýrir Filipa og segir alla geta fundið eitthvert spil við sitt hæfi.

„Við erum með yfir sjötíu spil, mjög fjölbreytt úrval bæði af íslenskum spilum eins og Spurt að leikslokum og Gettu betur. Við erum líka með hefðbundin spil eins og skák, Scrabble, Trivial Pursuit, Pictionary, Jungle Speed, Dixit og Catan svo einhver séu nefnd.“

Upplýsingar um Leikjavík er að finna á Facebook. Spilakvöldin fara fram á Barónsstíg 6 þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 19 til 23 og laugardaga og sunnudaga frá klukkan 15 til 23. *heida@frettabladid.is*


KINAHOFID

**Tilboð**

Núðlur með grænmeti
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Nautakjöt með grænmeti í ostrusósu
Kjúklingur og grænmeti í sataysósu
Allt þetta fyrir 1.590 kr á mann
Tekið heim 1.450 kr á mann

www.kinahofid.is

NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022












# Jólasveinar einn og átta

**Íslenskir jólasiðir og jólasveinar verða í aðalhlutverki á Þjóðminjasafninu um helgina.**

Terry Gunnell þjóðfræðingur mun fjalla um íslenska jólasiði á Þjóðminjasafninu á sunnudag, en fyrirlesturinn verður fluttur á ensku. Af því tilefni mun Terry kynna íslensku jólasveinana en þeir verða daglegir gestir í safninu fram að jólum.



Terry Gunnell fjallar um jólasiði á Þjóðminjasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ekkert kostar að hitta jólasveinana og skoða sýninguna Sérkenni sveinanna allan desember. þess má geta að ókeypis aðgangur er fyrir börn undir 18 ára aldri alla daga inn á safnið og frítt fyrir almenning á miðvikudögum.

Fjölskyldur sem leggja leið sína í Þjóðminjasafnið geta farið þar í ýmsa ratleiki. Þeirra á meðal er jólaleikurinn Hvar er jólakötturinn? og snýst um að finna litlu jólakettina sem hafa verið faldir innan um safngripina.

Þess má geta að á jólavef safnsins, www.natmus.is/jol, er að finna margvíslegan fróðleik um jólin.



Börn í leit að jólatré í Haukadalsskógi komast í mikið návígi við jólasveininn nærri heimkynnum hans til fjalla á Suðurlandi. MYND/GUÐBJÖRG ARNARDÓTTIR

# Jólaævintýri í skógunum

**Ein indælasta hefð aðventu er leit að rétta jólatrénu í skógum lands. Um helgina er síðasti séns að höggva tré innan um kynjaverur jóla.**

„Markmið jólaferðar í þjóðskóga landsins er að njóta útivistar með fjölskyldunni, því mikil tilbreyting felst í því að rölta um fallegan skóg og algjört ævintýri fyrir börn,“ segir Þröstur Eysteinsson, sviðsstjóri þjóðskóganna hjá Skógrækt ríkisins, sem um helgina býður alla velkomna að finna rétta jólatréð í Selskógi í Skorradal, Haukadalsskógi ofan við Geysi, Hallormsstaðaskógi og Vaglaskógi.

„Hópur þeirra sem heggur sér tré stækkar ár frá ári. Við tökum vel á móti gestum og leiðbeinum, en truflum annars ekki dýrmæta skógarferð fjölskyldunnar. Einna mest fjör hefur verið í Haukadalsskógi undanfarin ár, en þar mætir fólki jólasveinn, Grýla, varðeldur, ketilkaffi og lummur,“ segir Þröstur, en ketilkaffi er notaleg skógarhefð frá Noregi.

„Þá er stór ketill fylltur af vatni og hálfum poka af kaffi og látinn sjóða yfir eldi. Útkoman er afar sterk og að sjálfsögðu með korgi, því hvað er kaffi án korgs,“ spyr Þröstur sposkur og hress, enda kominn í jólaskap.

„Þjóðskógarnir eru tilvaldir fyrir þá sem hafa gaman af sveitaferðum. Í skógunum er mikið af fallegum trjám og stafafuran sérstaklega fögur í ár; ekkert skemmd né ofvaxin þrátt fyrir gott árferði. Hún er barrheldnasta íslenska tréð sem æ fleiri eru farnir að fá sér,“ segir Þröstur, en með því að höggva íslenskt tré styrkist skógrækt í landinu.

„Andvirði trjáa er nýtt til gróðursetningar og fást þrjátíu ný jólatré fyrir eitt selt tré. Náttúran fær því dýrmæta jólagjöf í staðinn.“

Sjá www. skogur.is.

*thordis@frettabladid.is*

# Skógarhögg um helgina

**Skógræktarfélög um land allt bjóða fólki að koma í sína skóga til að velja sér jólatré um helgina.**

- Skógræktarfélag Austurlands í Eyjólfsstaðaskógi 18. og 19. desember, kl. 10-16.
- Skógræktarfélag Austur-Húnvetninga á Gunnfríðarstöðum og Fjósum, 19. desember, kl. 11-15.
- Skógræktarfélag Árnesinga á Snæfoksstöðum í Grímsnesi, 18. og 19. desember, kl. 11-16.
- Skógræktarfélag Borgarfjarðar í Daníelslundi og Reykholti, 18. og 19. desember.
- Skógræktarfélag Eyfirðinga á Laugalandi á Þelamörk, 18. og 19. desember, kl. 14.30.
- Skógræktarfélag Garðabæjar í Smalaholti, 18. desember, kl. 12-16.
- Skógræktarfélag Hafnarfjarðar í Selinu við Kaldárselsveg (Höfðaskógi), 18. og 19. desember, kl. 10-18.
- Skógræktarfélag Mosfellsbæjar í Hamrahlíð við Vesturlandsveg, 18. og 19. desember, kl. 10-16.
- Skógræktarfélagið Mörk í Stóra-Hvammi, Fossi á Síðu, 19. desember, kl. 13-16.
- Skógræktarfélag Rangæinga í Bolholti, 19. desember, kl. 12-15.
- Skógræktarfélag Reykjavíkur á jólamarkaði á Elliðavatni 18. og 19. desember kl. 11-17 og í Hjalladal í Heiðmörk kl. 11-16.
- Skógræktarfélög Kópavogs, Mosfellsbæjar, Kjalarness og Kjósarhrepps að Fossá í Hvalfirði, 18. og 19. desember, kl. 10-16.















# ;TÍSKA



**Kjötkjóllinn** sem Lady Gaga klæddist á MTV-tónlistarhátíðinni hefur verið útnefndur tískustaðhæfing ársins 2010 af tímaritinu Time Magazine.



**Slá fyrir dömur,** Geysir, Skólavörðustíg, 28.000 krónur.



**Lopakragi,** handprjónaður úr léttlopa. Lundinn, Hafnarstræti, 5.400 krónur.



**Lundahúfa,** handprjónuð af Gróu Einarsdóttur úr plötulopa. Lundinn, Hafnarstræti, 5.500 krónur.



**Helga, fóðruð ullarpeysa,** Icewear verslun Hafnarstræti, 24.860 krónur.



**Lopapeysa,** plötulopi tvöfaldur, Lundinn, Hafnarstræti, 16.500 krónur.



**Ullarpeysa fyrir herra** frá Blik designed by Laufey, Geysir, Skólavörðustíg. 24.250 krónur.

# *Séð við kuldabola*

**Það er kannski ekki seinna vænna að taka fram hlýjar flíkur þar sem kuldaboli hefur lagt sig fram við að hrella landsmenn undanfarna daga. Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði úrvalið í nokkrum verslunum í miðbæ Reykjavíkur.**

*- rve*



**Trefill,** Geysir, Skólavörðustíg, 9.400 krónur.



**Thufa, ullarhúfa fyrir dömur** frá Farmers Market, Geysir, Skólavörðustíg, 8.500 krónur.



**Hella, ennisband og hálskragi,** Icewear verslun, Þingholtsstræti, 2.990 krónur.



**Kjós, handprjónaðir vettlingar,** Icewear verslun, Þingholtsstræti, 3.520 krónur.



**Kanínuhúfa** með deri og hangandi dúskum fyrir dömur frá Feldur verkstæði, Geysir, Skólavörðustíg, 17.900 krónur.





Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Pósturinn kemur pökkum utan af landi til skila endurgjaldslaust, þú þarft bara að fara með pakkann á næsta pósthús.

**Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.**

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN 989

Smáralind

Pósturinn

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

17. desember 2010



ÁSA NINNA PÉTURSDÓTTIR ER LITAGLÖÐ OG HÆFILEIKARÍK

Tíska • Jólaförðun • Ýr Þrastardóttir • Óskalistinn • Á rúmstokknum





FLAKKARATILBOÐ

UNITED
WD 1TB
720/1080i HDMI

Kr. 22.950

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM – MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna
✻ ekki missa af

**GÓÐIR TÓNAR** Innundir skinni er önnur breiðskífa Ólafar Arnalds og hefur hún fengið glimrandi dóma gagnrýnenda hér heima og erlendis. Á plötunni má meðal annars finna lagið Surrender sem er dúett sem söngkonan syngur með henni Björk.



## blogg vikunnar



### Minimalískt

Hin norska Maria Van Nguyen bloggar um fatnað, tísku og fagra hluti. Hún hefur slegið í gegn í heimalandinu enda með ákveðinn stíl sem einkennist af hreinum línum og einföldum sniðum. Þeim sem eru hrifnir af minimalískum stíl og fallegri norrænni hönnun er bent á leggja leið sína inn á slóðina www.vanillascented.freshnet.se og fá innblástur frá Mariu.

### Heitur reitur



Karolina Skande er þekkt nafn innan sænsku tískuelítunnar og gerir hún út blogg á vefmiðlinum Rodeo Magazine þar sem hún er jafnframt ritstjóri. Skande, eins og hún er kölluð á blogginu, fjallar um tísku á gagnrýninn hátt enda er hún dugleg að láta vita ef henni líkar ekki við eitthvað í tískuheiminum. Þeim sem vilja hafa puttana á púlsinum er bent á að fylgjast með Skande. Slóðin á bloggið er www.rodeo.net/hotspot.

Leiðrétting:

### Aveda

Í síðasta blaði Föstudags var rangt verð birt við hárvörur frá Aveda. Gjafapakkinn kostar 7.350 krónur en ekki 9.400 krónur eins og skrifað var. Beðist er velvirðingar á þessu.

Ýr Þrastardóttir frumsýnir fyrstu fatalínu sína í kvöld:

# BIÐIN LOKS Á ENDA

Ýr Þrastardóttir útskrifaðist úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands síðasta vor. Hún vakti mikla athygli fyrir útskriftarlínu sína, sem þótti sérstaklega falleg og klæðileg. Hún er nú farin að hanna undir nafninu Ýr og kemur fyrsta fatalína hennar út í dag.

Nýja línan er unnin út frá útskriftarlínunni en Ýr bætti nýjum flíkum við línuna, sem inniheldur meðal annars buxur, boli, jakka og samfellur. „Ég fékk margar fyrirspurnir um útskriftarlínuna og áttaði mig á því að ég gæti aldrei staðið undir öllum þessum pöntunum sjálf, þess vegna ákvað ég að láta framleiða hana fyrir mig," útskýrir Ýr. Flíkurnar eru framleiddar á Indlandi og heimsótti Ýr landið í sumar til að fylgja framleiðslunni eftir. „Ég hafði samband við aðra íslenska hönnuði sem hafa látið framleiða fyrir sig þarna úti og þeir komu mér í samband við réttu aðilana. Ég fór svo út í sumar til að fylgja framleiðsluferlinu eftir og sjá til þess að engin vandamál kæmu upp," segir hún.

Aðspurð segist Ýr mjög spennt fyrir nýju línunni enda hafi hún beðið lengi eftir að fá hana í hús. „Ég er mjög spennt enda búin að bíða eftir þessu frá því í sumar. Ég er búin að fá hluta af línunni og afgangurinn kemur strax í næstu viku. Vörurnar eru fáanlegar í versluninni Kiosk frá og með deginum í dag en svo ætla ég að reyna að koma þeim að í fleiri verslunum innan skamms," segir Ýr, sem er þegar farin að hanna næstu línu. Nýju línunni verður fagnað í versluninni Kiosk klukkan 20.00 í kvöld. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér Ýr Collection er beint á að heimasíðan www.yr-collection.com verður opnuð innan tíðar.



**Fagnar nýrri línu** Fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir hefur sent frá sér sína fyrstu fatalínu, en hún vakti mikla athygli fyrir útskriftarlínu sína í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




UNIFEM í jólaskapi í Nikitagarðinum:

# Gleði og jólaglögg

Í tilefni jólanna ætlar UNIFEM á Íslandi að bjóða gestum og gangandi í jólaglögg í bakgarði verslunarinnar Nikita við Laugaveg 56 á morgun. Gamanið hefst klukkan 16.00 og stendur til klukkan 18.00.

Að sögn Hönnu Eiríksdóttur, verkefnastýru UNIFEM, verður gestum boðið upp á pipakökur og jólaglögg auk þess sem ristaðar möndlur verða seldar á staðnum til styrktar samtökunum. „Öllum er boðið, bæði konum og körlum. Við höfum reynt að halda slíkt jólaglögg árlega en þetta er í fyrsta sinn sem við höldum þetta annars staðar en í höfuðstöðvum okkar," útskýrir Hanna og bætir við: „Við fengum gefins fimm kíló af möndlum sem ég ætla að rista heima hjá mér í kvöld og selja á morgun til styrktar samtökunum. Ég vona að sem flestir kíki við á morgun og eigi með okkur notalega stund."

Elín Ey og hljómsveitin Of Monsters and Men munu einnig koma fram og skemmta gestum.

- sm



**Í jólaskapi** Hanna Eiríksdóttir, verkefnastýra UNIFEM, verður í jólaskapi á morgun.

## ✻ augnablikið



**FALLEG** Leikkonan Michelle Williams var falleg á að líta í þessum látlausa hvíta kjól. Hvítir kjólar hafa átt upp á pallborðið hjá leikkonum undanfarið. NORDICPHOTOS/GETTY

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon og Álfrún Pálsdóttir **Forsíðumynd** Stefán Karlsson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Opið til 10 öll kvöld
40% af öllu jólaskrauti
afsláttur
allar snyrtivörur 3 fyrir 2
3 fyrir 2
Púðar verð frá 1490.-
3 fyrir 2
3 fyrir 2
Allar snyrtivörur
3 fyrir 2
Mikið úrval
jólavöru
30% afsláttur
Matarstell margar teg.
- frá 2990.- settið
3 fyrir 2
Kerti
3 fyrir 2
Skartgripir
frá 590.-
40% afsláttur
Kertastjakar verð áður
frá 590 nú 354.-
40% afsláttur
Allt jólaskraut
40% afsláttur
Skartgripir
frá 590.-
Mikið úrval
gjafavöru
40% afsláttur
Allt jólaskraut
40% afsláttur
40% afsláttur
Allt jólaskraut
40% afsláttur
40% afsláttur
Allt jólaskraut
40% afsláttur
40% afsláttur
Allt jólaskraut
40% afsláttur
the PIER
The Pier Smáratorgi, 5227860 - Korputorgi, 5227870 - Glerártorgi Akureyri, 5227880



Sænska fatamerkið Acne til Íslands:

# Ávallt einu skrefi á undan hinum

Sænska fatamerkið Acne hefur á stuttum tíma náð að vekja á sér mikla athygli og er orðið eitt af eftirtektarverðustu fatamerkjum í heiminum í dag. Einföld en jafnframt framúrstefnuleg sniðin hafa skilið tískubloggara og aðra tískuspekúlanta eftir gapandi af aðdáun. Einnig hafa Johnny Johanson, aðaleigandi og hönnuður Acne, og samstarfslið hans einstaka hæfileika til að spá fyrir um hvað koma skal. Ávallt einu skrefi á undan, að minnsta kosti hingað til.

Fyrst um sinn einbeitti merkið sér að gallabuxum en nú er fáanlegur alklæðnaður fyrir dömur og herra fáanlegar, og einnig fylgihlutir á borð við skó, töskur og skartgripi. Til að mynda eru umtöluðustu skór þessa misseris frá Acne. Það eru ökklaskór með fylltum hæl og frönskum rennilas yfir tánni. Margir framleiðendur hafa gert ódýrari útgáfu af skónum.

Í janúar geta Íslendingar loksins nælt sér í fatnað frá Acne en verslunin KronKron ætlar að selja bæði dömu- og herraföt frá Acne. Nú geta tískuunnendur leyft sér að hlakka til.

**Loðið og sítt** Fatamerkið Acne er þekkt fyrir að gera gallabuxur sem henta öllum og eftir að sænska merkið fór að framleiða fatnað og fylgihluti hefur línan slegið í gegn. Sniðin eru einföld og flíkurnar úr gæðaefnum og smáatriðin og skórnir skipta máli. Loðfóðraðir jakkar, síðir kjólar og gegnsæ efni eru áberandi í dömulínunni fyrir þennan vetur.




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Opið frá 10 til 22. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310.




## Á RÚMSTOKKNUM

*Sigga Dögg kynfræðingur*

# Hljóðlátt kynlíf og piparjómkur

**?** *Kæra Sigga Dögg, ég las pistil um daginn þar sem fjallað var um hlutverk „stjúpu". Ég er með manni sem á þrjú börn. Við erum búin að vera saman í meira en ár en erum bara nýflutt saman. Eldri börnin tvö eru með eigið herbergi en yngsta barnið deilir herbergi með okkur. Sambýlismaðurinn minn er með börnin í tvær vikur í senn og vandi minn er sá að ég þori ekki fyrir mitt litla líf að stunda kynlíf með kærastanum í þær tvær vikur sem börnin eru hjá okkur. Ég er dauðhrædd um að vekja yngsta barnið eða að þau eldri munu óvart ganga inn á okkur. Þetta er farið að pirra sambýlismann minn mikið og ég veit ekki hvað ég á af mér að gera.*

**Svar:** Ég skil þig afskaplega vel enda telja margir sig hafa hlotið verulegan „skaða" af því að ganga inn á foreldra sína í samförum. Að því sögðu, þá liggur lausnin á þínu vandamáli ekki í kynlífsbindindi. Lykilatriðið er svefnvenjur barnanna. Ef eldri börnin eru vön að koma upp í rúm til ykkar á ákveðnum tíma yfir nóttina gætuð þið viljað forðast kynlíf á þeim tíma. Hvað yngsta barnið varðar, ef það er vant að sofa nóttina og er með nokkuð reglulegar svefnvenjur þá gætuð þið þurft að temja ykkur hljóðlátt kynlíf, allavega til að byrja með. Með tíð og tíma gætir þú öðlast sjálfsöryggi til kynlífsathafna og þá má komast að því hver hávaðaþolmörk barnanna eru. Svo er gott að hafa á bak við eyrað að kynlíf er meira en bara samfarir og því má stunda ýmsar gælur án mikils hávaða og fyrirferðar.

**Það er þinn réttur sem einstaklingur að ákveða hvenær þig langar að stunda kynlíf.**

**?** *Kæra Sigga Dögg, það er strákur sem er að reyna að plata mig á stefnumót með sér og ég er til í það. Það sem ég er að velta fyrir mér er hvort það sé piparjómkulegt að sofa ekki hjá þar til ég sé viss um að þetta sé að stefna eitthvert og á ég á hættu að fæla karlmenn frá mér með þessu? Kynlíf skiptir nefnilega svo miklu máli í samböndum og það væri skrítið að vera komin í samband með einhverjum sem ég er ekki að tengjast í bólinu.*

**Svar:** Það er þinn réttur sem einstaklingur að ákveða hvenær þig langar til að stunda kynlíf, hvort sem það er á fyrsta stefnumóti eða því áttunda. Það er ekki fyrir neinn annan að dæma þig og stimpla sem „piparjónku". Það er enginn ákveðinn tími „betri" en annar þegar kemur að þessu. Þetta á við um bæði kynin því það eru ekki allir karlar að hugsa um kynlíf um leið og þeir setjast með konu á kaffihús. „Besti" tíminn er þegar þú ert tilbúin og hann líka. Kynferðisleg örvun og langanir eru einnig einstaklingsbundnar og þegar kynlíf er stundað með nýjum aðila þarf fólk að kynnast og læra á hvort annað. Það gerist sjaldan á einni nóttu. Ástin, líkt og kynlíf, getur tekið smá tíma og það er ekkert að því!

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
*Netfangið er kynlif@frettabladid.is*














filodoro®
Sokkabuxur - þú finnur muninn










**1. Taska** úr Accessorize, 8.299 kr. Falleg brún taska sem fer vel við nánast allt. **2. Trefill** úr Accessorize, 5.199 kr. Skemmtilegur trefill með dúskum – hressir upp á heildarsvipinn. **3. Skór** úr Bossanova, 17.900 kr. Þægilegir, svartir skór sem eru góðir í snjóinn og slabbið.



**1. Peysa** úr Topshop, 10.990 kr. Kamellituð golf-peysa í takt við tískustraumana. **2. Buxur** úr Topshop, 12.990 kr. Flottar, svartar buxur eru ofarlega á óskalistanum. **3. Náttföt** úr La Senza, 8.900 kr. Falleg og yndislega mjúk náttföt eru fullkomin jólagjöf.



**1. Hitapoki** úr La Senza, 3.590 kr. Skemmtilegur hitapoki til að taka með sér í rúmið. **2. Englaspil** úr Duka, 1.750 kr. Krúttlegt jólaskraut inn í stofuna. **3. Kertastjakar** úr Búsáhöldum, stór 6.190 kr, lítill 5.010 kr. **4. Nærföt** úr Topshop, 1.290 kr. Fallegar blúndunærbuxur í jólapakkann. **5. Rifjárn** úr Duka, 2.250 kr. Skemmtilegt rifjárn fyrir ástríðukokkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólin koma og gjafakaupin eru komin á fullt:

# Hvað er undir TRÉNU?

Stuttu fyrir jól getur verið gaman að láta sig dreyma um hvað verður í jólapökkunum þetta árið. Það er margt sem hugurinn girnist þótt aðeins brot af því rati undir jólatréð.








**Ný sending komin í hús, full búð af flottum vörum.** Bjóðum 20% afslátt til jóla. opið 11-22 alla daga til jóla.

LAUGAVEGUR 86-94, 101 REYKJAVÍK ICELAND, S: 511-2007

ÍSLENSK HÖNNUN – NÁTTÚRULEG HRÁEFNI

STOFNAÐ 2005



Gleðileg Jól

**FARMERS MARKET**
Stúdíóverzlun
Eyjarslóð 9 (bakinngangur)
101 Reykjavík
Sími 552 1960

Farmers Market
iceland

www.farmersmarket.is

**OPNUNARTÍMI FYRIR JÓLIN:** Laugardag 18. des. Kl. 11-18. Sunnudag 19. des. Kl. 11-16. Mánudag 20. des. Kl. 10-18. Þriðjudag 21. des. Kl. 10-20. Miðvikudag 22. des. Kl. 10-20. Fimmtudag 23. des. Kl. 10-22. Föstudag 24. des. Kl. 10-12



Ása Ninna Pétursdóttir tók nýverið við rekstri verslunarinnar GK Reykjavík ásamt sambýlismanni sínum, Guðmundi Hallgrímssyni.






# PRAKTÍKIN VÉK FYRIR DRAUMNUM

***Ása Ninna Pétursdóttir* er nýr eigandi tískuverslunarinnar GK Reykjavík ásamt sambýlismanni sínum, Guðmundi Hallgrímssyni. Hún er mikil fjölskyldukona og hlakkar til að takast á við ný og krefjandi verkefni.**

*Viðtal:* **Sara McMahon**
*Ljósmyndir:* **Stefán Karlsson**
*Föt á forsíðu:* **Pardus**

> *„Það var búið að stimpla það inn í hausinn á mér að fatahönnun væri ekkert sérstaklega hagkvæmt nám. Þegar ég útskrifaðist úr framhaldsskóla ákvað ég að það væri örugglega bæði skynsamlegt og hagkvæmt að læra á tölvur.“*

Ása Ninna ólst að hluta til upp á Selfossi, eða „Buffalóborg“ eins og hún kallar bæinn. Hún er einkabarn en hefur þó ekki gefið upp vonina um að eignast systkini einn góðan veðurdag. „Ég er einkabarn foreldra minna og var dekruð og böðuð í ást og umhyggju þegar ég var lítil. Mig hefur samt alltaf langað til að eiga systkini og hélt lengi í vonina um að eignast eitt. En ég verð að sætta mig við að líkurnar fara víst dvínandi,“ segir hún brosandi.

Ása Ninna stundaði fimleika af miklum móð þegar hún var barn en ákvað á unglingsaldri að skipta yfir í þolfimi og varð Íslandsmeistari í tvenndarkeppni árið 1996 og einstaklingskeppni 1997. „Ég var mikil Magga Scheving grúppía þegar ég var yngri,“ segir hún og skellir upp úr. „Ég smellti mér í þolfimi þegar ég hætti í fimleikum og nældi mér í leiðinni í tvo Íslandsmeistaratitla og ákvað svo að hætta bara á toppnum. Það er mikið hlegið að þessu í dag.“

## KLISJURNAR SANNAR

Ása Ninna er í sambúð með Guðmundi Hallgrímssyni hárgreiðslumeistara og saman eiga þau tvo syni, Patrek Thor, sjö ára, og Kormák Krumma, þriggja ára. Hún segir móðurhlutverkið vera yndislegt og að það hafi komið henni á óvart hversu sterk móðurástin sé. „Klisjurnar eru allar sannar, það skiptir ekkert í lífinu jafnmiklu máli og börnin manns. Þau eru litlu ljósin í lífinu,“ segir Ása Ninna og bætir við að hún vilji gjarnan eignast þriðja barnið einhvern tíma í framtíðinni. „Ef lukkan leyfir þá mundi ég vilja eitt barn í viðbót. En ætli ég þurfi ekki að blikka kærastann fyrst ef ég á að fá það í gegn.“

Ása Ninna stundar nám við fatahönnunardeild LHÍ og viðurkennir að hún hafi haft áhuga á fatahönnun allt frá því hún var lítil stelpa. „Það var búið að stimpla það inn í hausinn á mér að fatahönnun væri ekkert sérstaklega hagkvæmt nám. Þegar ég útskrifaðist úr framhaldsskóla ákvað ég að það væri örugglega bæði skynsamlegt og hagkvæmt að læra á tölvur og skráði mig því í tölvunarfræði í Háskólanum í Reykjavík. Ég kláraði ár þar en var sem betur fer fljót að átta mig á því að námið hentaði mér ekki. Nokkrum árum síðar, þegar ég var búin að vinna í Listaháskólanum í tvö ár, fékk ég loks kjarkinn og sótti um í fatahönnun,“ segir Ása Ninna, sem hefur hannað flíkur undir heitinu Pardus í nokkur ár.

Innt eftir því hvort hún þurfi ekki að skipuleggja sig vel til að geta sinnt verslunarrekstri samhliða námi og fjölskyldu segist Ása Ninna vera svo heppin að eiga góða að. „Ég bý svo vel að eiga bæði yndislega foreldra og tengdaforeldra sem hafa verið ómetanleg hjálp og þess vegna hefur þetta allt getað gengið hingað til. Pabbi minn hefur verið þriðja foreldrið síðustu tvo mánuði og sótt strákana í skólann og leikskólann nánast á hverjum degi. Það er frekar krúttlegt þegar Kormákur Krummi rumskar á nóttunni og kallar á afa Pétur.“

## Í ÆVINTÝRALEIT

Ása Ninna, Guðmundur og synirnir tveir fluttu búferlum til Danmerkur árið 2008 og voru búsett þar í tvö ár. Fjölskyldan kunni vel við sig í Kaupmannahöfn en fann fljótt fyrir miklum söknuði eftir ástvinunum sem heima voru. „Við fluttum út í smá ævintýraleit. Ég fór í nám í fatahönnun og við tókum okkur tíma í að kynnast borginni. Kaupmannahöfn hefur lengi verið uppáhaldsborg okkar beggja og þess vegna ákváðum við að prófa að flytja út um hríð. Það setti svolítið strik í reikninginn að við vorum með lítið kveisubarn og fundum mikið

fyrir því að við vorum ekki lengur með þetta góða fjölskyldunet til að hjálpa okkur," útskýrir Ása Ninna.

Að sögn Ásu Ninnu var eldri sonurinn, Patrekur Thor, fljótur að aðlagast bæði tungumálinu og lífinu í kóngsins Kaupmannahöfn. „Sá yngri þekkti náttúrlega ekkert annað og Patrekur Thor var fljótur að verða altalandi á dönsku. Hann skammaðist sín alltaf mikið fyrir okkur foreldrana þegar við reyndum að gera okkur skiljanleg á dönskunni," segir hún og hlær.

### Í REKSTUR SAMAN

Ása Ninna og Guðmundur ákváðu að taka við rekstri tískuverslunarinnar GK Reykjavík í haust og ætla að ráðast í nokkrar breytingar á versluninni. „Þetta gerðist voða hratt allt saman. Í fyrstu var þetta aðeins skemmtileg pæling en þegar við fórum að skoða þetta af meiri alvöru sáum við að þetta gæti orðið mjög spennandi tækifæri," segir Ása Ninna um kaupin. Parið mun halda áfram með sum merkin úr versluninni en hyggst einnig bæta við nokkrum nýjum fatamerkjum í framtíðinni. Auk þess mun Ása Ninna endurvekja merki verslunarinnar GK Reykjavík og hanna klassíska dömu- og herralínu ásamt Guðmundi Jörundssyni fatahönnuði.

En er hún alls óhrædd við að demba sér út í rekstur með sambýlismanninum? „Við ræddum þetta fram og til baka og komumst að þeirri niðurstöðu að þetta yrði örugglega skemmtilegt og krefjandi á sama tíma. Við ætlum ekki að hanga utan í hvort öðru allan daginn og þurfum ábyggilega að vanda okkur til að þetta virki," segir hún og bætir við: „Ég held að við bætum líka hvort annað svolítið upp því við erum mjög ólík. Við ætlum að gera þetta af alvöru en vitum að sígandi lukka er best. Ég hef mikla trú á því að þetta verði framtíðarverkefni okkar beggja og finnst það mjög skemmtileg tilhugsun."

Þegar Ása Ninna er spurð hvort sambýlismaðurinn deili fatasmekk hennar verður hún svolítið hugsi. „Já, ætli við séum ekki með svipaðan smekk. Vinir hans halda því samt fram að ég hafi breytt honum eitthvað í gegnum árin, en ég er ekki sammála því. Við erum svolítið litrík bæði og hrifin af alls kyns mynstri og langar bæði að sletta svolítilli litadýrð inn í búðina í framtíðinni."

### SONURINN TEKUR VIÐ

Blaðamaður bendir Ásu Ninnu á að þau séu ekki alls ólík öðrum íslenskum tískufrömuðum, þeim Magna og Hugrúnu í KronKron, en Magni er einmitt hárgreiðslumaður og Hugrún fatahönnuður að mennt. Ætli þetta sé formúla sem virki í tískubransanum í dag? „Ég var ekki búin að fatta það. Vá, hvað það er súrt," segir hún og skellihlær. „Þau eru nú ágætir kunningjar okkar. En já, hvort þetta sé einhver formúla á nú eftir að koma í ljós, það er aldrei að vita."

Ása Ninna segir þau skötuhjú mjög spennt fyrir framtíðinni og að hennar sögn er eldri sonurinn þegar farinn að búa sig undir að taka við fjölskyldurekstrinum. „Eldri drengurinn er farinn að æfa sig í afgreiðslustörfum og stefnir víst á að taka við rekstrinum fyrir níu ára aldurinn," segir hún að lokum glaðlega.

*myndaalbúmið



Ég held mikið upp á þessa mynd. Hérna er ég rúmlega eins árs í fanginu á mömmu minni uppi í sumarbústað hjá ömmu og afa.



Á þessari mynd erum við saman, ég og uppáhaldsdrengirnir mínir, Patrekur Thor og Kormákur Krummi, að kúra fyrir framan sjónvarpið á kósíkvöldi.


Jólagjöf sem bætir heilsuna!









Vísindalegar rannsóknir sýna að einstakur sóli MBT bætir limaburð og minnkar álag á liðamótin.

Finnið muninn!

Ný sending af MBT-skóm komin til landsins.

Upplýsingar og söluaðilar:
www.mbt.com / www.mbt.is

MBT®

# tíðin

✻ fyllist tilhlökkunnar



**ROKK OG RÓL** Hljómsveitin Stóns mun halda tónleika á rokkbúllunni Sódómu annað kvöld klukkan 23.00. Tónleikarnir eru í tilefni afmælis rokkgoðsins Keith Richards sem fæddist einmitt á þessum degi. Frítt er inn fyrir þá sem deila afmælisdegi rokkarans.





## Eins klæddar:
# Flottar

Söngkonan Jessica Simpson og leikkonan Reese Witherspoon féllu báðar fyrir þessum bleika kjól. Witherspoon klæddist kjólnum þegar hún kynnti nýtt ilmvatn sitt í október í fyrra, leikkonan hefur ákveðið að leyfa kjólnum að njóta sín án nokkura fylgihluta. Simpson klæddist kjólnum þegar hún kom fram í spjallþætti Davids Letterman í mars á þessu ári. Kjóllinn er síðari og söngkonan hefur ákveðið að draga fram mittislínuna með svörtu belti.



**Northern Wave stækkar** Dögg Mósesdóttir, framkvæmdastjóri stuttmyndahátíðarinnar Northern Wave, segir aðsókn á hátíðina hafa aukist mikið ár frá ári. Nýjum dagskrárliðum, til dæmis fiskisúpukeppni, hefur verið bætt við hátíðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Northern Wave haldin í fjórða sinn:

# STÆRRI OG BETRI HÁTÍÐ

Stuttmyndahátíðin Northern Wave Film Festival verður haldin á Grundarfirði í fjórða sinn dagana 4. til 6. mars. Líkt og fyrri ár verður hátíðinni skipt í tvo keppnisflokka, flokk stuttmynda og flokk tónlistarmyndbanda, en þetta er eina kvikmyndahátíðin hér á landi sem hefur hleypt tónlistarmyndböndum að. Dögg Mósesdóttir, framkvæmdastjóri Northern Wave, segir aðsókn á hátíðina hafa aukist mikið ár frá ári og því má búast við metaðsókn í mars.

„Undanfarin ár höfum við verið að bæta við nýjum dagskrárliðum og gert hátíðina veglegri. Fiskisúpuveislan verður haldin í annað sinn núna í mars. Í fyrra kepptu heimamenn sín á milli en núna geta utanbæjarmenn einnig tekið þátt ásamt Grundfirðingum. Á sama tíma og stað verður haldinn handverksmarkaður þar sem listamenn og handverksfólk getur komið og selt vörur sínar," segir Dögg sem vinnur einnig að því að fá þekkta einstaklinga úr jaðarkvikmyndagerð til að halda fyrirlestra á hátíðinni. „Svo verða auðvitað fastir liðir eins og tónlistarviðburðir og partí á sínum stað eins og venjulega," segir hún glaðlega.

Tekið verður á móti myndum og tónlistarmyndböndum til 1. janúar næstkomandi og geta áhugasamir sótt um á vefsíðunni www.northernwavefestival.com en þar má einnig finna allar nánari upplýsingar um hátíðina og umsóknarferlið.

- sm




## mælistikan

### Á uppleið:

**Smákökubakstur.** Ilmurinn úr eldhúsinu verður einfaldlega svo lokkandi þegar smákökur eru bakaðar fyrir jólin. Það er miklu meira en nóg að baka bara eina sort og hafa gaman af.



**Jólakort.** Á tímum tölvupósts er svolítið nostalgískt að fá jólakort með pósti. Sendið ástvinum ykkar eitt lítið jólakort í ár.




**Lýsi.** Veikindi og kvef eru óþolandi. Þess vegna er um að gera að koma ónæmiskerfinu í gott stand með smá slurk af lýsi á hverjum degi.




### Á niðurleið:



**Myrkur.** Nú styttist í að daginn fer að lengja aftur og því er myrkrið á undanhaldi.

**Enska úrvalsdeildin.** Deildin er orðin gjörsneydd allri spennu auk þess sem sum liðin eru hætt að spila almennilegan fótbolta.

**Bögg á netinu.** Ef fólk hefur ekkert fallegt að segja, þá ætti það heldur að þegja. Sérstaklega á opinberum vettvangi eins og netinu.



# Signatures Of Nature

## -náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur




Jólin eru komin til okkar, tökum vel á móti þér.
Erum komin með mikið úrval af gjafakössum
bæði fyrir andlit og líkama.

**Tobba Marinos**



„Náttúruleg snilld !"

Jólakveðja

**Katrin Fjelsted**



„Ég er forfallinn áhangandi vörulínunnar Signatures of Nature. Þær standa vel undir sínu og ég mæli eindregið með að þið komið við í verslun þeirra í Smáralindinni hvort sem það sé fyrir ykkur sjálfar stelpur, eða til gjafakaupa. Ég hvet ykkur til þess að varðveita augnablikið og þá sérstaklega í öllu jólaamstrinu sem framundan er, og það hjálpar að vera góð/góður við sjálfa sig og gefa sér svona stund eins og ég sagði hér frá því þá getum við gefið betur af okkur :)"

Gleðileg Jól :)

## *Gefðu unaðslegt dekur í jólagjöf*

**Hreinn steinefnafarði án allra parabena og kemiskra efna.**
**Ásta Hermanns sérfræðingur í steinefnafarða verður með kynningu laugardaginn 18. des milli kl 2-5. 15 % afsláttur ef þú kaupir 3 hluti.**

**Grænar meðferðir komnar á Nordica Spa frá Signatures Of Nature.**
**Unaðslegar meðferðir án allra rotvarnarefna og kemiskra efna, frábær jólagjöf.**

**Brúnkukremin góðu án allra parabena er kominn aftur til okkar.**

*Hugaðu að líkama og sál*

**Verslanir okkar eru í Smáralind 2. hæð við D-inngang | sími 511-10-09**
**www.signaturesofnature.is**

Jóla- og áramótaförðunin

# Ferskt og fínt yfir hátíðarnar

*Myndir:* **Valli**
*Förðun:* **Harpa/Mac**
*Fyrirsæta:* **Eydís Helena Evensen/EliteModels**

Föstudagur fékk Hörpu Káradóttur hjá Mac til að sýna lesendum hvernig hægt er að farða sig um hátíðarnar og hvaða straumar og stefnur eru ráðandi um þessar mundir í förðun. Það er ágætt að hafa nokkur góð ráð bak við eyrað þegar síðustu tvær vikur ársins ganga í garð enda yfirleitt þétt dagskrá hjá flestum.

## JÓLIN

Í jólaförðuninni vildi Harpa meina að dökkar varir og ljós augu með svörtum augnblýanti væri hátíðleg samsetning. „Ef maður vill verða fínn augabragði er dökkur varalitur besta leiðin,“ segir Harpa en hún notaði líka bleikan kinnalit og gerviaugnahár til að ná fram bæði fersku og fínu útliti. Eins og sjá má á myndinni er fyrirsætan, Eydís Helena Evensen frá Elite Models, með fallega fiskiféttu en hinar ýmsu fléttugreiðslur eru flottar og auðveldar í framkvæmd.

## ÁRAMÓTIN

„Það er alltaf eitthvað við áramótin sem gerir það að verkum að maður vill vera fínni þá en aðra daga. Kannski setja á sig smá glimmer, en passa að ofgera því ekki,“ segir Harpa en í áramótaförðuninni gerði hún dökk augu með glansandi áferð og smá glimmeri. Svartur augnblýantur og gerviaugnahár setja svo punktinn yfir i-ið en Harpa notaði ljósbleikan varalit sem passar vel við augun.



**Jólaförðunin – Áhersla á varir** Jólaförðunin í ár einkennist af dökkum vörum og bleikum kinnum.



**Áramótaförðunin – augnblýantur og gerviaugnahár** Falleg augu með smá glimmerívafi og bleikar varir.






**Bleikir tónar** Kinnalitir eru vinsælir í ár og um að gera að nota nýja litatóna yfir hátíðirnar.



**Augnahár** Ómissandi eign yfir hátíðarnar.



**Rauðar varir** Hin ýmsu blæbrigði af rauðum lit henta á varirnar um hátíðarnar.



**Ljós farði** Alltaf að velja ljósari lit frekar en dökkan.



**Glansandi** Augnskuggar með glimmeráferð eru alltaf vinsælir um áramót.



**Ferskur** Bleikir og ferskjulitaðir tónar gefa hressandi yfirbragð.

iittala









ÍSLENSK HÖNNUN epal

ALESSI

eva solo

# Allir fá þá eitthvað fallegt...

**1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal 35 ÁRA 1975 2010







ferm LIVING

Joseph Joseph

menu SCANDINAVIAN DESIGN ORIGINALS



ROSENDAHL

marimekko

GEORG JENSEN

stelton








# tíðin

✻ draumar rætast

**LEIKUM BETUR** Bókin Leiktu við mig! er tilvalin fyrir foreldra sem eru búnir að fá nóg af því að leika alltaf sömu leikina við afkomendur sína. Bókin inniheldur yfir 300 leiki og hugmyndir sem hægt er að grípa til þegar hugmyndaflugið bregst. Til dæmis er að finna fönduruppskriftir og leiki sem hægt er að nota til að róa barnið við bleiuskipti.


















**SILFURGLÖS** „Ekta silfur frá ömmu minni. Hún gaf mér þessi glös þegar ég flutti að heiman. Þau eru eldri en ég en amma sá alltaf um að þau væru vel fægð.“



**KROSS** „Silfurkross sem Amma Regína gaf mér þegar ég útskrifaðist úr fjölmiðlafræði. Amma fékk hann í fermingargjöf.“



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TOPP 10

## ÞORBJÖRG MARINÓSDÓTTIR, 25 ÁRA

### *Rithöfundur og markaðsfulltrúi*

**Þorbjörg, eða Tobba eins og hún er betur þekkt, er uppalin í Kópavogi en bjó eitt ár í Brasilíu sem skiptinemi og þrjú í Bretlandi. Lengst af bjó fjölskyldan hennar í litlu húsi í Vallargerði sem söngkonan Leoncie síðar keypti. Í dag býr hún í Álfaheiði með ýmsum vættum og kann vel við sig, fyrir utan að vera innikróuð af börnum. Grunnskóli fyrir aftan húsið, leikskóli fyrir framan og smíðavöllur á hliðinni. „Ég fæ sjaldan tækifæri til að sofa yfir mig.“**




**JÓLADISKUR** „Þetta er nýi jóladiskur Baggalúts. Ég elska jólin enda eigum við litla systir mín báðar afmæli í desember. Ég byrja yfirleitt að hlusta á jólalög strax í nóvember.“



**BORÐIÐ** Ég valdi fullt af fallegum svarthvítum myndum og prentaði út og límdi á borðið og lakkaði loks yfir.



**MYND** Skemmtilega hallærisleg fjölskyldumynd. Pabbi er sem betur fer ekki með þetta yfirvaraskegg í dag.“



**TÖLVA.** „HP-vinnutölvan mín. Þar gerast töfrarnir. Hún er lítil, krúttleg og ég gæti ekki lifað án hennar.“




**SJÁLFSTÆTT FÓLK** „Eina íslenska bókin sem ég átti á meðan ég bjó í Brasilíu. Ég las hana fjórum sinnum það ár. Maður á jú alltaf að vera að gera eitthvað.“



**SÓLGLERAUGU** „Gömlu lacoste-sólgleraugun hans pabba. Pabbi var alltaf með þau þegar ég var lítil – eitursvalur.“



**HRINGUR** „Uppáhaldshringurinn minn. mamma og ein besta vinkona mín eiga eins. Mamma og pabbi gáfu mér hann í útskriftargjöf.“



**JÓLASVEINN** „Fyrsta jólaskrautið mitt. Mamma keypti hann handa mér í jólatívolíinu í Kaupmannahöfn. Ég elska hvítt og silfrað jólaskraut.“

*það geta allar verið*

# Gordjöss



Dömu jakkar 3 gerðir.
Stærð: S – M – L
Verð: 6.990
Trefill Verð: 2.990



Peysa með kanínuskinni
Stærð: S – M – L
Verð: 9.990
Litir: Grár og svartur.



Svartu kjóll með
skrauti við háls
Stærð: S – M – L
Verð: 7.990



Svartur kjóll
með pífu
Stærð: S – M – L
Verð: 11.990

## Soho Market

Opið 12 – 22
Grensásvegi 16 S. 553-7300



Jakkapeysa með köðlum
Stærð: S – M – L
Verð: 13.990
Litir: Grár og brúnn
Teygjubelti: 2.990



Skyrtukjóll grár með pífum
Stærð: ein stærð
Verð: 7.990
Litir: Grár og svartur.

Trefill: Verð: 2.990
Litir: Svartur, rauður og
grænn



Svartur kjóll með
steinum undi brjósti
Stærð: S – M – L
Verð: 6.990

## Central

Síðumúla 3 Sími 481 2200



Pallíettu samfestingur
Stærð: S – M – L
Verð: 14.990
Litur: svartar pallíettur

## Koko

Laugavegi 83
S. 554-4722







Svartur kjóll bundin í mittið
Stærð: 42 – 56
Verð: 14.860
Litir: Svartur og grár
Hálsmen: 3.990.

## Bella donna

Skeifunni 11
S. 517-6460



Svartur og silfraður kjóll
Stærð: 42-56
Verð: 10.980



Svartur toppur með silfri á öxl
Stærð: 42 – 56
Verð: 9.990
Litur: Svart og rautt
Hálsmen: 3.990

## Kello

Kringlan
S. 568 4900



Hneppt peysa
Verð: 24.990
Litur: Svartur
og bleikur

Pils:
Verð: 22.990
Litur: Svartur



Kjóll
Verð: 29.990
Litir: Svartur
Ermar:

*Kynning*



# HELGARRÁÐIN

**Elísabet Halldórsdóttir og Regína Vaiciunéne, blómaskreytir hjá Blómavali.**



1 Hafið pappír og borða í stíl. Það þarf ekki að vera sami liturinn, en eitthvað sem passar vel saman eins og brúnt og gull, rautt og grænt, rautt og gull. Best er ef annar liturinn er ríkjandi og minna er notað af hinum.

2 Notið borða eða krullubönd, helst hvort tveggja. Þá er gaman að rífa upp krulluböndin og gera svona litlar krullur með. Ekki spara krulluböndin, en hafa frekar 4-6 enda sem eru 30-50 cm langir heldur en tvo mjög langa. Hægt er að rífa krulluböndin með fingrunum eða klippa upp í með skærum.

3 Notið köngla, gervigreni eða annað jólaskraut á pakkann. Þá er líka hægt að sækja sér birkigreinar eða aðrar náttúrulegar greinar sem eru ekki með laufi eða nálum á (slíkt þornar á pakkanum og hrynur af honum).



4 Slaufur er líka hægt að gera með mörgum stuttum bútum (um 10-15 cm, fer þó eftir stærð pakkans). Maður tekur einn bút, klípur um miðju á honum og raðar svo hinum bútunum ofan á. Þegar allir bútarnir eru komnir saman eru þeir settir á bandið sem er komið um pakkann og hnýtt á. Að því loknu er hægt að toga aðeins í og laga til slaufuna. Bútarnir mega gjarnan vera úr mismunandi borðum.

5 Búið til rósir úr borðum og setjið á pakkann. Borðinn er þá tekinn og snúið upp á hann. Snúningnum er svo raðað svo myndist rós. Gott er að hafa 5-7 cm langan enda á borðanum áður en byrjað er, og svo svipað þegar lokið er við rósina. Að lokum er hnýtt við botn rósarinnar og þá er hún tilbúin. Borðinn sem notaður er í rósina má ekki vera mjórri en 5 cm svo hægt sé að gera hana með góðu móti.





**MyRoutes**
Snertiskjár og raddleiðsögn. Götukort af Íslandi og Vestur-Evrópu. MyRoutes möguleikinn gefur þér þrjár mismunandi leiðir til að komast á áfangastað og muninn á þeim.

**TMC**
Tækið lætur vita hvar vegaframkvæmdir eru og velur betri leiðir eftir því (virkar ekki á Íslandi). Tækið tilbúið til notkunar með kortum og öllu.

**Active Lane**
Tækið sýnir nákvæmlega á hvaða akrein þú skalt vera þegar ekið er.

**Point Of Interest**
Sýnir þér áhugaverða staði.



**Navigon 20EASY**
3,5" snertiskjár
VERÐ 19.990
KYNNINGARTILBOÐ



**Navigon 40EASY**
4,3" snertiskjár og Sightseeing möguleiki
VERÐ 24.990
KYNNINGARTILBOÐ



**Navigon 70PLUS**
5,0" snertiskjár og hreyfiskynjari fyrir valmyndir
VERÐ 39.990
KYNNINGARTILBOÐ

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971
**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is
NAVIGON And the world is yours Á ÍSLANDI

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. Snerpa Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



Gjafabréf og gjafapakkningar






Dalvegi 18, Kóp. - Sími 568 6500 - www.fondra.is
Opið 10-18 virka daga, laugardaga 11-16




prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

BYLGJAN 989

# 800 milljarða uppvakningur

**Lífeyrismál**



**Helgi Magnússon**
formaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna

Hann ætlar að verða lífseigur draugurinn, sem einhverjir galdramenn hafa vakið upp, að lífeyrissjóðirnir á Íslandi hafi tapað 800 milljörðum króna í hruninu. Ítrekað er þessi tala notuð og lepur hver upp eftir öðrum og gildir einu hvort á ferðinni eru háskólakennarar, leikmenn eða fjölmiðlafólk.

Hið rétta er að áætlað að tap lífeyrissjóðanna í hruninu hafi numið um 350 milljörðum króna. Ég hygg að flestum þyki það ærið áfall og því ástæðulaust með öllu að ýkja frásögnina með því að klifa á þeirri rangfærslu að tapið hafi numið 800 milljörðum. Unnt er að reikna þetta út með því að skoða upplýsingar á heimasíðum Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Þeim sem vilja fara með rétt mál varðandi þetta er því enginn vandi á höndum.

Starfsfólk og stjórnarmenn íslenskra lífeyrissjóða hafa fengið nóg af ómaklegri gagnrýni á lífeyrissjóðina að undanförnu. Við gerum kröfu um það að rétt sé farið með staðreyndir vegna sjóðanna áður en fólk leyfir sér að draga víðtækar ályktanir með gagnrýnum hætti.

Gleymum því ekki að flest fjármálafyrirtæki landsins hrundu nánast til grunna í hruninu. Lífeyrissjóðirnir fengu högg en þeir eru á góðri leið með að ná fyrri styrk meðan flestir aðrir hafa horfið af sviðinu. Íslenskir lífeyrissjóðir eru nú einhverjar mikilvægustu fjármálastofnanir landsins og sú kjölfesta í almannaeigu sem unnt er að byggja á til framtíðar.

Ekki er gert lítið úr því áfalli að tapa 350 milljörðum króna en stærð íslensku lífeyrissjóðanna er nú að nálgast 1.900 milljarða króna, þar af tæplega þriðjungur í erlendum eignum sem leiðir til nauðsynlegrar áhættudreifingar. Íslendingar búa nú að einu öflugasta lífeyrissjóðakerfi heimsins. Einungis Holland og Sviss státa af álíka öflugum lífeyrissjóðakerfum. Sparnaður í lífeyrissjóðum þessara þriggja ríkja nemur 120-130% af landsframleiðslu þeirra en önnur ríki koma þar langt á eftir. Íslenskir lífeyrissjóðir eru vel reknir og standa t.d. einkar vel að vígi í samanburði OECD-ríkja hvað rekstrarkostnað varðar. Þrátt fyrir hrunið standa þeir sterkir og eflast hratt. Þeir munu geta gegnt lykilhlutverki við endurreisn íslensks atvinnulífs og þjóðlífs ef vel verður haldið á málum og vinnufriður fæst.

> Lífeyrissjóðirnir fengu högg en þeir eru á góðri leið með að ná fyrri styrk.

Við förum fram á að umræða um málefni lífeyrissjóðanna sé vönduð, sanngjörn og studd rökum. Þeir sem vilja gera mikið úr áfalli lífeyrissjóðanna í hruninu verða að láta sér 350 milljarða áfall nægja því 800 milljarða tap varð sem betur fer ekki. Vonandi er sá uppvakningur senn dauður.

**AF NETINU**

## Atvinnulaus með grunnskólanám



Atvinnuleysi hefur minnkað úr 9,3% í 7,7% frá ársbyrjun 2009 en vandinn er ennþá mikill og stærsti einstaki hópur þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá er ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Þar er kynslóðin sem á að erfa landið, 2300 einstaklingar með hæfileika og getu sem þjóðin er ekki að virkja. Það er sláandi að 76% þeirra hafa eingöngu grunnskólanám að baki. Lausnin liggur á borðinu. Við þurfum að bjóða þessum verðmæta hópi nám við hæfi og leggja sérstaka áherslu á verk- og tæknimenntun, því það er á þeim sviðum sem eftirspurnin eftir nýju starfsfólki verður mest á komandi árum.

Pressan.is
**Skúli Helgason**

## Hagnaður en ekki tap



Íbúðalánasjóður hefur hagnast um 10 til 15 milljarða á því að hafa fjárfest tugmilljarða uppgreiðslur lána 2004 og 2005 í þegar lánuðum fasteignalánasöfnum Landsbankans og sparisjóðanna í stað þess að leggja féð inn í Seðlabankann eins og sumir snillingar í stjórnmálastétt töldu rétt að gera á sínum tíma.

Þessari staðreynd hefur lítt verið haldið á lofti í sérkennilegri umræðu um Íbúðalánasjóð að undanförnu. Þvert á móti hafa sumir gagnrýnt Íbúðalánasjóð fyrir að hafa beitt þessari vel heppnuðu fjárstýringu á tímabilinu desember 2004 og fyrstu mánuði ársins 2005 og þannig bjargað sjóðnum frá gjaldþroti í kjölfar áhlaups Kaupþings og annarra banka á sjóðinn.

[...]

Þannig skipti það engu máli efnahagslega á sínum tíma hvort peningarnir hefðu verið lagðir inn í Seðlabankann og þeir færðir þaðan inn í bankakerfið eða hvort peningarnir fóru beint inn í bankakerfið með kaupum Íbúðalánasjóðs á þegar lánuðum, verðtryggðum, fasteignatryggðum langtímalánum bankanna. Hins vegar hefði það kostað Íbúðalánasjóð 10 til 15 milljarða tap að leggja fjármunina inn í Seðlabankann.

blog.eyjan.is/hallurm
**Hallur Magnússon**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**60 HJÖRDÍS GISSURARDÓTTIR** gullsmiður er sextug.
*„Fólk sem skreytir er jákvætt. Það er staðreynd. Maður skreytir hvorki né fegrar ef maður er í vondu skapi.“*



**ALLAR MYNDIR Á VEFINN** Svava Lóa Stefánsdóttir, verkefnastjóri sýninga og safnafræðslu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur, segir ekki sjálfgefið að söfn bjóði opinn aðgang að safnkosti sínum.



Ferðamenn skoða þvottalaugarnar árið 1910.
MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR: OPNAR NÝJAN OG BETRI SAFNVEF

# Hægt að skoða heima í stofu

„Ástæða þess að við setjum nýjan og endurbættan vef í loftið er sú að Ljósmyndasafn Reykjavíkur verður 30 ára á næsta ári,“ útskýrir Svava Lóa Stefánsdóttir, verkefnastjóri sýninga og safnafræðslu á Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

„Við ætlum að halda nokkra viðburði í tilefni þess á afmælisárinu og fá umræðuna upp á yfirborðið um ljósmyndun bæði í fortíð og nútíð,“ bætir hún við en meðal annars mun safnið fjalla um ljósmyndara og ljósmyndasöguna, haldnar verða borðumræður með ljósmyndurum og ljósmyndasöfnin kynnt fyrir almenningi á árinu.

Yfir tuttugu þúsund myndir eru í eigu safnsins en öll myndasöfn safnsins, áttatíu talsins, eru inni á vefnum. Svava Lóa segir það ekki endilega sjálfsagða þjónustu slíkra safna. „Á mörgum söfnum er aðgengi að safnkosti lokað almenningi. Sækja þarf á söfnin sjálf og fá leyfi til að gramsa eða fá starfsfólk til að leita að einhverju fyrir sig. Þetta er okkar leið og auðveldar til dæmis vinnu fræðimanna og nemenda en líka aðgengi almennings sem hefur áhuga á því sem safnið geymir og getur þá skoðað það heima í stofu.“

Margt áhugaverðra mynda af íslensku mannlífi er að finna á vefnum og eitt af því sem safnið kynnir sérstaklega núna er myndaalbúm franskrar fjölskyldu sem stoppaði í tvo daga í Reykjavík árið 1910. Myndirnar gefa skemmtilega innsýn inn í íslenskt þjóðlíf snemma á síðustu öld og hvernig það kom ferðamönnum fyrir sjónir.

„Á þessum tíma var fólki yfirleitt stillt upp fyrir myndatökur í sínu fínasta pússi og vandað til verks. Það var ekki algengt að teknar væru tækifærismyndir og þarna skín raunveruleikinn í gegn. Það er líka áhugavert að sjá að hér var vísir að ferðamannaiðnaði árið 1910. “

Allar myndirnar á vefnum eru til sölu og bæði hægt að fá þær stækkaðar hjá Ljósmyndasafninu eða fá þær sendar í tölvupósti. Slóðin á vef safnsins er www.ljosmyndasafnreykjavikur.is

heida@frettabladid.is

---




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Bragi Friðrik Bjarnason,**
Hlíðartúni 11, Höfn í Hornafirði,

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 14. desember, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn 20. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörgu.

**Aðalheiður Aðalsteinsdóttir**
**Ómar Ingi Bragason** **Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir**
**Ingunn Sigurrós Bragadóttir** **Magnús R. Kristjánsson**
**Bjarni Friðrik Bragason** **Hrönn Þorgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna fráfalls*

**Inga R. Jóhannssonar.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk líknardeildar Landakots.

**Sigþrúður Steffensen**
**og fjölskylda.**

---



†

*Útför*

**Ástu Gísladóttur Kröyer**

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 2. desember hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk lyfjadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir sýnda umhyggju og alúð.

**Birgir Steindórsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**Þórdís Ólafsdóttir,**
Þórufelli 12, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, fimmtudaginn 2. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Benía Bergmann** **Gísli Einarsson**
**Þórdís Gísladóttir**
**Einar Gíslason**
**Anna Katrín Gísladóttir**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og stuðning vegna andláts ástkærs eiginmanns, föður og tengdaföður,*

**Erlings Þráins Jóhannssonar,**
Engjaseli 52, Reykjavík.

Sérstakar þakkir sendum við til lækna og hjúkrunarfólks á 11B og líknardeildinni í Kópavogi.

**Hrafnhildur Hámundardóttir**
**Jóhann Erlingsson** **Lise Tarkiainen**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kristján Júlíus Bjarnason,**
Akurgerði 41, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 20. des. kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Við viljum færa öllu starfsfólki líknardeildar Landspítala – Landakoti, sem annaðist Kristján í veikindum hans af stakri alúð, virðingu og hlýju, okkar hjartans þakkir. Guð blessi ykkur öll.

**Eva Dagbjört Þórðardóttir**
**Ragnheiður Kristjánsdóttir** **Óli Grétar Metúsalemsson**
**Sigurður Þór Kristjánsson** **Steingerður Á. Gísladóttir**
**Bjarni R. Kristjánsson** **Dagný Blöndal**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Garðars Pálssonar,**
fv. skipherra, Fornhaga 15.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki á Hrafnistu í Kópavogi.

**Lilja Jónsdóttir**
**Ásta Garðarsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Helga Garðarsdóttir** **Sigurjón Sindrason**
**Lilja, Kjartan og Halldór Sturlubörn**
**Garðar, Sindri og Eva Sigurjónsbörn**
**og langafabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Jón Haukur Sigurbjörnsson,**
Stekkjargerði 8, Akureyri,

lést sunnudaginn 12. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Halldóra Júlíana Jónsdóttir**
**Haukur Jónsson**
**Sigurbjörn Jónsson**
**Rósa Jónsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdasonur, tengdafaðir og afi,*

**Ragnar Valdimarsson,**
Nýhöfn 5, Garðabæ,

andaðist á heimili sínu, þriðjudaginn 14. desember. Hann verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Vigdís Sigurðardóttir**
**Guðrún Hanna Ragnarsdóttir**
**Ragnar Valdimar Ragnarsson** **Arna Ragnarsdóttir**
**Jónína Hafliðadóttir** **Friðrik Kaldal Ágústsson**
**Berglind Hafliðadóttir** **Einar Geir Jónsson**
**Jónína Þórðardóttir**
**og barnabörn.**

# Nikon D3100

## FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon
At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-
**D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-**




Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er
2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

# I AM YOUR BEST WINTER DEAL

## MEÐ **COOLPIX S3000**
## TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR




Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-
**S3000 Verð 26.995.-**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.**

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skjótur, 6. þys, 8. erta, 9. gerast, 11. sjúkdómur, 12. nafnbætur, 14. kriki, 16. tveir eins, 17. sjáðu, 18. stansa, 20. frá, 21. ferðast.

**LÓÐRÉTT**
**1.** löngun, 3. ung, 4. skilgreina, 5. flan, 7. möttull, 10. skammstöfun, 13. lærir, 15. skúr, 16. hugfólginn, 19. strit.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. snar, 6. ys, 8. ýfa, 9. ske, 11. ms, 12. titla, 14. kverk, 16. kk, 17. sko, 18. æja, 20. af, 21. rata.
**LÓÐRÉTT:** 1. lyst, 3. ný, 4. afmarka, 5. ras, 7. skikkja, 10. etv, 13. les, 15. kofi, 16. kær, 19. at.

# Ástin á tímum kaloríunnar

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Á vefnum bleikt.is, sem helgaður er samskiptum kynjanna, birtist á dögunum viðtal við „einn eftirsóttasta piparsvein landsins“. Þar er hjartaknúsarinn spurður spjörunum úr um ástarlífið og hitt kynið. Þetta er fróðleg lesning og má ráða af samhenginu að svarandinn hefur teygað bikar reynslunnar í botn í þessum efnum.

**ÞAÐ** er ekki erfitt að átta sig á hvers vegna konur í stórum stíl ásælast piparsveininn umrædda; silkimjúkur fagurgalinn er beinlínis ómótstæðilegur. Dæmi: Spurður hvort hann sé eitthvað að deita þessa dagana svarar hann: „Stöðugt. Það er talsverð rannsóknarvinna í gangi; viðtöl og gagnaöflun.“ Þarna skírskotar piparsveinninn til starfs síns sem málafærslumaður til að segja undir rós að hann vaði í „kjéllingum“. Ég er ekki kona, en gott ef ég blotnaði ekki aðeins þegar ég las þetta.

**ÉG** verð hins vegar að játa að ég klóraði mér í hausnum yfir svari piparsveinsins viðspurningunni „hvað kveiki neistann“. „Falleg stúlka sem kemur nakin til manns með kaldan bjór og samloku til að tilkynna að leikurinn í enska boltanum sé byrjaður og spyr hvað maður vilji gera í leikhléi.“

**NÚ** finnst mér ekki slæmt að fá mér bjór endrum og eins og slæ ekki hendinni á móti samloku, þá hún er að mér rétt. En mér finnst eitthvað ankannalegt við tilhugsunina um að láta fallega stúlku norpa berrassaða við hliðina á mér á stofusófanum í 45 mínútur plús viðbótartíma, meðan ég hlusta á Gaupa lýsa fótbolta, graðga í mig samloku og skola henni niður með bjór.

**GEFUM** okkur engu að síður að ég sé til í tuskið í hálfleik, nakta stúlkan reiðubúin að líta framhjá majónesgljáanum í munnvikum mínum og spínatinu á milli tannanna, og við látum til skarar skríða. Sökum ölþambs eru aftur á móti nokkrar líkur á því að ég eigi eftir að ropa í miðjum klíðum svo upp gjósi beikonmettuð bjórstybba. Færi ekki betur á því að kýla vömbina á eftir rekkjubrögðum frekar en á undan?

**SATT** best að segja finnst mér forgangsröðun fantasíunnar frekar til marks um matarfíkn en kynorku. Það er athyglisvert í ljósi þess að piparsveininn er kunnur fyrir að leiðast ekki að sýna stinnan kropp sinn opinberlega við ýmis tækifæri. Viðtalið afhjúpar því á sinn hátt að skemmandi áhrif útlitsdýrkunar vorra tíma eru ekki einvörðungu bundin við konur. Í þessu snaggaralega viðtali hafa bleikt.is og piparsveininn því sagt okkur talsvert meira um hlutskipti kynjanna en þau sjálfsagt lögðu upp með. Takk fyrir það.






## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SONY

make.believe

# Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum

5 ára ábyrgð á Sony BRAVIA sjónvörpum án nokkurs aukakostnaðar!



189.990,-

Aftur komin á lager!

## Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp

KDL-40EX500 40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
„TV Product of the Year 2010" í What HiFi

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- Bravia Internet Video
- USB media player



149.990,-

## Sony BRAVIA 32" LCD sjónvarp

KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi



249.990,-

## Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp

KDL-40EX710
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 95,2 x 61,3 x 7,4cm

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi



279.990,-

## Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp

KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63,5 x 6,4cm 19,2kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Deep Black panel
- Wi-Fi innbyggt þráðlaust net



14.990,-

## Sony DVD spilari

DVP-SR100
Spilar DVD og CD.
Coax digital út.

- Vandaður DVD spilari og region free
- Upscaling úr DVD í háskerpu
- SCART tengi
- MP3, JPEG and DivX afspilun



36.990,-

## Sony myndavél 4 GB fylgja

DSC-W350 m/4GB minniskorti.
14,1 megapixla Cyber-shot.
Einföld, létt og þægileg.

- 26mm víðvinkill
- Háskerpuupptaka
- Carl Zeiss linsa
- 2,7" skjár / hleðslurafhlaða



25.990,-

## Sony iPod vekjaraklukkuvagga

ICF-DS11iP
Vaknaðu við tónlistina úr iPodinum þínum.

- FM/AM útvarp / A og B vekjari
- iPod vagga að framan
- Fjarstýring sem stýrir líka iPodinum
- Stórt letur á klukku

Heill heimur upplifunar í Sony Center - og heitt kaffi á könnunni yfir jólin!

# Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

# menning
menning@frettabladid.is

**ÍSLENSK JÓL Á ENSKU** Dr. Terry Gunnell flytur erindi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands á sunnudag um íslenska jólasiði í aldanna rás, frá heiðnum goðum til hrekkjóttra íslenskra jólasveina. Fyrirlesturinn, sem er á ensku, hefst klukkan 13. Að honum loknum verða léttar veitingar í boði. Allir velkomnir.

Bækur ★★

**Stormurinn – reynslusaga ráðherra**

Björgvin G. Sigurðsson.

## Ef Storm skyldi kalla




Í þessari snöggsoðnu bók segir frá atburðum í kringum Hrunið frá sjónarhóli Björgvins G. Sigurðssonar sem þá var viðskiptaráðherra.

Fyrir þá sem enn hafa ekki fengið að vita nóg um niðurlægingu íslenskrar stjórnsýslu í aðdraganda hrunsins er Stormurinn áhugaverð lesning.

Fróðlegast er að lesa lýsingar Björgvins á samskiptum sínum við Ingibjörgu Sólrúnu, Geir H. Haarde og Davíð Oddsson; þrenninguna sem var allsráðandi í stjórnsýslunni og hélt spilunum svo þétt að sér að Björgvin fékk lítið að vita um stöðu mála í kerfinu sem hann átti að bera ábyrgð á.

Mestur þungi er í uppgjörinu við Ingibjörgu Sólrúnu en Björgvin lætur samþingmann bera vitni um að í þeim samskiptum hafi viðskiptaráðherrann orðið saklaust fórnarlamb hroka og mannfyrirlitningar flokksformannsins. Þessa aðferð notar Björgvin stundum í bókinni til að koma á framfæri því sem hann vill segja en treystir sér ekki til.

Þar skín það í gegn að höfundurinn ætlar sér áframhaldandi hlutverk í pólitíkinni. Pólitíkusinn heldur um of aftur af sér í frásögnum og greiningu á atburðum. Fyrir vikið verður frásögnin oft ágripskennd og flatneskjuleg og lesandinn skynjar að höfundurinn lætur það bíða betri tíma að segja söguna alla.

**Pétur Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Tilþrifalítil bók.







# Eylönd umhverfis eyland

**Eyjarnar umhverfis Ísland eru viðfangsefni Lárusar Karls Ingasonar ljósmyndara í nýútkominni bók hans, Eyjar.**



**LÁRUS KARL INGASON** Hugmyndin að bókinni á rætur að rekja til almanaka sem hann myndskreytti fyrir Eimskip. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lárus Karl hefur gefið út nokkrar ljósmyndabækur sem tengjast náttúru Íslands á einn eða annan hátt. Hugmyndin að ljósmyndabók um eyjar við Ísland er sprottin af samstarfi hans við Eimskip.

„Ég hef unnið fyrir Eimskip allengi og sá meðal annars um að myndskreyta fjögur almanök frá 2003 til 2006 og tók þá loftmyndir af ýmsum stöðum. Í fyrra var ég fenginn til að myndskreyta almanakið aftur og þá var ákveðið að þemað yrði eyjar við Ísland. Eðli málsins samkvæmt rötuðu ekki nema tólf myndir í almanakið. Ég hafði hins vegar tekið myndir af talsvert fleiri eyjum og fannst synd að koma þeim ekki að. Ég ákvað því að bæta úr því og gefa út þessa bók. Kosturinn við þetta form er líka sá að maður kemst nær efninu en í almanaki og getur rýnt meira í myndirnar.“

Lárus Karl veit ekki til þess að sambærileg ljósmyndabók um íslenskar eyjar hafi komið út áður. Í bókinni eru á þriðja tug mynda af eyjum umhverfis landið, ásamt stuttum texta á ensku og íslensku um viðkomandi stað.

„Eyjarnar eru auðvitað miklu fleiri, það er til dæmis hægt að eyða heilli mannsævi í að mynda eyjarnar á Breiðafirði. Ég ákvað hins vegar að fara þessa leið og það gefur auga leið að þá þurfti maður að velja og hafna.“

Spurður hvort hann eigi sér uppáhaldseyju þarf Lárus Karl ekki að hugsa sig lengi um.

„Ég hef ekki komið út í Papey en það situr mjög sterkt í mér að hafa flogið yfir hana. Þetta er staður sem maður man eftir frá því úr barnaskóla, þarna áttu jú munkarnir að hafa numið land. Ég hélt satt best að segja að þetta væri bara sker en þetta er nokkuð mikil eyja.“

Skrúður í mynni Fáskrúðsfjarðar er honum líka kær.

„Ég hafði reyndar komið út í hana áður með félaga mínum og fangaði þar meðal annars minn fyrsta lunda og ber því hlýjar taugar til Skrúðsins.“ **bergsteinn@frettabladid.is**



**PAPEY** Uppáhaldseyja Lárusar Karls.

# Tinna tekur S.L.Á.T.U.R.

Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari leikur ný píanóverk eftir meðlimi í félagsskapanum S.L.Á.T.U.R. í Norræna húsinu á laugardag. Tónlist Sláturmeðlima miðast að útbreiðslu listrænt ágengrar hugmyndafræði og nýsköpun í menningu.

Tinna hefur áður unnið með ýmsum Slátur-meðlimum og flytur á tónleikunum verk frá 2009 og 2010 sem flest voru gerð í samvinnu við Tinnu. Á tónleikunum mun meðal annars heyrast nýtt verk eftir Hallvarð Ásgeirsson, sem er nýkominn úr tónsmíðanámi frá New York; Guðmund Stein Gunnarsson og Jesper Pedersen. Þá flytur Tinna einnig verk eftir Þráin Hjálmarsson, Pál Ivan Pálsson, Inga Garðar Erlendsson, Þorkel Atlason, Gunnar Karel Másson og Áka Ásgeirsson.

Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og er almennt miðaverð 1.500 krónur. Tónleikagestir eru beðnir um að koma ekki með farsíma, boðtæki eða önnur rafeindatæki sem gætu gefið frá sér útvarpsbylgjur. Þá er hefð á jólatónleikum S.L.Á.T.U.R. að klappa ekki, heldur blístra lágt eftir flutning hvers tónverks.



**TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR** Flytur meðal annars verk eftir Hallvarð Ásgeirsson, Guðmund Stein Gunnarsson og Jesper Pedersen. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FLOTTASTA FLÉTTAN

„… skemmtileg aflestrar og Árni fær fullt hús fyrir plottið … fyrsta sagan sem ég les á þessu ári þar sem ég var ekki búin að sjá endinn fyrir!“

INGIBJÖRG RÖGNVALDSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„… geymir … einhverja **óvæntustu og sniðugustu fléttu** sem ég hef lengi séð í bók af þessu tagi.“

ILLUGI JÖKULSSON / DV.IS

★★★★½

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**Tvímælalaust**
**besta sakamálasaga**
**Árna Þórarinssonar**

# RAX í einu útbreiddasta fréttariti Evrópu

Þýska vikuritið Stern leggur 22 síður undir umfjöllun um bók Ragnars Axelssonar ljósmyndara (RAX), Veiðimenn norðursins, í nýjasta tölublaði sínu sem kom út í gær. Stern er í hverri viku prentað í milljón eintökum og er útbreiddasta fréttatímarit þýska málsvæðisins.

Bókin inniheldur myndir sem RAX hefur tekið á norðurhjara heimsins undanfarin 25 ár og sýnir áhrif loftslagsbreytinga á lifnaðarhætti veiðimannasamfélaga.

Ljósmyndarinn kom ekki af fjöllum þegar hann var inntur eftir viðbrögðum, heldur Suðurskautslandinu, þar sem hann tók myndir af mörgæsum og fílaselum. Hann var ekki búinn að sjá ritið þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Já, leggja þeir svona mikið undir þetta? Það er ekki ónýtt að fá svona byr í seglin."

Hann kveðst hafa fengið mikil og sterk viðbrögð við útgáfu bókarinnar, ekki síst erlendis. „Það hafa fjölmargir haft samband við mig, sent mér tölvupóst og þakkað fyrir að vekja athygli á þessu málum."

Í grein Stern eru birtar ófáar myndir úr Veiðimönnum norðursins, eða Die letzten Jäger der Arktis eins og hún nefnist á þýsku, og fjallað um útgáfu hennar. Bókin kom út í október hjá þýska forlaginu Knesebeck í München, einu helsta ljósmynda- og listaverkabókaforlagi Þýskalands, samhliða útgáfu bókarinnar hér á Íslandi og í Bretlandi.

RAX mun árita bókina í Bókabúð Máls og menningar klukkan 15 á morgun og vera til viðtals í bókabúðinni Iðu klukkan 16. Á sunnudag segir hann frá og áritar bækur á sýningunni Veiðimenn norðursins í Gerðarsafni milli klukkan 15 og 17. **- bs**



**RAGNAR AXELSSON** Fjallar um gerð bókarinnar í Gerðubergi á sunnudag.




**ÚR VIKURITINU STERN** Kemur út í milljón eintökum í viku hverri og er útbreiddasta fréttatímaritið á þýska málsvæðinu.







# Svipmynd af gamla Íslandi

Bækur ★★★★

**Gunnar Thoroddsen. Ævisaga**

Guðni Th. Jóhannesson



**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** „Sú mynd sem Guðni birtir af viðfangsefninu gefur lesandanum rými til að mynda sér sína eigin skoðun á Gunnari og samferðamönnum," segir í dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Verkefni Guðna Th. Jóhannessonar við ritun ævisögu Gunnars Thoroddsen er bæði viðamikið og spennandi. Lífshlaup Gunnars Thoroddsen er óvenjulegt og sviptingasamt. Framan af ferlinum virtist hann næstum sjálfsagður leiðtogi Sjálfstæðismanna en eftir að hann gekk gegn forystu flokksins við forsetakosningarnar 1952 varð hann lengst af uppreisnarmaður í flokknum en þó svo vinsæll að forystan varð að taka tillit til hans. Flestar ævisögur fjara út undir ævilok, en það er sannarlega ekki tilfellið með sögu Gunnars. Á síðustu æviárum sínum tókst honum loks að rísa til æðstu metorða í íslenskum stjórnmálum öllum að óvörum og í blóra við eigin flokk.

Gunnar virðist hafa skilið eftir sig óvenju mikið af gögnum, ekki einungis dagbækur og bréf heldur hefur hann einnig skráð og varðveitt minnismiða þar sem hann punktar hjá sér einstök samtöl og umræður á fundum. Guðni notar þetta mikla heimildasafn til að skrifa um Gunnar læsilega og spennandi ævisögu þótt hann falli stundum fyrir freistingu sem er eðlilegt þegar ævisöguritari hefur yfir svo miklum og margvíslegum heimildum að ráða: að láta þær tala um of og jafnvel birta úr þeim langa kafla í stað þess að endursegja og þjappa saman.

Sem sögumaður stendur Guðni með Gunnari að flestu leyti. Hann dregur ekki fjöður yfir galla hans, en þeir eru flestir persónulegir, framan af ævinni er Gunnar drykkfelldur og reynir margoft að koma böndum á drykkjuskap sinn eins og glöggt kemur fram í dagbókum sem Guðni vitnar til. Á hinn bóginn gerir Guðni ekki mikið af því að vekja athygli á göllum Gunnars sem stjórnmálamanns eða gagnrýna framgöngu hans eða ákvarðanir í opinberu lífi. Þetta þarf þó ekki nauðsynlega að vera galli á bókinni. Sú mynd sem Guðni birtir af viðfangsefninu gefur lesandanum rými til að mynda sér sína eigin skoðun á Gunnari og samferðamönnum hans. Ég efast um að þeir sem hafa mótaða skoðun á honum fyrir skipti róttækt um skoðun, en þeir sem ekki eru mótaðir af fortíðinni fá hér tækifæri til að vega og meta ýmislegt í íslenskri stjórnmálasögu.

Gunnar Thoroddsen var borinn til valda og virðist aldrei hafa efast um að hann ætti skilið allar þær vegtyllur sem honum hlotnuðust á ferlinum. Hann var hluti af íslenskri yfirstétt og skammaðist sín greinilega ekkert fyrir það. Sem stjórnmálamaður kann hann að virðast mótsagnakenndur frá sjónarhóli nútímans. Frá unga aldri hefur hann brennandi áhuga á endurbótum á stjórnarskránni sem horfa í lýðræðisátt, en á hinn bóginn er hann fyrirgreiðslupólitíkus og finnst ekkert sjálfsagðara en það að vera kjörinn til ábyrgðarstarfa í stjórnmálum veiti mönnum sjálfkrafa rétt til að hygla vinum sínum og flokksmönnum.

Það er einna magnaðast við bók Guðna hvernig myndin af íslensku samfélagi á eftirstríðsárunum og sjónarhorn forréttindamanna eins og Gunnars teiknast smám saman upp. Gunnar virðist aldrei sjá það kerfi samtryggingar og spillingar sem gekk undir nafninu íslensk stjórnmál utan frá, þvert á móti. Nokkur dæmi um þetta eru í bókinni. Eitt þeirra er þegar Gunnar snöggreiðist þegar hann fær ekki að verða bankastjóri Landsbankans, maður sem aldrei hefur stigið inn í banka nema sem viðskiptavinur! Það skipti hins vegar engu máli í því pólitíska kerfi sem ríkti á Íslandi. Opinberar stöður, hvort sem það voru bankastjórastöður, dómarastöður eða stöður við Háskóla Íslands, gátu hvenær sem er orðið að skiptimynt í stjórnmálum. Guðni afsakar Gunnar gjarnan með því að svona hafi samfélagið verið og að hann hafi hvorki í fyrirgreiðslu né á öðrum sviðum verið verri en aðrir valdamenn. Sem er auðvitað alveg rétt en menn eins og Gunnar nutu ekki bara góðs af þeirri spillingu




sem var límið í íslensku stjórnmálalífi árum og áratugum saman heldur lögðu þeir töluvert á sig við að viðhalda kerfinu.

Þessi hlið á Gunnari og íslensku stjórnmálalífi er það sem varpar helst skugga á Gunnar í sögu hans, að minnsta kosti fyrir þann lesanda sem finnst það ekki dauðasynd að kljúfa Sjálfstæðisflokkinn. Aðrar hliðar Gunnars eru viðkunnanlegri, hann birtist í sögunni sem gæfumaður í einkalífi og hæfileikamaður á mörgum sviðum, í stjórnmálum, tónlist, fræðum og orðlist.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**Niðurstaða:** Ævisaga Gunnars Thoroddsen er glæsileg ævisaga og læsileg. Hún er hliðholl viðfangsefninu en gefur lesandanum tækifæri til að meta og dæma stjórnmálamanninn Gunnar Thoroddsen og samtíma hans á eigin forsendum.

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

# „GRÍÐARLEGA ÁNÆGÐ"

„HÚN KEYRIR ÞETTA ÁRFAM AF GRÍÐARLEGUM KRAFTI … ÉG ER GRÍÐARLEGA ÁNÆGÐ. ÉG VERÐ AÐ TAKA UNDIR MEÐ ÞEIM SEM SEGJA AÐ ÞETTA SÉ BESTA BÓK YRSU."
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni




33% AFSLÁTTUR

ÉG MAN ÞIG
Yrsa Sigurðardóttir
**3.946kr**
ÁÐUR 5.890 KR




**GJAFAKORT NETTÓ**
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

**„Mögnuð – Besta bók Yrsu."**
Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu

★★★★
**„Fær hárin til að rísa."**
Kristjana Guðmundsdóttir, DV

**„Vel byggð saga og hörkuspennandi. Besta bók Yrsu"**
Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILDIR **16. – 19.** DESEMBER

Birt með fyrirvara um prentvillur

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 17. desember**

### → Tónleikar

**12.15 Jólahádegistónleikar Önnu Jónsdóttur** og **Sophie Schoonjans** verða haldnir í dag kl. 12.15, í **Skúlatúni** 2, 6. hæð. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

**16.00** Sýningin **Klingjum inn jólin**, sem sett er upp sem jólamarkaður, er opin í dag í **Kling & Bang galleríi**, á Hverfisgötu 42. Opið er frá 16 til 22.

**19.00 Aðalræðismannsskrifstofa Póllands á Íslandi** býður sigurvegurum Chopin tónlistarkeppninnar að halda tónleika í **Salnum** í dag kl. 19. Þar munu þeir keppendur sem hlutu efstu sætin í þremur greinum keppninnar koma fram. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

**20.30** Hinir árlegu **X-mas tónleikar** fara fram á **Sódómu Reykjavík** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og er aðgangseyrir 977 krónur sem rennur allur óskiptur til Stígamóta.

**21.00** Í kvöld heldur hljómsveitin **Silfurberg** jólatónleika í félagsheimilinu **Ásbyrgi** á Laugarbakka. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er aðgangseyrir 1000 krónur.

**21.00** Útgáfufélagið **Kimi Records** heldur jóla- og útgáfufögnuð í kvöld með tónleikum á **Bakkusi**. Fram koma **The Heavy Experience, Kimono, Miri** (dj sett), **Orphic Oxtra, Prinspóló, Retro Stefson, Reykjavík!, Stafrænn Hákon** og **Sudden Weather Change**. Húsið opnar kl. 21 og hefjast tónleikar kl. 21.30. Frítt inn.

**21.00** Þrjár blússveitir spila ljúfa tóna á **Kaffi Rót** í Tryggvagötu í kvöld. Það eru sveitirnar **Blues Akademian, Mood** og **Síðasti sjens**. Tónleikarnir hefjast kl. 21.

**22.00 Forgotten Lores** og **7berg** verða með tónleika á efri hæð **Faktorý** í kvöld. Húsið opnar kl. 22 og hefjast tónleikar kl. 23. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

### → Opnanir

**18.00 Ólöf Björg Björnsdóttir** opnar sýninguna Nándarnálgun einúlfa í dag milli kl. 18 og 20 í **Kaolin**, í Ingólfsstræti 8. Sýningin er opin á opnunartíma gallerísins kl. 10-22 til jóla og lýkur 11. janúar.

**20.00 Þórður Grímsson** opnar sýninguna **Óráð** í dag milli kl. 20 og 22 í **Kaolin**, í Ingólfsstræti 8. Sýningin er opin á opnunartíma gallerísins kl. 10-22 til jóla og lýkur 11. janúar.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

TJARNARBÍÓ
TÓNLEIKAR KL. 21:00 16. DES
Ólafur Arnalds
SUNNUDAGAR ERU FJÖLSKYLDUDAGAR
Ævintýrið um Augastein 19. DES kl. 13 KL. 13:00
TÓNLEIKAR 19. DES
Seabear KL. 21:00
Gjafabréf á viðburði í Tjarnarbíói
Fæst á tjarnarbio.is, miði.is og í miðasölu Tjarnarbíós
Miðasalan er opin virka daga frá kl. 13-15
Sími: 527 2100
www.tjarnarbio.is
TJARNARBÍÓ Tjarnargötu 12 - 101 Reykjavík

BRÚÐUBÍLLINN 30 ÁRA
Brúðubíllinn
AFMÆLISVEISLAN · TÝNDA EGGIÐ
FÆST Í
HAGKAUP
Eins ferð betra verð

Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.
Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.
Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.
Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

Í gær var Sirkus Íslands
Hver verður í dag?
Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

Aðventuleikur blaðbera
Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.
Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Auddi og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.
Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is
Pósthúsið
Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is



**ÚLFUR ELDJÁRN** Fyrsta sólóplata hans er sjálfstætt afsprengi þriggja samstarfsverkefna; tilraunakennt verk þar sem hann notast meðal annars við miðaldahljóðfæri og trommuvélmenni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gott að geta hvílt heilahvelin

**Skammt er stórra högga á milli hjá Úlfi Eldjárn. Á dögunum kom út annar diskur Apparat Organ Quartet og í dag kemur út fyrsta sólóskífa hans í fullri lengd, Field Recordings: Music from the Ether.**

Platan er sjálfstætt afsprengi samstarfsverkefnis nokkurra norskra og íslenskra listamanna, en hópurinn setti upp leiksýninguna Eterinn í Þjóðleikhúsinu í fyrra, myndlistarsýninguna Innan seilingar í Kling & Bang sama ár og gaf að lokum út bókverkið Manifestations fyrr á þessu ári.

„Þetta er tónlistarhlutinn úr þessu verkefni og stendur sjálfstæður sem slíkur, þess vegna fannst mér ástæða til að gefa hann sérstaklega út,“ segir Úlfur.

Verkið er tilraunakenndara en flest það sem Úlfur hefur gefið út hingað til. Á plötunni gerir hann tilraunir með vélræna hljóðgjafa frá ýmsum tímum og notast meðal annars við miðaldahljóðfærið sinfón, kirkjuorgel, tölvustýrt trommuvélmenni og vélsöngvara (e. vocaloid).

Spurður hvort tilraunamennskan eigi betur við hann en aðrar tónlistartefnur segir hann svo ekki vera.

„Þetta er bara einn angi af mörgum sem ég hef lagt fyrir mig. Þetta var mjög krefjandi plata og kostaði mikla yfirlegu, enda er ég í hátíðlegri stellingum en alla jafna.“

Úlfur vann að plötunni meðfram annarri plötu hljómsveitarinnar Apparat Organ Quartet, Pólýfóníu, sem kom út á dögunum, auk þess sem hann gerði tónlistina við þættina Hlemmavídeó sem sýndir voru á Stöð tvö.

„Ég tók mér hlé frá þessari plötu meðan ég samdi fyrir Hlemmavídeó. Þar er tónlistin í innblásin af bandarískum hasarþáttum frá áttunda áratugnum og það var mjög þakklátt að fara svona yfir í eitthvað allt annað. Það er gott að geta blandað ólíkum stílum saman og hvílt heilahvelin á milli.“

Úlfur kveðst spenntur fyrir því að fylgja útgáfu sólóplötunnar eftir með einhverjum hætti en á eftir að finna flöt á því.

„Ég veit ekki alveg hvernig ég á að láta það ganga upp; margt af því sem ég hef verið að prófa mig áfram með, til dæmis trommuvélmennið, er betra að vinna með í einrúmi í hljóðverinu þar sem maður getur valið og hafnað. Ég þarf hreinlega að þreifa mig áfram með hvort ég geti látið það ganga á tónleikum.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Leiftrandi litir í skammdeginu

Myndlist ★★★★

**Karl Kvaran**

Listasafn Íslands



Karl Kvaran (1924-1989) var einn af okkar öflugustu abstraktmálurum og trúr abstraktlistinni alla tíð, þó var list hans í stöðugri þróun. Verk hans einkennast af sterkum litum, einföldum formum og frábærri teikningu. Viðamikil sýning á list hans stendur nú yfir í Listasafni Íslands og fyllir tvo sali. Hér má sjá verk frá öllum ferli málarans, þróun listar hans frá upphafi allt til endaloka. Einnig hefur verið gefin út fyrsta bókin um list Karls og skrifa þar Arthur C. Danto, sem er einn þekktasti fagurfræðingur samtímans, Ásdís Ólafsdóttir sýningarstjóri og Halldór Björn Runólfsson safnstjóri.

Ásdís Ólafsdóttir valdi á níunda tug verka eftir Karl Kvaran, en á skrá sem Listasafnið hefur gert yfir verk hans eru um fimm hundruð verk. Uppsetning sýningarinnar fer vel með list Karls, Ásdís velur að draga fram syrpukennd vinnubrögð málarans sem auðveldar áhorfandanum að tengjast list hans. Á sýningunni má einnig sjá skemmtilegt viðtal við málarann sem tekið er á vinnustofu hans á áttunda áratugnum. Hér sést vinnulag hans, sú áhersla sem hann lagði á gæði lita og pappírs og nægjusemi listamannsins sem vart getur snúið sér við í þröngum húsakynnum.

Sýningin á verkum Karls er flott sýning frá A til Ö, hér er vel að öllu staðið. Sú spurning vaknar þó hvers vegna Listasafnið velur að sýna verk Karls Kvaran einmitt núna, hvað það er í list hans sem kallast sérstaklega á við samtímann. Í sýningarskrá kemur fram að kynna þurfi verk hans yngri kynslóðum listamanna sem er rétt, langt er um liðið síðan yfirlitssýning var haldin á verkum hans. Hið sama gildir þó einnig um fleiri listamenn. Einnig má segja að list Karls Kvaran sé tímalaus og að vissir þættir í list hans sýni tengingu við strauma og stefnur í málverkinu síðar og jafnvel í dag. Auk þess má ekki gleyma hlutverki safnsins við að birta sýn á íslenska listasögu. Spurningunni er þó ekki fyllilega svarað.

Að þessu sögðu má ekki álykta sem svo að sýningin sé minni fyrir vikið. Hér kemur nefnilega til það sem oft er raunin þegar málverk eiga í hlut; það er tvennt ólíkt að skoða verkin á mynd eða sjá þau augliti til auglitis. Og nú í myrkasta skammdeginu er það hrein upplifun að ganga inn á Listasafn Íslands og mæta sterkum, áræðnum litasamsetningum Karls. Á yfirborðinu eru formin einföld, hrein og tær, teikningin leiftrandi, litirnir óvæntir. Þegar nánar er að gáð býr síðan annað líf í hverju verki, þar sem undirlögin skína í gegn, leit málarans að hinum eina, sanna tóni er efnisgerð þannig að hvert verk er heimur út af fyrir sig. Það er engin spurning að Karl var einn okkar bestu málara og því um að gera að nota einstakt tækifæri og upplifa verk hans augliti til auglitis.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Brýnt erindi listar Karls Kvaran við samtímann er kannski ekki augljóst, en eins og öll góð list eru verk hans tímalaus. Sterkir litir og fimlegt línuspil gera mann agndofa og heimsókn á sýninguna er verulega upplífgandi í skammdeginu.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Fólk
folk@frettabladid.is



**77** **ÁRA GAMLI LARRY KING** stýrði síðasta þættinum af Larry King Live í gærkvöldi eftir að hafa stýrt þættinum í 25 ár. Leikkonan Jenny McCarthy hvatti fólk á Twitter-síðu sinni til að horfa á þáttinn með orðunum: „Ég mun sakna kynþokkafulls afturenda þíns."

## Dexter strax kominn með nýja kærustu

Leikarinn Michael C. Hall, sem hefur slegið í gegn í hlutverki Dexters í samnnefndum sjónvarpsþáttum, tilkynnti nýverið að hann og eiginkona hans, Jennifer Carpenter sem leikur systur Dexters, væru skilin.

Samkvæmt nýjum fréttum mun ástæða skilnaðarins vera innilegt samband Halls við aðra mótleikkonu sína, Juliu Stiles. „Í nýju þáttaröðinni leika Michael og Julia par. Það var greinilegt að það neistaði á milli þeirra alveg frá upphafi. Allir á tökustað urðu varir við það," var haft eftir innanbúðarmanni. Hall og Stiles eiga einnig að hafa eytt hrekkjavökunni saman í New York. „Þau mættu saman í veislu sem haldin var af sameiginlegum vini. Þau voru mjög innileg og það kemur engum á óvart að hjónaband Michaels hafi endað með skilnaði."



**SJARMÖR** Michael C. Hall, sem fer með hlutverk Dexters í samnefndum sjónvarpsþáttum, er orðaður við leikkonuna Juliu Stiles. ORDICPHOTOS/GETTY



**SPURNINGAFLÓÐ** Dr. Gunni stóð fyrir Poppunkts-keppni þar sem spurt var út í íslenska tónlist. FRÉTTABLAÐIÐ ANTON

## Hressandi jólapopp á Haítí

**Jólapopp var haldið á Café Haítí á miðvikudagskvöld. Dr. Gunni hélt spurningakeppni upp úr spilinu Enn meiri Popppunktur, Einar Kárason kynnti bókina Poppkorn og Prinspóló steig á svið.**

Skemmtidagskráin Jólapopp fór fram á Café Haítí á miðvikudagskvöld. Dr. Gunni hélt Popppunkts-spurningakeppni í tilefni af útkomu borðspilsins Enn meiri Popppunktur.

Þar báru þeir Bertel Andrésson, Kristinn Pálsson og Jón Halldór Guðmundsson sigur úr býtum með 29 stig af 30 mögulegum. Bertel og Kristinn hafa báðir tekið þátt í Popppunkti í sjónvarpi sem áhugamenn á móti atvinnumönnum og voru því á heimavelli í spurningakeppninni. Í öðru sæti, með 27 stig, lenti lið skipað Heiðari Inga Svanssyni og Kristrúnu Heiðu Hauksdóttur hjá Forlaginu og Einari Kárasyni rithöfundi. Sigurliðið var leyst út með vinningi sem innihélt Poppunkts-spilið og ljósmyndabókina Poppkorn.

Einar Kárason kynnti einnig bókina Poppkorn, sem er eftir Sigurgeir Sigurjónsson og Einar sjálfan, auk þess sem Prinspóló steig á svið og spilaði nokkur hressandi lög af nýrri plötu sinni.



**ÞRÍR Á HAÍTÍ** Vísis-maðurinn Tinni Sveinsson, sjónvarpsmaðurinn Andri Ólafsson og Tryggvi Ólafsson fyrirsæta mættu á Café Haítí.



**HARPA OG GUÐRÚN** Harpa Sigurðardóttir og Guðrún Ásta Tryggvadóttir voru á meðal gesta.



**TVEIR HRESSIR** Benedikt Þór Sigurðsson og Valdimar Þór Sigurðsson létu sig ekki vanta.



**GÓÐIR GESTIR** Páll Guðmundsson, Jón Ólafur Stefánsson og Björn Teitsson litu við.






## Scarlett og Ryan lengi óhamingjusöm

Scarlett Johansson og Ryan Reynolds litu ekki út fyrir að vera hjón þegar þau skruppu til Sviss í sumar. Þau, sem tilkynntu á þriðjudaginn að þau ætluðu að skilja eftir næstum tveggja ára hjónaband, sýndu hvort öðru lítinn áhuga á ferðalagi sínu. „Það voru engir kossar eða faðmlög og það leit ekki út fyrir að þau hefðu verið gift í jafnstuttan tíma, í tvö ár," sagði heimildarmaður við vefsíðuna RadarOnline.com, og því ljóst að brestir hafa verið í hjónabandinu í einhvern tíma. Annar heimildarmaður segir einnig að þau hafi reynt að láta líta út fyrir að allt væri í lagi á milli þeirra, þegar þau eyddu þakkargjörðarhátíðinni með fjölskyldu leikkonunnar, en hún hafi síðar beðið um skilnað.



**SÝNDU HVORT ÖÐRU LÍTINN ÁHUGA** Scarlett Johansson og Ryan Reynolds sóttu um skilnað á dögunum en hjónabandið hefur verið í molum í lengri tíma.

## Nýr hundur hjá Hilton

Glamúrskvísan Paris Hilton er búin að fá sér nýjan hund. Hundurinn er af tegundinni chihuahua og fékk hún hann í dýraathvarfi í Las Vegas á miðvikudaginn. Hundurinn fær að slást í för með fleiri gæludýrum Hilton, en hún á nú þegar nokkra aðra hunda, hamstur og lítið svín.



**BÆTIR Í SAFNIÐ** Paris Hilton hefur fengið sér nýjan hund og er hann góð viðbót við dýrahópinn sem stúlkan á nú þegar.

# Hugh Grant huggar Liz Hurley

Breska blaðið Daily Mirror greinir frá því í gær að breska fyrirsætan Liz Hurley hafi eignast óvæntan hauk í horni. Á miðvikudaginn hafi fyrrverandi kærasti hennar, Hugh Grant, kíkt í heimsókn og gefið henni nokkur heilræði. Hurley var þá nýbúin að sækja son sinn Damien úr skóla og mun Hugh hafa dvalið á heimili þeirra í hálftíma en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er Hurley skilin við indverskan eiginmann sinn, Arun Nayar.

Rifjað skal upp fyrir þá sem ekki muna svo langt aftur í tímann að Hugh og Hurley voru saman í þrettán ár en skildu árið 2000.

Þótt ástæðan hafi ekki verið gefin upp opinberlega er almennt talið að Hurley hafi ekki getað fyrirgefið Hugh þegar hann var gripinn af lögreglunni í Los Angeles, með allt niðrum sig, í bókstaflegri merkingu, í heitum leik ásamt vændiskonunni Divine Brown. Myndin sem lögreglan tók af Hugh fór eins og eldur í sinu um netið en Divine græddi morðfjár á þessu litla ástarævintýri sínu með breska leikaranum.



**SAMAN Á NÝ** Hugh Grant fór heim til Liz Hurley og huggaði hana á erfiðum tímum.



**GORILLAZ** Nýjasta plata Gorillaz nefnist The Fall og kemur út á jóladag.

# Nafn komið á iPad-plötu

**Breski tónlistarmaðurinn Damon Albarn, forsprakki teiknimyndabandsins Gorillaz, hefur staðfest að væntanleg plata sveitarinnar nefnist The Fall. Platan verður fáanleg ókeypis á jóladag og var tekin upp á iPad-tölvu þegar Albarn var í tónleikaferð um Bandaríkin í október. Þessi jólagjöf hlýtur að vera afar kærkomin fyrir aðdáendur Gorillaz sem eru fjölmargir úti um allan heim. Síðasta plata sveitarinnar, Plastic Beach, kom út fyrr á þessu ári við góðar undirtektir.**



**LÆTUR LEIKARA HEYRA ÞAÐ** Ryan Gosling vill að kollegar sínir fari út á hinn almenna vinnumarkað til að halda sér á jörðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Gosling hjólar í Hollywood

**Leikarinn Ryan Gosling hvetur kollega sína í leikarastéttinni til að fá sér alvöruvinnu með leikarastarfinu. Hann telur að Hollywood væri betur sett ef leikarar tækju sér hvíld frá frægð og frama milli verkefna og færu út á hinn almenna vinnumarkað.**

**Sjálfur tók hann sér pásu og vann við samlokugerð eftir upptökur á myndinni The Notebook en sú mynd skaut honum upp á stjörnuhimininn á sínum tíma. „Fólk vinnur ekki í þessum bransa, það fer í Pilates og notar eiturlyf. Það er ekki í tengslum við raunveruleikann. Ef fólk vissi hvernig hvunndagurinn er væri það hamingjusamara," segir Gosling.**






HORNIÐ
Restaurant
Pizzeria
Gallerí – Café

Jólamatseðill
Humarsúpa kr. 1550.-
Andabringa kr. 3890.-
Gleðileg Jól.
Hafnarstræti 15, sími 551 3340

# Rosalega gott að vera kominn heim

**Söngvarinn Jónsi er kominn heim eftir langa tónleikaferð en hann var að kynna fyrstu sólóplötuna sína, Go. Jónsi og hljómsveit hans spiluðu á 100 tónleikum um heim allan og ljúka frábæru ferðalagi með tónleikum í Laugardalshöllinni 29. desember.**

Söngvarinn Jón Þór Birgisson, betur þekktur sem Jónsi úr Sigur Rós, er kominn heim eftir langa tónleikaferð en hann var að fylgja eftir sinni fyrstu sólóplötu. Platan ber nafnið Go og kom út í apríl en hún hefur fengið frábæra dóma hjá gagnrýnendum. Í gær var tilkynnt að lag Jónsa, Sticks and Stones, kemur til greina fyrir tilnefningu til Óskarsverðlaunanna en lagið er titillag kvikmyndarinnar How to Train Your Dragon.

### Japan stendur upp úr

„Viðtökurnar voru eiginlega ótrúlega góðar. Það vissu samt ekki margir af mér til að byrja með, enda er ég í fyrsta skipti að koma fram undir nafninu Jónsi. Það þekkja miklu fleiri Sigur Rós, svo ég þurfti að fara í aðeins fleiri viðtöl og kynna mig,“ segir söngvarinn.

> Það vissu samt ekki margir af mér til að byrja með, enda er ég í fyrsta skipti að koma fram undir nafninu Jónsi. Það þekkja miklu fleiri Sigur Rós, svo ég þurfti að fara í aðeins fleiri viðtöl og kynna mig.
>
> JÓN ÞÓR BIRGISSON
> TÓNLISTARMAÐUR

Ferðalagið hefur staðið síðan í febrúar en spilað var á 100 tónleikum í flestum heimsálfum. Jónsi segir að það hafi verið gaman að spila alls staðar, en Japan hafi staðið upp úr og uppselt hafi verið á alla tónleikana. „Japanar eru svo kurteisir. Við spiluðum fyrir þá á einhverri hátíð og eftir fyrsta lagið var dauðaþögn. Þeir vissu ekki hvort það ætti að klappa eða ekki, eða hvort það væri yfirhöfuð kurteisi.“

### Fann píanóleikarann í karókí

Jónsi þurfti að setja saman hljómsveit fyrir ferðalagið með stuttum fyrirvara, en hann segir það hafa gengið vonum framar. „Ég vissi af Úlfi Hanssyni bassaleikara og mig langaði að fá hann með mér. Ég fann svo píanóleikarann minn á barnum, en ég gaf mig á tal við hann eftir að við tókum sama lagið í karókí,“ segir Jónsi, en lagið umrædda var Africa með Toto og píanóleikarinn Ólafur Björn Ólafsson. Þorvaldur Þór Þorvaldsson trommuleikari komu svo inn á síðustu stundu.

Kærasti Jónsa, Alex Somers, kemur líka við sögu í hljómsveitinni en hann hjálpaði til við útsetningu Go og spilaði með bandinu á ferðalaginu. Hvernig er að hafa kærastann stöðugt með þér? „Það er bara frábært, enda gerum við allt saman og erum bestu vinir. Það kemur fyrir að við verðum þreyttir hvor á öðrum en það er bara eins og það er.“

### Latur að eðlisfari

Hljómsveitin lagði af stað í ferðalagið í febrúar. „Við fengum ekki marga daga til að æfa okkur áður en lagt var af stað. En þeir voru alveg rosalega duglegir, sem var frekar fínt fyrir mig því ég er ótrúlega latur að eðlisfari og nenni sjaldan að æfa mikið,“ segir Jónsi.

Ferðalögin tóku oft langan tíma og flakkað var á milli heimsálfa og tímabelta. „Þetta tekur svolítið á. Maður er á endalausum ferðalögum og getur hvergi skotið rótum. Það eru ákveðin viðbrigði að ferðast með ókunnugu fólki í eitt ár, en það voru allir þolinmóðir og við sýndum hver öðrum skilning. En mér finnst rosalega gott að vera kominn heim.“

### Sigur Rós í sautján ár

Jónsi spilaði síðast hér á landi með Sigur Rós fyrir tveimur árum en 29. desember ætlar hann að ljúka tónleikaferðalaginu með tónleikum í Laugardalshöllinni. „Ég er orðinn mjög spenntur að spila hér aftur. Það er gaman að koma fram alls staðar, en það er langmesta pressan að spila fyrir framan vini mína og fjölskyldu,“ segir Jónsi, og bætir við að fjölskyldan verði í fremstu röð í Höllinni. „Þau koma og styðja son sinn,“ segir hann og hlær.

Jónsi gefur ekki mikið fyrir þá rándýru tónleika sem tónlistarmenn á Íslandi bjóða landanum upp á nú fyrir jólin. „Ég skil ekkert í þeim Íslendingum sem kaupa sig inn á þessa jólatónleika þar sem miðinn kostar hátt upp í tíu þúsund krónur. Það á frekar að koma á alvöru tónleika þar sem þú færð miklu meira fyrir peninginn,“ segir Jónsi og hlær, en hann lofar frábærum tónleikum.

Spurður um plön fyrir nýja árið, segir Jónsi að hann ætli að sameinast strákunum í Sigur Rós en bandið mun fagna sautján ára afmæli sínu 4. janúar. „Við erum ekki búnir að gera neitt saman í tvö ár, svo við komum alveg ferskir til leiks,“ segir Jónsi, en hann lofar einhverju glænýju frá bandinu.

kristjana@frettabladid.is



**HLAKKAR TIL AÐ SPILA FYRIR ÍSLENDINGA** Jónsi lýkur tónleikaferðalagi sínu 29. desember í Laugardalshöllinni, en hann hefur spilað á 100 tónleikum um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BUBBI MORTHENS
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR 2010 Í HÁSKÓLABÍÓI
UPPSELT
BYLGJAN KYNNIR:
ÁRLEGIR ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR BUBBA MORTHENS VERÐA Í HÁSKÓLABÍÓI ÞANN 23. DESEMBER OG HEFJAST KL. 22.00.
SÉRSTAKUR GESTUR BUBBA ER JÓNAS SIGURÐSSON.
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á PRIME.IS.
prime BYLGJAN 989

## Viðburðaríkt ár

**100**

Jónsi og hljómsveit hans hafa spilað á 100 tónleikum í kjölfar útgáfu breiðskífunnar Go. Tónleikarnir í Höllinni 29. desember verða númer 101 í röðinni.

**300**

Yfir 300 þúsund manns hafa séð bandið á tónleikum í hinum ýmsu heimsálfum.

**3**

Lag Jónsa, Sticks and Stones, er í forvali fyrir Óskarsverðlaunin. Þrír Íslendingar hafa verið tilnefndir til Óskarsverðlauna: Björk Guðmundsdóttir, Friðrik Þór Friðriksson og Rúnar Rúnarsson.



**FRÁBÆR TÓNLEIKASVEIT** Jónsi á Coachella-hátíðinni fyrr á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

**20**

Hópurinn sem unnið hefur að tónleikum Jónsa um allan heim telur tuttugu manns. Með hópnum eru jafnan nokkur tonn af sviðsbúnaði.

**300**

Í kringum 300 þúsund eintök hafa selst af breiðskífunni Go.


BERTONI
ALLRA
SÍÐASTI
SÉNS
Á AÐ KAUPA
HERRAFÖT
MEÐ AFSLÆTTI
FYRIR JÓLIN
Allir sem
versla fara í pott
og gætu unnið þetta
hjól að verðmæti
1.300.000 kr.
25%
afsláttur af
öllum vörum
um helgina og
þú gætir unnið geðveikt
„easy rider" mótorhjól í kaupbæti
Komdu
og
skoðaðu
hjólið
Opið:
Föstudag 10-18,
laugardag 11-18,
sunnudag 13-18
Herra
hafnarfjörður
Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073








**FÓLK ÁRSINS**

**Bret Michaels** fékk verðlaun fyrir þrautseigju ársins, **Sandra Bullock** er kona ársins og **Elin Nordegren** fær verðlaun frá People sem Fyrirmynd ársins. Þá þóttu fréttir af skilnaði Courtney Cox og David Arquette mesta áfallið fyrir lesendur glanstímaritisins.

# Sandra Bullock valin kona ársins og Elin verðlaunuð

**Bandaríska blaðið People hefur tekið saman lista yfir það besta á árinu. Sandra Bullock og Elin Nordegren eru í góðum félagsskap.**

Sandra Bullock var valin kona ársins af lesendum People sem er eitt stærsta glanstímarit Bandaríkjanna. Árið var vissulega stormasamt hjá Bullock og það skiptust á skin og skúrir í lífi hennar. Hún hreppti Óskarinn fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Blind Side en komst skömmu síðar að því að eiginmaður hennar til fimm ára, Jesse James, hafði haldið ítrekað framhjá henni. Hún sótti um skilnað og ættleiddi í kjölfarið stúlkubarnið Louis Bardo.

Lesendur People völdu einnig þann skilnað sem kom þeim mest í opna skjöldu. Og þar var efniviðurinn nægur. Hjónaband Davids Arquette og Courtney Cox þótti hins vegar traust og því voru flestir steinhissa á þeim sambandsslitum. Þessi könnun var reyndar framkvæmd áður en Ryan Reynolds og Scarlett Johansson tilkynntu að þeirra hjónaband væri búið. Sú frétt hefur vakið heimsathygli.

Elin Nordegren var valin sem Fyrirmynd ársins, en hún þótti standast álagið sem varð við skilnað þeirra Tigers Woods af stakri prýði. Lesendum People fannst hún komast í gegnum óviðrið með reisn og nú spókar hún sig á háskólalóð í Flórída með suðurafrískum nemenda. Og á 100 milljónir dollara inni á bankabók.

Kim Kardashian var valin viðskiptajöfur ársins en henni tókst það sem flestar bandarískar raunveruleikastjörnur dreymir um: að breyta ferli sínum í milljón dollara viðskiptaveldi. Baráttumaður ársins reyndist síðan verða Bret Michaels, söngvari Poison, sem sigraðist á alvarlegu heilablóðfalli. „Ég vildi ekki að mín yrði minnst fyrir heilablóðfall, ég vill að mín verði minnst fyrir þrautseigju, ástríðu og ást mína á tónlist,“ sagði Brett á sínum tíma.

freyrgigja@frettabladid.is

Tónlist ★★★

**Orphic Oxtra**

Orphic Oxtra

## Táp og fjör



Stórsveitin Orphic Oxtra hefur vakið töluverða athygli fyrir frammistöðu sína á tónleikum að undanförnu. Hún spilaði meðal annars við góðan orðstír bæði á Aldrei fór ég suður og Iceland Airwaves. Fjórtán meðlimir eru í sveitinni, kontrabassaleikari, trommuleikari, píanó- og harmonikkuleikari, fiðluleikari og svo tíu blásarar sem spila á allt frá pikkolóflautu yfir í horn, túbur og trompeta. Meðlimirnir eiga það sameiginlegt að stunda nám við Tónlistarskóla FÍH eða tónlistardeild Listaháskólans.

Tónlist Orphic er fjörmikil og lifandi gleði- og danstónlist af balkönskum uppruna, en öll lögin eru samin af meðlimum sveitarinnar. Þetta er skemmtileg tónlist og vel framreidd af krökkunum, sem skiptast á að sýna færni sína með sólóum í þessum níu lögum. Lögin eru hvert öðru hressara. Meðlimir Orphic leika sér töluvert með hraða, styrk og kaflaskiptingar og lauma smá djasskenndri innlifun inn á stöku stað. Á heildina litið litrík og upplífgandi plata, þó að svona tónlist sé auðvitað ennþá skemmtilegri á tónleikum.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Fjörmikil og lifandi balkanplata.

# Jólafögnuður Kimi í kvöld

Útgáfufélagið Kimi Records heldur jóla- og útgáfufögnuð í kvöld með tónleikum á Bakkusi. Hljómsveitirnar sem koma fram hafa allar gefið út efni á árinu hjá útgáfunni. Fram koma The Heavy Experience, Kimono, Miri (dj-sett), Orphic Oxtra, Prinspóló, Retro Stefson, Reykjavík!, Stafrænn Hákon og Sudden Weather Change. Húsið opnar kl. 21 og tónleikarnir hefjast hálftíma síðar. Kimi Records verður með plötur hljómsveitanna til sölu á staðnum á góðu verði ásamt öðrum varningi tengdum hljómsveitunum.

Kimi Records hefur á árinu gefið út tíu breiðskífur, tvær stuttskífur og tvær smáskífur sem hafa fengið góðar viðtökur. Einnig hefur undirfélag Kimi, Brak hljómplötur, gefið út níu plötur. Á nýju ári eru margar útgáfur fram undan hjá Kimi, þar á meðal nýjar plötur með Sin Fang, Sudden Weather Change og Reykjavík!

# Jólagjöfina færðu í Body Shop



Askja með “Love etc...“-ilmvatni og -sturtusápu **3290 kr.**



Kassi með “White musk sport“-herrasnyrtivörum **5490 kr.**



Kassi með “Shea“-dekurvörum **3990 kr.**



Kassi með “Strawberry“-dekurvörum **4990 kr.**



Kassi með “Coconut“-dekurvörum **4990 kr.**



Glæsilegur kassi með jóla-ilmandi dekurvörum **5990 kr.**



Farðaburstar í fallegri buddu **4990 kr.**



Askja með nokkrum augnskuggum í **3280 kr.**



E-vítamín-andlitsvörur í öskju **3990 kr.**



“Of a man“-herrasnyrtivörur í öskju **2990 kr.**



Kassi með “Coconut“-dekurvörum **3990 kr.**



Gott í skóinn! 5 dýrasápur saman í poka **1090 kr.**



Gjafakubbur með dekurvörum **1490 kr.**

Gjafakubbur með dekurvörum **1090 kr.**



THE BODY SHOP

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

# Nicole bauð Paris ekki í brúðkaupið



Nicole Richie bauð fyrrverandi bestu vinkonu sinni, glamúrdrottningunni Paris Hilton, ekki í brúðkaup sitt og Joel Madden á laugardaginn. „Við vildum fagna áfanganum með fólkinu sem við elskum og þykjum vænt um,“ sagði Richie í viðtali við erlent slúðurtímarit.

Stöllurnar kynntust á leikskóla og voru óaðskiljanlegar um langt skeið. Þær léku í raunveruleikaþættinum The Simple Life, þar sem þær þurftu að segja skilið við glamúrlífið og flytja inn til venjulegra fjölskyldna og vinna við hversdagsleg störf.

Nicole og Paris greindu aldrei almennilega frá því hvað hefði komið upp á milli þeirra og sögðu að þær hefðu einfaldlega hætt að vera vinkonur.

**EKKI LENGUR BESTU VINKONUR** Nicole Richie bauð Paris Hilton ekki í brúðkaup sitt á laugardaginn.

# Féll fyrir öðrum vandræðapésa

Leikkonan Denise Richards hefur farið á nokkur stefnumót með bassaleikara hljómsveitarinnar Mötley Crue, Nikki Sixx. Richards var áður gift vandræðapésanum Charlie Sheen og á með honum tvær dætur, Sam og Lolu.

Richards og Sixx hafa búið í sama hverfi í nokkur ár og þekkjast því ágætlega að sögn heimildarmanna. „Þau hafa þekkst í nokkurn tíma. Þau eiga margt sameiginlegt en ætla að taka þessu með ró og eru ekki að ana út í eitt eða neitt,“ sagði heimildarmaður í samtali við tímaritið US Weekly.

Parið sást borða morgunverð saman á kaffihúsi í Kaliforníu og virtist fara mjög vel á með þeim. „Nikki sagði sögur og Denise hló mikið að því sem hann sagði,“ var haft eftir sjónarvotti. Richards virðist laðast að vandræðapésum og rokkstjörnum því fyrrverandi eiginmaður hennar, Sheen, hefur lengi glímt við fíkniefnavanda og Sixx er fyrrverandi heróínfíkill og þekktur fyrir ýmis skammarstrik.



**ÁSTFANGIN** Denise Richards sást snæða morgunmat með rokkaranum Nikki Sixx um daginn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tveir góðir saman

Tónlistarmaðurinn Beck stjórnaði upptökum á nýjustu sólóplötu Thurstons Moore, forsprakka rokksveitarinnar Sonic Youth. Platan nefnist Benediction og kemur út á vegum Matador á næsta ári. Beck syngur einnig og spilar á plötunni auk þess sem fiðlu- og hörpuleikarar koma við sögu.

Meðan á upptökunum stóð dvöldu Moore og hljóðfæraleikarar hans heima hjá Mike D úr rappsveitinni Beastie Boys.

Beck og Moore hafa verið góðir vinir lengi og unnið saman að ýmsum verkefnum. Stutt er síðan Moore aðstoðaði Beck í útgáfu hans af lagi Yanni, Live at the Acropolis.



**BECK** Stjórnaði upptökum á nýjustu sólóplötu Thurstons Moore.


ALÞJÓÐLEG METSÖLUBÓK

„Lipurlega skrifuð spennusaga sem nýtir sér höfundarverk Tolkiens á snjallan hátt. Góð persónusköpun og Íslandi eftir hrunið lýst með glöggu gestsauga.“

Ármann Jakobsson

„Glæsilega gert, Michael Ridpath ... frábært samband af morðgátu, goðsögn og nútímaglæpum.“

The Times

50% AFSLÁTTUR




TILBOÐSVERÐ
2.850 kr.
*Fyrra verð: 5.690
GILDIR AÐEINS Í DAG
Á meðan birgðir endast

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

Opið til 22:00 öll kvöld




**Á GÓÐRI STUNDU** Vladimír Pútín sést hér heilsa fimleikastjörnunni og meintri ástkonu sinni, Alinu Kabajevu. Forsætisráðherrann hefur verið kvæntur í 27 ár eða jafnmörg ár og Kabajeva hefur lifað. NORDICPHOTOS/AFP

# Meint ástkona Pútíns verður forsíðustúlka Vogue

**Nýráðinn ritstjóri rússnesku útgáfu tískuritsins Vogue ætlar að hefja ferilinn með stæl. Forsíðufyrirsæta fyrsta heftis ársins 2011 er Alina Kabajeva en hún er sögð ástkona forsætisráðherra Rússlands, Vladimírs Pútín.**

Þegar forsíðan á janúarútgáfu rússneska Vogue lak á netið tóku Rússar andköf þegar þeir sáu hver var forsíðustúlka tískuritsins. Hin 27 ára gamla Alina Kabajeva er þekkt fimleikastjarna í Rússlandi en ein heitasta slúðursaga þar í landi er meint ástarsamband hennar og Vladimírs Pútín forsætisráðherra. Einnig er talið að hann sé faðir tveggja ára gamals sonar hennar.

Alina Kabajeva hefur verið sigursæl í fimleikum og á tvær medalíur frá Ólympíuleikunum, átján úr heimsmeistaramótum og 25 úr Evrópukeppnum. Það sem fyrst kveikti í slúðrinu var þegar Pútín bað um sérstakan einkafund með dömunni árið 2000 eftir að hún hafði misst fyrsta sætið á Ólympíuleikunum í Sidney úr höndum sér. Pútín vildi hughreysta hana.

Nýr ritstjóri Vogue, Viktoría Davídova, ræðst því ekki á garðinn þar sem hann er lægstur með val sitt á forsíðufyrirsætu en Pútín er ekki þekktur fyrir að hafa mikla þolinmæði gagnvart fréttaumfjöllun sem er ekki honum í hag. Fyrir tveimur árum birti slúðurblaðið Moskovsky Korrespondent forsíðufrétt um að Pútín hygðist skilja við eiginkonu sína til 27 ára og ganga að eiga fimleikadrottninguna. Skemmst er frá því að segja að blaðið lagði upp laupana strax daginn eftir. Það er því mál manna í Rússlandi að ritstjóri Vogue eigi að stíga varlega til jarðar og að þessi ákvörðun gæti orðið henni að falli. Það verður fróðlegt að sjá hvað framtíð rússneska Vogue ber í skauti sér. alfrun@frettabladid.is




**UMDEILD FORSÍÐA** Forsíða janúarheftis rússneska Vogue er óneitanlega glæsileg en það er val blaðsins á forsíðufyrirsætu sem vekur einna mesta athygli.

# Prestar og aðrir púkar

Bíó ★★★★

**The Last Exorcism**

Leikstjóri: Daniel Stamm

**Aðalhlutverk:** Patrick Fabian, Ashley Bell, Louis Herthum, Iris Bahr, Caleb Landry Jones.



Cotton Marcus er prestur fyrir peninginn eingöngu. Í gamla daga var hann einlægur þjónn Drottins en í dag er hann kaldhæðinn og efins. The Last Exorcism er „falsheimildarmynd“ (mockumentary) um þennan óvenjulega prest sem fær bón um að særa illan anda úr táningsstúlku. Hann tekur tveggja manna kvikmyndatökulið með sér sem mun fylgjast með því hvað raunverulega fer fram þegar illir andar eru reknir úr fólki.

Það er gaman að geta sagt það um leikara í hrollvekju að þeir séu frábærir, því oftast eru þeir það ekki. Aðalleikarinn Patrick Fabian er sérstaklega góður og ég vonast til þess að sjá meira af honum hið fyrsta. Hin unga Ashley Bell er einnig fantagóð, og aldrei er það alveg ljóst hvort stúlkan er andsetin eða veik á geði. Þessa óvissu skapar hún virkilega vel.

Leikstjórinn Eli Roth er titlaður meðframleiðandi myndarinnar, en líkt og margir aðrir tengi ég nafn hans ævinlega við mikinn óhugnað og ofbeldi. The Last Exorcism notar ofbeldið sparlega og er í raun ekki sú hrollvekja sem auglýsingaherferð myndarinnar gefur til kynna heldur nokkuð lúmsk háðsádeila á bandaríska ofsakristni. Andsetnir unglingar eru nefnilega ekki nærri því jafn óhuggulegir og sértrúarsöfnuðir, og kvikmyndin spilar með þann ótta frekar en að fara offari í blóðsúthellingum.

Ég var hæstánægður með myndina og tel hana eina af betri hrollvekjum ársins. Viljir þú öskra af hræðslu er The Last Exorcism samt líklega ekki fyrir þig. Hræðslumáttur hennar er annar og öðruvísi.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Flott og öðruvísi mynd fyrir þá sem nenna.


mediline+
• Hægt að breyta stífleika dýnu
• Þarf ekki að snúa
• Lagar sig fullkomnlega að líkamanum
• Styður þétt við bak og mjóhrygg
• Hægt að taka dýnuver af og þvo
• Möguleiki á tveimur mismunandi stífleikum í sömu dýnunni
mediline+
heilsurúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 122.880
Innifalið: Heilsudýna, botn og lappir.
Gæða rúm á góðu verði
LYSTADÚN
Marco
í 60 ár
Ella rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 190.720
Innifalið: Rúm, náttborð, mediline+ heilsudýna.
Stillanlegt Liam rúm 160 x 200 cm
Jólatilboð
Verð frá kr. 362.670
Innifalið: Rúm, náttborð, bluconfort rafmangsbotn og mediline+ heilsudýna.
Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði
MasterCard
VISA
Frábærar Jólagjafir
Hrúgöld
Jólatilboð verð frá kr. 18.144
Heilsukoddi og 100% hrein andadúnsæng 140x200 cm
Jólatilboð kr. 29.900
Moltex
Rúmteppi og púðar, mikið úrval
20% afsláttur til jóla
Satin og Damask
Sængurverasett mikið úrval og margir litir
Jólatilboð, verð frá kr. 7.920
Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504
Opnunartími: Mán-fös 10-18 og laug 11-16



**HÆTTUR AÐ DREKKA** David Arquette missti tök á áfengisneyslunni eftir skilnaðinn. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hallar sér að flöskunni

**Leikarinn David Arquette viðurkennir að hafa drekkt sorgum sínum í áfengi eftir að hann skildi við eiginkonu sína og leikkonuna Courtney Cox. Þetta kom fram í viðtali við hinn þekkta útvarpsmann Howard Stern en Arquette vildi ekki fara út í smáatriði en sagði að hann hefði þurft að leita sér hjálpar vegna áfengisnotkunar.**

**„Ég er búinn að missa tökin á drykkjunni og hef ákveðið að hætta að drekka um tíma," segir Arquette en hann hefur sést oft úti að skemmta sér eftir að hann skildi. Cox hefur aftur á móti verið heima og sinnt sex ára dóttur þeirra.**

# George Michael í ameríska X-Factor

**Hin ofurskakka poppstjarna George Michael verður einn af þremur dómurum í amerísku útgáfunni af X-Factor. Keppnin um hæfileikaríkasta Ameríkanann verður því hörð á næsta ári.**

Samkvæmt breska götublaðinu The Sun verður George Michael einn af þremur aðaldómurum í bandaríska X-Factor en keppnin hefur notið gríðarlegra vinsælda í Bretlandi. The Sun greinir jafnframt frá því að Michael þurfi núna að útvega sér réttu pappírana og það gæti tekið einhvern tíma þar sem hann hefur ítrekað verið handtekinn fyrir gáleysislegan akstur undir áhrifum kannabisefna. Og skemmst er að minnast þess þegar Michael var handtekinn á almenningsklósetti í Los Angeles fyrir tólf árum.

X-Factor er hugarfóstur hins skelegga Simons Cowell sem hefur yfirgefið bandaríska Idol-skipið og stjórnar nýrri stjörnuleit. Eins og einhverjir Íslendingar kunna að muna þá er X-Factor-leikurinn eilítið öðruvísi en Idol-ið, engin aldurstakmörk eru og keppnin er opin einstaklingum sem söngflokkum.

Cowell hefur þegar fengið söngfuglinn Cheryl Cole úr Girls Aloud til að fylgja honum vestur um haf en hún er kannski þekkust hér á landi fyrir að vera fyrrverandi eiginkona landsliðsbakvarðarins Ashley Cole. Samkvæmt The Sun hefur Cowell í hyggju að hafa þungavigtarmenn í dómnefndinni hverju sinni og hefur meðal annars rætt við Mick Jagger, forsprakka The Rolling Stones, og Noel Gallagher, höfuðsmið Oasis. Cowell hyggst vinna sjónvarpsstríðið sem búast má við að ríki milli Idol og X-Factor þótt þættirnir verði sýndir á sömu sjónvarpsstöðinni.

Framleiðendur Idol hafa hins vegar ekki lagt árar í bát þótt Cowell hafi horfið á braut. Leitin hefur enda verið vinsælasta sjónvarpsefni Bandaríkjanna undanfarin ár þótt hæfileikar keppenda séu, að margra mati, ekki eins miklir og í fyrri keppnum. Til að reyna að sporna við hruni fengu aðstandendurnir Steven Tyler, forsprakka Aerosmith, til að setjast í dómnefndina með Randy Jackson og bættu síðan um betur með Jennifer Lopez.

Íslenskir áhugamenn um ameríska stjörnuleit mega því eiga von á góðu á næsta ári því Stöð 2 hefur tryggt sér sýningarréttinn á X-Factor að sögn Pálma Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Stöðvar 2, en stöðin hefur undanfarin ár sýnt frá Idol og mun halda því áfram.

freyrgigja@frettabladid.is



**SAFNAR LIÐI**

Simon Cowell safnar liði fyrir útrás sína til Ameríku og hefur fengið George Michael til að sitja í dómnefnd X-Factor, segir í breska blaðinu The Sun. Cowell mun etja kappi við stjörnumprýdda dómnefnd Idolsins en þar hafa tekið sér sæti þau Steven Tyler og Jennifer Lopez auk þess sem Randy Jackson verður á sínum stað.




# Þögull sem gröfin

Óskarverðlaunahafinn Kevin Spacey hefur ávallt neitað að ræða kynhneigð sína opinberlega og það hefur ekki breyst með árunum. Í viðtali við vefritið The Daily Beast er Spacey spurður út í kynhneigð sína og líkt og áður neitaði leikarinn að svara.

„Þótt ég hafi búið í Englandi undanfarin sjö ár er ég enn þá bandarískur ríkisborgari og hef því fullan rétt á að halda mínum einkamálum frá fjölmiðlum. Fólk lifir lífi sínu á sinn hátt og ég hef kosið að lifa mínu lífi fjarri vökulu auga fjölmiðlanna. Þótt ég vilji ekki að fólk ræði kynhneigð mína á opinberum vettvangi þýðir það ekki að ég lifi í einhvers konar lygi,“ sagði leikarinn.



**ÞEGIR** Kevin Spacey hefur aldrei viljað tjá sig um kynhneigð sína opinberlega. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kallar Gibson kynþáttahatara

Leikkonan Winona Ryder hefur slegið í gegn í hlutverki sínu sem ballettdansmær í kvikmyndinni The Black Swan. Hún hefur verið dugleg að kynna myndina undanfarið og veitt mörg skemmtilegt viðtöl. Í nýlegu viðtali við tímaritið GQ segir Ryder frá því þegar hún hitti leikarann Mel Gibson í veislu í Hollywood.

„Þetta var fyrir fimmtán árum í einum af þessum stóru Hollywoodveislum og hann var mjög drukkinn. Ég var með vini mínum, sem er samkynhneigður, og Mel sagði mjög andstyggilegan brandara um homma. Hann komst svo að því að ég væri gyðingur og sagði mig hafa „sloppið naumlega frá ofninum“ en ég skildi ekki við hvað hann átti við þá. Þetta var allt mjög undarlegt og ég hugsaði með mér: „Hann er hommafælinn kynþáttahatari,“ en enginn trúði mér,“ sagði leikkonan. Í sama viðtali segist hún alls óhrædd við að eldast, það eina sem hún óttist er að hún verði brátt of gömul til að eignast börn á náttúrulegan hátt.



**SLÚÐRAR** Winona Ryder segist hafa hitt Mel Gibson í veislu fyrir mörgum árum og þótt hann dónalegur bæði gagnvart henni og vini hennar. NORDICPHOTOS/GETTY



**TVÖFÖLD HAMINGJA** Mariah Carey og eiginmaður hennar, Nick Cannon, eiga von á tvíburum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Á von á tvíburum

**Söngkonan Mariah Carey og eiginmaður hennar, útvarpsmaðurinn og grínistinn Nick Cannon, eiga von á tvíburum.**

**Cannon sagði hlustendum sínum gleðifréttirnar í útvarpsþætti sínum í gærmorgun. „Ef ég og eiginkona mín eigum að geta lifað lífi okkar í friði verð ég að vera hreinskilinn við ykkur, aðdáendur okkar. Ég hef ekki einu sinni sagt eiginkonu minni frá því að ég ætli að gera fréttirnar opinberar. Hún mun örugglega öskra svolítið á mig þegar ég kem heim,“ sagði Cannon áður en hann tilkynnti að hann og Carey ættu von á tvíburum.**

# Miley alveg pollróleg

Myndband sem sýnir Miley Cyrus reykja ofskynjunarplöntuna salvíu hefur vakið gríðarlega hörð viðbrögð í Bandaríkjunum. Bandarískir fjölmiðlar hafa margtuggið upp fréttina og meðal annars fengið viðbrögð frá föður Cyrus, sem er allt annað en ánægður.

Samkvæmt nýjustu fréttum pælir Miley Cyrus sjálf lítið í fréttaflutningnum og segir þetta minnsta mál. Fréttavefurinn TMZ birtir viðtal við vinkonu Cyrus sem segir stjörnuna vera alveg sama um veseniið. „Hún er að leika í nýrri mynd og vill lifa lífinu,“ segir hún. Cyrus er stödd í New Orleans þar sem hún leikur í myndinni So Undercover.



**LIFIR LÍFINU** Miley Cyrus er alveg sama um hneykslan almennings.



TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS













SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 4 - 5:30 - 8:30 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 | VIP |
| DUE DATE | kl. 8 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D ísl tal | kl. 6 | L |
| MEGAMIND-3D enskt tal | kl. 8 - 10 | L |
| HARRY POTTER | kl. 6 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 9 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D ísl. tal | kl. 5.40 | L |
| MEGAMIND-3D enskt tal textalaust | kl. 8 og 11 | L |
| NARNIA-3D | kl. 5, 8 og 10.30 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 og 8 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 8 og 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D ísl. tal | kl. 5.40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| MEGAMIND-3D M/ ensku. Tali | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 10:10 | 10 |
| THE JONESES | kl. 8 | 12 |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 | 10 |
| RED | kl. 10:40 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI! 5%




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| MEGAMIND 3D ENSKT TAL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| NARNIA 3 3D | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| NARNIA 3 3D LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 10.10 | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 3.50 | L |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 5.50 - 8 | 12 |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 6 - 9 | 7 |
| FASTER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| AGORA | KL. 6 - 9 | 14 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 6 | L |
| UNSTOPPABLE | KL. 10.10 | L |
| EASY A | KL. 6 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 | L |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| NARNIA 3 3D | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| UNSTOPPABLE | kl. 8 | 12 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | kl. 10 | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 5.45 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á
midi.is
facebook/smarabio • Sími 564 0000

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND 3D - ISL TAL | 4 og 6 | L |
| MEGAMIND 3D - ENS TAL | 8 og 10 - ÓTEXTUÐ | L |
| NARNIA 3D | 5 | 7 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 8 | 16 |
| THE NEXT THREE DAYS | 5.40, 8 og 10.30 | 12 |
| NIKO OG LEIÐINN TIL STJARNANNA | 3.50 - ISL TAL | L |
| JACKASS 3D | 10 - ÓTEXTUÐ | 12 |




**SEABEAR** Hljómsveitin heldur síðustu tónleika sína á árinu í Tjarnarbíói á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Níutíu tónleikar á einu ári

**Sóley Stefánsdóttir og félagar í hljómsveitinni Seabear lentu í ýmsum ævintýrum á tónleikaferðalögum sínum á árinu. Þau hittu meðal annars hjón sem kváðust hafa gift sig við tóna sveitarinnar.**

Hljómsveitin Seabear heldur sína nítugustu og síðustu tónleika á árinu í Tjarnarbíói á sunnudagskvöld. Sveitin hefur spilað vítt og breitt um Evrópu og Bandaríkjunum síðan platan We Built A Fire kom út í mars. Hún fékk meðal annars fjórar stjörnur í tímaritinu Q.

„Þetta er svolítið brjálæði þegar maður hugsar út í það,“ segir Sóley Stefánsdóttur um tónleikaferðina sem lauk fyrir nokkrum vikum. „Þetta tekur rosalega á. Maður fer út í tvær vikur til að keyra á fullu og spila. Svo kemur maður heim og þarf allt í einu að fara að lifa eðlilegu lífi. En ég myndi ekki vilja skipta á þessu og einhverju öðru.“

Seabear spilaði síðast í Póllandi og voru það fyrstu tónleikar sveitarinnar þar. „Það var svolítið öðruvísi og annað en ég bjóst við. Pólverjarnir tóku okkur eins og rokkstjörnum. Þeir elska íslenska tónlist.“

Sóley minnist einnig hjóna sem þau hittu á tónleikum í Salt Lake City í Bandaríkjunum. Þau sögðust hafa gift sig við lag Seabear, I Sing I Swim, enda hljómaði lagið á fyrsta stefnumóti þeirra. „Þau stóðu fremst og grétu,“ segir Sóley sem var mjög undrandi yfir þessari uppákomu.

Fram undan hjá Seabear eru lagasmíðar vegna nýrrar plötu sem þau vonast til að gefa út 2012. Á næsta ári ætlar forsprakkinn Sindri einnig að gefa út nýja sólóplötu í mars og Sóley er sömuleiðis að undirbúa sólóplötu.

Tónleikarnir á sunnudag hefjast klukkan 21 og kostar 2.000 kr. inn. Forsala miða fer fram í Tjarnarbíói frá 13 til 15 og á Midi.is.

freyr@frettabladid.is

# Tíu íslenskar plötur í lokaúrtak

Tíu íslenskar plötur hafa verið valdar í lokaúrtak af þeim 25 plötum sem voru tilnefndar til Norrænu tónlistarverðlaunanna. Flytjendurnir tíu sem um ræðir eru Bloodgroup, Kimono, Seabear, Hjaltalín, Ólöf Arnalds, Jónsi, Agent Fresco, Retro Stefson, Jónas Sigurðsson og Nolo.

Efsta platan úr þessum hópi verður síðan sjálfkrafa tilnefnd til verðlaunanna. Saman munu blaðamaðurinn Arnar Eggert Thoroddsen, sem hefur umsjón með íslensku tilnefningunum, og kollegar hans af Norðurlöndunum velja hinar sjö plöturnar af þeim tólf sem komast í norræna lokavalið, sem alþjóðleg dómnefnd hefur umsjón með. Tilkynnt verður um plöturnar tólf hinn 5. janúar næstkomandi.



**BLOODGROUP** Hljómsveitin Bloodgroup komst í gegnum niðurskurðinn og á eina af plötunum tíu sem eru tilnefndar til verðlaunanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Auk Arnars stóðu fimm íslenskir tónlistarspekúlantar að valinu á tilnefndu plötunum 25. Þær komu út á tímabilinu 22. nóvember í fyrra til 22. nóvember í ár. Það voru síðan fimmtíu íslenskir tónlistarspekúlantar sem tóku þátt í valinu á bestu íslensku plötunni.

Hugmyndin á bak við tónlistarverðlaunin er að búa til hliðstæðu við Mercury-verðlaunin í Bretlandi þar sem eru valdar plötur út frá innihaldi frekar en vinsældum. Verðlaunin verða afhent á norsku tónlistarhátíðinni by:Larm 18. febrúar á næsta ári. Nánari upplýsingar um verðlaunahátíðina og tilnefndar plötur annarra landa má finna á síðunni Nordicmusicprize.com.

BÍÓ ★ PARADÍS
CAFÉ

| | |
|---|---|
| RARE EXPORTS(12) | 18:10, 20:10, 22:10 |
| THE KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 21:30 |
| MY LEFT FOOT(L) | 20:20 |
| THE FISHER KING(16) | 22:40 |
| THE SOCIAL NETWORK(L) | 22:20 |
| GNARR(L) | 20:30 |
| ÓRÓI(L) | 18:20 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur










MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR



Ný sending af VITA
Silvia kr. 14.980.-*
Luna kr. 9.980.-*
Pagoda kr. 9.980.-*
Alba kr. 11.980.-*
Gaia kr. 5.980.-*
Cappa kr. 5.980.-*
Folia kr. 9.980.-*
Filippa 6.980.-*
Lightbrown sand
Midnight grey
Pitch black
Aukalitir
Silvia kr. 7.990.-
Luna kr. 4.980.-
Pagoda kr. 4.980.-
Alba kr. 5.990.-
* verð án upphengi
Lightbrown sand
Midnight grey
Pitch black
Opið:
Mánudag til föstudag frá kl. 10 - 18
Laugardag frá kl. 11 - 16
Sunnudag frá kl. 12 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

# sport

sport@frettabladid.is

27 DAGAR

**ÁRIÐ 1946** var Alþjóða handknattleikssambandið, IHF, stofnað. Á þeim tíma var útihandbolti mjög vinsæll og þá var leikið með ellefu menn í hvoru liði rétt eins og í knattspyrnu. Innihandbolti með sjö í liði var þá að vinna á og hafði að lokum betur. Í úrslitaleik HM utanhúss árið 1955 mættu 50 þúsund manns til að fylgjast með.

## ÚRSLIT

*IE-deild karla:*

**Snæfell-KR 94-80**

Stig Snæfells: Pálmi Freyr Sigurgeirsson 28 (5 fráköst, 5 stoðsendingar), Sean Burton 21 (8 stoðsendingar), Ryan Amoroso 15 (11 fráköst), Emil Þór Jóhansson 13 (6 stoðsendingar), Jón Ólafur Jónsson 7 (6 fráköst, 5 stoðsendingar), Sveinn Arnar Davíðsson 5, Egill Egilsson 3, Atli Rafn Hreinsson 2.

Stig KR: Hreggviður Magnússon 15 (5 stoðsendingar, 5 fráköst), Marcus Walker 14 ( 4 fráköst, 2 stoðsendingar), Brynjar Þór Björnsson 14, Pavel Ermolinskij 12 (11 fráköst, 9 stoðsendingar), Jón Orri Kristjánsson, Skarphéðinn Freyr Ingason 6, Fannar Ólafsson 5, Finnur Atli Magnússon 4, Ólafur Már Ægisson 3.

**Grindavík-Keflavík 79-75**

Grindavík: Ármann Vilbergsson 15, Ryan Pettinella 14/16 fráköst/3 varin skot, Ólafur Ólafsson 14/7 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 14/6 fráköst, Þorleifur Ólafsson 10, Jeremy Kelly 8, Ómar Örn Sævarsson 4/9 fráköst/3 varin skot.

Keflavík: Hörður Axel Vilhjálmsson 18, Lazar Trifunovic 16/9 fráköst, Þröstur Leó Jóhannsson 11/4 fráköst, Valentino Maxwell 9/4 fráköst, Gunnar Einarsson 8, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8/8 fráköst, Almar Stefán Guðbrandsson 5/6 fráköst.

**Tindastóll-Njarðvík 78-65**

Tindastóll: Hayward Fain 26/15 fráköst/5 stolnir, Friðrik Hreinsson 12, Dragoljub Kitanovic 11/5 fráköst, Helgi Rafn Viggósson 9/6 fráköst, Sean Kingsley Cunningham 6/4 fráköst/7 stoðsendingar/3 varin skot, Svavar Atli Birgisson 5/5 fráköst, Helgi Freyr Margeirsson 5, Hreinn Gunnar Birgisson 3, Ingvi Rafn Ingvarsson 1.

Njarðvík: Christopher Smith 17, Jóhann Árni Ólafsson 13/4 fráköst, Guðmundur Jónsson 13, Magnús Þór Gunnarsson 8, Friðrik E. Stefánsson 7/5 fráköst, Egill Jónasson 4, Páll Kristinsson 2, Rúnar Ingi Erlingsson 1.

**ÍR-Fjölnir 107-99**

ÍR: Kristinn Jónasson 22/9 fráköst, Kelly Biedler 20/6 fráköst/6 stolnir, Eiríkur Önundarson 16, Sveinbjörn Claesson 14, Hjalti Friðriksson 12/6 fráköst/6 stoðsendingar, Nemanja Sovic 11/7 fráköst, Níels Dungal 8, Matic Ribic 4.

Fjölnir: Ben Stywall 24/14 fráköst, Ægir Þór Steinarsson 20/6 fráköst/11 stoðsendingar, Jón Sverrisson 18/4 fráköst, Tómas Heiðar Tómasson 17, Ingvaldur Magni Hafsteinsson 10/7 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 6, Hjalti Vilhjálmsson 2, Sindri Kárason 2.

**Stjarnan-Hamar 83-62**

Stjarnan: Justin Shouse 21/6 fráköst, Marvin Valdimarsson 19/6 fráköst, Daníel G. Guðmundsson 12, Jovan Zdravevski 10/7 fráköst/5 stolnir, Guðjón Lárusson 8/5 fráköst, Kjartan Atli Kjartansson 6, Ólafur Aron Ingvason 3, Fannar Freyr Helgason 2/4 fráköst/5 stoðsendingar, Dagur Kár Jónsson 2.

Hamar: Ellert Arnarson 18/5 fráköst/5 stoðsendingar, Darri Hilmarsson 12/8 fráköst, Andre Dabney 11, Kjartan Kárason 10, Svavar Páll Pálsson 5/9 fráköst, Ragnar Á. Nathanaelsson 3, Bjarni Rúnar Lárusson 2, Bjartmar Halldórsson 1

**KFÍ-Haukar 75-77**

KFÍ: Nebojsa Knezevic 18, Edin Suljic 15/11 fráköst, Craig Schoen 13/8 fráköst, Darco Milosevic 12/5 fráköst, Ari Gylfason 7, Carl Josey 5/7 fráköst, Hugh Barnett 4/6 fráköst, Daði Berg Grétarsson 1.

Haukar: Semaj Inge 34/8 fráköst, Gerald Robinson 17/20 fráköst, Emil Barja 8/7 fráköst, Örn Sigurðarson 4, Haukur Óskarsson 4, Davíð Páll Hermannsson 4, Sveinn Ómar Sveinsson 4, Óskar Ingi Magnússon 2,

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Snæfell** | **11** | **10** | **1** | **1096-988** | **20** |
| Grindavík | 11 | 9 | 2 | 970-861 | 18 |
| **Keflavík** | **11** | **7** | **4** | **963-927** | **14** |
| KR | 11 | 7 | 4 | 1066-950 | 14 |
| **Stjarnan** | **11** | **6** | **5** | **963-946** | **12** |
| Hamar | 11 | 5 | 6 | 886-921 | 10 |
| **Haukar** | **11** | **5** | **6** | **934-979** | **10** |
| Fjölnir | 11 | 4 | 7 | 976-998 | 8 |
| **Njarðvík** | **11** | **4** | **7** | **853-919** | **8** |
| Tindastóll | 11 | 4 | 7 | 868-936 | 8 |
| **ÍR** | **11** | **3** | **8** | **976-1034** | **6** |
| KFÍ | 11 | 2 | 9 | 981-1085 | 4 |

Evrópudeild UEFA:

## Atletico Madrid sat eftir

**FÓTBOLTI** Spænska stórliðið Atletico Madrid fór illa að ráði sínu í Evrópudeildinni í gær þegar það gerði jafntefli við Bayer Leverkusen og komst þar með ekki áfram í keppninni.

Á sama tíma lagði Aris Salonika lið Rosenborg og komst þar með upp fyrir Atletico.

Man. City vann sinn riðil þótt það hefði aðeins gert jafntefli við Juventus í lokaumferðinni. Lokatölur þar urðu 1-1 í leik sem skipti litlu máli þar sem Juve átti ekki möguleika á því að komast áfram fyrir leikinn.

- hbg

# Ótrúlegur lokakafli hjá Snæfelli

**KR-ingar misstu niður tíu stiga forskot í fjórða leikhluta gegn Snæfelli í Fjárhúsinu í gær. Pálmi Freyr Sigurgeirsson kveikti neistann í Íslandsmeistaraliðinu í 94-80 sigri. KR gafst upp þegar mest á reyndi. Íslandsmeistararnir eru því sem fyrr á toppi deildarinnar en KR heldur áfram að valda vonbrigðum.**

**KÖRFUBOLTI** „Við erum með gott lið sem hefur sýnt að það getur ýmislegt þrátt fyrir miklar breytingar á leikmannahópnum frá því í fyrra," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Íslandsmeistaraliðs Snæfells, eftir ótrúlegan 94-80 sigur liðsins gegn KR í Iceland Express-deildinni í gærkvöldi.

KR-ingar gerðu nánast allt rangt í fjórða leikhlutanum þar sem þeir töpuðu niður 10 stiga forskoti sínu og gott betur en staðan var 71-61 fyrir KR eftir þrjá leikhluta. Lokakafli leiksins var ótrúlegur þar sem KR-liðið virtist ekki hafa nein svör í vörn eða sókn.

Pálmi Freyr Sigurgeirsson fór á kostum í liði Snæfells og dró vagninn þegar mest á reyndi. Pálmi skoraði alls 7 þriggja stiga körfur og alls 28 stig í leiknum. Tvær þriggja stiga körfur frá Pálma um miðjan fjórða leikhluta hleyptu miklu lífi í lið Snæfells sem var á þeim tíma einu stigi undir, 78-77.

„Það gekk flest upp hjá mér í sóknarleiknum en við náðum að koma okkur inn í leikinn aftur með frábærri svæðisvörn sem Ingi Þór þjálfari „kokkaði" upp að mig minnir fyrir síðasta leikhlutann. Fram að því vorum við ekki að leika vel en það er mikið styrkleikamerki á liðinu að ná að koma til baka með þessum hætti. Við ætlum okkur að vinna Íslandsmótið aftur og að mínu mati erum við með nógu gott lið til þess," bætti Pálmi við.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var frekar daufur í leikslok og sagði að KR-liðið þyrfti að fara í naflaskoðun á næstu dögum.

„Ég er ekki undanskilinn í þeim efnum, ég stend og fell með þeim ákvörðunum sem ég tek. Liðið lék alls ekki nógu vel í fjórða leikhlutanum og mér fannst of margir leikmenn vera langt frá sínu besta.

Svæðisvörn Snæfells átti alls ekki að koma okkur á óvart, við höfum leikið gegn betri svæðisvörn í vetur en við leystum þetta bara illa," sagði Hrafn en hann hefur oft verið hressari en eftir leikinn í gær.



**MAGNAÐUR** Pálmi Freyr Sigurgeirsson fann sig vel gegn sínum gömlu félögum í gær sem réðu ekkert við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Pavel Ermolinskij, leikstjórnandi KR, var nálægt því að ná þrefaldri tvennu en hann skoraði 12 stig, tók 11 fráköst og gaf 9 stoðsendingar. Pavel hefur oft leikið betur en hann er meiddur á hægri hendi, eftir Stjörnuleikinn í Seljaskóla en þar skar hann sig illa á auglýsingaskilti.

Stemningin í „Fjárhúsinu" í Stykkishólmi hefur oft verið meiri – og alls ekki lík þeirri sem gerist í úrslitakeppninni. Áhorfendur vöknuðu þó aðeins til lífsins í fjórða leikhluta og í leiknum sjálfum fengu þeir allavega að sjá nokkra „risaþrista" frá Sean Burton sem lék vel í gær í liði Snæfells og skoraði 21 stig og gaf 8 stoðsendingar.

Ryan Amoroso, miðherji Snæfells, sýndi ýmsa takta í gær en hann skoraði 15 stig og tók 11 fráköst. Amoroso er reyndar enginn „Hlynur Bæringsson".

Hann er góð eftirherma og tók hann eina slíka á Jón Orra Kristjánsson, miðherja KR, og höfðu áhorfendur gaman af þeim tilþrifum.

seth@frettabladid.is

Það var mikil spenna þegar Keflavík sótti Grindavík heim í Suðurnesjaslag:

# Grindvíkingar stálheppnir gegn grönnunum

**KÖRFUBOLTI** „Við vorum með ágæt tök á leiknum en hleyptum Keflvíkingum inn í leikinn af góðmennskunni einni," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindvíkinga, eftir sigur liðsins, 79-75, í 11. umferð Iceland Express deildar karla í Röstinni í gærkvöldi. Grindvíkingar voru skrefi á undan nær allan leikinn og voru sérlega heitir fyrir utan þriggja stiga línuna. Keflvíkingar virkuðu óöruggir í sóknarleik sínum voru eins og skugginn af sjálfum sér framan af leik.

Það var allt sem stefndi í góðan sigur Grindvíkinga fyrir lokaleikhlutann. Þeir gulklæddu leiddu með tólf stigum en mættu hreinlega ekki til leiks fyrr en Keflvíkingar höfðu gengið á lagið og raðað niður þristum. Keflvíkingar komust yfir 71-72 þegar tvær mínútur voru eftir af leiknum. Gríðarleg spenna var á lokamínútunum en þrátt fyrir fínan sprett tókst Keflvíkingum ekki að verða fyrst liða til að leggja Grindvíkinga í Röstinni á þessu tímabili.

„Ég verð að hrósa Keflvíkingum fyrir mikinn karakter og að komast aftur inn í leikinn. Það hefur loðað við okkur að þegar við náum



**SEIGLA** Grindavík lenti í vandræðum gegn Keflavík en hafði að lokum sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

góðri forystu gegn stóru liðunum, þá hleypum við liðunum aftur inn í leikinn, en sem betur fer féll sigurinn réttu megin," sagði Helgi sem hrósaði Ármanni Vilbergssyni sérstaklega sem var sigahæstur í liði Grindavíkur með fimmtán stig og nýtti öll skot sín í leiknum.

„Ármann á hrós skilið því ef hann hefði ekki átt svona góða innkomu þá hefðum við líklega tapað þessum leik. Hann setur niður fimm þrista og býr til þetta forskot fyrir okkur. Það er margt mjög jákvætt í okkar leik og við höfum lagt mikla áherslu á að bæta varnarleikinn. Í staðinn hefur sóknarleikurinn kannski aðeins verið að hiksta. Stigaskorið í liðinu hefur verið að dreifast mjög jafnt á milli leikmanna og það sýnir að það er hver einasti leikmaður að leggja sitt á vogarskálarnar."

Guðjón Skúlason, þjálfari Keflavíkur, var að vonum ósáttur í leikslok og hefur áhyggjur af sóknarleik liðsins. „Ég er ósáttur að hafa ekki klárað með sigri eftir að hafa spilað okkur inn í leikinn. Sóknarleikurinn hjá okkur var alltof þungur og það er áhyggjuefni. Við vorum óþolinmóðir og ekki að vinna nógu vel saman."

- jjk

LAMBAKJOT.IS

# Lambalæri

## – MEÐ RAUÐVÍNSPERU & KARTÖFLUGRATÍNI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, holt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.



Lambalæri • 1 dl romm • 400 g hrásykur • 2 stk lime • 1 lítill ananas • 4 - 5 msk kókosmjöl
Rífið limebörk útí kókos og saxið myntu útí. Nuddið saman. Skerið ananas smátt og bakið í ofni í 25 mínútur á 150°C svo hann verði sætari. Lagið lög úr bræddum hrásykri, rommi og limesafa. Smyrjið lærið með leginum og kryddið með salti og pipar. Látið liggja í 2 klst. Bakið lærið í ofni við 160°C í 60 - 70 mín. Takið það út, hellið soðinu í pott. Látið kjötið hvíla í 20 mínútur. Hitið ofninn í 220°C. Smyrjið þá lærið aftur með leginum og bakið í 10 - 15 mín. Berið þá löginn aftur á lærið og stráið ananas, myntu og kókos yfir.

**Kartöflu- og sveppagratín**
6 bökunarkartöflur • 2 box sveppir • 2 skarlottulaukar • 4 hvítlauksrif • 1 búnt steinselja • 500 ml rjómi
Skrælið og skerið kartöflur niður í teninga, forsjóðið. Sneiðið sveppi og steikið í smjöri ásamt söxuðum hvítlauk og skarlottulauk. Kryddið með saxaðri steinselju, salti og pipar. Hellið rjómanum út á, setjið í eldfast mót og bakið í 15 - 20 mín við 170°C.

**Rauðvínssoðnar perur**
6 perur • 1 flaska rauðvín • 100 g sykur • 1 kanilstöng • 1 myntugrein • 1 negulnagli
Sjóðið allt saman og setjið svo afhýddar perurnar út í og eldið að suðu í u.þ.b. 20 mín. Kælið í vökvanum.

**Sósa**
Skerið gulrót, lauk og blaðlauk jafnt niður og steikið í potti með olíu og smjöri. Hellið soðinu af lærinu út í og sjóðið nokkra stund. Sigtið, bætið soðinu af perunum við. Sjóðið niður um $^{2}/_{3}$. Þeytið smjör út í og kryddið með salti og pipar.

H:N markaðssamskipti / SÍA

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

**Haukar-Akureyri** **23-23 (11-11)**

Mörk Hauka (Skot): Þórður Rafn Sigurmannsson 5 (6), Guðmundur Árni Ólafsson 5/2 (7/2), Björgvin Þór Hólmgeirsson 4 (9), Tjörvi Þorgeirsson 4 (7), Þórður Rafn Guðmundsson 4 (7), Einar Örn Jónsson 2 (2), Jónatan Ingi Jónsson 2 (2), Heimir Óli Heimisson 1 (1), Freyr Brynjarsson 1 (4), Stefán Rafn Sigurmannsson 0 (3),

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 21/3 (43/3, 48%)

Hraðaupphlaupsmörk: 3 (Guðmundur Árni, Freyr, Þórður Rafn)

Fiskuð víti: 2 (Einar Örn, Stefán Rafn)

Brottvísanir: 6 mínútur

Mörk Akureyrar (skot): Bjarni Fritzson 7/3 (11/5), Heimir Örn Árnason 4 (5), Oddur Grétarsson 4 (6), Guðmundur Hólmar Helgason 3 (9), Guðlaugur Arnarsson 2 (3), Geir Guðmundsson 2 (5), Bergvin Gíslason 1 (1), Hörður Fannar Sigþórsson 0 (3),

Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 16 (39, 41%), Stefán Guðnason 2 (4/1, 50%), .

Hraðaupphlaup: 4 (Bjarni 2,Heimir, Oddur,).

Fiskuð víti: 6 (Bjarni 4, Guðlaugur, Hörður).

Utan vallar: 10 mínútur.

**Valur-Fram** **29-28 (13-15)**

Mörk Vals (Skot): Valdimar Þórsson 7 (12), Sturla Ásgeirsson 5 (10), Anton Rúnarsson 5 (8), Orri Freyr Gíslason 3 (5), Ernir Hrafn Arnarson 3/1 (9/2), Ásbjörn Stefánsson 2 (5), Einar Örn Guðmundsson 2 (4), Fannar Örn Þorbjörnsson 2 (2).

Varin skot: Hlynur Morthens 14 (38/3, 37%), Ingvar Guðmundsson 1 (5, 20).

Hraðaupphlaup: 10 (Sturla 3, Valdimar 2, Anton 2, Fannar 2, Einar Örn)

Fiskuð víti: 2 (Ásbjörn, Orri)

Brottvísanir: 8 mínútur (Valdimar beint rautt)

Mörk Fram (Skot): Einar Rafn Eiðsson 9/3 (12/3), Haraldur Þorvarðarson 6 (6), Róbert Aron Hostert 5( 10), Jóhann Gunnar Einarsson 3 (8), Magnús Stefánsson 2 (2), Halldór Jóhann Sigfússon 1 (4), Andri Berg Haraldsson 1 (4), Jóhann Karl Reynisson 1 (1), Matthías Daðason (3).

Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 18 (47/1, 38%)

Hraðaupphlaup: 8 (Einar 4, Magnús, Jóhann Gunnar, Róbert, Jóhann)

Fiskuð víti: 3 (Andri Berg, Jóhann Karl, Róbert)

Brottvísanir: 6 mínútur

**FH-HK** **22-20 (12-9)**

Mörk FH: Ásbjörn Friðriksson 12, Örn Ingi Bjarkason 3, Sigurgeir Árni Ægisson 3, Hjörtur Hinriksson 2, Benedikt Kristinsson 1, Ólafur Guðmundsson 1.

Mörk HK: Bjarki Mári Elísson 8, Ólafur Bjarki Ragnarsson 4, Hákon Hermannsson Bridde 2, Daníel Berg Grétarsson 2, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2, Atli Karl Bachmann 1, Hörður Másson 1.

**Afturelding-Selfoss** **28-27 (14-13)**

Mörk Aftureldingar: Bjarni Aron Þórðarson 8, Arnar Freyr Theodórsson 5, Reynir Ingi Árnason 3, Jón Andri Helgason 3, Hilmar Stefánsson 2, Ásgeir Jónsson 2, Haukur Sörli Sigurvinsson 2, Daníel Jónsson 1, Aron Gylfason 1, Hrafn Ingvarsson 1.

Mörk HK: Atli Hjörvar Einarsson 10, Ragnar Jóhannsson 6, Einar Héðinsson 4, Guðjón Finnur Drengsson 2, Atli Kristinsson 2, Einar Sverrisson 2.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Akureyri** | **11** | **9** | **1** | **1** | **326-285** | **19** |
| Fram | 11 | 8 | 0 | 3 | 372-317 | 16 |
| **FH** | **11** | **7** | **0** | **4** | **316-297** | **14** |
| Haukar | 11 | 6 | 1 | 4 | 282-278 | 13 |
| **HK** | **11** | **6** | **0** | **5** | **341-354** | **12** |
| Valur | 11 | 4 | 0 | 7 | 282-308 | 8 |
| **Afturelding** | **11** | **2** | **0** | **9** | **273-310** | **4** |
| Selfoss | 11 | 1 | 0 | 10 | 311-353 | 2 |



**MAGNAÐUR** Birkir Ívar átti flottan leik í marki Hauka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HEITUR** Oddur Gretarsson er að spila vel fyrir Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Óskar segist ekki vera töframaður

**„Það er leiðinlegt að fara í frí,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals, eftir dramatískan 29-28 sigur á Fram í gær. Valsmenn hafa unnið alla fjóra leiki sína síðan hann og Heimir Ríkarðsson tóku við liðinu. Nú tekur við langt frí í N1-deild karla vegna HM í handbolta sem hefst í Svíþjóð í janúar.**



**Í HELJARGREIPUM** Framarar taka hér Valsmanninn Anton Rúnarsson föstum tökum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HANDBOLTI** Valsmenn hafa gengið í gegnum erfiða tíma í vetur en nú líta hlutirnir miklu betur út enda liðið sem endurfætt undir stjórn nýrra þjálfara. „Ég er enginn töframaður,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, eftir 29-28 sigur liðsins á Fram en með því enduðu þeir tíu leikja sigurgöngu Framliðsins í öllum keppnum.

Það mætti samt halda að Óskar Bjarni hefði framkallað töfrabragð á Valsliðinu því munurinn á liðinu síðan hann tók við hefur verið ótrúlegur. Fyrir aðeins tæpum tveimur mánuðum tapaði Valsliðið með 17 marka mun fyrir Fram en nú hefur liðið unnið fjóra leiki í röð síðan Óskar Bjarni og Heimir Ríkarðsson tóku við liðinu af Júlíusi Jónassyni.

„Þetta var frábært en það var kannski ekki alveg sanngjarnt að vinna því jafntefli hefði verið sanngjarnast miðað við það að við vorum að elta svo mikið. Það var samt frábært að vinna þetta, við erum á frábæru skriði og það er leiðinlegt að fara í frí,“ sagði Óskar Bjarni kátur.

„Þetta var allt að koma þegar ég kom inn og ég hef sagt það áður. Þetta er búið að vera mjög erfitt en nú er bara að horfa fram á veginn og vera ekkert að kíkja til baka,“ sagði Óskar Bjarni.

Valsmenn höfðu samt heppnina með sér á lokasekúndunum í gær, þegar Jóhann Gunnar Einarsson fékk ekki aukakast hjá dómurum leiksins og boltinn datt fyrir Sturlu Ásgeirsson sem kom Val í 29-28 þegar 25 sekúndur voru eftir. Þetta reyndist vera sigurmarkið því Hlynur Morthens lokaði Valsmarkinu á lokakafla leiksins og tryggði sínum mönnum sigurinn.



**ÖFLUGUR** Jóhann Gunnar Einarsson er alltaf skeinuhættur í liði Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég vill meina að við höfum verið rændir hérna öðru stiginu. Það sér það hver einasti maður sem var í húsinu og í 99,9 prósentum tilfella að þetta er bara fríkast. Menn fara allt í einu að breyta línunni og fara að vera hræddir við að taka ákvarðanir í lokin,“ sagði Framarinn Halldór Gunnar Sigfússon ósáttur í leikslok.

„Það er brotið á okkar manni í sókninni og boltinn dettur fyrir framan hendurnar á þeim. Þeir hlaupa náttúrulega fram og Stulli fær bara einn á móti einum. Hann er það reyndur leikmaður að hann klárar svoleiðis færi í lokin,“ sagði Halldór Gunnar.

Framarar virtust vera að stinga af þegar þeir komust fjórum mörkum yfir um miðjan seinni hálfleik en Valsmenn komu sér aftur inn í leikinn ekki síst fyrir framgöngu Antons Rúnarssonar í sókninni, góðrar 5:1 varnar og góðrar markvörslu Hlyns Morthens sem hafði áður fengið að hvíla sig aðeins á bekknum.

„Við erum búnir að lenda svo illa í því í vetur að þessi staða var ekkert svo slæm miðað við margt annað. Þetta var frábær karakter hjá liðinu. Við breyttum um vörn, Bubbi kom aftur í markið og einhvern veginn small þetta hjá okkur,“ sagði Sturla Ásgeirsson sem skoraði sigurmarkið. „Nú getum við farið brosandi inn í jólafríið sem er náttúrulega frábært en svo verðum við að halda áfram að byggja ofan á það sem við höfum verið að gera,“ sagði Sturla.

„Við náðum ekki fram okkar besta leik í dag en við ætluðum okkur sigur hér í dag og vera á toppnum fyrir frí en það tókst ekki. Það fer enginn í gegnum tímabil án þess að tapa einhverjum leikjum og það er alveg ljóst. Þetta er samt virkilega sárt af því að það er langt frí fram undan,“ sagði Halldór. ooj@frettabladid.is

Íslandsmeistarar Hauka voru nálægt því að leggja toppliðið Akureyrar af velli á Ásvöllum í gærkvöldi:

# Jafntefli í sannkölluðum háspennuleik

**HANDBOLTI** Haukar og Akureyri skildu jöfn, 23-23, á Ásvöllum í gærkvöldi. Leikurinn var æsispennandi nánast allan tíman og bæði lið fengu tækifæri í lokin til þess að gera út um leikinn.

Liðin spiluðu líklega besta varnarleik sem sést hefur á Íslandi í mörg ár og gríðarleg barátta einkenndi bæði lið.

Dómarar leiksins þurftu að hafa sig allan við til að hafa stjórn á leiknum og oft sauð upp úr milli manna. Birkir Ívar Guðmundsson var hreinlega stórkostlegur í marki Hauka og varði 23 skot en Bjarni Fritzson var atkvæðamestur hjá Akureyri með sjö mörk.

Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, var nokkuð sáttur með stigið í gær en hann hefði viljað þau bæði.

„Ég er gríðarlega ánægður að vera enn á toppnum þegar kemur að fríinu. Strákarnir gerðu sér fulla grein fyrir því að Haukar væru með frábært lið og það yrði ekkert auðvelt að koma hingað. Við vorum alltaf vel inni í þessum leik og hefðum á tíma getað náð þriggja marka forystu og þá veit maður aldrei hvernig hvort leikurinn hefði þróast öðruvísi. Það sem einkenndi leikinn í kvöld var mikil taugaspenna hjá leikmönnum og bæði liðin vildu greinilega enda á góðum nótum fyrir fríið. Þetta var ekki besti handbolti sem ég hef séð en menn voru að leggja sig mikið fram og ég get ekki farið fram á meira,“ sagði Atli.



**ÁTÖK** Akureyringurinn Hörður Fannar Sigþórsson tekur hér Björgvin Hólmgeirsson í fangið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ég hefði viljað fá bæði stigin í kvöld,“ sagði Halldór Ingólfsson, þjálfari Hauka, eftir leikinn í gær.

„Við vorum í raun bara klaufar að klára ekki dæmið í restina. Akureyringar áttu í bullandi vandræðum með vörnina okkar nánast allan leikinn. Við vorum búnir að kortleggja sóknarleik þeirra vel og lögðu mikla áherslu á að stoppa Heimi {Örn Árnason]. Undir lokin skora Akureyringar nokkur mörk eftir hraða miðju sem er alveg óásættanlegt af okkar hálfu. Akureyringar náðu að halda hraðanum töluvert niðri í leiknum og ég hefði viljað sjá mína menn keyra mun meira í bakið á þeim. Það er samt allt annar bragur á liðinu og hefur verið mikill stígandi í okkar spilamennsku,“ sagði Halldór að lokum. - sáp

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM




**MSI CX620**
- 2.13GHz Intel Core i3-330M örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB SATA harður diskur
- 15.6" WXGA LED breiðtjaldsskjár
- ATI HD5470 skjákort með 1GB DDR3 minni
- Þráðlaust 802.11bgn netkort og Bluetooth
- DVD og CD skrifari
- 1,3 MP vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**139.990**




**Acer V193HQDB**
19" 16:9 HD LCD með 1366x768 upplausn, 5ms viðbragðstíma og VGA tengi. Svartur.

**21.990**



800x600
INTENSO
**MYNDA RAMMI**
**Intenso PHOTOMODEL7**
Stafrænn 7" myndarammi. Spilar myndir beint af USB 2.0 eða kortum. Skyggnusýningar og Zoom.

**14.990**

WACOM


**TEIKNIBORÐ**
**Wacom Bamboo Fun P+T A6**
248x176x8,5mm tölvuteiknibord með penna. Virkar sem teikni- og snertiborð. 3 auka oddar, Adobe Photoshop Elements og ArtRage fyrir Windows og Mac.

**18.990**

SAMSUNG


**1TB FLAKKARI**
**Samsung G22 1TB**
1TB USB 2.5 flakkari með flottri Piano Black áferð. Gengur með Windows og Mac.

**22.990**



**HD SJÓNVARPSFLAKKARI**
A.C.Ryan
**AC Ryan Playon HD**
H.264 háskerpu 1080p sjónvarpsflakkari með HDMI, optical tengi ofl. Spilar af USB lyklum, halar niður beint af Bittorent ofl. NAS fyrir heimanet.

**34.990**

Panasonic
**MYNDA VÉL**


**Panasonic DMC F4**
Með 12,1 milljón punkta upplausn, LUMIX Vario linsu, Digital hristivörn, 4x Optical og 4x Digital Zoom, 5.0 - 20.0mm linsu, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 50MB minni, kortarauf ofl.

**19.990**




Targus
**FARTÖLVUTASKA**
**Targus BEU3120**
Vönduð 16" fartölvutaska með púðum sem verja tölvuna gegn hnjaski. Nóg af plássi fyrir alla aukahluti. Góð optical mús fylgir sem auðvelt er að koma fyrir í töskunni.

**4.990**



Targus
**FARTÖLVUSLÍÐUR**
**Targus Zamba**
Veglegt fartölvuslíður úr vatnsheldu neoprene efni og með þykkum púðum sem eykur öryggi vélarinnar. Innra fóður úr efni sem ekki rispar vélina. Fæst í 6 litum.

**4.990**




**FARTÖLVA - ÞRÍVÍDD**
**Toshiba Satellite A665-14N**
- Turbo 2.93GHz Intel Core i7-740QM - Quad core örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 750GB SATA diskur
- Blu-ray lesdrif og DVD skrifari
- 15.6" WideScreen WXGA Nvidia Vision 3D skjár
- 1GB DDR3 Geforce GT 350M skjákort
- Öflugir Harman Kardon hátalarar
- Windows 7 Home Premium 64-BIT



**379.990**

MANHATTAN


**UPPTÖKU TÆKI**
**Manhattan USB Audio/Video Grabber**
Taktu upp úr sjónvarpinu eða færðu gömlu VHS spólurnar yfir á tölvuna. Tekur upp frá öllum tækjum með AV útgangi. Einstaklega einfalt í notkun. Fullkominn klippihugbúnaður fylgir.

**9.990**

**TÖLVUORÐABÓK**
**Stóra tölvuorðabókin Útgáfa 7**
Heimilisútgáfan sem er tölvuorðabók, þýðingartól og yfirlestur fyrir Microsoft Office, FastPro ritvinnslu og talsetningu. Fletta má upp stökum orðum á 12 tungumálum í eða úr íslensku.




**7.990**

**OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA Í VERSLUN OKKAR Í NÓATÚNI 17** *Opnunartíma annarra verslana má sjá á TL.IS*

# TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>SÍMI 414 1700 | GLERÁRGÖTU 30<br>SÍMI 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>SÍMI 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>SÍMI 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>SÍMI 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>SÍMI 414 1750 |

# Fær milljónir króna fyrir að bera golfkylfur

**Steve Williams, kylfusveinn Tigers Woods, er langtekjuhæsti íþróttamaður Nýja-Sjálands. Hann fær að meðaltali um 2,6 milljónir króna á mánuði fyrir það eitt að bera kylfur Woods og gefa honum góð ráð og næringu meðan á leik stendur.**



DÝRAR RÁÐLEGGINGAR Það er eins gott að Williams vandi sig við ráðleggingarnar enda fær hann afar vel greitt fyrir þær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

GOLF Steve Williams hefur á undanförnum áratug margoft verið tekjuhæsti íþróttamaður Nýja-Sjálands en hann hefur á þeim tíma verið kylfusveinn bandaríska kylfingsins Tiger Woods. Williams, sem er 47 ára gamall, segir í viðtali við golffréttavefinn golf.com að Woods myni mæta gríðarlega sterkur til leiks á næstu leiktíð og langtímamarkmiðið sé að slá met Jack Nicklaus sem vann átján stórmót á ferlinum – en Tiger hefur nú þegar sigrað á fjórtán stórmótum.

Williams hefur á undanförnum tólf árum fengið stórkostleg laun fyrir starf sitt en laun kylfubera eru góð ef vinnuveitandinn stendur sig á golfmótunum. Og það hefur Woods svo sanarlega gert.

Hjá flestum kylfuberum á PGA-mótaröðinni eru föst vikulaun 150.000 kr. eða um 650.000 kr. á mánuði og þar að auki fá kylfusveinar fimm prósent af verðlaunafé atvinnukylfingsins en ef kylfingurinn endar í einu af tíu efstu sætunum hækkar þetta hlutfall í sjö prósent og þeir fá tíu prósent ef vinnuveitandi þeirra sigrar.

Williams er sagður vera á mun betri kjörum. Samkvæmt heimildum golftímarits í Nýja-Sjálandi fær hann rúmlega 600.000 kr. í fasta greiðslu á viku, eða 2,6 milljónir kr. á mánuði. Og hann fær síðan tíu prósent af öllu verðlaunafé Woods.

Samkvæmt lauslegum útreikningum Fréttablaðsins má gera ráð fyrir að Williams hafi fengið um 116 milljónir kr. að meðaltali í laun á ári síðastliðin tólf ár.

Reyndar er árið 2010 „skelfilegt“ tekjuár hjá Williams, sem hefur líklega aðeins fengið um 46 milljónir kr. í árslaun, þar af 31 milljónir kr. í fasta greiðslu en Woods náði aðeins að vinna sér inn 148 milljónir kr. í verðlaunafé á þessu ári. Sem eru aðeins um tíu prósent af því sem hann vann sér inn árið 2009.

Til samanburðar fékk Woods meira en 1,2 milljarða kr. í verðlaunafé á PGA-mótaröðinni árin 2000, 2005, 2006, 2007 og 2009. Öll hin árin náði Woods að vinna sér inn 600-800 milljónir kr. á ári í verðlaunafé.

### Williams var með tvo í forgjöf þrettán ára gamall

Þegar Williams var þrettán ára gamall var hann sjálfur með **tvo** í forgjöf en hann valdi frekar að vera í hlutverki kylfusveinsins og hélt til Evrópu sem unglingur þar sem hann fékk starf á Evrópumótaröðinni.

Williams hefur starfað hjá mörgum þekktum kylfingum. Ástralinn Ian Baker-Finch var sá fyrsti sem fékk hann til starfa og árið 1982 hóf Williams störf hjá „Hvíta hákarlinum“ Greg Norman en var rekinn úr því starfi árið 1989.

Bandaríski kylfingurinn Raymond Floyd var fljótur að ráða Williams til starfa eftir að hann missti vinnuna hjá Norman.

Árið 1999 hafði umboðsmaður Tiger Woods samband við Williams og óskaði eftir því að fá hann í atvinnuviðtal – Floyd gaf leyfi til þess og Williams var ráðinn á staðnum.

„Ég er í vinnu hjá besta kylfingi sögunnar, sem hefur sett sér það markmið að slá met Jack Nicklaus, og það kemur ekki til greina hjá mér að hætta þegar við erum úti í miðri á,“ sagði Williams.

Hann hefur lesið ýmsar slúðursögur á undanförnum mánuðum þar sem Woods er sagður vilja losa sig við Williams. Samstarf þeirra hefur reynst vel en á tólf ára ferli hefur Williams tekið þátt í 72 sigrum Woods og þar af eru þrettán á stórmótum. Alls hefur Williams tekið þátt í 120 sigrum hjá vinnuveitendum sínum á ferlinum. Hann er því betri en Woods á því sviði.

seth@frettabladid.is

## Laun Steve Williams

**Launin sem Steve Williams hefur fengið sem kylfuberi Tigers Woods síðan 1999:**

| Ár | Verðlaunafé Woods | Hlutur Williams | Föst laun | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1999 | 754 | 75 | 31 | 106 |
| 2000 | 1.047 | 105 | 31 | 136 |
| 2001 | 648 | 65 | 31 | 96 |
| 2002 | 788 | 79 | 31 | 110 |
| 2003 | 755 | 76 | 31 | 107 |
| 2004 | 612 | 61 | 31 | 92 |
| 2005 | 1.212 | 121 | 31 | 152 |
| 2006 | 1.203 | 120 | 31 | 151 |
| 2007 | 1.239 | 124 | 31 | 155 |
| 2008 | 658 | 66 | 31 | 97 |
| 2009 | 1.187 | 119 | 31 | 150 |
| 2010 | 148 | 15 | 31 | 46 |
| Samtals tekjur | 10.251 | 1.026 | 372 | 1.398 |

*Allar tölur í milljónum króna.*



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

SPORT 2
enski boltinn

Síminn
ICELANDAIR
1011 ...alltaf opið!
OPIN KERFI 25 ára




Fiton/SÍA

# HEILÖG HÁTÍÐ Í DESEMBER

Stöð 2 Sport 2 boðar ykkur mikinn fögnuð í desember. 50 leikir í enska boltanum, þar af fjórar heilar umferðir um jólin. Gerast kraftaverkin hjá Liverpool? Verða stuðningsmenn Arsenal og Man. Utd. bænheyrðir eða nær Chelsea að halda sér í hæstu hæðum? **Fáðu þér áskrift, sjáðu æsispennandi helgileiki og haltu heilaga hátíð í desember.**

**Fjöldi stórleikja:**
Chelsea – Everton
Liverpool – Aston Villa
Man. Utd. – Arsenal
Newcastle – Liverpool
Tottenham – Chelsea
Chelsea – Man. Utd.
Arsenal – Chelsea




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT 2 INNIHELDUR SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5 SPORT 6 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**MEISTARAR 2010** Inter sló Chelsea út úr 16 liða úrslitunum í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Meistaradeildin í fótbolta:

# Þessi lið geta dregist saman

**FÓTBOLTI** Dregið verður í 16 liða úrslit Meistaradeildarinnar klukkan 11.00 í dag og verður drátturinn í beinni útsendingu á Vísi. Ekkert lið getur mætt liði úr sínum eigin riðli eða liði frá sama landi. Sigurvegarar riðlanna geta heldur ekki mæst.

Hér fyrir neðan má sjá möguleikana hjá hverju félagi sem verður í pottinum í dag.

Fyrri leikirnir fara fram 15./16. og 22./23. febrúar og seinni leikirnir fara fram 8./9. og 15./16. mars. - óój

## Möguleikarnir í dag:

**Sigurvegarar riðlanna**

**A-riðill: Tottenham Hotspur FC**
**Getur mætt:** Lyon, Valencia, FC Kaupmannahöfn, Roma, Marseille, AC Milan.
**Besti árangur:** Undanúrslit.

**B-riðill: FC Schalke 04**
**Getur mætt:** Inter, Valencia, FC Kaupmannahöfn, Roma, Marseille, AC Milan, Arsenal.
**Besti árangur:** Átta liða úrslit.

**C-riðill: Manchester United FC**
**Getur mætt:** Inter, Lyon, FC Kaupmannahöfn, Roma, Marseille, AC Milan.
**Besti árangur:** Meistari þrisvar sinnum.

**D-riðill: FC Barcelona**
**Getur mætt:** Inter, Lyon, Roma, Marseille, AC Milan, Arsenal.
**Besti árangur:** Meistari þrisvar sinnum.

**E-riðill: FC Bayern München**
**Getur mætt:** Inter, Lyon Valencia, FC Kaupmannahöfn, Marseille, AC Milan, Arsenal.
**Besti árangur:** Meistari fjórum sinnum.

**F-riðill: Chelsea FC**
**Getur mætt:** Inter, Lyon, Valencia, FC Kaupmannahöfn, Roma, AC Milan.
**Besti árangur:** 2. sæti.

**G-riðill: Real Madrid**
**Getur mætt:** Inter, Lyon, FC Kaupmannahöfn, Roma, Marseille, Arsenal.
**Besti árangur:** Meistari níu sinnum.

**H-riðill: FC Shakhtar Donetsk**
**Getur mætt:** Inter, Lyon, Valencia, FC Kaupmannahöfn, Roma, Marseille, AC Milan.
**Besti árangur:** Riðlakeppni.

**Liðin sem lentu í 2. sæti**

**A-riðill: FC Internazionale Milan**
**Getur mætt:** Schalke, Man United, Barcelona, Bayern, Chelsea, Real Madrid, Shakhtar.
**Besti árangur:** Meistari þrisvar sinnum.

**B-riðill: Olympique Lyon**
**Getur mætt:** Tottenham, Man United, Barcelona, Bayern, Chelsea, Real Madrid, Shakhtar.
**Besti árangur:** Undanúrslit.

**C-riðill: Valencia CF**
**Getur mætt:** Tottenham, Schalke, Bayern, Chelsea, Shakhtar.
**Besti árangur:** 2. sæti.

**D-riðill: FC Kaupmannahöfn**
**Getur mætt:** Tottenham, Schalke, Man United, Bayern, Chelsea, Real Madrid, Shakhtar.
**Besti árangur:** Riðlakeppnin.

**E-riðill: AS Roma**
**Getur mætt:** Tottenham, Schalke, Man United, Barcelona, Chelsea, Real Madrid, Shakhtar.
**Besti árangur:** 2. sæti.

**F-riðill: Olympique de Marseille**
**Getur mætt:** Tottenham, Schalke, Man United, Barcelona, Bayern, Real Madrid, Shakhtar.
**Besti árangur:** Meistari einu sinni.

**G-riðill: AC Milan**
**Getur mætt:** Tottenham, Schalke, Man United, Barcelona, Bayern, Chelsea, Shakhtar.
**Besti árangur í keppninni:** Meistari sjö sinnum.

**H-riðill: Arsenal FC**
**Getur mætt:** Schalke, Barcelona, Bayern, Real Madrid
**Besti árangur í keppninni:** 2. sæti.

Ragnheiður og Hrafnhildur í eldlínunni á HM í sundi:

# Ragnheiður setti met

**SUND** Ragnheiður Ragnarsdóttir, KR, bætti eigið Íslandsmet í 100 metra skriðsundi á HM í sundi í 25 metra laug sem fer nú fram í Dubai. Hún komst þó ekki í undanúrslit í greininni.

Ragnheiður synti á 54,44 sekúndum, varð í 21. sæti og var hálfri sekúndu frá því að komast í undanúrslitin. Hún bætti Íslandsmetið sem hún setti á Íslandsmeistarmótinu í 25 m laug fyrir rúmum mánuði um 0,21 sekúndu.

Ragnheiður og Hrafnhildur Lúthersdóttir kepptu svo báðar í 100 m fjórsundi og voru nálægt því að komast í undanúrslitin. Hrafnhildur varð í 21. sæti á 1:01,91 mínútu og Ragnheiður í 22. sæti, sjö hundraðshlutum úr sekúndu á eftir Hrafnhildi. Þær voru rúma hálfa sekúndu frá sæti í undanúrslitunum.

Hrafnhildur bætti í gær met Erlu Daggar Haraldsdóttur í 50 m bringusundi en met Erlu Daggar í 100 m fjórsundi stóð í dag. Það munaði þó litlu en metið er 1:01,77 mínútur. - esá



**RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR** Synti vel en komst samt ekki í undanúrslit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Alveg til í að slá út Man. United

**Sölvi Geir Ottesen og félagar í FC Kaupmannahöfn verða í pottinum þegar dregið verður í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Sjö lið eru hugsanlegir andstæðingar danska liðsins. Sölvi segir FCK eiga mestu möguleikana á móti þýska liðinu Schalke og úkraínska liðinu Shakhtar Donetsk.**

**FÓTBOLTI** Mikil spenna verður í loftinu í Nyon í Sviss í dag þegar kemur í ljós hvaða lið mætast í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Einn Íslendingur mun sitja sérstaklega spenntur fyrir framan skjáinn en það er Sölvi Geir Ottesen, sem hefur ásamt félögum sínum í danska liðinu FC Kaupmannahöfn náð besta árangri í sögu danska fótboltans með því að komast alla leið í sextán liða úrslitin.

„Menn hafa alveg sínar skoðanir á því hverjum þeir vilja mæta en það væri fínt að mæta Schalke eða Shakhtar Donetsk. Þetta eru allt saman topplið en mestu möguleikarnir fyrir okkur væru á móti þessum tveimur liðum. Shakhtar er líka í fríi eins og við þegar sextán liða úrslitin eru spiluð," segir Sölvi en hann viðurkennir þó að það væri ekki leiðinlegt að mæta stórliðum eins og Manchester United, Chelsea eða Real Madrid.

### Stóðum okkur rosalega vel á móti Barcelona

„Það væri líka gaman að lenda á móti þessum stóru liðum og fá tækifæri á því að spila á móti þeim bestu. Við stóðum okkur líka rosalega vel á móti Barcelona. Við gerðum jafntefli hérna heima á móti þeim og við hefðum þess vegna getað stolið sigrinum úr þeim leik. Það er gríðarlegt sjálfstraust í liðinu og við höfum trú á því að við getum gert góða hluti á móti þessum liðum," segir Sölvi en hann hefði þó sérstaklega gaman af að slá út eitt lið.

„Mér er eiginlega alveg sama á móti hvaða liðum við lendum en eins og ég hef sagt áður væri ég alveg til í að slá út Manchester United þar sem ég er Liverpool-aðdáandi," segir Sölvi í léttum tón.

Danir eru mjög ánægðir með árangur síns liðs og áhuginn á því er mikill þessa dagana. „Það er gríðarlegur áhugi á liðinu alls staðar í Danmörku. Við erum búnir að ná besta árangri dansks liðs frá upphafi, bæði í deildinni og í Meistaradeildinni. Liðsandinn og allt í kringum þetta getur ekki verið mikið betri. Menn hafa gaman af þessu, skemmta sér vel á æfingum og það er mjög létt yfir þeim." segir Sölvi.

### Þurfa að spila marga æfingaleiki

Danska deildin verður í vetrarfríi fram í mars og því þurfa leikmenn FC Kaupmannahöfn að halda liðinu í leikformi fram að leikjunum í Meistaradeildinni.

„Við munum spila fullt af æfingaleikjum og fara í æfingaferðir þar sem við munum spila á móti hinum og þessum liðum. Við förum meðal annars til La Manga þar sem við spilum á mjög sterku móti. Þar verður Rosenborg að spila og kannski einhver rússnesk lið. Liðið hefur farið í svona æfingaferðir áður og þarna eru alltaf mjög sterkir mótherjar. Það væri betra að vera ennþá að spila í deildinni en veðrið býður bara ekki upp á það núna. Það er ekki hægt að gera þetta einhvern veginn öðruvísi," sagði Sölvi en mjög snjóþungt hefur verið í Danmörku síðustu vikur.



**Á FERÐINNI MEÐ FCK** Sölvi Geir Ottesen hefur spilað sex leiki með FC Kaupmannahöfn í Meistaradeildinni á þessu tímabili (með forkeppninni) og eina markið hans tryggði liðinu sætí í riðlakeppninni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

### Þeir vita alveg hvað ég get

Sölvi Geir var fastamaður í danska liðinu þar til hann varð fyrir því að handleggsbrotna í leik á móti Bröndby.

„Höndin er orðin góð en nú kemur frí og ég held að menn byrji bara á núlli aftur. Ég ætla að reyna að grípa tækifærið. Eftir að ég braut hendina héldu þeir áfram að standa sig rosalega vel og það var erfitt fyrir mig að koma aftur inn í liðið. Það má segja að maður hafi ekki gripið tækifærið þegar það gafst en það er bara eins og gengur og gerist í fótboltanum. Maður verður bara að vera tilbúinn núna þegar þetta byrjar aftur," segir Sölvi og bætir við:

„Ég stóð mig mjög vel fram að handleggsbrotinu þannig að þjálfararnir vita alveg hvað ég get," segir íslenski miðvörðurinn.

> Mér er eiginlega alveg sama á móti hvaða liðum við lendum en eins og ég hef sagt áður þá væri ég alveg til í að slá út Manchester United þar sem ég er Liverpool-aðdáendi.
>
> **SÖLVI GEIR OTTESEN**
> UM ÓSKAMÓTHERJANN SINN

### Nýorðinn pabbi

Sölvi Geir segist njóta lífsins í Danmörku og ekki spillti fyrir að hann varð pabbi á dögunum. „Það er einn nýfæddur hjá okkur og það gengur allt rosalega vel. Það er bara eintóm gleði hérna í Danmörku," segir Sölvi.

Leikmenn FC Kaupmannahafnar eru eins og áður sagði komnir í vetrarfrí og verða því ekki saman þegar dregið verður í dag. „Við höfum ekki verið að horfa á þetta saman enda eru menn í fríi út um allan heim og það yrði því erfitt að smala þeim saman á morgun. Ég geri samt fastlega ráð fyrir því að við fylgjumst allir spenntir með drættinum, hvar sem við erum," segir Sölvi að lokum.

ooj@frettabladid.is

BIRTINGAHÚSIÐ

# Fræði í framkvæmd í 10 ár

Alhliða ráðgjöf um
auglýsingabirtingar og markaðssamskipti



Carat

Carat er
samstarfsaðili
Birtingahússins

BIRTINGAHÚSIÐ
Hámörkun á nýtingu markaðsfjár

Birtingahúsið
Laugavegi 174
Sími: 569 3800
www.birtingahusid.is

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010

Birtingahúsið
hefur verið
fyrirmyndarfyrirtæki
VR undanfarin ár

> **Sandra Bullock**

„Á menntaskólaárum mínum gerðist ég klappstýra vegna þess að mamma mín var mjög ströng. Að gerast klappstýra var mín leið til þess að vera óþæg stelpa."

***Sandra Bullock leikur einmana unga konu í Chicago sem bjargar draumaprinsinum sínum frá ræningjum í rómantísku gamanmyndinni While You Were Sleeping, sem er sýnd í Ríkissjónvarpinu kl. 21.20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON KVABBAR OG KVARTAR

# *Dreymir um betra líf*

Þegar pabbi minn og afi eru farnir að kvarta undan dagskránni í Ríkissjónvarpinu – þeir eru seinþreyttir til vandræða og láta sig yfirleitt hafa alla hluti – þá veit ég að það hlýtur að vera eitthvað að. RÚV er í gríðarlegri tilvistarkreppu, veit ekki í hvorn fótinn það á að stíga og gerir sér ekki almennilega grein fyrir því hvaða hlutverk það gegnir.

Ég ætla ekki að skrifa pistil um Hringekjuna, um þann þátt hafa sennilega verið látin falla fleiri orð en nokkurn annan sjónvarpsþátt. Og ég ætla heldur ekki að mæra Kiljuna þótt ég reyni yfirleitt að horfa á hann (pabbi vill reyndar koma á framfæri þeirri skoðun sinni hvort RÚV myndi ekki vilja skoða það að framleiða sambærilegan þátt um íslenska tónlist, svo því sé haldið til haga). Og ég ætla heldur ekki að rýna í íþróttaumfjöllun Sjónvarpsins. Nei, hvorki það besta né það versta, heldur einfaldlega það sem fær mann einfaldlega til að halda að það sé lífsmark með RÚV.

Á miðvikudagskvöldið, og undanfarin kvöld, hefur RÚV nefnilega sýnt hinar ágætustu heimildarmyndir. Núna var það kraftaheimur Ameríku, steranotkun og þessi stanslausi áróður um að þú eigir að vera stærstur, bestur og sterkastur. Ég skemmti mér konunglega yfir vitleysunni í Kananum og áttaði mig um leið á því að RÚV á sér von (vandamálið er bara að afi minn og pabbi eru yfirleitt farnir að sofa um það leyti sem þetta efni er sýnt og því mætti kannski skoða sýningartímann betur).



**MEÐ KRAFTA Í KÖGGLUM** Heimildarmyndin um steranotkun og kraftaæði Bandaríkjamanna var stórskemmtileg.

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Í boði Ashkenazys** (e)
**16.50 Jóladagatalið - Jól í Snædal** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Sportið** Í þættinum er fjallað um hinar ýmsu íþróttagreinar frá margvíslegum hliðum á skemmtilegan hátt og tekur líka á málum líðandi stundar í íþróttaheiminum. (e)
**18.00 Otrabörnin** (2:26)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaganna. Lið Akraness og Vestmannaeyja eigast við.
**21.20 Meðan þú svafst** (While You Were Sleeping) Bandarísk bíómynd frá 1995. Einmana ung kona í Chicago bjargar draumaprinsinum sínum frá ræningjum. Meðan hann liggur í dái þykist hún vera kærasta hans en gamanið kárnar þegar hún kynnist fjölskyldu hans.
**23.10 Taggart – Miðillinn** (Taggart - Cold Reader) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.05 Miami-löggurnar** (Miami Vice) Bandarísk spennumynd frá 2006 um tvo lögreglumenn í Miami sem komast í hann krappan. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. (e)
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**10.00 The Cable Guy**
**12.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**14.00 An American Girl**
**16.00 The Cable Guy**
**18.00 Ástríkur á Ólympíuleikunum**
**20.00 The Thomas Crown Affair**
**22.00 Grandma's Boy**
**00.00 Skeleton Man**
**02.00 Dave Chappelle's Block Party**
**04.00 Grandma's Boy**
**06.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Boowa and Kwala, Boowa and Kwala, Lalli
**07.40 Galdrabókin** (17:24)
**07.45 Kalli litli Kanína og vinir**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Mercy** (11:22)
**11.50 Hopkins** (5:7)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (6:8)
**13.50 La Fea Más Bella** (290:300)
**14.35 La Fea Más Bella** (291:300)
**15.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (12:12)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Tommi og Jenni
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (12:22)
**18.23 Veður** Markaðurinn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Auddi og Sveppi**
**20.00 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur þáttur með spjallþáttakonungnum Loga Bergmann.
**21.25 Total Wipeout** (4:12) Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.
**22.35 National Lampoon's Christmas Vacation** Jólamynd þar sem Chevy Chase leikur fjölskylduföðurinn Clark Griswold. Það eina sem hann dýrkar meira en ferðalög með fjölskyldunni er að halda jólin í faðmi hennar.
**00.15 Trapped in Paradise** Tveir illþokkaðir náungar sem losnað hafa úr fangelsi plata lítillátan bróður sinn til að koma með sér til smábæjarins Paradísar að ræna banka.
**02.05 Waitress** Hugljúf og rómantísk gamanmynd.
**03.50 Mermaids**
**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Juventus - Man. City**
**18.15 Juventus - Man. City**
**20.00 Icelandic Fitness and Health Expo 2** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**21.50 European Poker Tour 6 - Poker** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.40 Box: Amir Khan - Marcos Rene Maidana** Útsending frá hnefaleikabardaga í Las Vegas þar sem breski boxarinn Amir „King" Khan mætir argentínska rotaranum Marcos Maidana.
**00.00 NBA körfuboltinn: New York Knicks - Miami Heat** Bein útsending frá leik New York Knicks og Miami Heat í NBA-deildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.
**17.00 West Ham - Man. City**
**18.45 Stoke - Blackpool**
**20.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**21.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.00 Football Legends - Laudrup** Í þessum magnaða þætti verður ferill Laudrups skoðaður ofan í kjölinn.
**22.30 Premier League Preview 2010/11** Hitað upp fyrir ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu.
**23.00 Aston Villa - WBA**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (14:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (14:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Rachael Ray**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Life Unexpected** (2:13) (e)
**19.00 Melrose Place** (9:18) (e)
**19.45 Family Guy** (13:14) (e)
**20.10 Rules of Engagement** (8:13) Bandarísk gamansería um skrautlegan vinahóp.
**20.35 The Ricky Gervais Show** (8:13) Bráðfyndin teiknimyndasería frá snillingunum Ricky Gervais og Stephen Merchant.
**21.00 Away We Go** Rómantísk gamanmynd frá 2009 með John Krasinski og Mayu Rudolph í aðalhlutverkum.
**22.40 30 Rock** (3:22) (e)
**23.05 Law & Order: Special Victims Unit** (19:22) (e)
**23.55 The L Word** (1:8) (e)
**00.45 Whose Line is it Anyway?** (5:39) (e)
**01.10 Merlin and the Book of Beasts** (e)
**02.40 Jay Leno** (e)
**04.10 The Ricky Gervais Show** (8:13) (e)
**04.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**10.30 Golfing World** (e)
**11.20 Golfing World** (e)
**12.10 Nedbank Challenge 2010** (4:4) (e)
**17.10 Golfing World** (e)
**18.00 Golfing World**
**18.50 World Golf Championship 2010** (4:4) (e)
**22.50 Golfing World** (e)
**23.40 PGA Tour Yearbooks** (10:10) (e)
**00.30 ESPN America**

## EXTRA

**19.40 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (11:12) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 NCIS: Los Angeles** (18:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn systurdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
**22.35 Human Target** (9:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
**23.20 Life on Mars** (5:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjallar um lögregluvarðstjórann Sam.
**00.05 Hopkins** (5:7) Vandaðir þættir um lífið á Hopkins sjúkrahúsinu í Baltimore og gefur raunsæja mynd af því hvernig spítalalífið er í raun.
**00.50 Eldsnöggt með Jóa Fel** (11:12)
**01.20 Auddi og Sveppi**
**01.50 Logi í beinni**
**03.15 Fréttir Stöðvar 2**
**04.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin veltir fyrir jólaboðskap Jóhönnu og Steingríms.
**21.00 Kokkalíf** Kokkarnir okkar á heimsklassa.
**21.30 Ævintýraboxið** Íslendingar í ævintýraleit með Stefáni Drengssyni á myndavélinni.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
ALLA VIRKA DAGA KL. 16
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.00
### Logi í beinni

Það verður jólastemning hjá Loga Bergmann í kvöld þegar hann fær til sín fjölda góðra gesta. Jólaþátturinn er jafnan stærri og viðameiri en vanalega og þar ríkir mikil gleði með blöndu af tónlist og léttu spjalli. Meðal þeirra sem koma fram eru Bubbi Morthens, Sigurður Guðmundsson, Hvanndalsbræður, Andrea Gylfa, Friðrik Dór og Sniglabandið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Óskastundin **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Tilraunaglasið **14.03** Girni, grúsk og glóríur **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** 2+2 eru 5 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Perlur **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.05** Næturtónar

## BBC entertainment

**12.35** The Weakest Link **13.20** Deal or No Deal **13.55** New Tricks **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** Keeping Up Appearances **15.45** Only Fools and Horses **16.20** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** My Family **19.30** After You've Gone **20.00** After You've Gone **20.30** Survivors **21.20** The Jonathan Ross Show **22.10** My Family **22.40** Keeping Up Appearances **23.10** After You've Gone **23.40** After You've Gone

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Naturens former **13.00** 6200 Aabenraa **13.30** Hammerslag i Hobro **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** Boogie Listen **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Fillmore **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hva' så Danmark? **20.00** TV Avisen **20.30** S.W.A.T. **22.20** The Fan

## NRK 1

**12.30** Ut i nærturen **12.50** Klasse 10 B **13.30** Lisa goes to Hollywood **14.00** NRK nyheter **14.10** Hjernen er alene **15.10** Muntre glimt fra Smil til the skjulte kamera **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Camilla Plum julespecial **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.40** Norge rundt **19.05** Beat for beat **20.10** Nytt på nytt **20.40** Tause vitner **22.00** Kveldsnytt **22.16** Tause vitner **22.40** Bruce Springsteen - jakten på den perfekte lyd

## SVT 1

**12.25** Debatt **13.10** Veronica Mars **13.55** Starke man **14.25** Simning **14.50** Rapport **14.55** Simning **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Mickey Blue Eyes **22.40** Min jul **22.45** Räddningspatrullen **23.40** Elvis Costello med gäster


FATNAÐUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Skyrtur, blúsur, gallabuxur, peysur, bolir, kápur, jakkar, kjólar, skór ofl.

HEIMSÞEKKT VÖRUMERKI

ALLT NÝAR VÖRUR!

VERÐ 1 kr. 1.990.

VERÐ 2 kr. 2.990.

VERÐ 3 kr. 4.990.

VERÐ 4 kr. 6.990.

BÓNUSMARKAÐUR

Beint á móti Metro hamborgurum

Fákafeni 9 // 108 Reykjavík // Sími 561 0900

LÁTTU ÞÉR LÍKA VIÐ VÍSI

og þú gætir fengið óvæntan jólaglaðning

DREGIÐ VERÐUR DAGLEGA TIL 20. DESEMBER

Settu „Like" við Vísi á Facebook og þú gætir unnið flatskjá, flottan N8 síma, góða jólabók eða einhvern annan spennandi glaðning fyrir jólin.



Flott 22" Panasonic Pure Line sjónvarp með innbyggðri iPod vöggu.

Sjónvarpsmiðstöðin



N8 sími.

Bækur frá Sölku.




Fjöldi annarra vinninga.

Það er auðvelt að láta sér líka við Vísi á facebook.com/visir.is

visir.is



*„Það er Texas Man Abducted By Aliens For Outer Space Joy Ride með Yo La Tengo & Jad Fair af stórplötunni Strange But True. Þetta lag kælir auðveldlega á manni ökklana.“*

Ólafur Josephsson, eða Stafrænn Hákon, sem nýlega gaf út jólaplötuna Glussajól.

# Hverfisbarinn breytist í Bankann

„Við erum búnir að taka þetta allt í gegn og við ætlum að rífa þennan stað upp og gera hann vinsælan,“ segir Mikael Nikulásson veitingamaður.

Skemmtistaðurinn Bankinn verður opnaður um helgina þar sem Hverfisbarinn stóð áður, á horni Smiðjustígs og Hverfisgötu. Mikael segir að búið sé að taka staðinn í gegn. „Þetta er allt öðruvísi en fyrir viku, eiginlega bara svart og hvítt.“ Hann segir að markhópurinn hjá Bankanum eigi að vera fólk á aldrinum 20-35 ára, en allir eldri en tvítugir séu að sjálfsögðu velkomnir. „Það verður allavega ekkert yngra lið þarna en tuttugu ára, bara eins og þetta á að vera á skemmtistöðum.“

Mikael segir að vinsældir Hverfisbarsins hafi dalað með árunum. „Það eru bara búnir að vera krakkar þarna undanfarið, því miður. Við ætlum að gera þetta heiðarlega og fá inn fólk sem hefur aldur til að vera inni á skemmtistöðum,“ segir Mikael, en hann vill meina að unga fólkið hafi fælt eldra fólkið frá.

Auk Bankans reka Mikael og félagar Players í Kópavogi. Vertinn lofar rífandi stemningu á nýja staðnum. „Það þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af öðru.“ - ka




**LOFAR RÍFANDI STEMNINGU** Mikael Nikulásson opnar skemmtistaðinn Bankann, þar sem Hverfisbarinn stóð áður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Leitin að jólunum**
Lau 18.12. Kl. 11:00 U
Lau 18.12. Kl. 13:00 U
Lau 18.12. Kl. 14:30 U
Sun 19.12. Kl. 11:00 U
Sun 19.12. Kl. 13:00 U
Sun 19.12. Kl. 14:30 U
Þri 28.12. Kl. 14:00 U
Þri 28.12. Kl. 16:00 U
Mið 29.12. Kl. 14:00 Ö
Mið 29.12. Kl. 16:00

**Gerpla** (Stóra sviðið)
Fim 6.1. Kl. 20:00 Ö
Mið 12.1. Kl. 20:00
Fim 20.1. Kl. 20:00
Sun 30.1. Kl. 20:00

**Fíasól** (Kúlan)
Sun 19.12. Kl. 13:00 U
Sun 19.12. Kl. 15:00 U
Þri 28.12. Kl. 16:00 U
Mið 29.12. Kl. 16:00 U
Fim 30.12. Kl. 16:00 U
Sun 2.1. Kl. 13:00 Ö
Sun 2.1. Kl. 15:00 Ö
Lau 8.1. Kl. 13:00
Lau 8.1. Kl. 15:00
Sun 9.1. Kl. 13:00
Sun 9.1. Kl. 15:00

**Hænuungarnir** (Kassinn)
Fim 20.1. Kl. 20:00
Lau 22.1. Kl. 20:00
Fim 27.1. Kl. 20:00
Sun 30.1. Kl. 20:00

**Íslandsklukkan** (Stóra sviðið)
Fim 30.12. Kl. 19:00 U
Fös 7.1. Kl. 19:00 Ö
Lau 15.1. Kl. 19:00 Ö
Sun 16.1. Kl. 19:00 Ö
Lau 22.1. Kl. 19:00 Ö
Sun 23.1. Kl. 19:00 Ö

**Lér konungur** (Stóra sviðið)
Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U
Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn Ö
Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn Ö
Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn Ö
Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn Ö
Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn Ö
Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn Ö
Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn

**Kandíland** (Kassinn)
Fim 30.12. Kl. 20:00 Frums. U
Mið 5.1. Kl. 20:00
Fim 6.1. Kl. 20:00
Fös 7.1. Kl. 20:00
Lau 8.1. Kl. 20:00

**Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið)
Fim 3.2. Kl. 18:00 U
Sun 6.2. Kl. 14:00 Ö
Sun 6.2. Kl. 17:00
Sun 13.2. Kl. 14:00 Ö
Sun 13.2. Kl. 17:00
Sun 20.2. Kl. 14:00
Sun 20.2. Kl. 17:00
Sun 27.2. Kl. 14:00
Sun 27.2. Kl. 17:00

GEFÐU GÓÐAR STUNDIR
Gjafakort Þjóðleikhússins á hátíðartilboði!



**HAMINGJUSAMAR** Sigríður Beinteinsdóttir og unnusta hennar, Birna María Björnsdóttir, eiga von á tvíburum í maí á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SIGRÍÐUR BEINTEINSDÓTTIR:** SVÍF UM Á RISASTÓRU BLEIKU SKÝI

# Tvíburarnir himnasending

Söngkonan Sigríður Beinteinsdóttir og unnusta hennar, Birna María Björnsdóttir, eiga von á tvíburum í maí á næsta ári. Sigríður, sem verður 49 ára næsta sumar, segir þær svífa um á risastóru bleiku skýi. Sigríður vildi ekki upplýsa hvernig frjóvgunin hefði átt sér stað, sagði þær vilja halda því fyrir sig.

Sigríður er ein ástsælasta söngkona landsins, hefur tvívegis tekið þátt í Eurovision fyrir hönd Íslands og náði meðal annars þeim frábæra árangri að verða í fjórða sæti árið 1990. Sigríður hefur að undanförnu rekið söngskóla í Noregi, var í forsvari fyrir sjónvarpsþáttinn Röddin og hefur gefið út söngdiskana Söngvaborg sem eru einmitt hugsaðir fyrir yngstu kynslóðina. Sigríður segist í samtali við Fréttablaðið ætla að halda áfram starfinu í Noregi þrátt fyrir mikla breytingu á högum sínum.

„Helst vildi maður auðvitað bara einbeita sér að uppeldinu og ef maður fengi stóran lóttóvinning myndi maður ekki hika við það,“ segir Sigríður, nýkomin heim af Skagaströnd þar sem hún söng fyrir fullu húsi. „Þeir keyptu bara tónleikana mína eins og þeir lögðu sig, voru svo hrifnir af þeim.“ Þetta verða fyrstu börn Sigríðar og söngkonan segist ekki hafa hugmynd um hvað hún sé að leggja út í.

„Ég hef alltaf elskað börn og á mörg frændsystkini, ég hlakka bara ótrúlega mikið til þótt ég viti að þetta verði mikil vinna. Enda tvö stykki.“ Sigríður segist á hinn bóginn ekki hafa getað óskað sér neins meira. „Þetta er bara alveg æðislegt.“ freyrgigja@frettabladid.is

„... afburðasnjall sögumaður ...“
Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

★★★★
Sigurður G. Tómasson / ÍNN

★★★★
Kristján Kormákur Guðjónsson / Menningarpressan

# Kvikmyndastjarna í ævintýraferð með Kúbu-romm og vindla

„Maður er bara búinn að vera sofandi og er enn nokkuð vankaður yfir tímamismuninum,“ segir leikarinn Alexander Briem.

Hann er nýkominn heim úr þriggja vikna ævintýraferð til Kúbu ásamt tveimur vinum sínum þar sem náin kynni við kúberskt romm og vindla voru meðal efnistriða á dagskránni.

Alexander verður heimsfrægur á Íslandi á annan í jólum þegar kvikmyndin Gauragangur verður frumsýnd. Þar leikur Alexander Orm Óðinsson eina þekktustu skáldsagnapersónu íslenskra unglingabókmennta.

Alexander vill hins vegar ekki ganga svo langt að kalla Kúbuferðina manndómsvígslu þótt allan lærdóm, að hans mati, megi flokka sem einhvers konar manndómsvígslu. „En þetta var allt öðruvísi en maður á að venjast, nýr heimur.“ Alexander segir að þeir hafi eytt fyrstu vikunni á hefðbundnum ferðamannastöðum en svo hætt sér djúpt í fátækragettóin þar sem reggaeton hljómaði látlaust og romm og kúbuvindlar voru á hverju strái. „Við vorum oft staddir í aðstæðum sem maður sér bara í bíómyndum,“ segir Alexander.

Alexander segir ferðina sjálfa hafa gengið áfallalaust fyrir sig ef undanskilinn er síðasti dagurinn, hann reyndist ansi örlagaríkur. „Við höfðum komist af án þess að vera rændir og vorum bara á leiðinni út á flugvöll með rútu þegar ég áttaði mig á því að ég hafði gleymt veskinu mínu á hótelinu þaðan sem við tókum rútuna. Við fórum til baka, fundum veskið en það var auðvitað tómt,“ útskýrir Alexander. Til að bæta gráu ofan á svart eyddust út allar myndirnar sem þeir félagar höfðu tekið. - fgg



**Í KÚBU-STUÐI** Alexander Briem fór til Kúbu með tveimur vinum sínum og upplifði gettóin þar af eigin raun. Hann var síðan rændur á síðasta degi.

GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ GULA HÚSIÐ

# ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ FARA TIL
# BOSTON
# TIL AÐ GERA GÓÐ KAUP





**Íþróttagalli**
Stærðir 1–6 ára
**1.990**

**Jakkaföt**
ÓKEYPIS STYTTINGAR
FYLGJA MEÐ UM HELGINA
**14.990**
Stærðir 46–64

**Barnaföt á mjög góðu verði**

**Barna sokkabuxur**
**699**
1–8 ára

**Barna joggingbuxur**
**1.990**
25% afsláttur
6–14 ára

**Jólakjólar fyrir stelpur**
**2.490**
7–13 ára. Verð áður 3.990 kr.

**Cotton bolir**
fyrir dömur og herra
Stærðir xs–xl / Herra s–xxxl
**599**

**Herranærbuxur**
3 fyrir 2
**998**

**Súperhelgartilboð**
aðeins um helgina
**5.490**
Stærðir xs–xxl



**SAIKO**
**Dömuúlpur**




**GULA HÚSIÐ**
**FAXAFENI 8**

Opið alla daga 10–20 - Sími 534 4451 - www.gulahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Jólaopnunartími Krumma
Virka daga 8:30-20:00
Helgar 11:00 - 18:00
www.krumma.is
Gylfaflöt 7, Grafarvogi

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Game í óvissu

Óvíst er hvort bandaríski rapparinn **Game** heiðrar landsmenn með nærveru sinni á morgun, en þá á kappinn á að koma fram á Broadway. Rapparinn hefur lent í ógöngum á meginlandi Evrópu sem hafa gert hann afhuga því að fljúga til Íslands og á meðan bíða aðdáendur milli vonar og ótta. Ekki hefur verið gefið út að hann komi ekki, en þeim sem hafa keypt miða hefur verið lofað endurgreiðslu ef tónleikunum verður aflýst.



### Þingmenn í stuði

Þingmenn gerðu sér glaðan dag á þriðjudagskvöld. Þeir byrjuðu hver í sínu horni, skipt eftir þingflokkunum, en þegar líða tók á kvöldið efldist samstaðan þvert á flokka og áður en menn vissu af höfðu framsóknarmenn, Samfylkingarfólk og vinstri græningjar sameinast í gleðinni undir einu þaki. Hápunkturinn var þegar **Róbert Marshall** og **Guðmundur Steingrímsson** tóku lagið við píanóundirleik **Svandísar Svavarsdóttur**. Þetta er ekki fyrsta dæmið um þverpólitískt tónlistarsamstarf, en Fréttablaðið sagði frá því á sínum tíma að framsóknarmaðurinn Magnús Stefánsson og sjálfstæðismaðurinn Sturla Böðvarsson ættu það til að setjast niður saman og syngja og leika á gítar.

- afb, sh



## Mest lesið vísir.is

1. Tæpar 400 þúsund krónur nægja ekki fyrir framfærslunni
2. Skuldar þrjár milljónir í leikskólagjöld með 560 þúsund á mánuði
3. Lögreglumaður fékk ný augu
4. Jóhanna Guðrún snýr aftur í Eurovision
5. Furðuljós á himni

Bók sem hjálpar konum að finna hvað fer þeim best




www.beautybar.is / sími 544 5959
"Flott bók á allan hátt. Það eru fáir sem búa yfir jafn miklum hafsjó af fróðleik er við kemur bættu útliti fólks, eins og Karl Berndsen. Ég mæli hiklaust með þessari bók."
Linda Pétursdóttir






**20% afsláttur**
Vinsælasta jólagjöfin, IQ-Care heilsukoddar. 3 stærðir.





**IQ-Care heilsudýnur.** Gerð úr svæðisskiptu þrýstijöfnunarefni frá Belgíu. Fæst í öllum stærðum og tveim stífleikum.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.**

**Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.**
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)

**BOAS leður hægindastóll.**
Nokkrir litir
**79.900 kr.**

**S-cape Wallhugger stillanlegt rúm.** Eitt vinsælasta stillanlega rúmið. Fæst í nokkrum stærðum
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu**
**649.000 kr.**

**BOAS rafmagns lyftu stólar.**
**129.900 kr.**







**Saga heilsudýna.** Gerð úr svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 129.900 kr.**
**Þór heilsudýna.** Gerð úr tvöföldu svæðisskiptu pokagormakerfi með þrýstijöfnunarefni. Fæst í flestum stærðum.
**Queen 153x203 cm á íslenskum botni 149.900 kr.**

**Proflex stillanlegt rúm.** Gott stillanlegt rúm á frábæru verði. Fæst í nokkrum stærðum.
**2x90x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu 349.900 kr.**

**20% afsláttur**
Hágæða Damask sængurverasett í miklu úrvali.
Frá **8.900 kr.**
Nokkrar stærðir







**BOAS leður sjónvarpssófi 3 sæta**
Frá **169.900 kr.**
Svefnsófi frá **169.900 kr.**

**Íslenskir svefnsófar.** Heilsudýna með þrýstijöfnunarefni. Fæst í mörgum litum. Framleitt eftir pöntunum.
**Svefnflötur 140x200 cm. 264.900 kr.**

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is